



**SAFNAÐARHANDBÓK**  
**Kirkju sjöunda dags aðventista**

Höfundarréttur © 2010 General Conference og Seventh-day Adventists  
Útgefandi á Íslandi: Frækornið - bókaforlag adventista, 2014  
Þýðendur: Sigurður Bjarnason, Guðmundur Ólafsson  
Prófarkalestur: Sonja Danielsen

## Inngangur

Þessi útgáfa safnaðarhandbókarinnar á íslensku styðst við 17. útgáfu Church Manual sem gefin var út í kjölfar ráðstefnu Aðalsamtakanna 2010. Þá voru gagngerðar breytingar gerðar á uppsetningu fyrri útgáfu. Guðmundur Ólafsson hefur lagt í mikla vinnu að breyta íslensku útgáfu bókarinnar frá 2006 í samræmi við breytingarnar í frumútgáfunni, vinna sem fól einna helst í sér eftirfarandi atriði:

- 1) Að færa til efni í samræmi við nýju útgáfuna,
- 2) Fella niður efni sem er ekki lengur innifalið,
- 3) Bæta við nýju efni, skýringum, o.s.frv.,
- 4) Halda upprunalegum þýðingum Sigurðar Bjarnasonar að svo miklu leyti sem það var mögulegt,
- 5) Breyta textatilvitnunum þannig að þær séu í samræmi við skammstafanir og núverandi tilvísanir Biblíufélagsins og EGW ritanna,
- 6) Lagfæra kommuetningu að mestu leyti í samræmi við nýrri kröfur,
- 7) Lagfæra uppsetninguna þannig að hún sé líkari þeirri sem er í Church Manual 2010.

Við kunnum Guðmundi Ólafssyni innilegar þakkir fyrir vinnu hans við bókina. Einnig kunnum við Sonju Danielsen bestu þakkir fyrir mikla vinnu við prófarkalestur.

Okkur þykir við hæfi að benda á þessa þætti sem hafa tekið breytingum þar eð margir innan safnaðarins hafa undir höndum fyrri útgáfur bókarinnar.

Útgefendur.

<b>Efnisyfirlit</b>	bls. I-XII
<b>Hvers vegna höfum við safnaðarhandbók?</b>	<b>Kafli 1</b>
Vald og hlutverk safnaðarhandbókarinnar	bls. 2
Breytingarferli safnaðarhandbókarinnar	bls. 3
Hvar leita má ráða	bls. 4
Notkun hugtaka í safnaðarhandbókinni	bls. 5
<b>Söfnuður lifanda Guðs</b>	<b>Kafli 2</b>
Enginn skilveggur	bls. 6
Æðsta gildismat Kristis	bls. 7
Söfnuðurinn algjör í Kristi	bls. 8
<b>Skipulag og vald</b>	<b>Kafli 3</b>
Biblíulegur grundvöllur að skipulagi	bls. 10
Mikilvægi skipulagsins	bls. 11
Tilgangur skipulagsins	bls. 12
Fyrirmynd Nýja testamentisins	bls. 12
Kirkjulegt stjórnskipulag	bls. 13
Yfirlit yfir skipulag kirkjunnar	bls. 14
Hlutverk stofnanna	bls. 14
Vald í frumsöfnuðinum	bls. 15
Aðalsamtökin fara með æðsta vald	bls. 15
<b>Prestar og annað starfslið kirkjunnar</b>	<b>Kafli 4</b>
Prestastéttin skipuð af Guði	bls. 17
<i>Formaður Samtaka safnaða</i>	bls. 17
<i>Deildarstjórar</i>	bls. 17
<i>Vígðir prestar</i>	bls. 18
<i>Óvígðir prestar eða reynslupréðikarar</i>	bls. 19
<i>Biblíufræðarar</i>	bls. 20
<i>Samtökin stýra starfsliði kirkjunnar</i>	bls. 20
Starfsleyfi og heimild til þjónustu	bls. 20
<i>Útrunnið starfsleyfi</i>	bls. 21
<i>Eftirlaunastarfsmenn</i>	bls. 21
<i>Prestar án starfsleyfis</i>	bls. 21

<b>Stofnun, sameining og upplausn safnaða</b>	<b>Kafli 5</b>
Stofnun safnaðar	bls. 22
Stofnun safnaðarhóps	bls. 23
Sameining safnaða	bls. 25
Að leysa upp söfðnuði eða vísa þeim frá	bls. 25
<i>Fækkun í söfðnuðinum</i>	bls. 26
<i>Safnaðaragi</i>	bls. 27
Umsjón safnaðarsystkina, gagna og sjóða	bls. 28
<b>Safnaðaraðild</b>	<b>kafli 6</b>
Skírnin	bls. 30
<i>Skírn er forsenda safðnaðaraðildar</i>	bls. 30
<i>Skírnaraðferð</i>	bls. 31
<i>Skírnpæga ber að fræða ítarlega áður en þeir eru skírðir</i>	bls. 31
Skírnarheit og loforð	bls. 32
<i>Skírnarheit</i>	bls. 32
<i>Skírnarheit</i>	bls. 32
<i>Skemmra skírnarheit</i>	bls. 33
<i>Skírnarsáttmáli</i>	bls. 34
<i>Loforð</i>	bls. 34
<i>Að bjóða skírnpæga velkomna</i>	bls. 35
<i>Að taka á móti safðnaðarsystkinum sem ekki eru þekkt</i>	bls. 36
<i>Undirbúningur skírnar</i>	bls. 36
Endurskír	bls. 36
<i>Um þá sem snúa frá öðrum trúfélögum</i>	bls. 36
<i>Fráhvarf og endurskír</i>	bls. 37
<i>Óviðeigandi endurskír</i>	bls. 37
Að taka safnaðarsystkini inn á grundvelli trúarjátningar	bls. 37
Flutningur safnaðaraðildar safnaðarsystkina	bls. 38
<i>Flutningsferli safnaðarbréfa</i>	bls. 39
<i>Ritari safnaðarins gengur frá bréfinu</i>	bls. 39
<i>Gildistími bréfs er sex mánuðir</i>	bls. 40
<i>Önnur leið til að flytja safnaðaraðild</i>	bls. 40
<i>Safnaðaraðild meðan á umfjöllun safnaðarbréfs stendur</i>	bls. 40

<i>Að taka við safnaðarsystkinum frá óróasvæðum heimsins</i>	bls. 40
<i>Taldir í tölfræðilegum skýrslum</i>	bls. 40
<i>Sé safnaðarmanni ekki veitt viðtaka</i>	bls. 41
<i>Flutningur á safnaðarbréfi aðeins heimil þeim safnaðarsystkinum sem teljast trú og gegn</i>	bls. 41
<i>Engin ákvörðun um flutning safnaðarbréfs án samþykkis viðkomandi safnaðaraðila</i>	bls. 41
<i>Safnaðarstjórnir geta ekki gefið út safnaðarbréf</i>	bls. 42
<i>Söfnuður dreifðra</i>	bls. 42
<i>Meðlimaskrá</i>	bls. 42

## **Safnaðaragi**

## **kafli 7**

<i>Almennar meginreglur</i>	bls. 44
<i>Að fást við brotleg safnaðarsystkini</i>	bls. 44
<i>Áform Guðs</i>	bls. 45
<i>Vald safnaðarins</i>	bls. 46
<i>Ábyrgð safnaðarins</i>	bls. 46
<i>Þeir sem ekki eru helgaðir spyrna gegn safnaðaraga</i>	bls. 46
<i>Að tryggja einingu safnaðarins</i>	bls. 47
<i>Að setja niður ágreining</i>	bls. 47
<i>Sáttargjörð í umkvörtunarmálum safnaðarfólks varðandi söfnuðinn</i>	bls. 49
<i>Sáttargjörð í málum safnaðarins á hendur safnaðarsystkinum</i>	bls. 49
<i>Tilefni til að beita safnaðaraga</i>	bls. 50
<i>Ferli safnaðaraga</i>	bls. 51
<i>Vítur</i>	bls. 51
<i>Agi með frávisun</i>	bls. 52
<i>Engir viðbótarmælikvarðar</i>	bls. 52
<i>Réttur tími til ögunar</i>	bls. 52
<i>Aðgát skal viðhöfð við að fella dóm yfir lyndiseinkunn og kveikju athafna</i>	bls. 52
<i>Á löglega boðuðum fundi</i>	bls. 53
<i>Meirihluti atkvæða</i>	bls. 53
<i>Safnaðarstjórn getur ekki vísað</i>	

<i>safnaðarfólki frá</i>	bls. 53
<i>Réttur einstaklingsins</i>	bls. 54
<i>Lögfræðingar eiga ekki að flytja mál</i>	
<i>safnaðarfólks</i>	bls. 54
<i>Flutningur meðlima undir vítum</i>	bls. 54
<i>Safnaðarmanni ekki vísað frá fyrir að sækja</i>	
<i>ekki kirkju</i>	bls. 54
<i>Safnaðarfólk flytur og tilkynnir ekki</i>	
<i>bústaðaskipti</i>	bls. 55
<i>Safnaðarfólk ekki tekið af skrá af</i>	
<i>peningalegum ástæðum</i>	bls. 55
<i>Að taka safnaðarfólk af skrá að eigin ósk þess</i>	bls. 55
<i>Tilkynning um frávísun</i>	bls. 55
<i>Að taka þá inn aftur sem vísað hefur verið frá</i>	bls. 56
<i>Réttur til að áfrýja máli vegna endurinnngöngu</i>	bls. 56

<b>Embættismenn safnaðanna og stofnanir</b>	<b>kaffi 8</b>
Hæfileikar þeirra	bls. 58
<i>Siðgæði og trú</i>	bls. 58
<i>Varðveita verður söfnuðinn og fæða hann</i>	bls. 59
<i>Virðing og undirgefni við presta og</i>	
<i>embættismenn safnaðanna</i>	bls. 59
<i>Ekki á að skipa menn of fljótt í embætti</i>	bls. 60
<i>Þeir sem eru andvígir einingu eru eigi hæfir</i>	
<i>til að gegna embætti</i>	bls. 60
<i>Óvarlegt að velja menn sem eigi eru</i>	
<i>samvinnuþýðir</i>	bls. 60
<i>Safnaðaraðild</i>	bls. 61
<i>Fordæmi í tíundagreiðslu</i>	bls. 61
<i>Ekki sjálfkjörnir fulltrúar</i>	bls. 61
<i>Dreifing ábyrgðar</i>	bls. 61
<i>Frávísun og endurreisn</i>	bls. 61
Kjörtímabil	bls. 61
Safnaðarformenn	bls. 62
<i>Trúarlegir leiðtogar safnaðarins</i>	bls. 62
<i>Vígsla safnaðarformanns</i>	bls. 62
<i>Tengsl safnaðarformanns og prests</i>	bls. 63

<i>Starf safnaðarformanna er staðbundið</i>	bls. 63
<i>Að stjórná guðsþjónustum</i>	bls. 64
<i>Skírnarathöfnin</i>	bls. 64
<i>Hjónavígsla</i>	bls. 64
<i>Að örva til tíundargreiðslu</i>	bls. 64
<i>Styður Biblíurannsókn, bænalíf og samfélag við Jesú</i>	bls. 65
<i>Styður allar greinar trúboðsstarfs</i>	bls. 65
<i>Samstarf við Samtök safnaðanna</i>	bls. 65
<i>Stuðningur við heimsstarfið</i>	bls. 66
<i>Þjálfun safnaðarformanna</i>	bls. 66
<i>Frelsi til að vera virkir</i>	bls. 66
<i>Yfirsafnaðarformaður</i>	bls. 66
<i>Takmarkað vald</i>	bls. 66
Safnaðarleiðtogar	bls. 67
Safnaðarþjónar	bls. 67
<i>Safnaðarþjónaráð</i>	bls. 68
<i>Safnaðarþjónar verða að hljóta vígslu</i>	bls. 68
<i>Safnaðarþjónar geta ekki veitt forstöðu</i>	bls. 69
<i>Skyldur safnaðarþjóna</i>	bls. 69
Safnaðarsystur	bls. 70
<i>Safnaðarsystraráð</i>	bls. 70
<i>Vígsla safnaðarsystra</i>	bls. 70
<i>Skyldur safnaðarsystra</i>	bls. 70
Safnaðarritari	bls. 71
<i>Engum nöfnum bætt við og engin tekin af skrá án samþykkis safnaðarins</i>	bls. 71
<i>Flutningur safnaðarbréfs</i>	bls. 72
<i>Bréfaskipti við safnaðarfólk</i>	bls. 72
<i>Skilríki fulltrúa á aðalfund Samtaka safnaða</i>	bls. 72
<i>Skýrslur sendar skilvíslega</i>	bls. 72
<i>Safnaðarskrár</i>	bls. 72
Safnaðargjaldkeri	bls. 72
<i>Safnaðargjaldkeri geymir alla sjóði og fjármuni safnaðarins</i>	bls. 73
<i>Fjármunir Samtakanna</i>	bls. 73
<i>Gjafir og fórnir frá hvildardagsskólanum</i>	bls. 73



<i>Safnaðarsjóðir</i>	bls. 73
<i>Sjóðir og fjármunir hinna ýmsu félaga safnaðanna</i>	bls. 74
<i>Tilgangur fjármunanna tryggður</i>	bls. 74
<i>Greiðslur fyrir bóka- og blaðapantanir einstaklinga</i>	bls. 74
<i>Greiðslumáti safnaðarsystkina</i>	bls. 75
<i>Kvittanir handa safnaðarsystkinum</i>	bls. 75
<i>Hvernig koma skal peningasendingum til samtakanna</i>	bls. 75
<i>Varðveisla fylgiskjala</i>	bls. 75
<i>Bækur skulu endurskoðaðar</i>	bls. 75
<i>Trúnaðarsamband við safnaðarsystkini</i>	bls. 76
Tengiliður áhugasamra	bls. 76
Deildir safnaðarins og aðrar hjálpardeildir	bls. 77
Deild barnastarfs	bls. 77
<i>Leiðtogi barnastarfsins og barnastarfsnefnd</i>	bls. 78
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 79
Fjölmiðlunardeild	bls. 79
<i>Fjölmiðlunarritari</i>	bls. 79
<i>Fjölmiðlunarnefnd</i>	bls. 79
<i>Miðlæg fjölmiðlunarnefnd</i>	bls. 80
Menntun	bls. 80
<i>Ritari menntamála</i>	bls. 80
<i>Foreldrafélagið</i>	bls. 80
<i>Skólanefnd safnaðarskólans</i>	bls. 81
Fjölskyldudeildin	bls. 83
<i>Leiðtogi fjölskyldudeildarinnar</i>	bls. 83
<i>Fjölskyldunefnd</i>	bls. 84
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 84
Deild heilbrigðismála	bls. 84
<i>Leiðtogi heilbrigðismála</i>	bls. 84
<i>Heilbrigðisráð</i>	bls. 85
<i>Heilbrigðisfélag eða bindindisfélag</i>	bls. 85
<i>Fórn alþjóða heilbrigðishvildardags</i>	bls. 85
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 85
Tónlist	bls. 85

<i>Val tónlistarstjóra</i>	bls. 85
<i>Val tónlistarflytjenda</i>	bls. 85
Deild almenningstengsla og trúfrelsis	bls. 86
<i>Leiðtogi trúfrelsis í einstökum söfnuði</i>	bls. 86
<i>Trúfrelsisfélög einstakra safnaða</i>	bls. 86
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 86
Útgáfudeild	bls. 86
<i>Bóksalar</i>	bls. 87
<i>Gjafarit</i>	bls. 87
<i>Leiðtogi útgáfudeildarinnar</i>	bls. 87
<i>Útgáfuráð</i>	bls. 87
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 87
Hvildardagsskóla- og leikmannadeild	bls. 87
Hvildardagsskólinn	bls. 87
<i>Embættismenn hvildardagsskólaráðsins</i>	bls. 88
<i>Formaður hvildardagsskólans og aðrir embættismenn</i>	bls. 89
<i>Leiðtogar hvildardagsskóladeildanna</i>	bls. 90
<i>Hvildardagsskólakennarar</i>	bls. 90
<i>Hvildardagsskólagjafir</i>	bls. 91
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 91
Leikmannadeildin	bls. 91
<i>Leikmannaráð</i>	bls. 92
<i>Embættismenn leikmannaráðsins</i>	bls. 92
<i>Bræðrafélag aðventista</i>	bls. 92
<i>Leiðtogi Bibliuskóla</i>	bls. 92
<i>Hjálparstarfið/Systrafélagið</i>	bls. 92
<i>Þjónustudeild við fatlaða</i>	bls. 93
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 93
Ráðsmenskudeild	bls. 93
<i>Ráðsmenskuritari</i>	bls. 93
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 94
Deild kvennastarfs	bls. 94
<i>Leiðtogi kvennastarfs</i>	bls. 94
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 95
Ungmennafélag aðventista	bls. 95
<i>Æskulýðsráð aðventista</i>	bls. 96

<i>Æskulýðsnefnd</i>	bls. 97
<i>Embættismenn ungmennafélags aðventista</i>	bls. 97
<i>Ábyrgðarmaður ungmennafélags aðventista</i>	bls. 98
<i>Starfsþættir aðventunglinga</i>	bls. 98
<i>Ungmennafélag yngri aðventunglinga</i>	bls. 98
<i>„Ambassador” klúbburinn</i>	bls. 99
<i>Aðventskátafélag</i>	bls. 99
<i>Ævintýraklúbbur</i>	bls. 100
<i>Hjálpargögn</i>	bls. 100
Innsetningarathöfn	bls. 100

## **Kosningar**

## **kafli 9**

Tillögunefnd og tilhögun kosninga	bls. 101
<i>Hvenær og hvernig tillögunefnd er kjörin</i>	bls. 101
<i>Hvernig þetta gengur fyrir sig</i>	bls. 102
<i>Hverjir skulu eiga sæti í tillögunefndinni</i>	bls. 102
<i>Starf tillögunefndar</i>	bls. 102
<i>Tillögunefndinni ber að fá samþykki tilvonandi embættismanna</i>	bls. 103
<i>Að koma fram fyrir tillögunefndina</i>	bls. 103
<i>Umræður tillögunefndar eru trúnaðarmál</i>	bls. 103
<i>Skýrsla lögð fram fyrir söfnuðinn</i>	bls. 104
<i>Andmæli við skýrslu tillögunefndar</i>	bls. 104
<i>Laus embætti</i>	bls. 105
Fulltrúar á aðalfund Samtaka safnaða	bls. 105
<i>Val fulltrúa</i>	bls. 105
<i>Skýldur fulltrúa</i>	bls. 106
<i>Ábyrgð embættismanna Samtaka safnaða</i>	bls. 106
<i>Stjórnarmenn Samtakanna</i>	bls. 106

## **Guðsþjónustur og samkomur/fundir**

## **kafli 10**

Almennar meginreglur	bls. 107
<i>Tilgangur guðsþjónustu og samkoma safnaðarins</i>	bls. 107
<i>Virðing fyrir húsi Guðs</i>	bls. 107
<i>Börnum ber að kenna lotningu</i>	bls. 108
<i>Hátþyrði og kyrrð á tilbeiðslustaðnum</i>	bls. 108

<i>Gestrisni</i>	bls. 108
Þáttur tónlistar í tilbeiðslu	bls. 109
<i>Máttur tónlistarinnar</i>	bls. 109
<i>Syngið með anda og af skilningi</i>	bls. 109
Prédikunarstóllinn er ekki umræðuvettvangur	bls. 109
<i>Nýtt ljós rannsað</i>	bls. 109
Mikilvægi þess að vera einhuga	bls. 111
<i>Ræðumenn án heimildar</i>	bls. 112
Hvildardagsskólinn og guðsþjónustur	bls. 112
<i>Hvildardagsskólinn</i>	bls. 112
<i>Tilkynningar og deildakynningar</i>	bls. 113
<i>Guðsþjónustan</i>	bls. 113
<i>Góður undirbúningur</i>	bls. 113
<i>Guðsþjónustuformið</i>	bls. 114
<i>Skýrsla um útbreiðslustarf safnaðarins</i>	bls. 114
<i>Almenn bænagjörð</i>	bls. 114
<i>Útveggun rita og blaða á hvildardögum</i>	bls. 114
Kvöldmáltíðin	bls. 115
<i>Helgiathöfn fótaþvottarins</i>	bls. 115
<i>Kvöldmáltíðin</i>	bls. 115
<i>Ósýrt brauð og ógerjað vín</i>	bls. 116
<i>Til minningar um krossfestinguna</i>	bls. 116
<i>Boðun endurkomunnar</i>	bls. 117
<i>Boðað til kvöldmáltíðar</i>	bls. 117
<i>Stjórnun kvöldmáltíðar</i>	bls. 117
<i>Hverjir mega taka þátt</i>	bls. 118
<i>Öll safnaðarsystkini ættu að sækja athöfnina</i>	bls. 118
<i>Hverjir mega þjónusta við kvöldmáltíð</i>	bls. 119
<i>Kvöldmáltíð fyrir þá sem geta ekki komið</i>	bls. 119
Bænasamkoman	bls. 119
<i>Bænasamkomur skulu vera áhugavekjandi</i>	bls. 119
Safnaðarfundir	bls. 120
Safnaðarstjórnin og fundir hennar	bls. 121
<i>Skilgreining og hlutverk</i>	bls. 121
<i>Þeir sem stjórnina skipa</i>	bls. 121
<i>Embættismennirnir</i>	bls. 122
<i>Fundir</i>	bls. 123

<i>Starf stjórnarinnar</i>	bls. 123
<i>Undirnefndir</i>	bls. 124
Fundir skólanefndar	bls. 124
Foreldrafélag	bls. 124
Samkomur ungmennafélagsins	bls. 124
<i>Ungmennafélag aðventista</i>	bls. 125
<i>Ungmennafélag yngri aðventunglinga</i>	bls. 125
<i>Fundir ambassador-klúbbsins</i>	bls. 125
<i>Aðventskátar</i>	bls. 125
<i>Ævintýraklúbburinn</i>	bls. 125
<b>Fjármál</b>	<b>kafli 11</b>
Ráðsmennska	bls. 127
Tíundin	bls. 128
<i>Markvissar gjafir og eining</i>	bls. 128
<i>Hvernig verja skal tíundinni</i>	bls. 128
<i>Hvernig fara á með tíundina</i>	bls. 129
<i>Starfsmenn Samtaka og embættismenn safnaða eiga að setja fordæmi í því að greiða tíund</i>	bls. 129
Gjafir og fórnir	bls. 129
<i>Hvildardagsskólagjafir</i>	bls. 129
<i>Aðrar gjafir og fórnir</i>	bls. 129
<i>Sérstakar gjafir til starfssvæða</i>	bls. 129
<i>Aðstoð við nauðstadda</i>	bls. 130
<i>Fjárhagsáætlun safnaðarsjóðs</i>	bls. 130
Almennar ráðleggingar varðandi fjármál	bls. 131
<i>Um fjáröflun</i>	bls. 131
<i>Vafasamar fjáröflunarleiðir</i>	bls. 132
<i>Tíund og gjafir mynda ekki persónulega trúnaðarsjóði</i>	bls. 132
<i>Fjármögnun bygginga</i>	bls. 132
<i>Varsla og bókhald fjármuna</i>	bls. 132
<i>Endurskoðun</i>	bls. 133
<b>Staðall kristilegrar breyttni</b>	<b>kafli 12</b>
Hin háleita köllun Guðs í Kristi Jesú	bls. 134
Biblíulestur og bæn	bls. 135

Samband við fólk í samfélaginu	bls. 136
Helgihald hvíldardagsins	bls. 136
Virðing fyrir tilbeiðslustaðnum	bls. 138
Heilbrigði og bindindi	bls. 138
Klæðnaður	bls. 139
Látleysi	bls. 140
Nútíma fjölmiðlar	bls. 141
Skemmtun og afþreying	bls. 142
Tónlist	bls. 143
Lokaorð	bls. 143
<b>Hjónaband, hjúskaparslit og gifting að nýju</b>	<b>kafli 13</b>
Félagsleg samskipti	bls. 144
Siðgæðisvörður	bls. 146
Tilhugalíf	bls. 146
Hjónabandið	bls. 148
Hjúskaparslit	bls. 150
Afstaða kirkjunnar til hjúskaparslita og giftingu að nýju	bls. 151
Þjónusta safnaðar við fjölskyldur	bls. 154
<b>Helstu trúarkenningar Sjöunda dags aðventista</b>	<b>kafli 14</b>
	bls. 156
<b>Athugasemdir</b>	
KAFLI 8 (athugasemdir)	bls. 168
<i>Giftingarathöfnin</i>	bls. 168
<i>Þjálfun safnaðarformanna</i>	bls. 168
<i>Umsjón og viðhald eigna safnaðarins</i>	bls. 168
<i>Ritari varðveitir fundargerðir</i>	bls. 169
<i>Bréfaskipti við safnaðarfólk</i>	bls. 169
<i>Greiðslur fyrir bóka- og blaðapantanir einstaklinga</i>	bls. 169
<i>Vernd barnanna</i>	bls. 170
<i>Hjálpargögn barnadeildar</i>	bls. 170
<i>Hjálpargögn fjölskyldudeildarinnar</i>	bls. 170
<i>Hjálpargögn Heilbrigðismáladeildarinnar</i>	bls. 171
<i>Hjálpargögn fyrir almenningsstengsl og trúfrelsi</i>	bls. 171

<i>Hjálpargögn útgáfudeildarinnar</i>	bls. 171
<i>Hjálpargögn hvíldardagsskólans og leikmannadeildarinnar</i>	bls. 171
<i>Hjálpargögn ráðsmennskudeildarinnar</i>	bls. 172
<i>Hjálpargögn kvennadeildarinnar</i>	bls. 172
<i>Skipulagning ungmennastarfsins</i>	bls. 172
<i>Hjálpargögn ungmennadeildarinnar</i>	bls. 172
KAFLI 9 (athugasemdir)	bls. 172
KAFLI 10 (athugasemdir)	bls. 174
<i>Hvíldardagsskólinn</i>	bls. 174
<i>Guðsþjónustan</i>	bls. 174
<i>Lengri efnisskrá guðsþjónustu</i>	bls. 174
<i>Skemmi efnisskrá guðsþjónustu</i>	bls. 175
<i>Guðsþjónustuformið</i>	bls. 175
<i>Tími fyrir trúboðssamkomur</i>	bls. 176
<i>Fótaþvotturinn</i>	bls. 176
<i>Brauðið og vínið</i>	bls. 177
<i>Almennir safnaðarfundir</i>	bls. 178
<i>Undirnefndir</i>	bls. 179
<i>Hjálpargögn ungmennafélagsins</i>	bls. 179
<i>Deild yngri aðventungmenna</i>	bls. 179
KAFLI 11 (athugasemdir)	bls. 179
<i>Hjálpargögn fyrir Ráðsmennskudeildina</i>	bls. 179
<i>Dæmi um fjárhagsáætlun</i>	bls. 179
<i>Fjárhagsáætlun safnaðar</i>	bls. 180
<b>Skammstafanir</b>	bls. 181

## 1. KAFLI

# Hvers vegna höfum við safnaðarhandbók?

Hvers vegna hefur kirkja Sjöunda dags aðventista safnaðarhandbók?

Guð er Guð skipulags eins og kemur vel fram í sköpunarverki hans og endurlausn. Þess vegna er skipulag mikilvægur þáttur í kirkju hans. Skipulag byggir á meginreglum og reglugerðum sem leiðbeina kirkjunni í starfsemi hennar jafnt innan hennar og þegar hún gegnir hlutverki sínu í þessum heimi. Til þess að kirkjan geti haft árangursríkt fyrirkomulag í þjónustu sinni fyrir Drottin og meðbræður sína þá er þörf fyrir skipulag, reglu og ögun. Ritningin leggur áherslu á að „allt fari sómasamlega fram og með reglu“ (1Kor 14.40).

Ellen G. White benti á þessa þörf árið 1875 er hún sagði: „Söfnuður Krists er í stöðugri hættu. Satan leitast við að granda lýð Guðs og það er ekki nóg að treysta huga eða dómgreind einhvers einstaks. Kristur vill að fylgjendur hans komi saman sem söfnuður og fari eftir skipulagi, hafi reglu og aga og séu undigefnir hver öðrum og meti hver annan meira en sig sjálfa.“ 3T, bls. 445.

En leiðtogar safnaðarins hröðuðu sér ekki að semja reglubók varðandi stjórnun safnaðarins þó svo Aðalsamtökin kæmu árlega saman fyrstu árin og fulltrúarnir samþykktu málefni varðandi skipulag og líf safnaðarins. Að lokum samþykkti þing Aðalsamtakanna árið 1882 að láta útbúa „leiðbeiningar fyrir embættismenn safnaðanna, sem áttu að birtast í safnaðarblaðinu, Review and Herald, eða sem rit.“ RH, 26. des. 1882. Í ákvörðun þessari endurspegladist sá vaxandi skilningur að nauðsynlegt væri að hafa skipulag á málum safnaðarins ætti safnaðarheildin að geta virkað á árangursríkan hátt, og ef samræmi ætti að ríkja í slíku skipulagi þyrfti að gefa meginreglur þess út á prenti.

En þegar tillaga kom fram um það á þingi Aðalsamtakanna árið 1883 að greinum þessum væri komið í varanlegt form sem safnaðarhandbók var henni hafnað. Bræðurnir óttuðust að slíkt yrði til þess að reglubinda söfnuðina og svipta prestana frelsi til að kljást við skipulagsmál safnaðanna að vild hvers og eins.



En þessi ótti – sem vafalaust hefur endurspeglað andstöðu þá sem fyrir hendi var tuttugu árum áður gagnvart hvers konar safnaðarskipulagi – hvarf sýnilega fljótt. Þing Aðalsamtakanna sem var haldið ár hvert hélt áfram að ákvarða um safnaðarskipulag.

Þó svo kirkjan hafnaði því opinberlega að taka upp safnaðarhandbók söfnuðu leiðtogar stundum saman í bók eða rit reglum þeim varðandi safnaðarstarfið sem almennt voru viðurkenndar. Sennilega má telja að ein áhrifamesta tilraunin sem gerð var í þessa átt hafi verið 184 blaðsíðna bók sem frumherjinn J. N. Loughborough tók saman. Bar hún heitið Söfnuðurinn, skipulag hans, fyrirkomulag og agi (The Church, Its Organization, Order and Discipline) sem kom út árið 1907 og fjallaði um mörg þau efni, sem nú er að finna í safnaðarhandbók okkar.

Þegar hreyfingin fór að vaxa mjög hratt í byrjun tuttugustu aldarinnar gerði hún sér grein fyrir þörfinni á safnaðarhandbók sem prestar og meðlimir gætu notað um allan heim. Árið 1931 tók framkvæmdastjórn Aðalsamtaka Sjöunda dags aðventista þá ákvörðun að gefa út safnaðarhandbók. J. L. McElhany, síðar forseti Aðalsamtakanna, samdi handrit að bókinni sem var gefin út árið 1932. Í fyrstu setningu formálans í þessari fyrstu útgáfu kemur það skýrt fram að „það sé að verða æ augljósara að þörf sé orðin á handbók varðandi stjórn safnaðarins til að setja fram og varðveita stjórnarhætti þá sem viðhafðir voru í söfnuðinum og venjur sem skapast höfðu í safnaðarstarfinu.“

Veitið athygli orðinu „að varðveita.“ Hér var ekki nein skynditilraun til að skapa heillega forskrift að stjórnarfari safnaðarins. Fremur mátti tala um viðleitni til í fyrsta lagi „að varðveita“ allar þær góðu samþykktir sem gerðar höfðu verið í árána rás og síðan að bæta við öllum þeim reglugerðum sem aukinn vöxtur, viðgangur og margþætt gerð safnaðarins kynnu að kalla á.

## **Vald og hlutverk safnaðarhandbókarinnar**

Safnaðarhandbókin hefur verið til í núverandi formi frá því árið 1932. Hún lýsir starfi og verkefnum safnaðanna og tengslum þeirra við kirkjuna sem heild sem þeir tilheyra. Þessi safnaðarhandbók tjáir skilning safnaðar Sjöunda dags aðventista á því hvernig líf hins kristna og stjórn og agi safnaðarins byggist á meginreglum Biblíunnar. Hún setur fram vald það sem þing Aðalsamtakanna hefur, þegar það kemur saman. „Guð hefur komið því þannig fyrir að fulltrúar safnaðarins frá öllum heimshlutum skuli

hafa vald þegar þeir koma saman á þingi Aðalsamtakanna.“ 9T, bls. 261.

Efni þessarar handbókar er tvenns konar. Inntak hvers kafla er algilt og á við um öll stjórnunarstig kirkjunnar, söfnuði og meðlimi þeirra. Þar sem ljóst er að þörf er fyrir frávík á ýmsum sviðum er viðbótarefni til skýringar sett í ‘Athugasemdir’ í lok handbókarinnar. Þessu efni er ætlað að vera til leiðbeiningar. Athugasemdirnar hafa undirfyrirsagnir í samræmi við undirfyrirsagnir kaflanna og vísa til tiltekinna blaðsíðna.

Staðall safnaðarins og framkvæmd byggjast á meginreglum Biblíunnar. Þessar meginreglur eru settar fram í þessari handbók ásamt stuðningi úr ritum Anda spádómsins. Þeim ber að fylgja í allri stjórnun og aðgerðum safnaðanna. Safnaðarhandbókin skýrgreindir einnig tengslin sem ríkja milli einstakra safnaða og samtakanna eða annarra hluta kirkju Sjöunda dags adventista. Enginn skyldi leitast við að setja upp annan staðal fyrir meðlimi, setja fram eða leitast við að beita reglum eða reglugerðum við stjórnun einstakra safnaða sem brjóta í bága við það sem aðalfundur Aðalsamtakanna hefur samþykkt og birtist í þessari handbók.

### **Breytingarferli safnaðarhandbókarinnar**

Aðalsamtökin hafa í gegnum árin samþykkt mikilvægar breytingar á handbók safnaðarins. Þar sem skilningur á því fór vaxandi, að „allt [þyrfti að fara] sómasamlega fram og með reglu“ í alheimsstarfi okkar og að samþykktir varðandi stjórnarfar safnaðarins hlytu fullt samþykki safnaðarheildarinnar var samþykkt á þingi Aðalsamtakanna árið 1946 að viðhafa eftirfarandi starfshætti: „Allar breytingar eða endurskoðanir á stjórnarháttum, eins og þeir eru settir fram í Safnaðarhandbókinni, þurfa að hljóta samþykki á þingi Aðalsamtakanna.“ – Skýrsla Aðalsamtakanna nr. 8, bls. 197 (14. júní, 1946.)

En stundum kalla svæðisbundnar aðstæður í sumum heimshlutum á sérstakar samþykktir. Þess vegna tók framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna árið 1948 þá ákvörðun að biðja „hverja heimsdeild, þar á meðal Norður-Ameríkudeildina, að útbúa „viðauka“ við nýju safnaðarhandbókina, þar sem henni yrði á engan hátt breytt heldur hefðu þeir að geyma viðbætur sem snertu aðeins þær aðstæður sem ríktu í viðkomandi Deild. Handrit að þessum viðaukum átti að leggja fyrir framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna til samþykkis áður en þeir yrðu prentaðir.“ – Samþykktir haustfundar framkvæmdastjórnar Aðalsamtakanna, 1948, bls. 19.

Árið 2000 samþykkti þing Aðalsamtakanna breytta flokkun á nokkru af efni safnaðarhandbókarinnar þannig að það kæmi fremur undir ‚athugasemdir‘ en undir algilt efni og einnig breytingaferlið. Breytingar eða endurskoðun á safnaðarhandbókinni, að undanteknum athugasemdunum, má einungis gera með þingsamþykkt Aðalsamtakanna þar sem fulltrúar frá hinum ýmsu svæðum heimsins eru samankomnir og geta átt þátt í endurskoðuninni. Ef eitthvert stjórnarstig telur þörf á endurskoðun handbókarinnar sendir það slíka endurskoðun til næsta stjórnarstigs fyrir ofan til frekari athugunar. Ef breytingin er samþykkt er hún send áfram til næsta stjórnarstigs. Allar tillögur um endurskoðun og breytingar eru svo sendar til handbókarnefndar Aðalsamtakanna. Handbókarnefndin íhugar allar tillögur um viðauka og endurskoðun og undirbýr þær fyrir ársfund eða þing Aðalsamtakanna.

Ef eitthvert stjórnarstig telur þörf á endurskoðun athugasemdanna fer hún sömu leið. Aðalsamtökin geta einnig gert breytingar á athugasemdunum á öllum ársþingum sínum.

Handbókarnefndin leggur tillögur um breytingar sem eru ekki efnislegar fyrir ársþing Aðalsamtakanna til samþykkis. En ef þriðjungur ársþingsins telur að þær breytingar hafi áhrif á heildarmerkingu greinarinnar verður að vísa tillögunni til aðalfundar Aðalsamtakanna.

Á síðasta ársþingi 5 ára tímabils Aðalsamtakanna endurskoðar framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna allar breytingar á athugasemdunum og samræmir þær breytingar tillögum um breytingar á meginefni safnaðarhandbókarinnar.

Ný útgáfa handbókarinnar kemur út eftir hvert þing Aðalsamtakanna. Ætlast er til að ávallt sé unnið samkvæmt nýjustu útgáfu safnaðarhandbókarinnar. Þessi útgáfa tekur með þær breytingar sem gerðar voru á aðalþingi Aðalsamtakanna 2010.

## **Hvar leita má ráða**

Einstakir söfnuðir ættu að leita til þeirra Samtaka sem þeir tilheyra til að fá ráðgjöf varðandi starfsemi safnaðarins eða vafaatriði sem upp kunna að koma við lestur safnaðarhandbókarinnar. Náist ekki gagnkvæmur skilningur eða samkomulag ber að vísa málinu til Sambandsins til nánari útskýringar.

## **Notkun hugtaka í safnaðarhandbókinni**

Hver einstakur söfnuður Sjöunda dags aðventista er hluti af samfélagi safnaða sem nefnist Samtök, en Samtökin eru skipulagt samfélag safnaða ákveðins fylkis, ríkis eða svæðis. Þar til samfélag safnaðanna er skipulagt sem Samtök eru önnur hugtök notuð, t.d. kristniboðssvæði, til að tilgreina heild ákveðinna safnaða. Í safnaðarhandbókinni ná hugtökin Samtök og Samband einnig til kristniboðssvæða Samtaka eða Sambanda.

## 2. KAFLI

### Söfnuður lifanda Guðs

Þegar rætt er um söfnuðinn í Biblíunni er hann nefndur „kirkja Guðs“ (Post. 20.28), „líkami Krists“ (Ef 4.12) og „söfnuður lifanda Guðs“ (1Tím 3.15).

Það eru einstök og sálarnærandi forréttindi að tilheyra söfnuði Guðs. Það er ætlun Guðs að safna saman fólki frá öllum heimshornum og tengja það saman í eina heild, líkama Krists, söfnuðinn, en Kristur er lifandi höfuð hans. Allir sem eru börn Guðs í Jesú eru limir þessa líkama, og í þeim nánu tengslum geta þau notið samfélags hvert við annað og einnig við Drottin sinn og meistara.

Í Biblíunni er orðið „kirkja“ eða „söfnuður“ notað að minnsta kosti í tvenns konar merkingu. Fyrst er hin almenna merking sem tekur til kirkjunnar í öllum heiminum (Matt 16.18; 1Kor 12.28). En einnig er þrengri merking sem tekur til safnaðar á tilteknum stað í borg eða sveit eins og t.d. söfnuðurinn í Róm (Róm 1.6, 7), söfnuðurinn í Korintu (1Kor 1.2) og söfnuðurinn í Þessaloníku (1Þess 1.1), Galatíu (1Kor 16.1), Asíu (1Kor 16.19), Kilíkíu og Sýrlandi (Post 15.41).

Kristur sem er höfuð safnaðarins og hinn lifandi Drottinn hans ber djúpan kærleika til lima líkama síns. Hann á að vera dýrlegur gjör í kirkjunni (Ef 3.21). Fyrir tilstilli safnaðarins ætlar hann að opinbera „hve margháttuð speki Guðs er“ (Ef 3.10). Dag frá degi „elur hann söfnuðinn“ (Ef 5.29) og hann langar innilega til þess að „leiða hann fram fyrir sig í dýrð“ án þess að hann „hefði blett eða hrukku né neitt þess háttar.“ Hann á að vera „heilagur og lýtalaus“ (Ef 5.27).

### Enginn skilveggur

Með orðum sínum og athöfnum leitaðist Kristur við að kenna mönnum þau sannindi að hjá Guði væri enginn skilveggur milli Ísraels og annarra þjóða (Jóh 4.4-42; 10.16; Lúk 9.51-56; Matt. 15.21-28). Páll postuli skrifaði: „Heiðingjarnir eru í Kristi Jesú fyrir fagnaðarerindið orðnir erfingjar með oss, einn líkami með oss, og eiga hlut í sama fyrirheiti og vér“ (Ef 3.6).

Meðal fylgjenda Krists átti hvorki að taka neina stétt manna fram yfir aðra né heldur þjóðerni, kynstofn eða hörundslit því að allir menn eru skyldir. Hinir útvöldu Guðs eru alheimsbræðralag, nýtt mannkyn, „allir eitt í Kristi Jesú“ (Gal 3.28).

„Kristur kom til þessarar jarðar til að flytja boðskap náðar og fyrirgefningar. Hann lagði grundvöll þeirrar trúar sem tengir saman Gyðinga og heiðingja, svarta og hvíta, frjálsa og ófrjálsa í sameiginlegt bræðralag og Guð lítur á þá alla sem jafningja. Frelsarinn ber takmarkalausán kærleika til hvers og eins.“ 7T, bls. 225.

„Guð viðurkennir enga upphæfð vegna þjóðernis, kynstofns eða stéttar. Hann er skapari alls mannkyns. Allir menn eru ein fjölskylda vegna sköpunarinnar. Og allir eru þeir eitt fyrir tilstilli endurlausnarinnar. Kristur kom til að brjóta niður hvern skilvegg, til að opna upp á gátt alla hluta musterisins svo að sérhver sál geti hindrunarlaust haft samband við Guð . . . Í Kristi er hvorki Gyðingur né Grikki, frjáls né ófrjáls. Allir tengjast náið fyrir hið dýrmæta blóð hans.“ COL, bls. 386.

### **Æðsta gildismat Krists**

Þeir sem eru í þjónustu hans og eru kallaðir til leiðtogastarfa í söfnuðinum eiga að „veita söfnuði Guðs umsjón“ (1Tím 3.5). Þeir eiga að vera „hirðar hjarðarinnar“ (Post 20.28) og hafa „áhyggju af öllum söfnuðunum“ (2Kor 11.28).

„Ég votta það fyrir bræðrum mínum og systurum að þó að söfnuður Krists kunni að vera magnlítill og honum sé um margt ábótavant er hann samt það á jörðu hér sem mesta athygli Krists beinist að. Á sama tíma og hann lætur boð sitt út ganga til allra um að koma til sín og láta frelsast felur hann englum sínum að veita hverri þeirri sál guðlega hjálp sem til hans kemur í iðrun og hryggð og hann kemur persónulega fyrir Heilagan anda mitt inn í söfnuð sinn.“ TM, bls. 15.

Þar sem söfnuðurinn er brúður Krists og það sem á mesta athygli hans á hann að sýna skipulag Guðs og lyndiseinkunn í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

„Núna á söfnuðurinn að íklæðast skartklæðum sínum, sem eru „Kristur, réttlæti vort.“ Endurvekja þarf það sem gerir aðgreininguna skýra og sýnir heiminum lifandi fordæmi um að hefja upp boð Guðs og trúna á Jesú. Fegurð heilagleikans á að birtast í náttúrulegum ljóma sínum sem skörp andstæða

ljótleika og fáfræði hinna óhlýðnu, þeirra sem hafa risið gegn lögmáli Guðs. Með því viðurkennum við Guð og virðum lögmál hans, grundvöll stjórnar hans á himni og um gervallt ríki hans á jörðu. Sýna á heiminum vald hans skýrt og greinilega. Engin lög ætti að viðurkenna sem ganga í berhöggi við lög Jehóva. Áformi Guðs er hnekkð ef við látum heiminn hafa áhrif á ákvarðanir okkar og athafnir þvert á þá tilhögun sem Guð hefur gert. Láti söfnuðurinn undan í þessu efni skiptir ekki máli hversu vel þetta lítur út á yfirborðinu. Í bækur himnanna er ritað gegnt nafni hans að hann hafi brugðist hinum helgasta trúnaði, sýnt sviksemi gagnvart ríki Krists. Söfnuðurinn á að halda meginreglur sínar af festu og einurð frammi fyrir öllum hinum himneska alheimi og konungsríkjum jarðarinnar. Sé helgi lögmáls Guðs í heiðri höfð staðfastlega og af einurð mun það jafnvel vekja athygli og aðdáun heimsins svo að margir munu leiðast til að vegsama föðurinn vegna góðu verkanna sem þeir sjá.“ TM, bls. 16, 17.

Postulinn Pétur skrifar: „En þér eruð „útvalin kynslóð, konunglegt prestafélag, heilög þjóð, eignarlýður, til þess að þér skuluð víðfrægja dáðir hans,“ sem kallaði yður frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss“ (1Pét 2.9).

### **Söfnuðurinn algjör í Kristi**

„Drottinn hefur veitt söfnuði sínum hæfileika og blessanir svo að hann geti sýnt heiminum þá mynd af Drottni að hann sé öllum nægur og að söfnuður hans geti verið algjör í honum, að safnaðarfólkið sé ætíð fulltrúar annars heims, já, hins himneska, og laga sem æðri eru jarðneskum lögum. Söfnuður hans á að vera musteri byggt í líkingu við hið himneska og himneski arkitektinn er kominn með gullna mælistiku frá himnum svo að höggva megi sérhvern stein í rétta lögum eftir máli Guðs og jafnframt að slípa hann svo, að hann skíni eins og merki himnanna og frá honum stafi hinum björtu og tæru geislum Réttlætissólarinnar í allar áttir. . . .

Drottinn Jesús er að prófa hjörtu manna með því að auðsýna miskunn sína og ríkulega náð. Hann er að stuðla að því að umskapa hjörtu manna með svo undraverðu móti að Satan með öllu sínu digurbarkalega tali um sigur og öll hin illu öfl hans sem hafa bundist samtökum gegn Guði og lögum ríkis Guðs líta á slík umsköpuð hjörtu sem vígi lokuð fyrir blekkingum hans og falsrökum. Þau eru honum óskiljanlegur leyndardómur. Englar Guðs, serafar og kerúbar, máttarvöld þau sem er falið að starfa með

mönnunum horfa á undrandi og fagnandi að fallnir menn sem eitt sinn voru börn reiðinnar skuli fyrir uppfræðslu Krists vera að þroska með sér lyndiseinkunn í líkingu Guðs til að verða synir hans og dætur, gegna þýðingarmiklu hlutverki í störfum himinsins og njóta unaðar hans.

Kristur hefur veitt söfnuði sínum næga möguleika til að hann, hin endurleysta og endurkeypta eign hans, geti vegsamað herra sinn. Þegar söfnuðurinn er íklæddur réttlæti Krists er hann fjársjóður hans þar sem auðæfi miskunnar hans, kærleika og náðar á að birtast í fyllingu sinni og endanlegri mynd. . . .

Kristur lítur á fólk sitt í flekklausum hreinleika þess og lýtalausri fullkomnun sem endurgjaldið fyrir allar þjáningar sínar, niðurlægingu og kærleika og viðauka við dýrð sína – sá Kristur sem er hinn mikli möndull sem öll dýrð stafar frá. „Sælir eru þeir sem boðnir eru í brúðkaupsveislu lambsins.““ TM, bls. 17-19.

Söfnuður Sjöunda dags aðventista hefur heitið að fylgja þeim meginreglum um einingu í söfnuði Krists sem lýst hefur verið hér að framan. Með þeim friði og mætti sem veitist fyrir réttlæti Krists hefur söfnuðurinn heitið að sigrast á hverri þeirri hindrun sem syndin hefur reist milli manna.



### 3. KAFLI

## Skipulag og vald

Rétt skipulag er byggt á meginreglum Guðs. „Leyfið ekki hugmyndum neins að koma trú ykkar úr jafnvægi varðandi það skipulag og þá samstillingu sem ætti að finnast í söfnuðinum. . . . Guð himnanna er Guð skipulags og hann ætlast til þess að allir fylgjendur hans hafi reglur og reglugerðir og tryggi skipulag.“ 5T, bls. 274.

### **Biblíulegur grundvöllur að skipulagi**

Þegar Guð kallaði Ísraelsmenn út úr Egyptalandi og valdi þá sem eignarlýð sinn sá hann þeim fyrir áhrifamiklu stjórnkerfi sem átti að ákvarða um hegðun þeirra bæði í borgaralegum eignum og trúarlegum.

„Stjórn þjóðar Ísraels einkenndist af nákvæmri skipulagningu sem var bæði ítarleg og einföld svo til fyrirmyndar má telja. Hebresk þjóðfélagsskipun bar skýran vott um það skipulag sem er að finna í öllu hinu fullkomna sköpunarverki Guðs. Guð var miðstöð valds og stjórnkerfis, þjóðhöfðingi Ísraelsþjóðar. Móse var hinn sýnilegi leiðtogi hennar, samkvæmt umboði frá Guði, til þess að framfylgja lögum í nafni hans. Sjötíu manna ráð var kosið úr hópi öldunga ættflokka til að aðstoða Móse í almennum málum þjóðarinnar. Næst komu prestarnir sem höfðu samráð við Guð í helgidómnum. Höfðingjar eða prinsar voru yfirmenn ættkvíslanna. Undir þessa skipaði Móse foringja: „suma yfir þúsund, suma yfir hundrað, suma yfir fimmtíu, suma yfir tíu (5M 1.15), og að lokum tilsjónarmenn með ákveðnum verkefnum.“ ÆS, bls. 265.

Þegar við hugsum um kirkjuna í Nýja testamentinu finnum við sama fullkomna skipulagið. Kristur sjálfur sem stofnaði kirkjuna (Matt 16.18) setti „hvern einstakan lim á líkamann eins og honum þóknaðist“ (1Kor 12.18). Það var hann sem gaf þeim gjafir og talentur sem áttu að duga þeim til þeirra starfa sem lögð voru þeim á herðar og skipulagði þá á lifandi og starfsaman líkama. Hann er höfuð hans.

„Vér höfum á einum líkama marga limi en limirnir hafa ekki allir sama

starfa. Eins erum vér, þótt margir séum, einn líkami í Kristi en hver um sig annars limir“ (Róm 12.4, 5). „Og hann [Kristur] er höfuð líkamans, kirkjunnar, hann sem er upphafið, frumburðurinn frá hinum dauðu. Þannig skyldi hann verða fremstur í öllu“ (Kól 1.18).

„Mismunur er á náðargáfum en andinn er hinn sami og mismunur er á embættum en Drottinn er hinn sami“ (1Kor 12.4, 5). „Því að eins og líkaminn er einn og hefur marga limi en allir limir líkamans, þótt margir séu, eru einn líkami, þannig er og Kristur“ (1Kor 12.12). „Þér eruð líkami Krists og limir hans hver um sig. Guð hefur sett nokkra í kirkjunni, fyrst postula, í öðru lagi spámenn, í þriðja lagi fræðara, sumum hefur hann veitt gáfu að gjöra kraftaverk, lækna, vinna líknarstörf, stjórna og tala tungum“ (1Kor 12.27, 28).

### **Mikilvægi skipulagsins**

Rétt eins og ekki er hægt að tala um neinn lifandi og virkan mannlíkama nema limir hans séu samtengd heild og starfi saman undir einni miðlægrri stjórn er ekki hægt að hafa lifandi, vaxandi og blómstrandi kirkju nema fólkið í henni sé sameinað í einn líkama, sinni allt þeim skyldustörfum sem Guð hefur falið því og starfi allt eftir leiðsögn guðlega tilskipaðrar stjórnar. Engin stofnun eða hreyfing getur blómstrað án skipulags. Hjá þjóð sem ekki hefði skipulagða ríkisstjórn færi fljótt allt í ringulreið. Verslunarfyrirtæki án skipulags færi illa. Sama er að segja um kirkju án skipulags. Hún leystist upp og yrði að engu.

Til að kirkja Krists gæti vaxið eðlilega og gegnt því dýrðlega hlutverki sínu að boða fagnaðarerindið um víða veröld setti hann henni einfalt en áhrifaríkt skipulag. Eigi henni að takast að ljúka ætlunarverki sínu verður hún að halda fast í hið guðlega skipulag.

„Sumir hafa sett fram þá hugsun að þegar við nálgumst endalokin muni hvert barn Guðs starfa óháð hvers konar trúarlegu skipulagi. Drottinn hefur frætt mig um að í þessu verki sé alls ekki um það að ræða að hver maður verði óháður öðrum.“ TM, bls. 489.

„En hve Satan fagnaði tækist honum að komast inn á meðal þessa fólks og trufla starfið einmitt þegar brýn nauðsyn er á ítarlegu skipulagi sem einmitt mun reynast árangursríkasta leiðin til hamla gegn uppreisnartilraunum, byggðum á röngum grunni og hrekja staðhæfingar sem eru ekki byggðar á orði Guðs! Við viljum halda varnarveggnum saman svo að ekki rofni það

skipulag og sú regla sem byggð hefur verið upp með skynsamlegum og vönduðum vinnubrögðum. Nú má ekki leyfa óróaöflum að stjórna starfinu að vild.“ TM, bls. 489.

### **Tilgangur skipulagsins**

„Eftir því sem fjöldi safnaðarfólks fór vaxandi lá í augum uppi að án einhvers konar skipulags yrði mikill glundroði og ekki næðist árangur í starfinu. Skipulag var ómissandi til að sjá fyrir framfærslu presta, til að starfið gæti náð til nýrra svæða, til að vernda bæði söfnuði og prestastéttina gegn óverðugum safnaðarsystkinum, til að hafa lögformlegt eignarhald á kirkjueignum, til að gefa sannleikann út á prenti og til margra annarra hluta.“ TM, bls. 26.

„Þar sem allir þeir sem játa kristna trú tilheyra hinni sýnilegu kirkju og eru verkamenn í vingarði Drottins eiga þeir að gera sitt ýtrasta til að stuðla að friði, samlyndi og kærleika í kirkjunni. Veitið athygli bænaráðum Kristis: „Að allir séu þeir eitt eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér svo séu þeir einnig í okkur til þess að heimurinn trúi að þú hafir sent mig.“ Eining í kirkjunni ber sannfærandi vott um það að Guð hafi sent Jesú í heiminn sem frelsara manna.“ 5T, bls. 619, 620.

### **Fyrirmynd Nýja testamentisins**

Starfsskipun sú sem frelsarinn gaf söfnuði sínum að boða öllum heiminum fagnaðarerindið (Matt 28.19, 20; Mrk 16.15) þýddi ekki aðeins að prédika skyldi boðskapinn heldur einnig að tryggja bæri velferð þeirra sem tóku við honum. Þetta fól bæði í sér hirðisstarf og einnig að hýsa hjörðina. Líka þurfti að takast á við samskiptavandamál. Slíkar aðstæður kölluðu á skipulag.

Í fyrstu settu postularnir á laggirnar ráð sem stjórnaði frá Jerúsalem störfum hinnar nýstofnuðu, örsmáu kirkju (Post 6.2; 8.14). Þegar hópurinn í borginni varð svo stór að stjórnun hinna verklegu þátta varð að vandamáli voru djáknar (safnaðarþjónar) skipaðir til þess að líta eftir daglegri sýslan safnaðarins (Post 6.2-4).

Síðar spruttu upp fleiri söfnuðir, ekki aðeins í Asíu heldur einnig í Evrópu og þetta kallaði á frekari aðgerðir í skipulagsmálum. Við sjáum að í Litlu-Asíu voru öldungar valdir „í hverjum söfnuði“ (Post 14.23). Það

virðist einnig ljóst samkvæmt frásögn orðsins að útbreiðsla starfsins til hinna ýmsu hluta rómverska heimsveldisins hafi kallað á að söfnuðirnir yrðu skipulagðir þannig að þeir bindust á þann hátt sem kalla mætti samtök safnaða en svo virðist sem þau hafi tekið til safnaða í sérstöku héraði eins og til að mynda „söfnuðina í Galatalandi“ (Gal 1.2). Þannig var frumkirkjan smám saman skipulögð. Eftir því sem þörfin krafði leiðbeindi Guð leiðtogum verks síns og stýrði þeim þannig að í samráði við kirkjuna þróaðist skipulag sem tryggði hagsmuni verks Guðs eftir því sem það breiddist út til allra landa.

### **Kirkjulegt stjórnskipulag**

Það stjórnskipulag sem notað er innan kirkju Sjöunda dags aðventista er fulltrúastjórn. Slík stjórn viðurkennir að vald kirkjunnar sé á hendi safnaðarfólksins sem gefur kjörnum fulltrúum á öllum stigum stjórnskipulagsins umboð og vald til að stjórna kirkjunni á mismunandi stjórnstigum hennar. Í þessu stjórnskipulagi er einnig viðurkennt að prestvígsla hafi viðurkenningu allra starfssvæða kirkjunnar.

„Safnaðarsystkinin öll hafa áhrif á val embættismanna safnaðarins. Söfnuðurinn kýs embættismenn Samtaka safnaða á tilteknu svæði. Fulltrúar kosnir af Samtökum safnaðanna kjósa embættismenn Sambanda Samtakanna og fulltrúar kjörnir af Samböndum Samtakanna kjósa embættismenn Aðalsamtakanna. Með þessu fyrirkomulagi hafa sérhver Samtök safnaða, sérhver stofnun, sérhver söfnuður og sérhver einstaklingur, annað hvort beint eða fyrir tilstilli fulltrúa sinna, áhrif á kosningu þeirra manna sem bera æðstu ábyrgð í Aðalsamtökunum.“ 8T, bls. 236, 237.

Núverandi stjórnskipulag kirkjunnar þróaðist á grundvelli skilnings hennar á hlutverki kirkjunnar, aukningu meðlimafjölda og útbreiðslu kirkjunnar um allan heim. Fulltrúar Samtaka safnaðarins komu saman árið 1863 til að skipuleggja Aðalsamtök Sjöunda dags aðventista.

Innan kirkjunnar eru mismunandi skipulagsstig, allt frá einstaklingum til heimsvíðtæks starfssviðs. Meðlimir hvers stjórnstigs koma reglubundið saman á formlegum aðalfundum. Innan stjórnkerfis Sjöunda dags aðventista ræður engin eining sér sjálf né starfar eins og hún hafi engar skyldur gagnvart kirkjunni utan starfssvæðis síns.

## Yfirlit yfir skipulag kirkjunnar

1. Hinn einstaki söfnuður (Local Church): Skipulögð heild trúaðra einstaklinga á ákveðnu landssvæði sem aðalfundur Samtaka hefur samþykkt sem söfnuð.

2. Samtök safnaða (Local Conference): Skipulögð heild safnaða í fylki, héraði eða landshluta sem stjórnarnefnd Deildar hefur samþykkt á vorkundi, haustfundi eða Deildarráðsfundi sem Samtök eða kristniboðssvæði sem aðalfundur Sambandsins síðan veitir samþykki sitt fyrir.

3. Kirkjusamband (Union of Churches): Heild safnaða á ákveðnu landssvæði sem Aðalsamtökin hafa samþykkt sem Samtök eða kristniboðssvæði.

4. Samband Samtaka safnaða eða Samband kristniboðssvæða (Union Conference/Mission): Sameinuð heild Sambands Samtaka innan ákveðins landfræðilegs svæðis sem Aðalsamtökin hafa samþykkt sem slík.

5. Aðalsamtök Sjöunda dags aðventista og deildir þeirra (General Conference and Divisions): Aðalsamtökin taka til kirkjunnar um heim allan. Stjórnarskrá þeirra tiltekur hverjir eiga þátt í þeim. Til að auðvelda heimsvíðtækt starf þeirra hafa Aðalsamtökin sett upp Deildir Aðalsamtakanna sem stjórnarnefnd Aðalsamtakanna hefur á haustþingum sínum falið almennt yfirlit með stjórnun Sambanda Samtakanna og annarra eininga kirkjunnar á tilteknum umráðasvæðum.

Bíblían er grundvöllur trúar og athafna. Á þeim grundvelli ákveður aðalfundur Aðalsamtakanna undirstöðukenningar kirkjunnar. Þing Aðalsamtakanna gefur einnig rétt til þess að skipuleggja Sambönd og tengd starfssvæði, endurskoðar safnaðarhandbókina, velur embættismenn Aðalsamtakanna og Deilda þeirra og framkvæmir annað sem sett er fram í stjórnarskrá þeirra. Auk þess kanna Aðalsamtökin mál sem stjórn þeirra leggur fyrir þingið. Milli þingfunda fer stjórn Aðalsamtakanna með framkvæmdavald innan stjórnarskrárinnar fyrir hönd safnaðarmeðlimanna sem heildar. Stofnanir kirkjunnar um allan heim viðurkenna aðalfund Aðalsamtakanna sem rödd kirkjunnar.

## Hlutverk stofnana

Söfnuðurinn starfrækir margs konar stofnanir á sviði menntunar, heilbrigðismála, bókaútgáfu o.s.frv. á hinum mismunandi stjórnunarstigum

til að mæta þörfum ráðþrota heims í nafni Krists. Slíkar stofnanir hafa átt sér fastan sess í trúarhugmyndum Sjöunda dags aðventista og hafa þær allt frá stofnun þeirra verið ómissandi tæki til að framfylgja hinni guðlegu starfsskipun um að þjóna allri persónunni og flytja fagnaðarerindið um víða veröld.

Engin stofnun eða eining kirkjunnar tekur á sig ábyrgð fyrir fjárhagslegar skuldbindingar, skuldir, verk eða vanrækslu annarrar kirkjueiningar á þeim grundvelli einum að hún hafi tengsl við kirkjuna.

### **Vald í frumsöfnuðinum**

Guð einn er sá sem gefur kirkjunni vald sem skapari, lausnari, sá sem viðheldur öllu, Drottinn og konungur yfir öllu sem skapað er. Hann fól spámönnum sínum og postulum að hafa vald (2Kor 10.8). Þeir gegndu því mikilvægu, sérstæðu hlutverki við útbreiðslu orðs Guðs og uppbyggingu safnaðarins (Ef 2.20).

Frumstöfnuðurinn bar ábyrgð á því að halda bæði kenningum og hegðun hreinum. Leiðtogarnir (eða biskupar) höfðu mikið vald. Eitt af aðalhlutverkum þeirra voru almenn hirðisstörf og eftirlit (Post 20.17-28; Heb 13.17; 1Pét 5.1-3) auk þess að fræða um heilbrigða kenningu og hrekja andmæli andstæðinganna (1Tím 3.1, 2; Tít 1.5, 9). Þeim var ætlað að reyna andana og komast að því hvort þeir væru frá Guði (1Jóh 4.1) eða prófa allt og halda því sem gott er, eins og Páll kemst að orði (1Pess 5.21).

Sama máli gegndi um agamál (Matt 18.15-17) sem gat falið í sér allt frá persónulegri, ástúðlegri áminningu (sbr. Matt 18.16; Gal 6.1) til brottreksturs úr söfnuðinum (Matt 18.18; 1Kor 5.11, 13; 2Kor 2.5-11).

Kirkjan hefur þannig vald til að fastsetja þær reglur sem varða stjórnun hennar.

### **Aðalsamtökin fara með æðsta vald**

Þing Aðalsamtakanna, og framkvæmdastjórn þeirra á milli þinga, er æðsta kirkjuvaldið í stjórnun kirkjunnar. Framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna hefur vald samkvæmt stjórnarskrá sinni til að koma á fót undirstofnunum sem hafa vald til að gegna hlutverki sínu. Af þessu leiðir að allar undirskipaðar félagsheildir og stofnanir kirkjunnar viðurkenna þing Aðalsamtakanna og framkvæmdastjórn þeirra á milli þinga, sem æðsta kirkjuvaldið meðal

Sjöunda dags aðventista undir yfirstjórn Guðs sjálfs.

Þegar ágreiningur rís innan safnaða og Samtaka eða stofnana, eða á milli þeirra, er rétta aðferðin að skjóta málinu til næsta stjórnunarstigs fyrir ofan þar til málið kemur fyrir framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna á árlegum fundi hennar eða þingi Aðalsamtakanna. Á milli þinga skal framkvæmdastjórn Aðalsamtakanna vera sá aðili sem hefur úrslitavald í öllum málum. Ákvörðun stjórnarinnar má endurskoða á næsta þingi Aðalsamtakanna eða á árlegum fundi framkvæmdastjórnarinnar. Þegar stofnanir endurskoða ákvarðanir annarra stofnana taka þær ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum neinna annarra stofnana.

„Drottinn hefur oft frætt mig um það að enginn maður skyldi láta dómgreind sína lúta dómgreind nokkurs annars manns. Aldrei skyldi það vera álitid að í huga eins manns eða fáeinna búi nægilegur vísdómur og máttur til að stjórna starfinu eða segja til um hvaða áformi skuli fylgt. En þegar safnaðarsystkinin sem saman eru komin frá öllum heimshlutum á þingi Aðalsamtakanna kveða upp úrskurð sinn má enginn sýna þráa einstaklingshyggju eða einkaskoðun heldur skal hann láta af slíku. Aldrei skyldi neinn starfsmaður skoða það sem dyggð að halda af þrjósku fram einkaskoðun sinni gegn ákvörðun heildarinnar.“ 9T, bls. 260.

#### 4. KAFLI

## **Prestar og annað starfslið kirkjunnar**

### **Prestastéttin skipuð af Guði**

„Guð á söfnuð og þar er prestastéttin skipuð af Guði. „Og frá honum er sú gjöf komin, að sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, sumir hirðar og kennarar. Þeir eiga að fullkomna hina heilögu og láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar, þangað til vér verðum allir einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verðum fullþroska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar . . . .“

Menn sem Guð hefur skipað hafa verið kjörnir til að vera á verði, allsgáðir og þrautseigir svo að kirkja hans þurfi ekki að lúta í lægra haldi fyrir vélabrögðum Satans, heldur megi hún standa í heiminum til að vegsama Guð á meðal manna.“ TM, bls. 52, 53.

**Formaður Samtaka safnaða--** Formaður Samtakanna skal vera vígður prestur, reyndur maður í góðum metum. Hann er leiðtogi prestastéttarinnar í sínum Samtökum, yfirsafnaðarformaður eða tilsjónarmaður allra safnaðanna. Hann vinnur að andlegum velfarnaði þeirra og gefur þeim ráð varðandi starfsemi þeirra og áform. Hann hefur aðgang að öllum söfnuðunum, samkomum þeirra, safnaðarfundum og safnaðarstjórnnum en hefur þó ekki kosningarétt þar nema söfnuðurinn veiti honum hann eða hann sé meðlimur hans. Hann getur í krafti embættis síns stjórnað aðalfundum sérhvers safnaðar sé það talið nauðsynlegt. Hann hefur aðgang að öllum safnaðarskrám og skýrslum.

Hann getur ekki ýtt til hliðar réttkjörnum embættismönnum safnaðarins, heldur mun hann starfa með þeim. Þeim ber aftur á móti, vegna bræðralagstengsla Samtakanna, að hafa hann með í ráðum varðandi allt það sem snertir velfarnað safnaðarins. Þeir eiga ekki að reyna að koma í veg fyrir að hann sinni skyldustörfum sínum sem skyldi.

**Deildarstjórar--** Deildarstjórar hlúa að mikilvægum störfum safnaðarins



undir stjórn formanns Samtakanna og stjórnar þeirra. Til að sinna starfi sínu á árangursríkan hátt verða þessir starfsmenn að hafa aðgang að söfnuðunum svo að þeir geti lagt fram áform sín og þróað þau. Þess er vænst að starfsmenn þessir taki fullt tillit til allra áætlana safnaðarins, jafnvel utan þeirra sérsviðs.

Deildarstjórum er ekki veitt stjórnunar- eða framkvæmdavald í starfi safnaðar eða Samtakanna, heldur er starf þeirra fyrst og fremst ráðgefandi. Starf þeirra er ekki sama eðlis gagnvart söfnuðunum og starf formanns Samtakanna eða stjórnar þeirra. Starf þeirra er einkar sérhæft, og er þeir kynna og vinna að hagsmunum sinnar deildar starfa þeir á öllu starfssvæði Samtakanna. Þeim er ekki ætlað að vera ráðgefandi fyrir söfnuðina í safnaðarkosningum eða sinna öðrum stjórnunarstörfum eða öðrum störfum yfirleitt, nema formaður Samtakanna feli þeim það sérstaklega.

**Vígðir prestar--** Vígðir prestar sem stjórn Samtakanna hefur kallað til að starfa sem prestar eða svæðisstjórar koma ekki í stað formanns viðkomandi starfssvæðis. Þeim eru ekki falin stjórnarstörf eins og formanninum heldur starfa þeir með honum við að koma áformum og reglugerðum Samtakanna í framkvæmd.

Þegar vígðum presti er falið starf safnaðarprests í ákveðnum söfnuði fær hann aðstoð safnaðarformannanna. Í krafti prestsvígslu sinnar er hann hæfur til að þjónusta við allar helgiathafnir safnaðarins. Hann á að vera andlegur leiðtogi og ráðgjafi safnaðarins. Hann á að leiðbeina embættismönnum safnaðarins við skyldustörf þeirra og leggja með þeim á ráðin í öllum þáttum safnaðarstarfsins.

Safnaðarpresturinn á sæti í safnaðarstjórn og er jafnframt formaður hennar. Óski safnaðarprestur þess að losna frá þeirri ábyrgð að gegna starfi formanns safnaðarstjórnar starfar safnaðarformaður sem formaður hennar í samráði við prestinn. (Sjá bls. 63). Ætlast er til að presturinn leggi á ráðin varðandi andlegar samkomur safnaðarins, með aðstoð safnaðarformanna, og stjórn þeim, svo sem hvíldardagsguðþjónustum og bænasamkomum. Hann á að þjónusta við kvöldmáltíð og skírn. Hann á ekki að hafa kringum sig neinn hóp ráðgjafa að eigin vali heldur ávallt starfa með réttkjörnum embættismönnum safnaðarins.

Þegar útbreiðsluprédikari er beðinn að halda opinberar samkomur á einhverjum stað eða í borg þar sem söfnuður er fyrir með safnaðarprest ættu Samtökin að bjóða prestinum að aðstoða prédikarann. Með því móti fær

safnaðarpresturinn tækifæri til að kynnast væntanlegum safnaðarsystkinum.

Söfnuður tilnefnir hvorki né kýs safnaðarpresta eða aðstoðarpresta. Það er stjórn Samtakanna sem það gerir, og slíkum stöðuveitingum má breyta hvenær sem er. (Sjá bls. 64.)

Stjórn Samtakanna getur sett prest af án þess að það hafi áhrif á stöðu hans sem meðlimur safnaðarins. Ef presturinn er strikaður út af bókum safnaðarins og síðan tekinn inn aftur sem leikmaður felur það ekki í sér að hann endurheimti prestsstörf.

**Óvígðir prestar eða reynslupréðikarar--** Til að gefa mönnum tækifæri til að sýna köllun sína til prestsstarfs, einkum á sviði sálnavinnandi starfs, veita Samtök safnaða efnilegum mönnum heimild til að sinna prestsstörfum. Sé slík heimild veitt gefur það mönnum tækifæri til að þroska með sér hæfileika til prestsstarfa.

Óvígður prestur hefur heimild til að prédika, taka þátt í boðunarstarfi, stjórna þáttum þess og að aðstoða við hvers konar safnaðarstarf.

Þær aðstæður eru samt fyrir hendi á mörgum starfssvæðum að nauðsynlegt er fyrir Samtökin að útnefna óvígðan prest til að taka að sér það ábyrgðarstarf að vera prestur eða aðstoðarprestur eins safnaðar eða fleiri. Til þess að opna honum leið til að sinna vissum prestsstörfum verður söfnuðurinn eða söfnuðirnir sem hann þjónar að kjósa hann sem safnaðarformann. Réttinn til að leyfa að auka valdsvið hans og ábyrgð hefur stjórn Deildarinnar fyrst og fremst. Samþykkt hennar verður að vera fyrir hendi áður en nokkur Samtök geta aukið valdsvið og ábyrgð óvígðs prests. Við slíka ákvörðun skal kveða á um það sérstaklega og skýrt hvaða prestsstörf hver óvígður prestur hefur heimild til að sinna til viðbótar þeim sem hann áður sinnti en alltaf þó með þeim skilningi að störf hans sem safnaðarformanns og hið aukna ábyrgðar- og valdssvið hans tekur aðeins til þess safnaðar eða þeirra safnaða sem hann þjónar. Samtökin verða að bíða eftir samþykki Deildarinnar. (Sjá bls. 64.)

Með fundarsamþykktum sínum má stjórn Samtakanna ekki ganga lengra en stjórn Deildarinnar hefur gefið heimild til. Hún má ekki heimila óvígðum presti að fara um í öðrum söfnuðum en þeim sem hann er safnaðarformaður fyrir til að þjónusta við helgiathafnir sem eingöngu vígður prestur hefur heimild til að gera. Samþykkt stjórnar Samtaka getur ekki komið í stað safnaðarkosninga eða prestsvígslu.

**Bibliúfræðarar--** Stjórn Samtakanna kann að ráða Bibliúfræðara og fela þeim störf í tengslum við opinberar samkomur eða störf í ákveðnum söfnuðum. Þó svo þeir vinni undir almennri yfirstjórn Samtakanna þá starfar sá sem hefur verið ráðinn til að vinna við boðunarstarfið undir umsjá þess sem því stjórnar. Á sama hátt starfar sá sem vinnur í ákveðnum söfnuði undir leiðsögn safnaðarprestsins. Bibliúfræðara á vegum Samtakanna ætti ekki biðja um að taka að sér neitt embætti í neinum söfnuði nema Samtökin veiti sérstaka heimild til þess því þeir eiga að hafa frjálsar hendur til að sinna sálnavinanndi starfi.

**Samtökin stýra starfsliði kirkjunnar--** Formaður Samtaka stýrir starfi starfsmanna Samtakanna í samráði við stjórn þeirra. Það á við um presta, Bibliúfræðara og deildarstjóra sem fá réttindi sín frá Samtökunum og eru ábyrgir gagnvart þeim, en ekki um starfslið einstakra safnaða. Einstakur söfnuður kann að fara þess á leit við formann Samtakanna að fá aðstoð frá starfsliði þeirra, en allar ráðningar eru í höndum stjórnar Samtakanna. Stjórn Samtakanna getur breytt verkefnum starfsmanna þegar þess er þörf. Starfsmaðurinn eða viðkomandi söfnuður getur skotið málinu til stjórnar Samtakanna um að hún taki til endurskoðunar það mál að færa starfsmanninn á brott af núverandi starfsvettvangi hans. Málið verður þá vandlega skoðað í ljósi þarfa Samtakanna í heild sinni og ákvörðun tekin samkvæmt því. Komi sú staða upp að starfsmaðurinn neiti að sýna stjórninni samstarfsvilja og hann hafnar því að fara að vilja hennar, kann að vera litið á framkomu hans sem óhlýðni við yfirboðara og hún tekin fyrir sem slík. Hann skal ekki undir neinum kringumstæðum skjóta slíkum ákvörðunum til safnaðar þess sem hann starfaði með. Hver sá söfnuður sem tekur afstöðu með starfsmanni í slíkum tilvikum á það á hættu að Samtökin beiti hann aga.

### **Starfsleyfi og heimild til þjónustu**

Ábyrgir leiðtogar á öllum skipulagsstigum, allt frá einstökum söfnuðum til Aðalsamtakanna, eiga að standa vörð um starf Guðs. Formlegt starfsleyfi er afhent öllum viðurkenndum starfsmönnum kirkjunnar í fullu starfi og er það veitt af viðeigandi stjórnnum í takmarkaðan tíma.

Stjórn Samtakanna veitir vissum mönnum vald til að koma fram fyrir sína hönd sem prestar og þjónar fagnaðarerindisins. Þetta vald er

veitt með því að gefa út starfsleyfi, sem er skriflegt umboð, dagsett og undirritað af embættismönnum Samtakanna. Vald það sem þannig er veitt er ekki persónuleg eign þess einstaklings sem hlýtur starfsleyfið eða órofa hluti hans, heldur er það órofa þáttur þess safnaðar sem veitti það og hann getur endurkallað það hvenær sem ástæða þykir til. Starfsleyfi sem er veitt starfsmönnum er ekki skoðað sem persónuleg eign þeirra og starfsmanninum ber að skila því aftur fari stjórn sú sem veitti honum starfsleyfið fram á það.

Til þess að óvinir starfsins fái ekki að stíga í ræðustólinn hjá okkur er mjög brýnt að enginn fái að ávarpa söfnuði okkar nema hann geti sýnt gilt starfsleyfi. Engu að síður er ljóst að stundum er við hæfi að opinberir embættismenn eða borgaralegir leiðtogar ávarpi söfnuði okkar en enginn sem ekki hefur heimild til þess á að fá að stíga í ræðustólinn hjá okkur. (Sjá bls. 109-112.)

**Útrunnið starfsleyfi--** Starfsleyfið er veitt fyrir kjörtímabil Samtakanna í samræmi við lög þeirra og starfsreglur. Starfsleyfið er endurnýjað að ákvörðun aðalfundar Samtakanna eða stjórnarnefndar. Þó að einhver hafi úrelt eða útrunnið starfsleyfi veitir það honum engin réttindi eða vald.

**Eftirlaunastarfsmenn--** Eftirlaunastarfsmenn eiga skilið heiður og sóma fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt við að byggja upp málefni Guðs. Þeir geta haldið áfram að vera til blessunar og hjálpar fyrir þá söfnuði þar sem þeir eru meðlimir því að þá má kjósa til hvaða embættis í viðkomandi söfnuði sem vera skal. Þeir geta líka sinnt prestsþjónustu að ráði stjórnar Samtakanna.

**Prestar án starfsleyfis--** Það geta verið dæmi þess að menn hafi hlotið prestsvígslu fyrir mörgum árum en hafi ekki lengur starfsleyfi frá stjórninni. Þá má kjósa sem safnaðarformenn og þarf ekki að vígja þá sem slíka hafi vígsla þeirra ekki verið gerð ógild. Þjónusta þeirra takmarkast þó við embætti safnaðarformanns.

## 5. KAFLI

# Stofnun, sameining og upplausn safnaða

### Stofnun safnaðar

Söfnuðir eru stofnaðir af vígðum prestum að tilmælum stjórnar Samtakanna. Þar sem svo margt felst í því að stofna söfnuð á að bjóða formanni Samtakanna að vera viðstaddur.

Þegar hópur trúaðra og skírðra einstaklinga er tilbúinn að taka á sínar herðar þá ábyrgð sem er samfara skipulögðum söfnuði ber að ráðgast við formann Samtakanna og fá samþykki stjórnar Samtakanna og ákveða hvaða dag stofnun safnaðarins geti farið fram.

Að viðstöddum öllum hinum skírðu safnaðarsystkinum ætti sá sem stendur fyrir athöfninni að gefa stutt yfirlit yfir helstu þætti trúar Sjöunda dags aðventista.

Þegar þessu er lokið skal stjórnandinn viðhafa kall, þar sem allir þeir eru beðnir að stíga fram sem eru sammála kenningum þessum og óska þess að njóta þess samfélags og bræðralags sem söfnuður veitir. Skrá á nafn hvers einstaks. Tilheyrir þegar einn eða fleiri söfnuði dreifðra eða einhverjum söfnuði öðrum skal sá sem í fyrirsvari er við þetta tækifæri vera búinn að kynna sér slíkt og hafa meðferðis safnaðarbréf þar sem þeim er gefin heimild til að sameinast þessum nýja söfnuði. Þeir mynda því kjarna hins nýja safnaðar.

Sé aftur á móti enginn viðstaddur sem hefur safnaðaraðild með fyrrnefndum hætti, þá á að velja þrjá safnaðarmeðlimi sem kjarna (helst þá sem hafa haldið hvíldardaginn um tíma). Þá má spyrja eftirfarandi spurninga: Skoðið þið Krist sem persónulegan frelsara ykkar? Eruð þið algjörlega sammála þeim höfuðþáttum kristinnar trúar sem var verið að kynna? Hafið þið verið skírð niðurdýfingarskírni? Eruð þið í góðu áliti safnaðarins og berið þið traust hvert til annars?

Sé þessum spurningum svarað játandi er því lýst yfir að þessi þrjú myndi kjarna hins nýja safnaðar. Síðan er hvert nafnið eftir annað á listanum kallað upp og þegar viðkomandi rís á fætur eru fyrrnefndar spurningar lagðar

fyrir hann/hana og síðan greiða þau sem kjarnann mynda atkvæði um að taka viðkomandi inn í söfnuðinn. Hver einstakur sem inn er tekinn verður því tilheyrandi söfnuðinum og hefur því heimild til að greiða atkvæði um næsta nafn, sem upp er kallað. Gæta skal þess að fullkomið bræðralag ríki meðal þeirra sem veitt er safnaðaraðild. Komi einhver vandamál upp í einhverju tilviki varðandi kenningu eða bræðralag ber að skjóta ákvörðun í slíku tilviki á frest, nema hægt sé kippa málinu vinsamlega í lag á staðnum á nærgættinn hátt.

Þegar búið er að taka alla inn er söfnuðurinn fullkomin heild og tilbúinn til að kjósa sér embættismenn. Þá er næst að kjósa tillögunefnd en formaður hennar er presturinn sem er fundarstjóri á fundinum. Nefnd þessi á að koma fram með tillögur að einstaklingum í embætti safnaðarins. Þegar búið er að kjósa þá ber að vígja safnaðarformennina nema þeir séu þegar vígðir. Svipuð helgunarathöfn, en styttri, á að fara fram við vígslu safnaðarþjóna. Þegar þessu er öllu lokið er búið að skipuleggja söfnuðinn að fullu og er hann þá tilbúinn til starfa.

Áður en slíkum fundi er slitið þarf að gera samþykkt þess efnis að biðja Samtök safnaðanna að taka hinn nýstofnaða söfnuð inn í bræðralag safnaða á næsta aðalfundi þeirra.

Til að tryggja velfarnað hins nýja safnaðar ættu Samtökin og leiðtogar svæðisins að sjá til þess að fræða hvern embættismann um skyldur þær sem á honum hvíla. Þá þarf að sjá söfnuðinum fyrir áhöldum fyrir kvöldmáltíð og fótaþvott. Gjaldkeri, ritari og aðrir embættismenn þurfa að fá nauðsynleg gögn til að sinna skyldum sínum.

### **Stofnun safnaðarhóps**

Þar sem nokkur dreifð systkini búa í námunda hvert við annan eða þau tilheyra litlum hópi, „húskirkju“ eða „útibúi“ einhvers safnaðar ættu þau að kanna möguleikann á að skipuleggja safnaðarhóp til að njóta samvista og sameiginlegrar tilbeiðslu með það fyrir augum að vaxa og verða skipulagður söfnuður eða hópar „húskirkna“ á því svæði.

Slíkan hóp trússystkina má skipuleggja sem safnaðarhóp („company“) með samþykki stjórnar Samtakanna. Síðar má einnig leysa upp slíkan hóp með hliðstæðu samþykki, ef nauðsyn krefur. Deild safnaðarins eða Samtökin ættu að hafa skráðar leiðbeiningar um skipulagningu slíkra safnaðarhópa innan síns svæðis.

Safnaðarmeðlimir sem eiga aðild að litlum hópum eða „húskirkjum“ geta myndað kjarnann í slíkum safnaðarhópi. Þeir sem vilja tilheyra slíkum safnaðarhópi eru taldir til dreifðra systkina eða þeir tilheyra móðursöfnuði. Ef þeir sem vilja tilheyra safnaðarhópnum eiga að vera meðal dreifðra mun Samtakastjórnin flytja nöfn þeirra svo þeir geti verið fullgildir meðlimir nýja safnaðarhópsins.

Þegar Samtakastjórnin samþykkir að stofna slíkan safnaðarhóp ætti að útnefna leiðtoga hans: forstöðumann, ritara og gjaldkera. Prestur svæðisins ætti að standa fyrir þessum útnefningum eða einhver sem Samtakastjórnin hefur falið það hlutverk í samráði við safnaðarfólkið á staðnum.

Þeir sem safnaðarhópin myndu útnefna síðan einstaklinga í aðrar stöður með atkvæðagreiðslu. Prestur svæðisins eða einhver sem Samtakastjórnin hefur veitt fulltingi sitt skal vera í forsæti slíks fundar. Einungis má fylla þær stöður með einstaklingum sem teljast góðir og gegnir meðlimir.

Forstöðumaður/kona safnaðarhóps hlýtur ekki vígslu til stöðu sinnar og sinnir ekki sömu störfum og vígður safnaðarformaður. En í sérstökum tilvikum getur Samtakastjórnin útnefnt einhvern sem er reyndur innan safnaðarins og hefur leiðtogahæfileika til að gegna stöðu safnaðarformanns fyrir slíkan safnaðarhóp.

Ritara safnaðarhópsins ber að halda skýrslu um allar framkvæmdir og fundi safnaðarhópsins og senda reglubundnar skýrslur til „móðursafnaðarins“ eða ritara Samtakanna. Þær ættu að innihalda yfirlit yfir mætingar og starfsemi safnaðarhópsins þ.á.m. útbreiðslustarf sem unnið hefur verið í vikunni eða á hvíldardögum.

Gjaldkeri safnaðarhópsins á að halda nákvæmt bókhald yfir alla fjármuni sem hann tekur á móti og lætur af hendi. Hann á að senda reglubundið, samkvæmt ákvörðun Samtakanna, alla tíund og gjafir til gjaldkera Samtakanna sem einnig er gjaldkeri safnaðar dreifðra. Hann heldur aðeins eftir fjárframlögum þeim sem ætluð eru til nota á staðnum.

Ef safnaðarsystkini sem tilheyra skipulögðum safnaðarhópum tilheyra söfnuði dreifðra hefur einstakur safnaðarhópur ekki heimild til að beita safnaðaraga eða flytja safnaðarbréf. Öllum slíkum málum verður að vísa til stjórnar Samtaka safnaðanna sem gegnir hlutverki safnaðarstjórnar dreifðra, en formaður þeirra er jafnframt formaður þess safnaðar.

Ef Samtökin skipuleggja safnaðarhóp tengdan nálægum „móðursöfnuði“ í stað Samtakanna sér „móðursöfnuðurinn“ um þau verkefni (eins og t.d. skýrslugerð og flutning meðlima) sem nefnd eru hér að ofan.

Þar sem það ætti að vera ósk safnaðarhópsins að vaxa og verða fullgildur söfnuður ætti að undirbúa meðlimi hans undir það með því að styðja við öll þau verkefni sem söfnuður venjulega annast.

### **Sameining safnaða**

Þegar ráðlegt þykir að sameina tvo söfnuði á stjórn Samtakanna að gera samþykkt um að mæla með slíkri aðgerð. Á löglega boðuðum fundi þar sem formaður Samtakanna, safnaðarpresturinn eða annar vígður prestur er fundarstjóri þarf hvor söfnuður að greiða atkvæði um sameininguna. Þegar jákvæð niðurstaða er fengin í báðum söfnuðum er boðað til sameiginlegs fundar beggja safnaða þar sem formaður Samtakanna er fundarstjóri eða einhver vígður prestur sem Samtökin tilnefna, sé formaðurinn fjarverandi.

Útbúa skal vandlega orðað samkomulag þar sem settar eru fram ástæðurnar fyrir sameiningunni og tilnefnd einhver sérstök mál, séu þau fyrir hendi, til að mynda sala eigna, ábyrgð á fjármagnsskuldbindingum. Þar á að koma fram nýtt nafn hins sameinaða safnaðar og að allir embættismenn safnaðanna tveggja séu leystir frá störfum.

Sameiningu þessara tveggja safnaða lýkur með því að sameinaði hópurinn samþykkir samningsdrögin. Síðan þarf að velja tillögunefnd til að tilnefna embættismenn hins sameinaða safnaðar sem þjóna eiga það sem eftir er ársins.

Afrit af samkomulaginu á að geyma í skjalasafni Samtakanna.

Þegar öllu slíku er lokið eru öll safnaðarsystkini beggja safnaða sameinuð í hinum nýja söfnuði. Ekki er heimilt undir neinum kringumstæðum að fella niður nafn neins safnaðarmanns með því að láta hjá líða að skrá hann við sameininguna á listann yfir safnaðarmeðlimi. Hinn sameinaði söfnuður verður ábyrgur fyrir að halda uppi reglu og aga allra þeirra safnaðarsystkina, sem til hans teljast. Sé einhver meðlimur undir safnaðaraga ber að afgreiða mál hans eins og um er fjallað á öðrum stað í þessari handbók.

Allar skýrslur beggja safnaða verða hluti skýrslusafns hins sameinaða safnaðar. Hafa á samband við Samtökin og viðeigandi ráðstafanir gerðar á næsta aðalfundi þeirra.

### **Að leysa upp söfnuði eða vísa þeim frá**

„Kristur elskaði kirkjuna og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hana til þess að



helga hana og hreinsa í laug vatnsins með orði. Hann vildi leiða hana fram fyrir sig í dýrð án þess að hún hefði blett eða hrukku né neitt þess háttar; hún skyldi vera heilög og lýtalaus . . . . Enginn hefur nokkru sinni hatað eigið hold, heldur elur hann það og annast eins og Kristur kirkjuna því að vér erum limir á líkama hans“ (Ef 5, 25-30.)

Þetta á alltaf að vera afstaðan til safnaða þegar þeir eða einstaklingar í þeim eru beittir aga - ávallt að hjálpa og bjarga fyrir málefni Guðs.

Staða safnaðar er ekki endilega varanleg. Hægt er að leysa söfnuði upp eða að vísa þeim úr bræðalagi safnaða af eftirtöldum ástæðum:

**1. Fækkun í söfnuðinum--** Þess má finna dæmi að þrátt fyrir viðleitni til að varðveita söfnuðinn hefur hann misst svo margt safnaðarfólk vegna brottflutnings, vegna andláts safnaðarsystkina eða fráhrarfs, að tilvist safnaðarins er ógnað. Í slíkum tilvikum ber stjórn Samtakanna að taka ákvörðun um að mæla með því við viðkomandi söfnuð að hann verði leystur upp.

Áður en söfnuður tekur endanlega ákvörðun um að vera leystur upp skal bjóða þeim safnaðarsystkinum sem eftir eru að flytja safnaðaraðild sína til annarra safnaða.

Séu nægilega mörg safnaðarsystkini eftir er hægt að boða til fundar sem formaður Samtakanna eða prestur útnefndur af honum er fundarstjóri fyrir. Á slíkum fundi má greiða því atkvæði að flytja til annarra safnaða safnaðarbréf allra þeirra safnaðarsystkina sem eftir eru og teljast góð og gegn. Með þessu móti leysir söfnuðurinn sig sjálfur upp að tilmælum stjórnar Samtakanna. Með því er stjórn Samtakanna opin leið að gera samþykkt þar að lútandi.

Sé að mati stjórnar Samtaka um of fá safnaðarsystkini að ræða til að hægt sé að boða til slíks fundar hefur stjórn Samtaka vald til að mæla með að safnaðarsystkini þau sem teljast góð og gegn verði tekin inn í aðra söfnuði eða söfnuð dreifðra. Með því er lokið við að leysa söfnuðinn upp.

Sé verið að beita einhver safnaðarsystkini aga þegar söfnuðurinn er leystur upp eða ekki er hægt að veita þeim safnaðarbréf þar sem segir að þau séu góð og gegn hafa þau safnaðaraðild að sinni í söfnuði dreifðra meðan embættismenn Samtakanna gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að slík safnaðarsystkini geti lifað kristilegu lífi eins og vera ber. Takist það má staðfesta að þau eigi nú aðild að söfnuði dreifðra eða hægt er að mæla með flutningi safnaðarbréfs þeirra til annarra safnaða. Sé ekki hægt

að hjálpa þeim og vinna þau aftur til lifandi samneytis við Krist ber að taka nöfn þeirra af skrá þegar samþykkt stjórnar Samtakanna þess efnis liggur fyrir.

**2. Safnaðaragi--** Dæmi þess, að söfnuðir séu leystir upp vegna ögunar eru sem betur fer fátíð því að hlutverk safnaðarins er að leita hins týnda og að bjarga. Þar sem alvarleg vandamál, eins og til dæmis fráhrarf, neitun að starfa í samræmi við Safnaðarhandbókina, eða uppreisn gegn Samtökunum, virðast vera landlæg ber að gera allt sem hægt er til að komast hjá því að útiloka söfnuðinn. Safnaðarpresturinn á að leitast við að styrkja andlegt líf safnaðarins með prédikunum sínum og persónulegu heimsóknarstarfi. Í samvinnu við Samtökin á að halda röð vakningarsamkoma til að leiða safnaðarsystkinin til að endurnýja sáttmála sinn við Drottin. Takist það ekki ber safnaðarprestinum, í samvinnu við stjórn Samtakanna, að ráðgast við söfnuðinn og leiðtoga hans með það í huga að leitast við að stuðla að því að lækna sárin, að koma á sættum og að varðveita söfnuðinn.

Slíkar lækningaaðgerðir eru betri en að láta samskiptin innan safnaðarins ganga úr skorðum sem gæti leitt til þess að hann verði útilokaður.

En fari allar tilraunir til að varðveita söfnuðinn út um þúfur ber stjórn Samtakanna að íhuga vandlega hvort útiloka eigi söfnuðinn. Sé það ákveðið ber að fylgja eftirfarandi ferli:

a. Leggja þarf ákvörðunina um frávísun ásamt ástæðunum sem liggja að baki þeirri ákvörðun fyrir viðkomandi söfnuð á almennum fundi til upplýsingar og íhugunar.

b. Ef söfnuðurinn samþykkir ekki tillöguna getur hann brugðist við á einn af eftirfarandi háttum:

1) Samþykkt að fjarlægja orsök agans, taka við fyrirmælum Samtakanna og fara þess á leit að Samtökin ógildi tillöguna um að leysa söfnuðinn upp eða vísa honum frá.

2) Skotið málinu til stjórnar Sambands Samtakanna eða Deildarinnar, ef um Samtök safnaða er að ræða, að hún felli gerðardóm í máli safnaðarins.

c. Haldi söfnuðurinn áfram í uppreisn sinni skulu Samtökin kalla saman stjórnina og leggja til við aðalfund eða aukafund Samtakanna að söfnuðurinn verði leystur upp.

d. Ef aðalfundurinn samþykkir að vísa söfnuðinum frá ber Samtökunum að framfylgja þeirri ákvörðun.

## Umsjón safnaðarsystkina, gagna og sjóða

Á meðal safnaðarsystkina safnaðar sem leystur hefur verið upp eða honum vísað frá vegna agamála kunna að vera einstaklingar sem óska þess að vera áfram í samfélagi Sjöunda dags aðventista. Til að tryggja velfarnað þeirra ber að veita safnaðarsystkinum hins frávísaða safnaðar aðild að söfnuði dreifðra í allt að eitt ár til að gefa þeim sem þess óska tækifæri til að staðfesta aðild sína í söfnuði dreifðra eða að fá flutning á safnaðarbréfi sínu til annars safnaðar að þeirra eigin vali. Stjórn Samtakanna á að meta stöðu þeirra, og reynist þau góð og gegn má mæla með að þau hljóti aðild að söfnuði dreifðra eða hverjum þeim söfnuði öðrum sem þau sjálf kunna að kjósa sér.

Nöfnum safnaðarsystkina þess safnaðar sem leystur hefur verið upp eða honum vísað frá ber að vísa til ritara Samtakanna sé verið að beita þau safnaðaraga. Hann beinir því þá til stjórnar þeirra að taka sem fyrst afstöðu til mála umræddra safnaðarsystkina eins og greint er frá í kaflanum hér að ofan um upplausn safnaða vegna fækkunar meðlima.

Þegar söfnuður er leystur upp vegna fækkunar safnaðarmeðlima, vegna agamála eða sökum þess að honum er vísað úr bræðralagi safnaða eru allar gjafir, fjármálaskýrslur, fasteignir og lausamunir, hvort sem þær eru á nafni viðkomandi safnaðar, Samtakanna eða hvaða annarra lögformlegra félagsheilda safnaðarins sem vera skal, teknar til vörslu af þeim Samtökum sem viðkomandi söfnuður tilheyrði. Samtökin hafa því bæði rétt til þess, vald og skyldur að ráða yfir téðum eignum, sjóðum og fjármunum, að varðveita þau og/eða ráðstafa þeim. Allar bækur og skrár slíks safnaðar á ritari og/eða gjaldkeri Samtakanna að taka í sína vörslu.

Í stað þess að leysa söfnuð upp eða vísa honum frá má breyta honum í safnaðarhóp svo framarlega sem ekki er um ögun að ræða. Slík ákvörðun er tekin af meirihluta Samtakastjórnarinnar sem verður að vera samþykktur slíkri ákvörðun eftir að hafa ráðfært sig við prest svæðisins og meðlimi. Prestur safnaðarins eða fulltrúi Samtakanna tilkynnir síðan söfnuðinum um ákvörðunina.

Á safnaðarfundi má síðan afgreiða safnaðarbréf allra þeirra meðlima sem eftir eru í góðu gengi og færa þá í söfnuð dreifðra eða annarra safnaða ef þeir æskja þess. Á sama fundi útnefnir presturinn í samráði við meðlimi staðarins þá sem eiga að standa fyrir nýja safnaðarhópnum

úr hópi meðlimanna, þar á meðal forstöðumann/konu, ritara og gjaldkera. Nánari upplýsingar varðandi skipulag má finna í kaflanum um „stofnun safnaðarhóps“ hér að ofan.

## 6. KAFLI

### Safnaðaraðild

Brýna skal fyrir hverjum þeim sem æskir inngöngu í söfnuðinn hversu alvarlegar og hátíðlegar skuldbindingar felast í safnaðaraðild. Einungis þeir sem sýna að þeir hafi endurfæðst og njóti andlegs samfélags við Drottin Jesú eru reiðubúnir til að hljóta safnaðaraðild. Prestum ber að fræða hvern þann sem óskar aðildar að söfnuðinum ítarlega um grundvallarkenningar hans og annað þeim skylt sem söfnuðurinn ástundar svo hann geti sameinast söfnuðinum á traustum andlegum grundvelli. Engin aldurstakmörk hafa verið sett fyrir skírni en mælt er með því að mjög ung börn sem óska skírnar séu hvött til að taka þátt í fræðslu sem leiðir til skírnar.

Postulinn Páll segir: „Eða vitið þið ekki að við öll, sem skírð erum til Krists Jesú, erum skírð til dauða hans? Við erum því dáið og greftruð með honum í skírinni. Og eins og faðirinn vakti Krist frá dauðum með dýrðarmætti sínum, eins eigum við að lifa nýju lífi“ (Róm 6.3, 4).

Sömuleiðis segir Lúkas: „Pétur sagði við þá: „Takið sinnaskiptum og látið skírast í nafni Jesú Krists.“ . . . En þau sem veittu orði hans viðtöku tóku skírni og þann dag bættust við um þrjú þúsund sálir“ (Post 2.38-41).

„Safnaðarsystkinin, þau sem hann hefur kallað frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss, eiga að viðfrægja dáðir hans. Söfnuðurinn býr yfir ríkdómi náðar Krists og fyrir tilstilli hans mun jafnvel „tignunum og völdunum í himinhæðum“ að lokum verða veitt að sjá kærleika Guðs í endanlegri og fullkominni mynd.“ AA, bls. 9.

### Skírnin

**Skírni er forsenda safnaðaraðildar--** „Kristur hefur gert skírni að tákni um inngöngu í andlegt ríki sitt. Hann hefur gert það að afdráttarlausu skilyrði sem allir þeir verða að taka til greina sem vilja hljóta viðurkenningu fyrir því að vera undir valdi föðurins, sonarins og Hins heilaga anda. . . .

Skírni er hin alvarlegasta yfirlýsing um að hafa hafnað heiminum. Þeir sem skírðir eru í nafni föðurins, sonarins og Hins heilaga anda við

upphaf síns kristilega lífs lýsa því opinberlega yfir, að þeir hafi yfirgefið þjónustu Satans og tilheyri nú hinni konunglegu fjölskyldu, séu börn hins himneska konungs. Þeir hafa hlýðnast boðinu: „Farið burt frá þeim, og skiljið yður frá þeim. Snertið ekki neitt óhreint.“ Og á þeim rættist fyrirheitið: „Og ég mun taka yður að mér og ég mun vera yður faðir, og þér munuð vera mér synir og dætur, segir Drottinn alvaldur.“ 2. Kor. 6, 17. 18.“ 6T, bls. 91.

Skírmin er inngönguleið í söfnuðinn. Hún er í rauninni heit um að ganga inn í sáttmála náðar Krists og það ætti að líta á hana sem hátíðlega og gleðiríka leið til að bjóða einstaklinginn velkominn inn í fjölskyldu Guðs.

Einstaklingar geta einungis orðið meðlimir í þeim söfnuðum sem eru opinberlega viðurkenndir af Samtökunum.

**Skírnaraðferð--** Sjöunda dags aðventistar trúa því að viðhafa beri skírni með niðurdýfingu og veita þeim einum safnaðaraðild sem skírðir hafa verið á þann hátt. (Sjá 14. kaflann „Helstu trúarkenningar Sjöunda dags aðventista“). Viðurkenni einhver að hann sé glataður syndari, iðrist einlæglega synda sinna og endurfæðist, má taka hann sem væntanlegan skírnpæga og tilvonandi safnaðarmann eftir að hann hefur hlotið tilhlýðilega uppfræðslu.

**Skírnpæga ber að fræða ítarlega áður en þeir eru skírðir--** Hverjum skírnpæga skal veitt gagnger fræðsla, annaðhvort sem einstaklingi eða í skírnardeild, með Biblíurannsókn um grundvallarkenningar safnaðarins, atferli og lífstíl safnaðarfólks og þá ábyrgð sem safnaðaraðild fylgir. Prestinum ber að sýna söfnuðinum fram á með opinberri könnun að hinn tilvonandi skírnpægi hafi verið vel uppfræddur og sé undir það búinn að taka slíkt skref og sýni fram á með breytni sinni að hann taki fúslega á móti kenningum kirkjunnar og sýni fram á það með lífernri sínu því að „af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá“ (Matt 7.20).

Reynist opinber könnun ógerleg þá ætti hún að fara fram að viðstaddri safnaðarstjórn eða nefnd sem safnaðarstjórnin hefur skipað, eins og til að mynda safnaðarformannaráði, og niðurstaðan kynnt fyrir söfnuðinum áður en til skírnar kemur.

„Prófsteinninn á það hvort menn séu lærisveinar Krists er ekki sem skyldi látinn koma við þá sem bera fram ósk um að sameinast söfnuðinum. Það ætti að vera greinilegt hvort þeir eru aðeins að taka sér nafnið Sjöunda

dags aðventisti eða að taka sér stöðu með Drottni, að koma út úr heiminum, vera aðskildir og snerta ekki neitt óhreint. Áður en skírnin fer fram á að halda uppi ítarlegum spurnum um kristilega reynslu skírnpæga. Slík eftirgrennslan má ekki vera kuldaleg og fáleg heldur vingjarnleg og blíðleg og skyldi benda þeim sem nýverið hafa skipt um trú á lamb Guðs sem ber syndir heimsins. Gerið væntanlegum skírnpægum ljóst hverjar kvaðir fagnaðarerindið leggur á þá.” 6T, bls. 95, 96.

## Skírnarheit og loforð

**Skírnarheit**-- Væntanlegir skírnpægar, og þeir sem teknir eru inn í söfnuðinn á grundvelli trúarjátningar, skulu staðfesta samþykki sitt á trúarkenningum kirkju Sjöunda dags aðventista. Það skal gert í viðurvist safnaðarins eða þeirra sem til þess hafa verið skipaðir (sjá hér að ofan).

Presturinn eða safnaðarformaðurinn á að beina eftirfarandi spurningum til skírnpæga sem geta svarað þeim játandi annaðhvort munnlega, með því að rétta upp hönd eða á annan viðeigandi hátt.

### *Skírnarheit*

1. Trúir þú að Guð sé einn: Faðir, sonur og Heilagur andi, eining þriggja sam-eilífra persóna?

2. Viðurkennir þú dauða Jesú Krists á Golgata sem friðþægingarförn fyrir syndir þínar og trúir þú því að fyrir náð Guðs og trú á blóð hans sem úthellt var á krossi hljótir þú frelsi frá synd og hegningu hennar?

3. Hefur þú veitt Jesú Kristi viðtöku sem persónulegum frelsara þínum og trúir þú því að Guð hafi í Kristi fyrirgefið þér syndir þínar og gefið þér nýtt hjarta? Hafnar þú syndsamlegum háttum heimsins?

4. Veitir þú í trú viðtöku réttlæti Krists meðalgangara þíns í hinum himneska helgidómi og meðtekur þú fyrirheit hans um ummyndandi náð og kraft til að lifa, bæði heima og frammi fyrir heiminum, kærleiksríku lífi sem hefur Krist að leiðarljósi?

5. Trúir þú að Biblían sé innblásið orð Guðs og það geymi hina einu sönnu mælistiku á trú og hegðun hins kristna? Viltu gera sáttmála um að verja tíma reglulega til bæna og Biblíunáms?

6. Viðurkennir þú að boðorðin tíu séu lýsing á grundvallareðli Guðs og opinberun á vilja hans? Er það ætlun þín, fyrir kraft Krists sem í þér býr, að

halda þetta lögmál, þar með talið fjórða boðorðið sem býður mönnum að halda sjöunda dag vikunnar sem hvíldardag Drottins og minningartákn um sköpunina?

7. Horfir þú fram til þess að Jesús komi skjótlega aftur til jarðarinnar, hinnar sælu vonar þegar „þetta dauðlega [á] að íklæðast ódauðleikanum“ (1Kor 15.54)? Og meðan þú býrð þig undir að mæta Drottni ætlar þú þá að vitna um elskuríkt hjálpræði hans og hjálpa öðrum með orðum þínum og gerðum að vera viðbúnir þegar hann birtist í dýrð sinni?

8. Veitir þú viðtöku kenningu Biblíunnar um andlegar gjafir, og trúir þú því að spádómsgáfan í hinum síðasta söfnuði („leifunum“) sé eitt af auðkennum þess safnaðar?

9. Trúir þú á safnaðarskipulag? Er það ætlun þín að tilbiðja Guð og styðja söfnuðinn með tíund þinni og gjöfum, að starfa fyrir hann og beita áhrifum þínum honum í hag?

10. Trúir þú að líkami þinn sé musteri Heilags anda, og vilt þú heiðra Guð með því að annast líkama þinn, forðast að neyta þess sem skaðlegt er, sniðganga alla óhreina fæðu, hvorki að neyta, framleiða né selja áfenga drykki eða nota, framleiða eða selja tóbak í neinni mynd og forðast að nota og selja fíkniefni eða misnota önnur lyf?

11. Þekkir þú og skilur grundvallarmeginreglur Biblíunnar eins og söfnuður Sjöunda dags aðventista kennir þær? Er það ætlun þín, fyrir náð Guðs, að fara að vilja hans með því að haga lífi þínu í samræmi við þessar meginreglur?

12. Veitir þú viðtöku kenningu Nýja testamentisins um skírni með niðurdýfingu, og óskar þú þess að láta skírast á þann hátt og tjá þannig opinberlega trú þína á Krist og fyrirgefningu synda þinna?

13. Trúir þú því að kirkja Sjöunda dags aðventista sé hinn síðasti söfnuður („leifarnar“) sem nefndur er í spádómum Biblíunnar og að fólki af sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð sé boðið að ganga til samfélags í honum og það tekið þar inn? Óskar þú eftir aðild að þessari heimshreyfingu með því að sameinast söfnuði hennar hér á staðnum?

### *Skemmra skírnarheit*

1. Veitir þú viðtöku Jesú Kristi sem persónulegum frelsara og Drottni þínum og óskar þú að lifa í frelsandi tengslum við hann?

2. Viðurkennir þú kenningar Biblíunnar eins og þær eru settar fram í



grundvallarkenningum Sjöunda dags aðventista og heitir þú því, fyrir náð Guðs, að lifa í samræmi við þær kenningar?

3. Æskir þú að taka skírn og sýna þannig opinberlega að þú trúir á Jesú Krist, og óskar þú að sameinast samfélagi safnaðar Sjöunda dags aðventista og styðja það í ætlunarverki sínu sem trúur ráðsmaður með áhrifum þínum, tíund og gjöfum og þjónustu?

**Skírnarsáttmáli--** Söfnuðurinn hefur samþykkt sem skírnarsáttmála 28 kenningar ásamt skírnarheiti og skírnarvottorði.

Prentað eintak af sáttmála þessum ásamt útfylltu skírnarvottorði ber að láta öllum þeim í té sem veitt er safnaðaraðild með skírn. Sé um að ræða inngöngu með trúarjátningu einni saman er einnig látið í té vottorð þar að lútandi.

Skírnarvottorðið skal hafa eyðu þar sem skírnþegi skrifar nafn sitt til staðfestingar loforði sínu. Að lokinni skírn er skírnþega gefið skírnarvottorðið sem sáttmálaskjal. Loforðið hljóðar þannig:

### *Loforð*

1. Ég trúi á einn Guð: Föður, son og heilagan anda, einingu þriggja sam-eilífra persóna.

2. Ég viðurkenni dauða Jesú Krists á Golgata sem friðþægingarförn fyrir syndir mínar og trúi því að fyrir náð Guðs og trú á blóð hans sem var úthellt á krossi öðlist ég frelsi frá synd og hegningu hennar.

3. Ég veiti Jesú Kristi viðtöku sem persónulegum frelsara mínum og trúi því að Guð hafi í Kristi fyrirgefið mér syndir mínar og gefið mér nýtt hjarta. Einnig hafna ég syndsamlegum háttum heimsins.

4. Ég veiti í trú viðtöku réttlæti Krists, meðalgangara míns í hinum himneska helgidómi, og meðtek fyrirheit hans um ummyndandi náð og kraft til að lifa, bæði heima og frammi fyrir heiminum, kærleiksríku lífi sem hefur Krist að leiðarljósi.

5. Ég trúi að Biblían sé innblásið orð Guðs og það geymi hina einu sönnu mælistiku á trú og hegðun hins kristna. Ég vil gera sáttmála um að verja tíma reglulega til bæna og Biblíanáms.

6. Ég viðurkenni að boðorðin tíu séu lýsing á grundvallareðli Guðs og opinberun á vilja hans. Það er ætlun mín, fyrir kraft Krists sem í mér býr, að halda þetta lögmál, þar með talið fjórða boðorðið sem býður mönnum

að halda sjöunda dag vikunnar sem hvíldardag Drottins og minningartákn um sköpunina.

7. Ég horfi fram til þess að Jesús komi skjótlega aftur til jarðarinnar, hinnar sælu vonar þegar „þetta dauðlega [á] að íklæðast ódauðleikanum“. Og meðan ég bý mig undir að mæta Drottni ætla ég að vitna um kærleiksríkt hjálpræði hans og að hjálpa öðrum með orðum mínum og gerðum að vera viðbúinir þegar hann birtist í dýrð sinni.

8. Ég veiti viðtöku kenningu Biblíunnar um andlegar gjafir og trúir því að spádómsgáfan í hinum síðasta söfnuði („leifunum“) sé eitt af auðkennum þess safnaðar.

9. Ég trúir á safnaðarskipulag. Það er ætlun mín að tilbiðja Guð og styðja söfnuðinn með tíund minni og gjöfum, að starfa fyrir hann og beita áhrifum mínum honum í hag.

10. Ég trúir að líkami minn sé musteri Heilags anda og vil heiðra Guð með því að annast líkama minn, forðast að neyta þess sem skaðlegt er, sniðganga alla óhreina fæðu, og hvorki neyta áfengra drykkja, framleiða þá eða selja, eða nota, framleiða eða selja tóbak í neinni mynd og forðast að nota og selja fíkniefni eða misnota önnur lyf.

11. Ég þekki og skil grundvallarmeginreglur Biblíunnar eins og söfnuður Sjöunda dags aðventista kennir þær. Það er ætlun mín, fyrir náð Guðs, að fara að vilja hans með því að haga lífi mínu í samræmi við þessar meginreglur.

12. Ég veiti viðtöku kenningu Nýja testamentisins um skírn með niðurdýfingu og óska þess að láta skírast á þann hátt og að tjá þannig opinberlega trú mína á Krist og fyrirgefningu synda minna.

13. Ég trúir að kirkja Sjöunda dags aðventista sé hinn síðasti söfnuður („leifarnar“) sem nefndur er í spádómum Biblíunnar og að fólki af sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð sé boðið að ganga til samfélags í honum og það tekið þar inn. Ég óska eftir aðild að þessari heimshreyfingu með því að sameinast söfnuði hennar hér á staðnum.

***Að bjóða skírnþega velkomna--*** Eftir að skírnþegar hafa svarað spurningum skírmarheitisins á viðhlítandi hátt eða búið er að fullvissa söfnuðinn um að slík svör hafi þegar verið gefin á að biðja söfnuðinn að samþykkja inngöngu þeirra í söfnuðinn, með fyrirvara um skírn sem má ekki slá óeðlilega lengi á frest.

***Að taka á móti safnaðarsystkinum sem ekki eru þekkt--*** Þegar útbreiðsluprédikari býr nýtt fólk undir skírn ætti hann að bjóða safnaðarprestinum eða safnaðarformanninum að koma í skírnardeildir sínar og kynnast þessum nýju einstaklingum. Fyrir slík sambönd verður söfnuðurinn betur undir það búinn að veita viðtöku nýju fólki inn í samfélag sitt.

***Undirbúningur skírnar--*** Við þessa athöfn eiga safnaðarþjónarnir að sinna nauðsynlegum undirbúningi og aðstoða karlmenn meðal skírnþega ofan í laugina og upp úr henni. Safnaðarsystur eiga að aðstoða konur meðal skírnþega.

Gæta skal þess að viðeigandi búningur sé til reiðu fyrir skírnþegana. Æskilegast er að hafa kyrtla úr hæfilega þykku efni. Séu þeir ekki fyrir hendi ættu skírnþegar að klæðast látlausum búningi.

Eftir skírnarathöfnina á að bjóða skírnþega velkomna í söfnuðinn með stuttri athöfn.

## **Endurskírn**

Endurskírn er einungis nefnd í Post 19.1-7 þar sem postulinn Páll samþykkti hana fyrir hóp trúaðra sem hafði tekið afturhvarfsskírn Jóhannesar. Skírn hins kristna felur ekki einungis í sér afturhvarf heldur sýnir hún fram á skilning hins trúaða á fagnaðarerindinu, kenningum Jesú og viðtöku hans á Heilögum anda. Þegar hann skilur þessa hluti betur og heitir tryggð sinni við þær kenningar er endurskírn möguleg.

***Um þá sem snúa frá öðrum trúfélögum--*** Taki þeir sem koma frá öðrum kristnum kirkjudeildum við trú Sjöunda dags adventista geta þeir óskað eftir endurskírn þó svo þeir hafi þegar verið skírðir niðurdýfingarskírn.

Eftirfarandi dæmi gefa samt vísbendingu um að ekki sé endilega farið fram á endurskírn. Í Post 19 er getið um sérstakt tilfelli þar sem Apolló hafði þegar verið skírður af Jóhannesi (Post 18.25) en ekki er getið um endurskírn. Sumir postulanna höfðu einnig verið skírðir af Jóhannesi (Jóh 1.35-40) en ekkert er getið um endurskírn þeirra.

Ellen G. White styður endurskírn hafi einhver sem er nýr í söfnuðinum veitt mikilvægri kenningu viðtöku og andi Guðs leitt hann til að óska þess. Það er í samræmi við þá þróun sem kemur fram í Post 19. Hafi einstaklingur

þegar verið skírður niðurdýfingarskírni ætti hann að meta andlega reynslu sína og ákveða hvort hann æski þess að verða endurskírður. Ekkert skyldi gert til að þröngva honum.

„Þetta er mál sem hver einstaklingur verður í einlægni að taka afstöðu til í ótta Drottins. Það á að leggja málið fram af gætni, með blíðu og kærleika. Guð einn getur knúið á í þessu efni. Gefið Guði tækifæri til að verka á mannhugann svo að viðkomandi verði fullkomlega sannfærður og sáttur við þetta framfaraspor.“ Ev, bls. 373.

**Fráhvarf og endurskírni--** Þó svo við finnum fráhvarf í frumsöfnuðinum (Heb 6.4-6) ræðir Ritningin hvernig um endurskírni. Ellen G. White styður endurskírni hafi einstaklingurinn horfið frá söfnuðinum en síðan snúið aftur og vilji sameinast söfnuðinum. ( Sjá bls. 56, 57, 154.)

„Drottinn fer fram á gagngera siðbót. Og endurfæðist einhver í sannleika á ný, skal endurskíra hann. Hann á að endurnýja sáttmála sinn við Guð og Guð mun endurnýja sáttmála sinn við hann.“ Ev, bls. 375.

**Óviðeigandi endurskírni--** Á grundvelli Biblíunnar og leiðsagna Ellen G. White ætti endurskírni að vera sjaldgæft fyrirbæri. Sé skírni endurtekin í sífellu eða á grundvelli tilfinninga einna missir hún merkingu sína og sýnir fram á misskilning á því hve alvarleg og mikilvæg hún er samkvæmt Ritningunni. Sá sem hefur kólnað andlega þarfnast anda afturhvarfs sem leiðir til vakningar og siðbótar sem leiðir hann til að taka þátt í kvöldmáltíðinni sem tákni um endurnýjaða hreinsun og nýtt samfélag í líkama Krists, en það dregur úr þörfinni fyrir endurskírni.

### **Að taka safnaðarsystkini inn á grundvelli trúarjátningar**

Mögulegt er að taka einstaklinga inn í söfnuðinn sem hafa tekið við boðskap Sjöunda dags aðventista og óska inntöku í söfnuð þeirra á grundvelli trúarjátningar séu einhver þessara fjögurra skilyrða fyrir hendi:

1. Einlægur kristinn einstaklingur frá öðrum kristnum söfnuði sem hefur verið skírður niðurdýfingarskírni eins og Sjöunda dags aðventistar framkvæma hana. (Sjá bls. 31.)

2. Meðlimur Sjöunda dags aðventista sem getur ekki fengið flutningsbréf frá heimasöfnuði sínum vegna heimsaðstæðna. (Sjá bls. 40.)

3. Meðlimur Sjöunda dags aðventista sem óskað hefur eftir flutningi

en heimasöfnuðurinn hefur ekki svarað á neinn hátt. Í slíkum tilvikum skal leita aðstoðar Samtakanna.

4. Einstaklingur sem hefur verið meðlimur en aðildin hefur glatast eða verið felld niður vegna þess að ekkert var vitað um dvalarstað hans en hann hefur samt verið trúr kristinni köllun sinni.

Sýna skal fyllstu aðgát þegar safnaðarsystkini eru tekin inn á grundvelli trúarjátningar, einkum hafi þau áður tilheyrt einhverjum öðrum söfnuði og upplýsinga aflað um fyrri trúarreynslu einstaklingsins. Embættismenn þess safnaðar eiga að leita ráða og aðstoðar formanns Samtakanna. Þeir eiga að gefa sér nægan tíma til að allar staðreyndir málsins fái að koma í ljós.

Í því tilviki er einstaklingur sækir um safnaðaraðild á grundvelli trúarjátningar og í ljós kemur að hann tilheyrir enn einhverjum öðrum söfnuði á ekkert að gera til þess að taka hann inn fyrr en söfnuður sá sem hann tilheyrir heimilar flutning á safnaðarbréfi hans. Synji söfnuður hans slíkri beiðni (sjá bls. 41) og viðkomandi finnst að hann sé með því ranglæti beittur getur hann skotið máli sínu til stjórnar Samtakanna. Með því að fara slíka leið mun það leiða til þess að menn læri betur að meta hversu heilög réttindi felast í safnaðaraðild og að ranglæti sé leiðrétt einmitt þar sem þess er þörf. Enginn söfnuður hefur rétt til að koma í veg fyrir flutning safnaðarbréfs nema safnaðarmeðlimurinn sé undir safnaðaraga.

Þegar einhver óskar eftir að verða tekinn aftur upp í söfnuðinn, eftir að nafn hans var afskráð, er það venjulega gert eftir endurskírni. (Sjá bls. 56.)

### **Flutningur safnaðaraðildar safnaðarsystkina**

Þegar safnaðarsystkini flytja til annars byggðarlags ber ritara heimasafnaðarins að skrifa ritara viðkomandi Samtaka og óska þess að prestur á því svæði heimsæki þann sem hefur flutt og flýta fyrir flutningsferlinu.

Ritari heimasafnaðarins ætti einnig að láta safnaðarsystkinin sem hyggjast flytja vita að hann hyggist senda prestinum á nýja svæðinu nýja heimilisfangið.

Þegar safnaðarsystkini flytja á milli byggðarlaga til lengri dvalar en sex mánuði eiga þau strax að sækja um flutning á safnaðarbréfi sínu. Sé nýja heimilið langt frá söfnuði er venjan að sækja um inngöngu í söfnuð dreifðra. Slíkt bréf um flutning er í gildi í sex mánuði frá útgáfudegi en síðan ógilt sé það ekki afgreitt innan þess tíma.

**Flutningsferli safnaðarbréfa--** Umsókn um flutning á safnaðarbréfi á að senda til ritara þess safnaðar sem safnaðarmaðurinn óskar að flytja til. Ritari kemur umsókninni til ritarans í söfnuði þeim sem safnaðarmaðurinn ætlar að flytja frá.

Þegar sá ritari fær umsóknina í hendur fer hann með hana til safnaðarprestans eða til safnaðarformannsins sem leggur umsóknina fyrir safnaðarstjórnina. Eftir tilhlýðilega umfjöllun mælir safnaðarstjórnin með eða á móti umsókninni við söfnuðinn. (Sjá bls. 22-24, 26, 27, 36-44, 55-57, 72.) Presturinn eða safnaðarformaðurinn mælir síðan með flutningi við söfnuðinn og tilkynnir að þetta sé fyrri lestur. Málinu verður svo lokið viku síðar en þá er umsóknin aftur lesin upp og söfnuðurinn greiðir atkvæði um hana.

Tilgangurinn með að láta viku líða á milli fyrri og síðari lesturs er sá að gefa safnaðarfólki tækifæri til að andmæla flutningi bréfsins. Undir venjulegum kringumstæðum á ekki að láta slíka ástæðu í ljós opinberlega heldur við safnaðarprestinn eða safnaðarformanninn sem ber skylda til að kalla saman safnaðarstjórn til að fjalla um framkomnar athugasemdir. Gefa á andmælanda tækifæri til að koma fram fyrir safnaðarstjórn og leggja fram andmæli sín. Séu þau ekki á rökum reist skal hann hvattur til að draga þau til baka. Hafi andmælandi hins vegar eitthvað til síns máls er það skylda safnaðarstjórnar að rannsaka málið eftir þörfum. Í því tilviki er lokaafgreiðslu safnaðarbréfsins frestað þar til fullnægjandi niðurstaða liggur fyrir.

Snúist vandamálið um persónuleg samskipti skyldi einiskis látið ófreistað að ná sættum. Sé um opinber afbrot að ræða má vera að þurfi að beita safnaðaraga. Sé um andlega hnignun að ræða skal leitast við að uppbyggja viðkomandi einstakling að nýju.

**Ritari safnaðarins gengur frá bréfinu--** Þegar söfnuðurinn hefur samþykkt flutning safnaðarbréfs útfyllir ritari safnaðarins þar til gert eyðublað og sendir það til ritara þess safnaðar sem einstaklingurinn hefur í hyggju að sameinast. Ritari þess safnaðar lætur safnaðarprestinn eða safnaðarformanninn fá bréfið sem leggur það fyrst fyrir safnaðarstjórnina til umsagnar og síðan fyrir söfnuðinn á næstu reglulegu guðsþjónustu. Viku síðar fer svo fram atkvæðagreiðsla um það hvort taka eigi viðkomandi inn í söfnuðinn. Ritari þess safnaðar ritar þá nafn einstaklingsins í

safnaðarskrána ásamt dagsetningu inntökunnar. Ritarinn fyllir einnig út endursendingarhluta bréfsins og staðfestir þar að einstaklingurinn hafi verið tekinn í söfnuðinn. Þennan hluta sendir ritariinn aftur til ritara safnaðarins sem viðkomandi kom frá. (Sjá bls. 72.)

**Gildistími bréfs er sex mánuðir--** Slíkt bréf um flutning er í gildi í sex mánuði frá útgáfudegi.

**Önnur leið til að flytja safnaðaraðild--** Deildin getur samþykkt aðra leið til að flytja safnaðarbréf milli safnaða innan Deildarinnar, en óski einstaklingurinn eftir að flytjast til safnaðar í annarri Deild skal farið eftir fyrirmælum um flutningsferli hér að ofan.

**Safnaðaraðild meðan á umfjöllun safnaðarbréfs stendur--** Ritari þess safnaðar sem leyfir flutning bréfsins á ekki undir neinum kringumstæðum að taka nafn einstaklingsins af safnaðarskrá fyrr en endursendingarhluti bréfsins hefur borist honum og þar með er sýnt að söfnuðurinn sem hann flytur til hefur samþykkt að veita honum inngöngu. Væri farið öðruvísi að væri verið að svipta viðkomandi safnaðaraðild meðan á umfjöllun safnaðarbréfs stendur. Safnaðarritariinn, safnaðarformaðurinn, presturinn og formaður Samtakanna bera sameiginlega ábyrgð á að þessi aðferð sé almennt viðhöfð í öllum söfnuðum.

**Að taka við safnaðarsystkinum frá óróasvæðum heimsins--** Vegna heimsástandsins geta verið þau tilvik að söfnuðir geti ekki haft samband hver við annan. Í slíkum tilvikum á söfnuðurinn þar sem viðkomandi dvelur að kynna sér, í samráði við forystumenn Samtaka safnaðanna á staðnum, hvernig staðan er hjá viðkomandi meðlim og síðan að veita honum viðtöku á grundvelli trúarjátningar. Opnist leið síðar til að hafa samband við fyrri söfnuð hans á söfnuðurinn sem tók við honum að senda í bréfi upplýsingar um það sem gert var.

**Taldir í tölfræðilegum skýrslum--** Í lok ársfjórðungsins og ársins þegar tölfræðilegar skýrslur eru gerðar á að telja öll þau safnaðarsystkini sem fengið hafa samþykki fyrir flutningi á safnaðarbréfi til þess safnaðar sem veitti bréfið hafi endursendingarhluti bréfsins ekki borist. Eftir að endursendingarhluti bréfsins hefur borist og þar með verið gefið til kynna

að einstaklingnum hafi verið veitt innganga í nýja söfnuðinn er nafn hans tekið af safnaðarskrá fyrrverandi safnaðar hans og hann ekki lengur talinn þar með í næstu tölfræðilegu ársfjórðungsskýrslu.

***Sé safnaðarmanni ekki veitt viðtaka--*** Söfnuði þeim sem safnaðarbréfið er sent er skylt að taka við einstaklingnum, nema vitað sé um góða og gilda ástæðu fyrir að synja honum um aðild. Fari svo að meðlim sé synjað um aðild ber ritara safnaðarins að endursenda bréfið til þess safnaðar sem það veitti ásamt rækilegum útskýringum á ástæðunum. Meðlimurinn á þá enn aðild að þeim söfnuði sem hann tilheyrði áður en lögð var fram beiðni um flutning á safnaðarbréfi hans. Þeim söfnuði ber að samstarfa með einstaklingnum að því að ganga frá þeim málum sem voru þess valdandi að honum var synjað um aðild að þeim söfnuði sem hann óskaði að flytjast til.

***Flutningur á safnaðarbréfi aðeins heimill þeim safnaðarsystkinum sem teljast trú og gegn--*** Flutningur á safnaðarbréfi er aðeins heimill þeim safnaðarsystkinum sem teljast trú og gegn. Ekki skal neinn söfnuður undir neinum kringumstæðum heimila að flytja safnaðarbréf safnaðarmeðlims meðan hann er beittur safnaðaraga. Óviðeigandi er að skrifa umsögn um einstaklinginn á safnaðarbréfið nema prestur eða safnaðarstjórn safnaðarins sem hann óskar að flytja frá hafi sannanir um að sá hinn sami hafi verið viðriðinn barnanið. Í því tilviki ber sendandi presti eða formanni safnaðarins að veita presti eða formanni viðtökusafnaðarins trúnaðaryfirlýsingu þar að lútandi.

Hafi einhver sem flust hefur frá heimasöfnuði sínum gerst kaldur og afskiptalaus getur prestur eða formaður þess safnaðar tekið málið upp við prest eða formann safnaðarins á því svæði sem safnaðarmeðlimurinn vill flytjast til svo að allt sé ljóst verði flutningur á safnaðarbréfi heimilaður.

***Engin ákvörðun um flutning safnaðarbréfs án samþykkis viðkomandi safnaðaraðila--*** Söfnuður á ekki undir neinum kringumstæðum að ákvarða um flutning safnaðarbréfs gegn ósk eða beiðni viðkomandi safnaðarmeðlims. Ekki á heldur neinn söfnuður að veita einhverjum aðild með flutningi safnaðarbréfs sem veitt er undir slíkum kringumstæðum. Safnaðaraðild er persónuleg tengsl einstaklings við líkama Krists. Söfnuðinum ber að viðurkenna þetta samband og forðast hvaðeina sem kynni að vera túlkað sem gerræði.



Á hinn bóginn er hverjum safnaðarmeðlim skylt að gefa gaum að velferð safnaðarins og gera allt sem í hans valdi stendur til að létta af söfnuðinum þeim vandamálum sem hljótast af því þegar safnaðarsystkini eru fjarvistum löngum stundum. Flytji hann af svæði því þar sem hann á safnaðaraðild ætti hann fljótlega að óska eftir flutningi á safnaðarbréfi.

Í því tilviki þegar söfnuði er vísað úr bræðralagi safnaða með ákvörðun aðalfundar Samtaka safnaða er nauðsynlegt til að tryggja öllum trúum safnaðarsystkinum safnaðaraðild og flytja tímabundið alla þá er tilheyra söfnuði þeim sem vísað hefur verið frá í söfnuð dreifðra nema þau sem kunna að neita að vera flutt þangað. Það er síðan á valdi safnaðar dreifðra að veita heimild til flutnings safnaðarbréfs trúrra safnaðarsystkina eftir því sem þess er óskað. (Sjá bls. 25-28.)

**Safnaðarstjórnir geta ekki gefið út safnaðarbréf--** Safnaðarstjórn hefur ekki vald til að heimila flutning á safnaðarbréfi eða taka inn safnaðarsystkini frá öðrum söfnuðum á grundvelli safnaðarbréfs. Vald hennar í þessu efni takmarkast við það að mæla með slíku við söfnuðinn. Söfnuðurinn á að taka ákvörðun um flutning á safnaðarbréfi, hvort sem heimild er veitt eða henni synjað. (Sjá hér að ofan.) Ritari hefur enga heimild til að fella niður nöfn af safnaðarskrá eða færa þau þar inn nema söfnuðurinn hafi ákvarðað um slíkt. Látist meðlimur safnaðarins er ekki þörf á að söfnuðurinn ákvarði um að fella nafn hans niður. Ritari safnaðarins skráir aðeins dánardægur.

**Söfnuður dreifðra--** Einangruð safnaðarsystkini eiga að tilheyra söfnuði dreifðra sem er félagsleg eining sem sett er á stofn fyrir dreifð safnaðarsystkini sem að öðrum kosti nytu ekki safnaðarréttinda. Aldrað eða veikt safnaðarfólk sem býr nálægt söfnuði, embættismenn og starfsfólk Samtakanna, þ.á.m. prestar, eiga að tilheyra heimasöfnuði en ekki söfnuði dreifðra.

Formaður Samtaka safnaða skal vera formaður safnaðar dreifðra og það starf sem safnaðarritari og gjaldkeri sinna venjulega á ritari og gjaldkeri Samtakanna að inna af hendi. Öllum þeim erindum sem hinn staðbundni söfnuður og stjórn hans sinna venjulega á stjórn Samtakanna að sinna í söfnuði dreifðra sem samkvæmt eðli málsins hefur enga safnaðarstjórn. Stjórn Samtakanna ber einnig að tilnefna fulltrúa á aðalfund Samtakanna.

**Meðlimaskrá--** Hver söfnuður á einungis að hafa eina safnaðarskrá.

Einungis er hægt að bæta við nöfnum eða þau fjarlægð með samþykkt safnaðarins eða ef um andlát er að ræða. (Sjá bls. 71-72.) Það má alls ekki hafa sérstaka safnaðarskrá yfir óvirka meðlimi.

## 7. KAFLI

# Safnaðaragi

### Almennar meginreglur

Biblían og rit anda spádómsgáfunnar setja fram á skýran og skilmerkilegan hátt þá alvarlegu ábyrgð sem hvílir á börnum Guðs að varðveita hreinleika, ráðvendi og andlegan eldmóð safnaðarins. Ef einstök safnaðarsystkini missa áhugann og hverfa frá sannleikanum verður söfnuðurinn að freista þess að leiða þá aftur til Drottins.

***Að fást við brotleg safnaðarsystkini--*** „Ef bróðir þinn syndgar [gegn þér], skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna á milli. Láti hann sér segjast, hefur þú unnið bróður þinn. En láti hann sér ekki segjast, skaltu taka með þér einn eða tvo, að „hvert orð sé staðfest með framburði tveggja eða þriggja vitna.“ Ef hann skeytir þeim ekki, þá seg það söfnuðinum, og skeyti hann ekki söfnuðinum heldur, þá sé hann þér sem heiðingi eða tollheimtumaður. Sannlega segi ég yður: Hvað sem þér bindið á jörðu, mun bundið á himni, og hvað sem þér leysið á jörðu, mun leyst á himni“ (Matt 18.15-18).

„Í samskiptum sínum við safnaðarsystkini sem kunna að gerast brotleg á fólk Guðs að fylgja nákvæmlega þeim leiðbeiningum sem frelsarinn gefur okkur í átjándka kafla Matteusarguðspjalls.

Mennirnir eru eign Krists sem hann hefur keypt óendanlega dýru verði. Þeir eru tengdir honum því kærleikspeli sem hann og faðirinn hafa sýnt þeim. En hve við ættum því að sýna mikla aðgát í samskiptum okkar hvert við annað! Menn hafa engan rétt til að ætla náunganum illt. Safnaðarmeðlimir mega ekki fara að eigin geðþótta eða löngunum þegar þeir eru að fást við safnaðarsystkini sem hafa farið vill vega. Þeir ættu ekki einu sinni að láta í ljós fordóma sína gagnvart hinum brotlegu því með því móti koma þeir súrdeigi hins illa í huga annarra. . . .

„Ef bróðir þinn syndgar gegn þér,“ sagði Kristur, „skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna á milli.“ Matt 18.15. Segið ekki öðrum

frá hinu ranga. Sé einum sagt frá því fær annar að vita um það og svo enn annar. Sagan eykst sífellt að vöxtum og hið illa magnast þar til allur söfnuðurinn fær að líða fyrir. Útkljáið málið „ykkar einna á milli.“ Þannig vill Guð að farið sé að.“ 7T, bls. 260.

**Áform Guðs--** „Hvert sem eðli brotsins er breytir það ekki áformi því sem Guð hefur lagt í því skyni að leiðrétta misskilning og persónuleg rangindi. Með því að ræða einn við hinn brotlega og í anda Krists verður það oft til að leysa vandann. Farðu til hins brotlega með hjarta þitt fyllt kærleika Krists og samúð og leitastu við að bæta málið. Rökræddu við hann rólega og hávaðalaust. Láttu engin reiðiorð sleppa fram af vörum þér. Talaðu þannig að það skírskoti til skynsemi hans. Minnstu orðanna: „Hver sem snýr syndara frá villu vegar hans mun frelsa sálu hans frá dauða og hylja fjölda synda.“ Jak 5. 20. . . .

Allur himinninn hefur áhuga á samtali þess sem hefur verið særður og hins sem er brotlegur. Ef hinn brotlegi tekur aðfinnslum sem sagðar eru í kærleika Krists viðurkennir synd sína og biður bæði Guð og bróður sinn fyrirgefningar munu sólargeislar himinsins fylla hjarta hans. Deilan hefur verið sett niður. . . . Andi Guðs tengir hjörtun saman og það hljómar lofsöngur á himni yfir því að eining er komin á. . . .

„En láti hann sér ekki segjast, skaltu taka með þér einn eða tvo, að hvert orð sé staðfest með framburði tveggja eða þriggja vitna.“ . . . Taktu með þér þá sem eru andlega sinnaðir og ræddu um syndina við þann sem villur fer. . . . Þegar hann sér samstöðu þeirra í málinu getur verið að hann sjái ljós í því sem þeir hafa að segja.

„Ef hann skeytir þeim ekki,“ hvað á þá að gera? Eiga fáeinar persónur á stjórnarfundum að axla þá ábyrgð að vísa hinum seka úr söfnuðinum? „Ef hann skeytir þeim ekki, þá seg það söfnuðinum.“ Söfnuðurinn á að grípa til aðgerða í máli fólks síns.

„En skeyti hann ekki söfnuðinum heldur, þá sé hann þér sem heiðingi og tollheimtumaður.“ . . . Vilji hann ekki hlýða raust safnaðarins og hafni hann öllum tilraunum til að ávinna hann aftur þá hvílir sú ábyrgð á söfnuðinum að vísa honum á brott úr samfélagi safnaðarins. Nafn hans á þá að þurrka út úr bókum safnaðarins.

Enginn safnaðarstarfsmaður á að ráðleggja það, engin nefnd að mæla með því eða neinn söfnuður að greiða því atkvæði að nafn manns sem gerst hefur brotlegur verði þurrkað út úr bókum safnaðarins fyrr en þeim

leiðbeiningum sem Kristur gaf hefur verið fylgt nákvæmlega. Þegar leiðbeiningum þessum hefur verið fylgt er söfnuðurinn búinn að hreinsa sig fyrir Guði. Hið illa verður þá að birtast eins og það er og þarf þá að fjarlægja það svo að það nái ekki að breiðast út enn frekar. Varðveita verður heilbrigði og hreinleika safnaðarins svo að hann geti staðið flekklaus frammi fyrir Guði íklæddur réttlætisskikkju Krists. . . .

„Sannlega segi ég yður: Hvað sem þér bindið á jörðu, mun bundið á himni og hvað sem þér leysið á jörðu, mun leyst á himni.“ . . .

Þessi yfirlýsing heldur gildi sínu á öllum öldum. Söfnuðinum hefur verið veitt vald til að koma fram í stað Krists. Hann er tæki Guðs til að halda uppi aga og reglu hjá fólki Guðs. Honum hefur Drottinn veitt vald til að ákvarða mál sem varða velgengni hans, hreinleika og reglu. Á honum hvílir sú ábyrgð að vísa úr samfélaginu þeim sem óverðugir eru, þeim sem með ókristilegri hegðun sinni óvirða sannleikann. Hvaðeina sem söfnuðurinn gerir sem er í samræmi við leiðbeiningar þær sem gefnar eru í orði Guðs verður staðfest á himnum.“ 7T, bls. 261-263.

**Vald safnaðarins--** „Endurlausnari heimsins hefur veitt söfnuði sínum mikið vald. Hann setur fram reglur þær sem fylgja á þegar dæma þarf safnaðarfólkið. Eftir að hafa veitt skýrar leiðbeiningar um hvaða stefnu eigi að taka segir hann: „Sannlega segi ég yður: Hvað sem þér bindið á jörðu mun bundið á himni og hvað sem þér [í safnaðaraga] leysið á jörðu mun leyst á himni.“ Þannig staðfestir jafnvel hið himneska vald aga safnaðarins, sem hann beitir þá sem honum tilheyrir þegar farið hefur verið eftir reglum Biblíunnar.

Orð Guðs veitir engum einstökum manni heimild til að dæma í málum gerólikt því sem söfnuðurinn dæmir. Hann getur heldur ekki haldið fram sínum skoðunum í andstöðu við söfnuðinn.“ 3T, bls. 428.

**Ábyrgð safnaðarins--** „Guð gerir fólk sitt sem heild ábyrgt fyrir syndum þeim sem einstaklingar innan safnaðarins drýgja. Vanræki leiðtogar safnaðarins að leita vandlega að syndum þeim sem leiða vanþóknun Guðs yfir heildina, verða þeir ábyrgir fyrir þessum syndum.“ 3T, bls. 269.

„Væri ekki til neinn safnaðaragi og stjórn mundi söfnuðurinn liðast í sundur í smábrot. Hann gæti ekki haldist saman sem heild.“ 3T, bls. 428.

**Þeir sem ekki eru helgaðir spyrna gegn safnaðaraga--** „Það eru margir

sem sýna ekki aðgát á við Jósúa og telja sig ekki bera skyldu til að leita misgjörða og taka tafarlaust á þeim syndum sem drýgðar eru í þeirra hópi. Þeir hinir sömu ættu ekki að standa í vegi fyrir þeim sem ber að sinna þessari skyldu. Sumir leggja sig fram um að vera með efasemdir og aðfinnslur sökum þess að aðrir sinna því verki sem Guð hefur ekki lagt þeim sjálfum á herðar. Þeir standa beinlínis í veginum fyrir þeim og hindra þá sem Guð hefur lagt þá skyldu á herðar að átelja ríkjandi syndir og leiðréttu þær svo að Guð hafi ekki lengur vanþóknun á fólki sínu. Væri tilfelli eins og mál Akans á meðal okkar væru margir sem mundu ásaka þá fyrir að hafa illkvittinn gagnrýnisanda sem kynnu að gegna því hlutverki Jósúa að leita að ranglæti. Guð lætur ekki að sér hæða og rangsnúinn lýður lítilsvirðir ekki að skaðlausu viðvaranir hans. . . .

Þeir sem vinna í guðsótta að því að losa söfnuðinn við það sem er til hindrunar og að vanda um fyrir grófar syndir svo að lýður Guðs geti séð nauðsyn þess að hafa viðbjóð á syndinni og söfnuðurinn geti dafnað í hreinleika og að nafn Guðs megi vegsamast munu alltaf finna fyrir andstöðu þeirra sem ekki eru helgaðir.“ 3T, bls. 270, 271.

***Að tryggja einingu safnaðarins--*** Kristnir menn þurfa að leggja sig alla fram um að forðast allt sem getur valdið sundrunu og komið óorði á málefnið. „Það er ætlun Guðs að börn hans lifi saman í einingu andans. Reikna þau ekki með að búa saman á sama himni? . . . Þeir, sem neita að vinna saman eru Guði til mikillar vansæmdar.“ 8T, bls. 240. Söfnuðurinn á að leitast við að hindra allt það sem gæti ógnað friði meðal safnaðarfólksins og að hvetja staðfastlega til einingar.

Þó að allt safnaðarfólk hafi jafnan rétt innan safnaðarins leyfist engum einstaklingi í söfnuðinum eða hópi manna að koma á fót hreyfingu, stofna samtök eða afla fylgjenda til að keppa eftir einhverju markmiði, kenna einhverja kenningu eða flytja boðskap sem er ósamhljóða grundvallartrúarmarkmiðum og kenningum kirkju Sjöunda dags adventista. Slík stefna myndi leiða til þess að ala á flokkadráttum og sundrunu, sundra viðleitni og vitnisburði safnaðarins og þar með hindra hann í að uppfylla skyldur sínar við höfuð safnaðarins, Jesú Krist, og heiminn.

***Að setja niður ágreining--*** Allt kapp skal lagt á að útkljá ágreining milli safnaðarmeðlima og að halda deilunni á eins takmörkuðu sviði og hægt er. Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að setja niður ágreining innan

safnaðarins og milli meðlima hans án þess að þurfa að grípa til sáttargerðar af hálfu safnaðarins eða opinberrar málsóknar.

„En hve koma mætti í veg fyrir margt illt ef vandamál milli bræðra væru ekki gerð öðrum kunn, heldur ræddu þeir þau saman opinskátt sín á milli með kristilegu hugarþeli! En hve mörgum beiskjurótum sem margir saurgast af yrði eytt! En hve fylgjendur Krists gætu tengst kærleiksböndum hans náíð og innilega!“ MB, bls. 59.

„Misklíð, erjur og lögsóknir milli bræðra eru vanvirða fyrir málstað sannleikans. Þeir sem taka slíka stefnu gera söfnuðinn berskjaldaðan fyrir háði og spotti óvina hans og gefa myrkravöldunum tilefni til að hrósa sigri. Þeir eru að stinga í sár Krists að nýju og valda honum opinberrar vanvirðu. Með því að láta sig vald safnaðarins engu skipta sýna þeir Guði fyrirlitningu, sem gaf söfnuðinum vald hans.“ 5T, bls. 242, 243.

Opinber lögsókn er oft rekin af baráttuhug sem sprottinn er af eigingirni manna og leiðir hana í ljós. Söfnuður sem leitast við að sýna anda Krists verður að hindra slík andvíg málaferli. Fyrir kristilega óeigingirni munu fylgjendur Krists frekar vilja láta „hafa af sér“ (1Kor 6.7) en „að leggja málið undir dóm heiðinna manna, en ekki hinna heilögu“ (1Kor 6.1).

Þó að vísu megi finna þær aðstæður í nútímanum að leita þurfi til dómstóla til að fá skorið úr málum manna eiga kristnir menn fremur að kjósa að leita lausnar sinna mála innan valdsviðs og lögsögu safnaðar síns. Þegar þeir leitast eftir að fá úrskurð í sínum málum ættu þeir að miða að því að leita einungis til borgaralegra dómstóla í þeim málum sem greinilega falla undir lögsögu þeirra en ekki undir valdsvið safnaðar þeirra eða í þeim málum sem söfnuðurinn telur sig ekki ráða yfir viðhlítandi ferli sem dygði til þess að afla viðunandi lausnar. Slík málssókn fyrir borgaralegum dómstólum má aldrei fá á sig blæ hefndarráðstöfunar gagnvart andstæðingi, en ætti að spretta af löngun til að jafna deiluna og að setja niður ágreining með friðsamlegu móti.

Sem dæmi um slíkan málarekstur mætti nefna sáttargerð vegna tryggingarkröfu, úrskurð í máli er varðar eignarrétt á fasteign, til hvaða hluta fasteignarinnar eignarrétturinn nær og úrskurð í máli sem varðar skiptingu á búi og veitingu yfirráðaréttar yfir ólögráða börnum.

Þó að söfnuðurinn ætti að koma á fót réttarfarslegum dómsaðferðum til að koma í veg fyrir málaferli líkt og þau sem getið er í 1Kor 6. kafla þarf hann stöðugt að vera á varðbergi gagnvart þeirri hugsun að víkjast undan því hlutverki sínu að boða fagnaðarerindið og að setjast í þess stað í sæti

borgaralegra dómara. (Sjá Lúk 12.13, 14 og 9T, bls. 216-218.)

Hugsjón Guðs fyrir þá, sem tilheyra söfnuði hans, er sú að þeir hafi „frið við alla menn að því leyti sem það er unnt og á [þeirra] valdi“ (Róm 12.18). Söfnuðurinn ætti að fara þá leið sem er tiltækust og tiltölulega fljótverk til að útkljá margs konar ágreining sem kann að koma upp milli bræðra. Skyldi söfnuðurinn láta undir höfuð leggjast að verða við beiðni einhvers innan safnaðarins um aðstoð við að útkljá ágreining, eða telji söfnuðurinn að eðli tiltekins máls sé slíkt að það sé ekki á valdssviði hans þá ætti það að vera viðtekið að viðkomandi hafi leitað allra þeirra sáttaleiða sem settar eru fram í Biblíunni og að hvaðeina sem hann (eða hún) gerir fram yfir það sem þar er nefnt er mál sem hann (eða hún) á við eigin samvisku. (Sjá 6SDABC, bls. 698.)

En ef söfnuðurinn skyldi freista þess að ná tímabærum sáttum með friðsamlegu móti í ágreiningsmáli milli bræðra og mælir í því skyni með ákveðinni lausn ættu þeir ekki tafarlaust að hafna henni. Það er ekki léttvægt mál ef safnaðarmaður snýr sér frá hinum skipulegu leiðum safnaðarins varðandi málarekstur og fer þess í stað í opinbera málssókn vegna ágreinings við annan meðlim safnaðarins. (1Kor 6.7).

Safnaðarmeðlimir sem láta í ljós óþolinmæði og eigingirni með því að vera ófúsir að bíða eftir tillögum safnaðarins varðandi sættir í umkvörtunarmálum þeirra gegn öðrum safnaðarmeðlimum geta átt á hættu að vera beittir safnaðaraga vegna þeirra skaðvænlegu áhrifa sem það hefur á söfnuðinn og fyrir að neita að viðurkenna réttmætt yfirvald hans.

### ***Sáttargjörð í umkvörtunarmálum safnaðarfólks varðandi söfnuðinn--***

Sömu meginreglur sem gilda við að útkljá ágreining milli meðlima eiga einnig við er ná þarf sáttum þegar safnaðarfólk færir fram kvartanir gegn söfnuðinum eða stofnunum hans.

Safnaðarsystkini eiga ekki að fara í mál við neina félagsheild innan safnaðarins nema þegar söfnuðurinn hefur ekki séð fyrir leið til að útkljá ágreining sem kann að rísa innan hans eða þar sem eðli málsins er slíkt að það er greinilega ekki á valdssviði safnaðarins að útkljá slíka deilu.

### ***Sáttargjörð í málum safnaðarins á hendur safnaðarsystkinum--***

Það kann að gerast að félagsheildir eða stofnanir innan safnaðarins hafi umkvartanir gegn safnaðarsystkinum. Í slíkum tilvikum verða stjórnarmenn safnaðarins að sýna kristilegt umburðarlyndi og hafa í huga ráðleggingar Biblíunnar



varðandi það hvernig ná megi sættum þegar söfnuðurinn hefur umkvartanir gegn einhverjum safnaðarsystkinum. Söfnuðurinn skal í samvinnu við viðkomandi meðlim safnaðarins leita allra skynsamlegra ráða til að ná eðlilegum sættum frekar en að leggja málið fyrir opinbera dómstóla.

Söfnuðurinn gerir sér grein fyrir þörfinni á að sýna aðgát til að vernda andlegan áhuga meðlima sinna, tryggja réttláta meðferð mála og vernda sóma safnaðarins. Hann getur ekki leyft sér að fara létt með slík mál eða leyft persónulegri tillitssemi að hafa áhrif á gjörðir sínar, en á sama tíma ber honum að keppa að því að endurreisa þá sem hafa hrasað eða fallið.

„Ef sá sem hefur á röngu á standa sér að sér og beygir sig undir aga Krists ber að gefa honum annað tækifæri. Og jafnvel þó hann taki ekki sinnaskiptum og standi utan safnaðarins hafa þjónar Guðs samt verk að vinna fyrir hinn seka. Þeim ber að leitast við að snúa honum til afturhvarfs. Hversu alvarlega hann kann að hafa brotið af sér ber að fyrirgefa honum og bjóða hann velkominn á meðal hjarðarinnar ef hann beygir sig fyrir áhrifum Heilags anda og sýnir fram á iðrun sína með því að játa brot sitt og leggja syndina til hliðar. Bræðrunum ber að hvetja hann áfram á réttri braut og koma fram við hann eins og þeir vildu að komið væri fram við þá væru þeir í hans sporum. Auk þess þurfa þeir að gæta sín að þeirra verði ekki freistað.“ 7T, bls. 263.

### **Tilfni til að beita safnaðaraga**

Eftirfarandi brot valda því að beita verður safnaðarsystkini safnaðaraga:

1. Afneitun trúar á grundvallarsannindi fagnaðarerindisins og höfuðkenningar safnaðarins eða boðun kenninga sem ganga í berhögg við þær.

2. Brot á lögum Guðs, svo sem tilbeiðsla skurðgoða, morð, þjófnaður, guðlast, fjárhættuspil, brot á hvíldardagshelginni og vísvitandi og siendurteknar blekkingar.

3. Brot á sjöunda boðorði laga Guðs eins og það snertir hjónabandið, kristilegt heimili og hinn biblíulega staðal hegðunar.

4. Kynferðisbrot á börnum, unglungum og varnarlausum, hórdómur, lauslæti, sífjaspell, iðkun samkynhneigðar, framleiðsla, notkun eða dreifing á klámi og annað siðleysi í kynferðismálum.

5. Fráskilin manneskja sem giftist aftur, nema þegar um er að ræða þann sem hefur verið trúr hjúskaparheitinu og er í skilnaði vegna hórdóms eða

gróflegs kynferðislegs siðleysis.

6. Líkamlegt ofbeldi, þar með talið ofbeldi innan fjölskyldunnar.

7. Svik eða vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar í viðskiptum.

8. Ósiðleg hegðun sem er til hneisu fyrir söfnuðinn.

9. Að aðhyllast eða taka þátt í klofningssamtökum eða félagsskap sem andstæður er hugsjónum safnaðarins. (Sjá bls. 47.)

10. Að neita ítrekað að viðurkenna rétt yfirvöld safnaðarins eða að neita að beygja sig undir reglur og aga safnaðarins.

11. Að neyta áfengra drykkja, framleiða þá eða selja.

12. Að nota, framleiða eða selja tóbak í einhverju formi til neyslu.

13. Að nota eða framleiða ólögleg lyf, að nota og/eða selja fíkniefni eða misnota önnur lyf.

### **Ferli safnaðaraga**

Þegar um alvarlegar syndir er að ræða verður að beita safnaðaraga. Það má gera með tvennu móti:

1. Með því að samþykkja vítur.

2. Með því að samþykkja brottvísun úr söfnuðinum.

**Vítur--** Það kunna að vera tilfelli þar sem söfnuðurinn telur að brot sé ekki svo alvarlegt að grípa eigi til þess örþrifaráðs að vísa hinum brotlega úr söfnuðinum en samt nægilega alvarlegt til að söfnuðurinn lýsi vanþóknun sinni. Slíka vanþóknun má láta í ljós með því að samþykkja vítur á viðkomandi einstakling.

Vítur þjóna tvennum tilgangi: (1) Að gera söfnuðinum kleift að láta í ljós vanþóknun sína á þeim alvarlegu syndum sem hafa verið málefni Guðs til vansæmdar. (2) Að brýna fyrir hinum brotlega þörfina á að bæta líferni sitt og lagfæra hegðun sína, en einnig að veita honum náðar- og reynslutíma sem hann á að nýta til þess.

Vítur eru alltaf látnar gilda ákveðinn tíma, allt frá einum og upp í tólf mánuði. Víturnar binda endi á starf hans í hvaða embætti í söfnuðinum sem vera skal og ekki má velja hann í neina stöðu á því tímabili. Einstaklingur sá sem verið er að aga hefur hvorki málfrelsi né atkvæðisrétt í málum safnaðarins á almennum safnaðarfundum og getur heldur ekki tekið neinn opinberan þátt í störfum hans, eins og t.d. kennslu hvíldardagsskóla. Hann er samt ekki sviptur þeim forréttindum að sækja hvíldardagsskóla,

hvíldardagsguðsþjónustu eða kvöldmáltíð. Ekki má heldur flytja safnaðarbréf hans til annars safnaðar á vítatímanum.

Vítum má ekki fylgja nein ákvæði um brottvísun úr söfnuðinum fari svo að viðkomandi beygi sig ekki fyrir þeim skilmálum sem settir hafa verið. Þegar sá tími er útrunninn sem ávítunum er settur skal það kannað á viðhlítandi hátt hvort sá sem beittur var aga hafi breytt um stefnu. Sé hegðun hans viðunandi má skoða hann sem góðan og gegnan safnaðarmann án frekari aðgerða og honum skal tjáð að agatímabilinu sé lokið. Hafi hann ekki breytt um stefnu ber að taka mál hans aftur til íhugunar og að beita hann safnaðaraga eins og málið gefur tilefni til. Einstaklingur sem er víttur getur einungis tekið upp stöðu í söfnuðinum ef hann er valinn til þess.

***Agi með frávísun--*** Að vísa manni úr söfnuðinum, líkama Krists, er alvarlegasta refsiaðgerðin sem söfnuðurinn hefur til umráða. Það er hin alvarlegasta tyftun sem söfnuðurinn getur beitt. Þess konar aga á því aðeins að beita eftir að leiðbeiningum þeim sem gefnar eru í þessum kafla hefur verið fylgt, ráða verið leitað hjá safnaðarpresti eða Samtökunum, sé presturinn ekki tiltækur, og allra ráða hefur verið leitað til að leiða hinn brotlega frá villu vegar síns inn á rétta braut að nýju áður en söfnuðurinn tekur nokkra ákvörðun í málinu.

***Engir viðbótarmælikvarðar--*** Prestur, einstakur söfnuður eða Samtök safnaða hafa ekki vald til að setja fram eða ákvarða skilyrði fyrir safnaðaraðild. Slíkt vald hafa einungis Aðalsamtökin. Hver sá sem reynir að setja önnur skilyrði en þau sem hér eru sett fram er ekki réttmætur fulltrúi safnaðarins. (Sjá 1T, bls. 207).

***Réttur tími til ögunar--*** Það er skylda safnaðarins að sjá til þess að ögunarferlið eigi sér stað innan skynsamlegra tímamarka og kynna niðurstöður þess með vinsemd og án tafar. Beiting aga er sársaukafull og það eykur á skapraun og þjáningu einstaklingsins og safnaðarins sjálfs ef agaferlið dregst á langinn.

***Aðgát skal viðhöfð við að fella dóm yfir lyndiseinkunn og kveikju athafna--*** „Kristur hefur kennt það skýrt og skilmerkilega að þá sem lifa opinberlega í synd verður að skilja frá söfnuðinum en hann hefur eigi falið okkur að dæma lyndiseinkunn eða kveikju athafna. Hann þekkir eðli okkar

of vel til að fela okkur slíkt verk. Skyldum við freista þess að uppræta úr söfnuðinum þá sem við teljum falskristna getum við verið viss um að okkur verða á mistök. Oft lítum við sem vonlaus tilfelli þá sem Kristur er að draga til sín. Byggjust samskipti okkar við þetta fólk á ófullkominni dómgreind okkar yrði það líklega til þess, að síðasti vonarneisti þeirra yrði slökktur. Margir þeirra sem telja sig kristna munu á efsta degi verða léttvægir fundnir. Margir munu verða á hinnum sem nágrannar þeirra töldu að aldrei mundu stíga fæti þar inn. Menn dæma eftir ytra útliti en Guð dæmir hjartað. Illgresið og hveitið á að vaxa saman allt til kornskurðarins og kornskurðurinn er lok náðartímans. Í orðum frelsarans felst annar lærdómur, lærdómur um undursamlegt langlundargeð og innilegan kærleika. Þar eð rætur illgresisins eru samfléttaðar rótum gæðakornsins má vera að falsbræður séu á svipaðan hátt nátengdir sönnum lærisveinum. Raunverulegt eðli þessara uppgerðarlærisveina er ekki fyllilega komið í ljós. Ætti að skilja þá frá söfnuðinum gæti það orðið öðrum til falls sem að öðrum kosti hefðu reynt staðfastir.“ COL, bls. 71, 72.

***Á löglega boðuðum fundi--*** Söfnuðurinn getur beitt safnaðarfólk aga sé nægilegt tilefni til þess, en því aðeins að það sé gert á safnaðarfundi sem hefur verið löglega boðaður (sjá bls. 120). Slíkum fundi stýri vígður prestur eða óvígður prestur sem er vígður sem safnaðarformaður viðkomandi safnaðar, eða vígður safnaðarformaður þess safnaðar í samráði við safnaðarprestinn eða formann Samtakanna, ef prestur er ekki til staðar.

***Meirihluti atkvæða--*** Safnaðarfólki er því aðeins hægt að vísa úr söfnuðinum eða beita það safnaðaraga á annan hátt ef meirihluti þeirra safnaðarsystkina sem viðstödd eru og atkvæði greiða á löglega boðuðum safnaðarfundi greiða því atkvæði. „Meirihluti safnaðarins er valdhafi sem á að hafa stjórn á einstökum safnaðarsystkinum.“ 5T, bls. 107.

***Safnaðarstjórn getur ekki vísað safnaðarfólki frá--*** Safnaðarstjórn getur mælt með því við söfnuðinn að einstaklingi sé vísað frá en hún hefur ekki undir neinum kringumstæðum rétt til að vísa neinum úr söfnuðinum á eigin ábyrgð. Ritari safnaðar getur því aðeins máð nafn af skrá yfir safnaðarfólk hafi söfnuðurinn greitt því atkvæði á safnaðarfundi, nema um andlát sé að ræða.

***Réttur einstaklingsins--*** Meðlimir hafa grundvallarrétt á að vita um að mál þeirra verði tekið fyrir og einnig að flytja mál sitt, koma fram með gögn máli sínu til stuðnings og leiða fram vitni. Enginn söfnuður á undir neinum kringumstæðum að ákvarða að vísa einhverjum úr söfnuðinum hafi honum verið synjað um að neyta þessa réttar síns. Einstaklingurinn ætti að fá að vita skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara að áformað sé að taka mál hans fyrir ásamt málsatvikum sem leiða til slíks fundar.

***Lögfræðingar eiga ekki að flytja mál safnaðarfólks--*** Starf safnaðarins við að halda uppi aga og reglu er kirkjulegt hlutverk og er ekki á neinn hátt skylt veraldlegum eða lögfræðilegum ferlum. Þess vegna viðurkennir söfnuðurinn ekki að neinn meðlimur safnaðarins hafi rétt á að koma með lögfræðing til að tala máli hans á safnaðarfundum sem haldinn er til að koma á reglu eða beita aga eða varðandi nein mál sem snerta söfnuðinn. Söfnuðurinn ætti að gera safnaðarfólkinu ljóst að það hljóti ekki áheyrn reyni það að koma með lögfræðing sér til varnar inn á safnaðarfund.

Söfnuðurinn ætti einnig að útiloka allt utansafnaðarfólk á safnaðarfundum sem haldnir eru til að koma á reglu eða beita aga, nema það þurfi að bera vitni.

***Flutningur meðlima undir vítum--*** Enginn söfnuður á að veita neinum safnaðaraðild sem er undir vítum annars safnaðar. Slík ákvörðun mundi leggja blessun sína yfir brotið sem annar söfnuður beitti aga sínum gegn. Inntaka einstaklings sem er undir aga er talin svo alvarlegt brot á reglugerð kirkjunnar að Samtökin kunna að beita viðkomandi söfnuð aga.

***Safnaðarmanni ekki vísað frá fyrir að sækja ekki kirkju--*** Safnaðarleiðtogar ættu að heimsækja trúfastlega alla þá sem eru fjarverandi og hvetja þá til að hefja aftur kirkjusókn og njóta blessana sameiginlegrar tilbeiðslu með safnaðarsystkinum.

Sé einstaklingi ógerlegt vegna ellihrumleika, heilsubreysts eða annarra óviðráðanlegra orsaka að sækja guðsþjónustu ætti hann að skoða það sem skyldu sína að halda nánú sambandi við leiðtoga safnaðarins bréflaga eða með öðru móti. Svo lengi sem slíkur einstaklingur virðir kenningar safnaðarins ætti ekki að líta á fjarvistir hans sem gilda ástæðu til að vísa honum úr söfnuðinum.

**Safnaðarfólk flytur og tilkynnir ekki bústaðaskipti--** Þegar safnaðarfólk flytur búferlum ber því að láta safnaðarformanni eða safnaðarritara í té vitneskju um nýja heimilisfangið. Eins lengi og þeir eru áfram meðlimir þess safnaðar ættu þeir að hafa reglulegt samband við söfnuðinn og senda inn tíund sína og gjafir a.m.k. ársfjórðungslega. Gefi safnaðarfólk sem flytur ekki upp heimilisfang sitt, sýni það enga viðleitni til að hafa samband við heimasöfnuð sinn og ógerlegt reynist að hafa upp á því er heimilt eftir tveggja ára fjarveru að má nöfn þess af safnaðarskrá eftir atkvæðagreiðslu í söfnuðinum, þó að því tilskildu að embættismenn safnaðarins geti sýnt fram á að þeir hafi gert allt sem í þeirra valdi stóð til að hafa upp á því en án árangurs. Ritara ber þá að skrá í viðeigandi dálk við nafnið: „Ekki vitað um dvalarstað. Samþykkt að skrá hann þannig: Er saknað.“

**Safnaðarfólk ekki tekið af skrá af peningalegum ástæðum--** Þó það sé skylda hvers einstaklings að styðja starf safnaðarins með fjármunum sínum að svo miklu leyti sem honum er unnt má aldrei vísa neinum frá fyrir það eitt að hann getur ekki eða lætur undir höfuð leggjast að styðja málefni safnaðarins með fjármunum sínum.

**Að taka safnaðarfólk af skrá að eigin ósk þess--** Mjög varlega skal fara í samskiptum við fólk sem æskir þess að nafn þess sé máð af safnaðarskrá. Þó að við virðum rétt hvers og eins til að ákvarða um safnaðaraðild sína ber að veita slíkum nægan tíma til umhugsunar og íhugunar og allt gert sem hægt er til að styrkja trúarreynslu þeirra. Beiðni um afskráningu skal send safnaðarstjórn sem síðan leggur það fyrir söfnuðinn á löglega boðuðum safnaðarfundi. Af kristilegri tillitssemi við viðkomandi einstaklinga skal gengið til atkvæða um beiðnina án undangenginnar opinberrar umræðu.

**Tilkynning um frávísun--** Hverjum þeim söfnuði sem vísar safnaðarmanni frá er skylt að tilkynna honum bréflaga um frávísunina en geta þess jafnframt að söfnuðurinn hafi áhuga á andlegri velferð hans. Ef þess er kostur ætti annaðhvort prestur safnaðarins eða einhver útnefndur af safnaðarstjórn að flytja viðkomandi ákvörðunina persónulega. Einnig ber að fullvissa hinn brotlega um það að söfnuðurinn muni ávallt vona það og biðja þess að hann geti sameinast söfnuðinum á ný í náinni framtíð og sá dagur renni upp, er þau öll fái að búa saman í ríki Guðs.

***Að taka þá inn aftur sem vísað hafði verið frá--*** Þegar meðlim safnaðarins hefur verið vísað frá ber söfnuðinum að halda uppi sambandi við hann sé það mögulegt og sýna honum vinsemd og kærleika og leitast við að leiða hann aftur til Drottins.

Einstaklingi sem vísað hefur verið úr söfnuðinum má aftur veita safnaðaraðild við lok ögunartímans sem safnarstjórnin tilskildi hafi hann játað rangindi sín og ljóst er að um raunverulega iðrun er að ræða og breytingu á lífinu og sjá má að viðkomandi er fús til að beygja sig undir reglur safnaðarins og aga. Slík endurinntaka á helst að fara fram í söfnuði þeim sem honum var vísað úr. Það er samt ekki alltaf mögulegt. Ef svo er ekki, ætti söfnuðurinn sem aðilinn vill sameinast að leita upplýsinga hjá fyrri söfnuði um ástæðuna fyrir frávisun hans.

Þegar um er að ræða einhvern sem er sekur um barnanið ber að minnast þess að endurinntaka fjarlægir ekki afleiðingar svo alvarlegs glæps. Þó svo einstaklingurinn geti mætt á samkomur safnaðarins í samræmi við settar leiðbeiningar ætti að gæta þess að slíkum einstaklingi sé ekki gefið hlutverk þar sem hann er í tengslum við börn, unglinga eða aðra viðkvæma einstaklinga. Heldur ætti ekki að setja hann í stöðu sem krefst fulls trausts viðkvæmra einstaklinga til hans.

Vegna þess að frávisun er alvarlegasta refsistig safnaðarins ætti nægilega langur tími að líða áður en einstaklingurinn er tekinn inn aftur svo hægt sé að fullvissa sig um að vandamálin sem leiddu til frávisunarinnar hafi ótvírætt verið leyst. Inntaka í söfnuðinn að nýju er venjulega háð endurskírni.

***Réttur til að áfrýja máli vegna endurinnngöngu--*** Þó svo það sé réttur safnaðarins að beita safnaðaraga dregur það ekki úr rétti meðlimanna um sanngirni. Telji þeir að söfnuður þeirra hafi sýnt ósanngirni eða þeir hafi ekki fengið tækifæri til réttlátrar áheyrnar og söfnuðurinn er ófús að endurskoða málið eða leiðtogar hans neita að taka tillit til umsóknar þeirra um endurinnngöngu þá hafa þeir rétt til að skjóta málinu skriflega til safnaðarins með beiðni um áheyrn. Söfnuðurinn ætti ekki að daufheyrast við slíkri beiðni eða synja þeim um áheyrn. Geri hann það engu að síður eða ef þeir telja að þeir hafi hlotið ósanngjarna meðferð safnaðarins hafa þeir rétt á að óska eftir að fá áheyrn hjá stjórn Samtaka þeirra sem söfnuðurinn á aðild að.

Ef stjórn Samtakanna er þess fullviss eftir að hafa með opnum huga og óvilhöllum hlýtt á skýringar viðkomandi að hann hafi verið órétti beittur af

viðkomandi söfnuði getur stjórn Samtakanna mælt með því að viðkomandi einstaklingur verði aftur tekinn inn. Synji viðkomandi söfnuður honum enn um aðild getur stjórn Samtakanna mælt með því við annan söfnuð að hann verði tekinn inn þar. Finni stjórn Samtakanna hins vegar ástæðu til að taka undir afstöðu safnaðarins um að synja honum inngöngu lætur hún bóka þá ákvörðun sína.



## Embættismenn safnaðanna og stofnanir

Það er veigamikilið mál fyrir velgengni safnaðarins að velja hæfa menn og konur til þess að gegna helgum ábyrgðarstörfum.

### Hæfileikar þeirra

***Siðgæði og trú--*** „Og þú skalt velja meðal alls fólksins dugandi menn og guðhrædda, áreiðanlega menn og ósérplægna, og skipa þá foringja yfir lýðinn, suma yfir þúsund, suma yfir hundrað, suma yfir fimmtíu og suma yfir tíu“ (2Mós 18.21).

„Finnið því, bræður, sjö vel kynnta menn úr yðar hópi, sem fullir eru anda og visku. Munum vér setja þá yfir þetta starf“ (Post 6.3).

„Hann á líka að hafa gott orð á sér hjá þeim, sem standa fyrir utan, til þess að hann verði eigi fyrir álassi og lendi í tálsnöru djöfulsins“ (1Tím 3.7).

„Og það sem þú heyrðir mig tala í margra votta viðurvist, það skalt þú fá í hendur trúum mönnum, sem líka munu færir um að kenna öðrum“ (2Tím 2.2).

„Biskup [safnaðarformaður] á að vera óaðfinnanlegur, eiginmaður einnar konu, bindindissamur, hóglátur, háttprúður, gestrisinn, góður fræðari. Ekki drykkfelldur, ekki ofsafenginn, heldur gæfur, ekki deilugjarn, ekki féggjarn. Hann á að vera maður, sem veitir góða forstöðu heimili sínu og heldur börnum sínum í hlýðni með allri siðprýði. Hvernig má sá, sem ekki hefur vit á að veita heimili sínu forstöðu, veita söfnuði Guðs umsjón? Hann á ekki að vera nýr í trúnni, til þess að hann ofmetnist ekki og verði fyrir sama dómi og djöfullinn. Hann á líka að hafa góðan orðstír hjá þeim, sem standa fyrir utan til þess að hann verði eigi fyrir álassi og lendi í tálsnöru djöfulsins.

Svo eiga og djákna að vera heiðvirðir, ekki tvímælismenn, ekki sólgnir í vín, ekki gefnir fyrir ljótan gróða. Þeir skulu varðveita leyndardóm trúarinnar í hreinni samvisku. Einnig þessir menn séu fyrst reyndir, síðan takist þeir þjónustuna á hendur, ef þeir eru óaðfinnanlegir. Svo eiga og konur að vera heiðvirðar, ekki rógberar, heldur bindindissamar, trúar í öllu.

Djárnar (safnaðarþjónar) séu einkvæntir, og hafi góða stjórn á börnum sínum og heimilum. Því að þeir, sem vel hafa staðið í djárnastöðu, koma sér vel í veg og öðlast mikla djörfung í trúnni á Krist Jesú“ (1Tím 3.1-13; sjá einnig Tít 1.5-11 og 2.1, 7, 8).

„Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en ver fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika. Ver þú, þangað til ég kem, kostgæfinn að lesa úr Ritningunni, áminna og kenna . . . Haf gát á sjálfum þér og fræðslunni. Ver stöðugur við þetta. Þegar þú gjörir það, muntu bæði gjöra sjálfan þig hólpinn og áheyrundur þína“ (1Tím 4.12-16).

***Varðveita verður söfnuðinn og fæða hann--*** Páll postuli boðaði „til sín öldunga safnaðarins“ og gaf þeim þetta ráð: „Hafið gát á sjálfum yður og allri hjörðinni, sem heilagur andi fól yður til umsjónar. Verið hirðar Guðs kirkju, sem hann hefur unnið sér með sínu eigin blóði. Ég veit, að skæðir vargar munu koma inn á yður, þegar ég er farinn, og eigi þyrma hjörðinni. Og úr hópi sjálfra yðar munu koma fram menn, sem flytja rangsnúna kenningu til að tæla lærisveinana á eftir sér. Vakið því og verið þess minnugir, að ég áminnti stöðugt sérhvern yðar með tárur dag og nótt í þrjú ár“ (Post 20.17, 28-31; sjá einnig 1Pét 5.1-3).

***Virðing og undirgefni við presta og embættismenn safnaðanna--*** „Vér biðjum yður, bræður, að sýna þeim viðurkenningu, sem erfiða á meðal yðar og veita yður forstöðu í Drottni og áminna yður. Auðsýnið þeim sérstaka virðingu og kærleika fyrir verk þeirra. Lifið í friði yðar á milli“ (1Pess 5.12, 13; sjá einnig 1Tím 5.17 og Heb 13.7, 17).

„Hinir trúðu í Þessalóníku voru mikillega ónáðaðir af mönnum sem komu til þeirra með öfgafullar hugmyndir og kenningar. Sumir lifðu óreglulega, unnu ekkert, heldur gáfu sig alla að því sem þeim kom ekki við. Búið var að skipuleggja söfnuðinn á réttan hátt og útnefna embættismenn til þess að starfa sem prestar og safnaðarþjónar. En sumir voru einþykkir og vildu fara sínu fram og neituðu að beygja sig undir vald þeirra sem gegndu embættum í söfnuðinum. Þeir kröfðust ekki aðeins þess að eiga rétt á að hafa eigin skoðanir á málunum heldur líka að þröngva þeim opinberlega upp á söfnuðinn. Með þetta í huga vakti Páll athygli Þessalóníkumanna á þeirri virðingu og undirgefni sem sýna skal þeim sem valdir hafa verið í leiðtogaembætti í söfnuðinum.“ AA, bls. 261, 262.

„Vera má að þeir sem eru í ábyrgðarstöðum í söfnuðinum hafi galla líkt

og annað fólk og þeim verði á mistök í ákvörðunum sínum en þrátt fyrir það hefur söfnuður Krists á jörðinni gefið þeim vald sem ekki má virða lítils.“ 4T, bls. 17.

***Ekki á að skipa menn of fljótt í embætti--*** „Við hittum við menn sem hafa verið valdir of fljótt í ábyrgðarstöðu sem safnaðarformenn án þess að vera hæfir til að gegna slíku embætti. Þeir hafa ekki stjórn á eigin lífi sem skyldi. Áhrif þeirra eru ekki til góðs. Söfnuðurinn er í stöðugum vandræðum vegna lundernisgalla leiðtogans. Hendur hafa verið lagðar of fljótt yfir slíka menn.“ 4T, bls. 406, 407. (Sjá einnig 5T, bls. 617 og 1Tím 5.22.)

***Þeir sem eru andvígir einingu eru eigi hæfir til að gegna embætti--*** „Nýlega hafa komið fram menn á meðal okkar sem segjast vera þjónar Krists en verk þeirra eru andstæð þeirri einingu sem Drottinn kom á í kirkju sinni. Þeir hafa frumlegar hugmyndir og starfsaðferðir. Þeir vilja koma á breytingum í kirkjunni sem falla að hugmyndum þeirra um framgang og ímynda sér að stórkostlegur árangur verði þannig tryggður. Menn þessir þurfa að vera nemendur í skóla Krists fremur en að vera þar kennarar. Þeir eru ætíð eirðarlausir, sækjast eftir að koma einhverju miklu í framkvæmd, gera eitthvað til að upphefja sjálfa sig. Þeir þurfa að læra þýðingarmestu lexíuna, auðmýkt og trú á Jesú . . .

Kennarar sannleikans, kristniboðar og embættismenn safnaðanna geta unnið þarft verk fyrir meistaran vildu þeir aðeins hreinsa sálir sínar með því að hlýða sannleikanum.“ 5T, bls. 238.

***Óvarlegt að velja menn sem eigi eru samvinnuþýðir--*** „Guð hefur sett í söfnuðinn sem sína útvöldu aðstoðarmenn, menn sem búa yfir margvíslegum hæfileikum svo að fyrir sameiginlega visku margra megi uppfylla það sem Andi Guðs hefur í huga. Menn þeir sem bera sig að hlutunum að því leyti sem þeirra eigin sterku eðlisþættir segja til um og neita að gangast undir ok með öðrum þeim sem hafa langa reynslu í starfi Guðs, munu blindast af sjálfstrausti og verða ófærir um að greina á milli þess sem er rangt og hins sem rétt er. Ekki er öruggt að velja slíka menn sem leiðtoga í söfnuðunum því þeir mundu fylgja eigin dómgreind og áformum og ekki taka tillit til álits bræðranna. Það er auðvelt fyrir óvininn að nota sem verkfæri sín þá sem taka sér fyrir hendur að gæta sálna í eigin styrk þó að þeir sjálfir þurfi á ráðgjöf að halda við hvert fót mál og hafi ekki lært lítillæti af Kristi.“ AA,

bls. 279. (Sjá bls. 19-21, 109-112.)

**Safnaðaraðild--** Gegnir meðlimir safnaðar Sjöunda dags aðventista eru kjörgengir í embætti heimasafnaðar síns. (Sjá bls. 101-106). Veita má eftirfarandi undantekningar:

1. Nemendur sem eru gegnir meðlimir en búa fjarri heimasöfnuðinum vegna náms síns og sækja kirkju þar af þeim sökum.

2. Starfsmaður Samtakanna sem Samtökin hafa sett sem prest eða leiðtoga tveggja safnaða eða fleiri. (Sjá bls. 105)

3. Safnaðarformaður sem hefur verið kjörinn til að þjóna fleiri en einum söfnuði samkvæmt tillögu stjórnar Samtakanna. (sjá bls. 63, 64)

Stjórn Samtakanna getur mælt með öðrum undantekningum.

**Fordæmi í tíundagreiðslu--** Allir embættismenn safnaðarins eiga að vera fordæmi varðandi trúfasta tíundagreiðslu til safnaðarins. Hver sem bregst þeirri skyldu sinni er ekki kjörgengur í embætti innan safnaðarins.

**Ekki sjálfkjörnir fulltrúar--** Enginn embættismaður safnaðarins er sjálfkjörinn fulltrúi á aðalfundi Samtakanna í krafti embættis síns. Vilji söfnuðurinn að einhver þeirra sé fulltrúi verður söfnuðurinn að kjósa hann sem slíkan.

**Dreifing ábyrgðar--** Söfnuðurinn ætti ekki að leggja of mikla ábyrgð á lítinn hóp fúsra einstaklinga meðan aðrir eru sniðgengnir. Fordast ætti að láta einn gegna mörgum embættum nema undir sérstökum skilyrðum.

**Frávísun og endurreisn--** Hafi embættismanni verið vísað frá safnaðaraðild en hann síðan tekinn inn aftur felur sú endurreisn ekki í sér fyrri stöðu.

## Kjörtímabil

Kjörtímabil embættismanna safnaðarins og undirdeilda hans er eitt ár nema þar sem lögboðinn aðalfundur safnaðar ákveður að kjósa til tveggja ára til að auðvelda áframhald og eflingu náðargjafa og einnig til að komast hjá árlegu kjöri.

Þó ekki sé æskilegt að sami aðili sé í ákveðinni stöðu um óákveðinn tíma má endurkjósa embættismenn.

## Safnaðarformenn

**Trúarlegir leiðtogar safnaðarins--** Safnaðarformaður þarf að vera viðurkenndur af söfnuðinum sem sterkur leiðtogi, bæði trúarlegur og andlegur, og jafnframt að hafa góðan orðstír „hjá þeim sem fyrir utan standa.“ Hann er trúarlegur leiðtogi safnaðarins sé prestur ekki til staðar. Með orðum sínum og fordæmi verður hann stöðugt að leitast við að leiða söfnuðinn til að öðlast dýpri og fyllri kristilega reynslu.

Safnaðarformaðurinn þarf að vera fær um að taka að sér guðsþjónustur safnaðar síns og þjóna í orði og kenningu sé prestur ekki tiltækur. Hins vegar á ekki að velja hann fyrst og fremst vegna stöðu hans í heiminum eða vegna hæfileika hans sem ræðumanns, heldur vegna heilags líferniss og leiðtogahæfileika.

Safnaðarformann má endurkjósa en ekki er ráðlegt að sami maðurinn sitji í embættinu endalaust. Þó hvílir engin skylda á söfnuði hans að endurkjósa hann og getur því valið annan í embættið hvenær sem breyting er talin æskileg. Þegar nýr safnaðarformaður hefur verið kosinn starfar sá fyrri ekki lengur sem slíkur.

**Vígsla safnaðarformanns--** Í sjálfu sér verður maður ekki safnaðarformaður fyrir það eitt að vera kjörinn í embætti safnaðarformanns. Hann verður að hljóta vígslu til að hafa vald til að starfa sem slíkur. Hins vegar getur hann starfað sem safnaðarleiðtogi frá því að hann er kosinn og þar til hann hefur hlotið vígslu. Áður en hann getur þjónað við helgiathafnir safnaðarins verður hann að hljóta vígslu.

Aðeins prestur með starfsleyfi frá Samtökunum getur annast vígsluathöfnina. Það má skoða sem kurteisissvott gagnvart vígðum presti í heimsókn að bjóða honum að aðstoða við vígsluna. En vígður prestur í heimsókn eða prestur á eftirlaunum mundi ekki stjórna vígslunni nema til komi sérstök beiðni frá embættismönnum viðkomandi Samtaka.

Hin helga athöfn, vígslan, á að vera látlaus og fara fram í viðurvist safnaðarins. Þar má gefa stutt ágríp af því sem felst í embætti safnaðarformanns, nauðsynlegir eiginleikar nefndir og helstu embættisskyldur sem safnaðarformaður fær vald til inna af hendi fyrir söfnuðinn. Eftir stutta hvatningarræðu vígir presturinn safnaðarformanninn, ásamt öðrum vígðum prestum og/eða vígðum safnaðarformönnum þessa safnaðar sem þátt taka í athöfninni, með bæn og handayfirlagningu. (Sjá

bls. 23.)

Eftir að hafa eitt sinn hlotið vígslu sem safnaðarformaður er vígslu ekki þörf aftur við endurkosningu í embætti safnaðarformanns, ekki heldur við kjör sem safnaðarformaður annars safnaðar að því tilskildu að einstaklingur sá hafi reynst trúr og gegn í söfnuðinum. Sá sem hlotið hefur vígslu sem safnaðarformaður getur einnig þjónað síðar sem safnaðarþjónn.

**Tengsl safnaðarformanns og prests--** Þar sem stjórn Samtaka safnaða felur presti eða prestum að starfa í söfnuði ber að skoða hann eða aðalprestinn, ef fleiri prestar þjóna söfnuðinum, sem æðsta embættismann hans en safnaðarformennina aðstoðarmenn hans. Störf þeirra eru nátengd. Þeir eiga því að starfa saman í samræmi hvor við annan. Presturinn á ekki að taka á sínar herðar ábyrgð á öllum greinum heldur deila henni með safnaðarformanni og öðrum embættismönnum safnaðarins. Prestur sá sem starfar fyrir söfnuðinn reglulega sem safnaðarprestur er formaður og fundarstjóri safnaðarstjórnar. (Sjá bls. 18, 122, 123.) Í sumum tilvikum getur þó verið ráðlegt að safnaðarformaður gegni hlutverki formanns safnaðarstjórnar. Þeir eiga báðir að deila með sér hirðisstarfinu í söfnuðinum. Safnaðarformenn eiga í samráði við prestinn að taka á sínar herðar mikinn hluta þeirrar ábyrgðar sem hirðisstarfið er með því að heimsækja safnaðarfólk, að bera umhyggju fyrir hinum sjúku, að skipuleggja smurningu sjúkra og framkvæma hana, hafa barnshelgun og að uppörva þá sem niðurbeygðir eru og aðstoða við önnur prestsstörf. Sem aðstoðarhirðir á hann að hafa vakandi auga með hjörð þeirri, sem hann ber ábyrgð á.

Sé presturinn ekki vígður á söfnuðurinn eða söfnuðir þeir sem hann þjónar að kjósa hann sem safnaðarformann. (Sjá bls. 19.)

Þar sem Samtök safnaða skipa prest til að þjóna einhverjum söfnuði þjónar hann honum sem starfsmaður Samtakanna og er ábyrgur gagnvart stjórn þeirra en gætir þess ætíð að vera skilningsríkur og samstarfsfús gagnvart þeim söfnuði sem hann þjónar og að starfa í samræmi við allar áætlanir og samþykktir hans. Vegna þess að safnaðarformaður er kjörinn af viðkomandi söfnuði er hann eðlilega ábyrgur gagnvart honum og einnig stjórn hans.

**Starf safnaðarformanna er staðbundið--** Vald og starf vígðra safnaðarformanna er bundið við þann söfnuð sem kaus þá. Stjórn Samtakanna er ekki heimilt með stjórnarsamþykkt að veita safnaðarformanni stöðu

vígðs prests með því að biðja hann um að þjóna öðrum söfnuðum sem safnaðarformaður. Sé þörf á slíkri þjónustu getur stjórn Samtakanna mælt með því við söfnuðinn eða söfnuði þá sem óska eftir þjónustu hans að þeir kjósi hann sem slíkan og biðji hann að þjóna þeim einnig. Þannig getur einn og sami maðurinn þjónað fleiri en einum söfnuði samtímis sé slíkt nauðsynlegt. Þegar slíkur háttur er hafður á skal það einungis gert í samráði við stjórn Samtakanna. Rétt er að taka fram að þetta er á valdi viðkomandi safnaðar en ekki stjórnar Samtakanna. Eina leiðin til að öðlast réttindi að þjóna söfnuðunum almennt er að hljóta vígslu til prestsþjónustu við fagnaðarerindið. (Sjá bls. 18.)

***Að stjórna guðsþjónustum--*** Undir stjórn safnaðarprestsins, eða þegar hann er ekki til staðar, ber safnaðarformaður ábyrgð á guðsþjónustum safnaðarins. Hann verður annaðhvort að sjá um þær sjálfur eða fá einhvern annan til þess. Við kvöldmáltíðina þjónustar ætíð vígður prestur eða safnaðarformaður sjálfur. Venjan er sú, að presturinn er fundarstjóri almennra safnaðarfunda, en sé hann ekki til staðar gegnir safnaðarformaður því hlutverki með samþykki safnaðarprestsins eða formanns Samtakanna.

***Skírnarathöfnin--*** Sé vígður prestur ekki til staðar skal safnaðarformaður biðja formann Samtakanna að sjá um að þeir sem óska að sameinast söfnuði hans verði skírðir. (Sjá bls. 32-36.) Safnaðarformaður ætti ekki að framkvæma skírnarathöfn án þess að fá leyfi til þess frá formanni Samtakanna.

***Hjónavígsla--*** Við hjónavígslu getur aðeins vígður prestur farið með vígsluheitíð, hjúskaparsáttmálann og lýst brúðhjónin rétt saman gefin hjón, nema á þeim svæðum þar sem stjórnir Deilda hafa samþykkt að valdir óvígðir prestar eða prestar með staðbundna heimild sem hlotið hafa vígslu sem safnaðarformenn megi vígja brúðhjón. (Sjá bls. 19.) Lög staðarins geta krafist þess að þeir sem gefa hjón saman hafi einnig réttindi/leyfisbréf frá yfirvöldum staðarins. Vígður eða óvígður prestur, prestur með staðbundna heimild eða safnaðarformaður getur tekið þátt í athöfninni með því að flytja stutta ræðu, bæn eða blessunarorð. (Sjá athugasemd #1, bls. 168)

***Að örva til tíundargreiðslu--*** Safnaðarformaður getur gert mikið til þess að hvetja safnaðarsystkini til að greiða tíund af trúfesti en þó því aðeins

að hann sjálfur greiði trúlega tíund. (Sjá bls. 129.) Safnaðarformenn geta örvað til tíundargreiðslu með því að kenna á samkomum biblíulegar skyldur ráðsmennsku og jafnframt með háttvísu, persónulegu starfi með safnaðarsystkinum. Slíkt starf skyldi innt af hendi á háttvísan hátt og hjálplegan.

Safnaðarformaður á að líta á allt það sem trúnaðarmál er varðar fjármál safnaðarsystkina. Hann má ekki veita óviðkomandi mönnum slíkar upplýsingar.

***Stjórn Biblíurannsókn, bænaliíf og samfélag við Jesú--*** Sem andlegir leiðtogar ber safnaðarformönnum að hvetja meðlimina til að efla persónulegt samband sitt við Jesú með því að rækta persónulega rannsókn Biblíunnar og bænaliíf. Safnaðarformenn ættu að vera fyrirmynd meðlimanna á því sviði. Öflugt bænaliíf þeirra og stuðningur við allar greinar safnaðarstarfsins eflir átak og áhrif þess. Safnaðarformenn geta óskað eftir því að safnaðarstjórnin setji upp ráðgefandi nefnd til að aðstoða og hvetja slíkt starf.

***Stjórn allar greinar trúboðsstarfs--*** Safnaðarformenn starfa undir stjórn safnaðarprestsins og starfa með honum sem andlegir leiðtogar safnaðarins og þeim ber að styðja allar greinar og deildir starfsins. Gott samband þarf að vera milli hans og allra annarra embættismanna safnaðarins og þeir að reynast hver öðrum hjálplegir.

***Samstarf við Samtök safnaðanna--*** Allir embættismenn hvers safnaðar, þar með taldir safnaðarprestur, safnaðarformenn og aðrir embættismenn hans, eiga að starfa af heilum hug með embættismönnum Samtakanna og deildarstjórum þeirra að því að hrinda í framkvæmd öllum áætlunum sem samþykktar hafa verið. Þeir eiga að tilkynna söfnuðinum um allar fastar og sérstakar fórnargjafir og kynna og styðja öll verkefni og starf safnaðarins og hvetja alla embættismenn hans til að styðja áform og reglugerðir Samtakanna.

Safnaðarformenn eiga að hafa náið samstarf við safnaðargjaldkera og sjá til þess að allir fjármunir og fórnir ætlaðar Samtökunum gangi til gjaldkera þeirra á tilteknum tíma. Þeir eiga að fylgjast með því að skýrsla safnaðarritara til ritara Samtakanna sé send á réttum tíma í lok hvers ársfjórðungs.

Þeir eiga að líta á öll bréf frá skrifstofu Samtakanna sem mikilvæg bréf.



Bréf með tilkynningum til safnaðarins á að lesa á réttum tíma.

Í fjarveru prestsins ber yfirsafnaðarformanni (sjá bls. 105) að sjá til þess að fulltrúar á aðalfund Samtakanna séu kjörnir og að safnaðarritari sendi nöfn fulltrúa til skrifstofu Samtakanna.

**Stuðningur við heimsstarfið--** Safnaðarformönnum ber einnig að hlúa að alheimskristniboðsstarfi safnaðarins. Það eiga þeir að gera með því að kynna sér vandlega starf það sem söfnuður okkar hefur með höndum um víða veröld og hvetja einstaklinga til að taka persónulegan þátt í því og styðja. Vingjarnleg og háttvís framkoma mun reynast áhrifarík til að hvetja safnaðarsystkinin til fórnfýsi og gjafmildi bæði á guðsþjónustum og í hvíldardagsskólanum.

**Þjálfun safnaðarformanna--** Prestadeild Samtakanna vinnur að þjálfun safnaðarformanna í samstarfi við aðrar deildir. Prestur staðarins ber þó meginábyrgðina á þjálfun safnaðarformanna. (Sjá athugasemd #2, bls. 168)

**Frelsi til að vera virkir--** Einkum ætti að tryggja það að safnaðarformenn séu lausir við aðrar skyldur svo þeir geti verið virkari í margvíslegum skyldustörfum sínum. Í sumum tilvikum gæti verið æskilegt að biðja þá um að standa fyrir útbreiðslustarfi safnaðarins en slíkt skyldi forðast ef aðrir innan safnaðarins hafa hæfileika til þess.

**Yfirsafnaðarformaður--** Í fjölmönnum söfnuðum er skynsamlegt að velja fleiri en einn safnaðarformann. Kröfur embættisins geta verið of miklar fyrir einn mann og á því að deila starfinu á eins marga og þarf til þess að inna það af hendi. Í slíkum tilvikum á að velja einn þeirra sem „yfirsafnaðarformann.“ Starfinu skal þá deilt á safnaðarformennina í samræmi við reynslu þeirra og hæfileika.

**Takmarkað vald--** Safnaðarformenn hafa ekki vald til þess veita fólki inngöngu í söfnuðinn að eigin vild eða víkja safnaðarfólki úr honum. Það er aðeins á valdi safnaðarins með atkvæðagreiðslu. Einungis safnaðarstjórnin getur mælt með því að söfnuðurinn greiði því atkvæði sitt að taka inn safnaðarfólk eða vísa því burt. (Sjá bls. 35, 42.)

## Safnaðarleiðtogar

Stöku sinnum stendur þannig á að enginn finnst sem hefur nauðsynlega reynslu og hæfileika til að taka að sér embætti safnaðarformanns. Þegar þannig stendur á þarf söfnuðurinn að kjósa einhvern sem „leiðtoga.“ Þar sem enginn prestur er til staðar eða einhver sem Samtökin hafa falið það starf ber leiðtoginn ábyrgð á guðsþjónustum safnaðarins og almennum safnaðarfundum. Annaðhvort verður hann að annast þessar samkomur sjálfur eða finna einhvern annan til þess.

Safnaðarleiðtogi hefur ekki heimild til að þjónusta við neina af helgiathöfnum safnaðarins. Hann getur hvorki skírt né haldið kvöldmáltíð. Hann getur heldur ekki vígt brúðhjón eða stýrt þeim almennu safnaðarfundum þar sem ákvarðanir eru teknar um að beita safnaðarsystkini safnaðaraga. Biðja á formann Samtakanna að útvega vígðan prest til að stýra slíkum fundum.

## Safnaðarþjónar

Embætti safnaðarþjóns er lýst í Nýja testamentinu þar sem gríska orðið diakonos er notað, en af því er orðið „djákni“ dregið. Gríska orðið þýðir „þjónn, prestur, rithöfundur, aðstoðarmaður“ og á meðal kristinna manna hefur það fengið þá sérstöku merkingu sem núna er bundin orðinu „safnaðarþjónn.“

Í frásögninni um val þeirra manna, sem síðar voru þekktir í hinni postullegu kirkju sem djáknarnir sjö (Post 6.1-8) er okkur tjáð að þeir voru kjörnir og vígðir til þess að sinna starfi safnaðarins. Í 1Tím 3.8-13 má finna hvaða eiginleika þeir ættu að hafa og í ljós kemur að þeim svipar til þess sem ætlast var til af safnaðarformönnum.

„Sú staðreynd að þessir bræður höfðu verið vígðir til þess sérstaka starfs að sinna þörfum fátækra útilokaði þá ekki frá því að boða trúna. Þvert á móti voru þeir fyllilega hæfir til að kenna öðrum sannleikann og þeir tóku þátt í verkinu af mikilli alvöru og með góðum árangri.“ AA, bls. 90.

„Það varð söfnuðunum til mikillar blessunar að þessir sjö menn voru skipaðir til að hafa umsjón með sérstökum þáttum verksins. Þessir embættismenn huguðu vandlega bæði að þörfum einstaklinga og einnig hinum almennu fjárhagslegu hagsmunum safnaðarins og með skynsamlegri stjórnun sinni og guðrækilega fordæmi voru þeir öðrum leiðtogum

safnaðarins mikilvæg hjálp við að tengja hina ýmsu hagsmuni safnaðarins í órofa heild.“ AA, bls. 89.

Skipun safnaðarþjóna í safnaðarkosningum nú á dögum veitir svipaðar blessanir í stjórnun safnaðarins með því að létta skyldum af prestum, safnaðarformönnum og öðrum embættismönnum, sem safnaðarþjónar geta með góðu móti innt af höndum

„Tíma og krafta þeirra sem Guð hefur í forsjón sinni lagt á mikla ábyrgð og sett í leiðtogastöður í söfnuðunum á að nýta til að fjalla um mikilvægari mál sem krefjast sérstakrar visku og mannkærleika. Það er ekki að ráði Guðs að leitað skuli til slíkra manna til að skera úr minni háttar málum sem aðrir eru vel hæfir til að útkljá.“ AA, bls. 93.

**Safnaðarþjónaráð--** Þar sem söfnuður hefur það marga safnaðarþjóna að það réttlæti myndun safnaðarþjónaráðs fer vel á því að stofna slíkt ráð þar sem yfirsafnaðarþjónn er formaður og annar safnaðarþjónn ritari. Slíkt ráð getur verið skipulegur vettvangur til að dreifa ábyrgð og til að samræma störf safnaðarþjóna söfnuðinum til heilla. Þar gefst líka tækifæri til að þjálfra unga menn sem hafa verið réttilega kjörnir sem safnaðarþjónar og fræða þá um skyldur þeirra.

**Safnaðarþjónar verða að hljóta vígslu--** Nýkjörinn safnaðarþjónn getur ekki tekið við embætti fyrr en hann hefur verið vígður af vígðum presti sem hefur starfsleyfi frá Samtökunum.

Vígður prestur þjónustar við þessa helgu vígsluathöfn sem á að fara fram á látlausan hátt í viðurvist safnaðarins. Í athöfninni má fjalla stuttlega um mynd Biblíunnar af embætti safnaðarþjóns, eiginleikana sem krafist er af slíkum þjóni safnaðarins og helstu skyldur sem honum er heimilt að sinna fyrir söfnuðinn. Eftir nokkur hvatningarorð um trúmennsku í starfi vígír presturinn safnaðarþjóninn með bæn og handayfirlagningu og nýtur við það aðstoðar safnaðarformanns þar sem það á við. (Sjá bls. 23.)

Ef hann hefur eitt sinn verið vígður sem safnaðarþjónn og verið trúr og gegn safnaðarmaður allar götur síðan er ekki nauðsynlegt að vígja hann aftur jafnvel þótt hann hafi flutt safnaðarbréf sitt til annars safnaðar. Þegar kjörtímabil hans er á enda verður að endurkjósa hann eigi hann að halda áfram að þjóna sem safnaðarþjónn.

Hafi maður sem vígður hefur verið sem safnaðarformaður verið kosinn sem safnaðarþjónn þá er ekki nauðsynlegt að vígja hann sem slíkan. Vígsla

hans sem safnaðarformanns gildir einnig fyrir embætti þetta.

**Safnaðarþjónar geta ekki veitt forstöðu--** Safnaðarþjónar hafa ekki vald til að stjórna helgiathöfnum safnaðarins eða fundum. Þeir geta heldur ekki gefið einstaklinga saman eða staðið fyrir inntöku eða flutningi meðlima.

Ef söfnuðurinn hefur engan sem hefur vald til slíkra athafna ber honum að leita aðstoðar Samtakanna.

**Skyldur safnaðarþjóna--** Starf safnaðarþjóna er fjölþætt og felur í sér eftirfarandi:

1. *Aðstoð við guðsþjónustur og samkomur--* Á safnaðarsamkomum er það venjulega starf safnaðarþjóna að bjóða safnaðarfólk og gesti velkomna þegar þeir koma til kirkju og hjálpa þeim til að finna sæti ef með þarf. Þeir eru einnig ávallt reiðubúnir að starfa með prestri og safnaðarformönnum að því að allt fari vel fram og skipulega á samkomum í kirkjunni.

2. *Heimsókn safnaðarsystkina--* Í mörgum söfnuðum er heimsóknarstarf skipulagt þannig að safnaðarsystkinum er skipt niður í svæði og hvert þeirra falið safnaðarþjóni og þess vænst að hann heimsæki hvert heimili að minnsta kosti einu sinni á ársfjórðungi.

3. *Undirbúningur undir skírnarathöfn--* Safnaðarþjónar gera nauðsynlegan undirbúning undir skírnarathöfnina. (Sjá bls. 36.)

4. *Aðstoð við kvöldmáltíðina--* Við fótaþvottinn sjá safnaðarþjónar eða systur um að allt sé til reiðu fyrir athöfnina, eins og handklæði, skálar, vatn, fötur. Eftir athöfnina sjá þeir til þess að áhöld og handklæði séu þvegin og sett aftur á sinn stað.

Eftir kvöldmáltíðina skal gæta þess að enginn neyti þess sem eftir er af brauði eða víni, heldur skulu safnaðarþjónar og systur tryggja að þeim sé eytt á virðulegan hátt.

5. *Umönnun sjúkra og fátækra--* Annað mikilvægt starf safnaðarþjóna er umönnun sjúkra, að hjálpa fátækum og aðstoða ógæfusama. Þeir ættu að gera söfnuðinum grein fyrir þörfum þeirra og leita eftir stuðningi meðlimanna. Peningar til þessa starfs eiga að koma úr þeim sjóði safnaðarins sem ætlaður er fyrir hina þurfandi. Gjaldkerinn mun, að fenginni heimild safnaðarstjórnar, láta safnaðarþjóna og safnaðarsystur fá það fé sem þörf er á til hjálpar nauðstöddum..

6. *Umsjón með eignum safnaðarins og viðhald þeirra--* Í sumum söfnuðum þar sem umsjón og viðhald eigna safnaðarins er ekki í höndum

byggingarnefndar er hún ábyrgð safnaðarþjóna og systra. (Sjá athugasemð #3 bls. 168.)

### **Safnaðarsystur**

Safnaðarsystur voru hluti af starfsmannaliði hinna fyrstu kristnu kirkna.

„Ég fel yður á hendur Föbe, systur vora, sem er þjónn safnaðarins í Kenkreu. Veitið henni viðtöku í Drottni eins og heilögum hæfir og liðsinnið henni í hverju því, sem hún þarf yðar við, því að hún hefur verið bjargvættur margra og mín sjálfs“ (Róm 16.1-2).

Safnaðarsystur eru kosnar vegna helgunar þeirra og annarra kosta sem gera þær hæfar til að inna af hendi skyldur embættisins.

**Safnaðarsystraráð--** Þar sem margar safnaðarsystur eru kosnar á að mynda safnaðarsystraráð þar sem yfirsafnaðarsystir er formaður og önnur er ritari. Þetta ráð hefur vald til þess að úthluta hverri einstakri safnaðarsystur skyldustörfum og það starfar náið með safnaðarþjónaráði, einkum við að bjóða safnaðarfólk og gesti velkomna svo og í heimsóknarstarfi. Það sér einnig um að kynna nýjum safnaðarsysturum skyldur þeirra.

**Vígsla safnaðarsystra--** Við slíka athöfn skal þjóna vígður prestur með gilt starfsleyfi frá Samtökunum. Slík athöfn ætti að vera einföld í sniðum og fara fram frammi fyrir söfnuðinum.

Séu þær góðir og gegnir meðlimir safnaðarins þarf ekki að vígja þær á ný þó þær flytji til annarra safnaða. Þegar kjörtímabili þeirra lýkur verður að endurkjósa þær ef þær eiga að halda áfram sem safnaðarsystur.

**Skyldur safnaðarsystra--** Safnaðarsystur þjóna söfnuðinum á margvíslegan hátt, meðal annars með:

1. *Að heilsa gestum og meðlimum og heimsækja þá--* Í mörgum söfnuðum aðstoða safnaðarsystur við að heilsa gestum og meðlimum þegar þeir koma til samkomuhalds. Þær aðstoða einnig við að heimsækja meðlimi sem geta ekki sótt samkomur.

2. *Aðstoð við skírnn--* Safnaðarsystur aðstoða við skírnnarathafnir og sjá til þess að hugsað sé um kvenskírnnþega bæði fyrir og eftir skírnnarathöfnina. Þær gefa einnig ráð og veita hjálp sem þarf varðandi víðeigandi skírnnarklæðnað. Kyrtlar úr víðeigandi efni ættu að vera til reiðu. Þar sem

kyrtlar eru notaðir eiga safnaðarsystur að sjá til þess að þeir séu þvegnir og vandlega frá þeim gengið svo að þeir séu til taks í framtíðinni. (Sjá bls. 36.)

3. *Undirbúningur undir kvöldmáltíð*-- Safnaðarsystur og þjónar sjá um undirbúning alls sem þörf er fyrir bæði við slíka athöfn og einnig að ganga vandlega frá öllu að henni lokinni. (Sjá bls. 118.)

Áður en kvöldmáltíðin hefst undirbúa safnaðarsysturnar kvöldmáltíðarborðið, svo sem að undirbúa brauðið og vínið, ganga frá kvöldmáltíðarborðinu, hella víninu í bikarana, setja bakkana með ósýrða brauðinu á borðið og breiða á það dúk sem er sérstaklega til þess ætlaður.

Safnaðarsysturnar aðstoða við fótaþvottinn og hjálpa sérstaklega konum sem eru gestir eða hafa nýlega sameinast söfnuðinum.

4. *Umönnun fyrir sjúkum og fátækum*-- Safnaðarsysturnar eiga að taka þátt í að annast sjúka, nauðstadda og ógæfusama og að starfa með safnaðarþjónum í þessu verki.

5. *Umsjón með eignum safnaðarins og viðhald þeirra*-- Í sumum söfnuðum þar sem umsjón og viðhald eigna safnaðarins er ekki í höndum byggingarnefndar er þetta á ábyrgð safnaðarþjóna og systra. (Sjá athugasemd #3, bls. 168, 169.)

### **Safnaðarritari**

Hvort starf safnaðarins reynist skilvirkt eða ekki er mjög svo háð því hvernig safnaðarritari gegnir starfi sínu. Vegna þess hve hlutverk þessa embættis er mikilvægt og sérhæft er skynsamlegt að velja þann/þá sem hægt er að endurkjósa aftur og aftur til þess að órofið samhengi í skýrslugerð geti varað sem lengst. Í stærri söfnuðum má kjósa aðstoðarritara eftir þörfum. Geti ritarinn af einhverjum ástæðum ekki verið viðstaddur einhvern slíkan fund á að ganga frá því að aðstoðarmaður verði viðstaddur til þess að færa fundargerð. (Sjá athugasemd #4, bls. 169.)

### ***Engum nöfnum bætt við og engin tekin afskrá án samþykkis safnaðarins***--

Safnaðarstjórnin ein getur hvorki bætt nafni á skrá né tekið nafn af skrá. Ritariinn hefur ekki vald til þess að bæta nafni á skrá eða taka nafn af skrá án samþykkis safnaðarins nema þegar um andlát er að ræða. Þegar safnaðarmaður deyr á ritariinn að skrá dánardægur gegnt nafni viðkomandi í safnaðarskrána. (Sjá bls. 42.)

**Flutningur safnaðarbréfs--** Ritari safnaðarins annast bréfaskipti við safnaðarfólk og söfnuði varðandi flutning á safnaðarbréfi. (Sjá bls. 38-43.)

**Bréfaskipti við safnaðarfólk--** Ritarinn á að leitast við að halda sambandi við fjarverandi safnaðarsystkini með bréfaskriftum. (Sjá athugasemd #5, bls. 169.)

**Skilríki fulltrúa á aðalfund Samtaka safnaða--** Safnaðarstjórnin felur safnaðarritara að gefa út skilríki til allra fulltrúa sem kjörnir eru til að koma fram fyrir hönd viðkomandi safnaðar á aðalfundi Samtakanna og sendir þau strax til ritara þeirra. Öll slík eyðublöð er hægt að fá á skrifstofu Samtakanna. (Sjá bls. 105, 106.)

**Skýrslur sendar skilvíslega--** Það er skylda ritara hvers safnaðar að fylla skilvíslega út vissar skýrslur. Sumum skýrslum ber að skila árlega, öðrum ársfjórðungslega. Það er mikilvægt að þær séu sendar ritara Samtakanna á réttum tíma því að þær eru mikilvægar svo að svæðið geti gefið nákvæma skýrslu til annarra stofnana Heimssamtakanna. Ritarinn fær upplýsingar fyrir þessar skýrslu hjá öðrum embættismönnum og deildastjórum.

**Safnaðarskrár--** Ritari safnaðarins varðveitir safnaðarskrár. Þeirra ber að gæta vandlega. Allar skrár og bókhaldsbækur hinna ýmsu embættismanna safnaðarins eru eign hans og ber að afhenda þær nýkjörnum ritara við lok kjörtímabilsins eða söfnuðinum hvenær sem er á kjörtímabilinu eftir beiðni safnaðarformanns eða prestsins.

## Safnaðargjaldkeri

Vegna þess hve hlutverk safnaðargjaldkera er mikilvægt er skynsamlegt að velja þann/þá sem hægt er að endurkjósa aftur og aftur til þess að órofið samhengi í skýrslugerð geti varað sem lengst. Það kann að þykja ráðlegt að kjósa einnig aðstoðargjaldkera í stærri söfnuðum.

Gjaldkerinn getur lagt mikið af mörkum til að hvetja til trúmennsku í að greiða tíund og efla anda orlætis hjá safnaðarfólki. Leiðbeiningarorð í anda meistarans munu hjálpa bróður eða systur til að láta Guð fá af trúfesti það sem honum tilheyrir í tíund og gjöfum jafnvel á tímum fjárhagserfiðleika.

**Safnaðargjaldkeri geymir alla sjóði og fjármuni safnaðarins--** Gjaldkeri

safnaðarins geymir alla sjóði og fjármuni safnaðarins. Sjóðir þessir og fjármunir eru: (1) fjármunir Samtakanna, (2) sjóðir og fjármunir viðkomandi safnaðar og (3) sjóðir og þeir fjármunir sem hin ýmsu félög safnaðarins eiga.

Gjaldkeri safnaðarins lætur alla sjóði og fjármuni (Samtakanna, safnaðarins og einstakra félaga innan safnaðar hans) á bankareikning í nafni safnaðarins, nema Samtökin gefi heimild til annars.

Umframfjármagn safnaðarins má leggja inn á sérkjarareikninga samkvæmt samþykkt safnaðarstjórnar. Þar sem um stórar upphæðir er að ræða vegna byggingaverkefnis eða sérstakra verkefna getur safnaðarstjórnin veitt heimild fyrir fleiri aðskilda bankareikninga. En slíkir reikningar eiga samt að vera undir stjórn gjaldkerans sem ber að gefa skýrslu um þá ásamt öðrum reikningum.

Allir bankareikningar eru einungis fyrir sjóði safnaðarins og þeim á aldrei að blanda saman við neinn persónulegan einkareikning eða sjóð.

***Fjármunir Samtakanna--*** Fé það sem Samtökin eiga, eins og tíundin, allar reglulegar kristniboðsgjafir og allir fjármunir fyrir sérstök verkefni Samtakanna og stofnanir þeirra, eru trúnaðarsjóðir. Í lok hvers mánaðar, eða oftár ef óskað er, á gjaldkeri safnaðarins að senda gjaldkera Samtakanna alla þá fjármuni sem inn hafa komið þann mánuð og tilheyra Samtökunum. Söfnuðurinn má ekki fá að láni, nota, né halda eftir til neinna hluta af fjármunum þeim sem tilheyra Samtökunum.

***Gjafir og fórnir frá hvíldardagsskólanum--*** Gjaldkeri hvíldardagsskólans á að láta gjaldkera safnaðarins fá vikulega allar hvíldardagsskólajafir til kristniboðsstarfsins en safnaðargjaldkeri heldur nákvæmt bókhald yfir allar slíkar gjafir. Þessar kristniboðsgjafir á að senda skrifstofu Samtakanna eins og greint er frá hér að ofan. Gjafir til reksturs hvíldardagsskólans á gjaldkeri safnaðarins einnig að fá í hendur vikulega og geyma þar til hvíldardagsskólaráð (sjá bls. 87-90.) samþykkir greiðslur til að standa straum af venjulegum rekstri hvíldardagsskólans.

***Safnaðarsjóðir--*** Safnaðarsjóðir eru meðal annars rekstrarsjóður, byggingarsjóður, viðhaldssjóður og hjálparsjóður safnaðarins. Þessir sjóðir tilheyra viðkomandi söfnuði og gjaldkerinn greiðir aðeins úr þeim að fenginni heimild frá safnaðarstjórn eða almennum safnaðarfundi.



Gjaldkeri safnaðarins skal greiða úr rekstrarsjóði safnaðarins alla reikninga fyrir útgjöldum safnaðarins sem safnaðarstjórn hefur gefið heimild til.

***Sjóðir og fjármunir hinna ýmsu félaga safnaðanna--*** Sjóðir ýmissa félaga safnaðarins eru t.d. fjármunir ungmennafélags og systrafélags, rekstrarsjóður hvíldardagsskólans, sá hluti sjóðs heilbrigðisdeildarinnar sem tilheyrir viðkomandi söfnuði; einnig gæti sjóður safnaðarskólans fallið undir þetta. Alla fjármuni sem þessi félög fá eiga ritarar félaganna eða safnaðarþjónar að láta strax í hendur gjaldkera safnaðarins. Sjóðir þessir tilheyra hinum ýmsu félögum innan hans. Aðeins þau félög, sem eiga fjármunina geta veitt heimild til þess að verja þeim.

Gjaldkerinn skal gefa kvittun fyrir öllum fjármunum þeim sem hann tekur við. Þegar ritari slíks félags tekur við fjármunum hjá gjaldkera safnaðarins skal hann gefa kvittun fyrir þeim til gjaldkerans.

***Tilgangur fjármunanna tryggður--*** Þegar gjafir eru gefnar til alheimskristniboðsstarfsins eða einhverra almennra verkefna eða málefna viðkomandi safnaðar skal líta á alla fjármuni sem lagðir eru í gjafakörfuna (nema annað sé tekið fram af gefandanum) sem hluta af þeirri sérstöku fórn sem um ræðir hverju sinni. Það er ákaflega mikilvægt að allar gjafir og fórnir sem einstaklingar leggja fram til safnaðarins í ákveðnum tilgangi verði notaðar í þeim tilgangi. Hvorki gjaldkeri safnaðarins né safnaðarstjórn hefur heimild til þess að nota fjármuni til annars en þess sem þeir voru ætlaðir.

Fjármunir hinna ýmsu félaga safnaðarins, en all verulegur hluti þeirra er oft sérstakar gjafir gefnar í ákveðnum tilgangi, hafa verið gefnir til þeirrar sérstöku greinar safnaðarstarfsins sem hin ýmsu félög safnaðarins voru stofnuð til að sinna. Slíkir fjármunir eru geymdir hjá gjaldkera safnaðarins og hvorki gjaldkerinn né safnaðarstjórnin má fá þá að láni né á nokkurn hátt beina þeim frá þeim tilgangi sem þeir voru ætlaðir.

Þegar eitthvert félag safnaðarins er lagt niður getur söfnuðurinn samþykkt á reglulegum safnaðarfundi hvernig ráðstafa skuli þeim fjármunum og sjóðum sem eftir kunna að vera í eigu slíks félags.

***Greiðslur fyrir bóka- og blaðapantanir einstaklinga--*** Á svæðum sem hafa ekki bókaverslun aðventista sér gjaldkeri safnaðarins um greiðslur fyrir bókapantanir einstaklinga, bæklinga og blöð og áskrift tímarita. (Sjá

athugasemd #6, bls. 169.)

***Greiðslumáti safnaðarsystkina--*** Gjaldkerinn skal leggja á það ríka áherslu að allir þeir fjármunir aðrir en reglulegar safnaðargjafir sem greiddir eru af safnaðarsystkininum verði látnir í tíundar- og gjafaumslögin og jafnframt að fara þess á leit við öll safnaðarsystkini að þau skrái hinar ýmsu gjafir og upphæðir á umslagið (nema Samtökin hafi ákveðið aðra leið) eins og þar er sýnt og þau gæti þess að þeir fjármunir sem eru í umslaginu stemmi við þá lokatölu sem þar er. Safnaðarsystkini eiga þá að skrifa nafn sitt og heimilisfang á umslagið og láta það í gjafakörfuna eða afhenda gjaldkeranum, en hann á að geyma slík umslög sem fylgiskjöl þar til endurskoðandi Samtakanna hefur endurskoðað bókhald hans.

Safnaðarfólk sem greiðir tíund sína og gjafir með ávísun eða giróseðli ætti að stíla slíka ávísun á söfnuðinn frekar en einhvern einstakling hvar sem það er mögulegt frá lagalegu sjónarmiði.

***Kvittanir handa safnaðarsystkininum--*** Gjaldkeri safnaðarins skal ekki draga að senda kvittanir fyrir öllum upphæðum sem hann tekur við, hversu smáar sem þær eru, og halda nákvæmt bókhald yfir allar greiðslur sem hann tekur á móti og jafnframt þær sem hann innir af hendi. Allar almennar gjafir og fórnir sem eru ekki í umslögum ætti gjaldkerinn að telja í návist annars embættismanns safnaðarins, helst safnaðarþjóns, og sá embættismaður á að fá kvittun.

***Hvernig koma skal peningasendingum til Samtakanna--*** Þegar gjaldkerinn sendir fjármuni til Samtakanna ber honum að stíla allar ávísanir á Samtökin hvar sem það er mögulegt frá lagalegu sjónarmiði en ekki á neinn einstakling. Ásamt greiðslunni skal senda afrit úr bók gjaldkerans. Eyðublöð fyrir peningasendingar fást hjá Samtökunum. (Sjá bls. 128, 129.)

***Varðveisla fylgiskjala--*** Fylgiskjöl eða kvittaðir reikningar verða að vera til fyrir öllum peningagreiðslum í samræmi við kröfur viðkomandi Samtaka.

***Bækur skulu endurskoðaðar--*** Gjaldkeri Samtakanna eða einhver annar einstaklingur til þess skipaður af þeim skal endurskoða bókhald safnaðarins, venjulega árlega.

Endurskoðandi Samtakanna, prestur safnaðarins, yfirsafnaðarformaður,

svæðisleiðtogi, eða hver annar sem hefur til þess heimild frá safnaðarstjórn getur beðið um að fá að skoða bækur gjaldkera safnaðarins og önnur bókhaldsgögn sem snerta starf gjaldkera hans, gjaldkera safnaðarskólans eða gjaldkera hinna ýmsu félaga safnaðarins, en gögn þessi á ekki að láta í hendur óviðkomandi einstaklinga. (Sjá bls. 132, 133.)

Skýrslu um alla fjármuni sem inn hafa komið og út hafa verið greiddir á að leggja fyrir reglulegan safnaðarfund. Helstu embættismenn safnaðarins eiga að fá eintak af þessari skýrslu.

Þegar gefin er skýrsla um fjölda þeirra sem greiða tíund í söfnuðinum á einnig að telja með maka og börn undir 16 ára aldri sem afla ekki tekna en tilheyra söfnuðinum, auk þess aðila sem er fyrirvinna heimilisins.

***Trúnaðarsamband við safnaðarsystkini--*** Gjaldkeri skal ávallt minnst þess að samband hans við einstök safnaðarsystkini er algert trúnaðarmál. Hann á að gæta þess vel og vandlega að minnst aldrei á tíund sem safnaðarsystkini greiða né á tekjur þeirra eða neitt í því sambandi nema við þá sem deila með honum ábyrgðinni á starfinu. Mikill skaði getur hlotist af því að víkja frá þessari reglu.

### **Tengiliður áhugasamra**

Mikilvægt er að sinna skjótlega þeim sem fá áhuga á boðskapnum fyrir trúboðsstarf safnaðarins. Í því augnamiði skal kjósa tengilið áhugasamra þegar kjörnir eru embættismenn safnaðarins. Einstaklingur þessi á sæti í safnaðarstjórn og leikmannaráði og starfar náð með prestinum og formanni þess ráðs.

Skyldur þessa embættis eru m. a. þessar:

1. Að halda skipulegan lista með nöfnum allra sem sýnt hafa áhuga á boðskap safnaðarins.
2. Að aðstoða prestinn og formann leikmannaráðs við að fá hæfa leikmenn til áframhaldandi starfs fyrir þessa einstaklinga.
3. Að gefa safnaðarstjórninni mánaðarlega skýrslu um fjölda þeirra sem sýnt hafa boðskapnum áhuga og fjölda þeirra þar sem áhuganum hefur verið fylgt eftir. Þegar áhuginn hefur verið nægilega ræktaður ber að kynna það fyrir prestinum.

### **Deildir safnaðarins og aðrar hjálpardeildir**

Skipulag safnaðarins er afar mikilvægt fyrir andlegan vöxt meðlimanna og til að gera söfnuðinum kleift að uppfylla hlutverk sitt undir leiðsögn Heilags anda. Það svarar til beinagrindar líkamans. Kristur „tengir líkamann saman og heldur honum saman, með því að láta sérhverja taug inna sína þjónustu af hendi, allt eftir þeim krafti, sem hann úthlutar hverri þeirra. Þannig lætur hann líkamann vaxa og byggjast upp í kærleika“ (Ef 4.16).

Mikilvægustu þættir skipulags einstaks safnaðar felast í hlutverkum embættismanna hans (sjá bls. 62-76) ásamt deildum hans og hjálpardeildum. Þessi kaflar lýsir fyrirkomulagi, markmiðum, stjórnun, hlutverkum og verksviðum þeirra.

Starf deilda og hjálpardeilda hvers safnaðar tengjast náið starfi safnaðarprestans þar sem bæði hann og þær vinna að sama verkefni. Safnaðarpresturinn er náinn ráðgjafi nefnda allra hjálpardeilda og deildirnar aðstoða við að samhæfa störf þeirra og verkefni safnaðarins í heild. Í neyðartilvikum eða þegar kringumstæður krefjast getur safnaðarpresturinn kallað til fundar hvaða stjórn, nefnd eða félag safnaðarins sem vera skal.

Hver söfnuður ætti að nýta sér þjónustu hinna ýmsu deilda sem lýst er í þessum kafla til að byggja upp meðlimi sína og hrinda í framkvæmd því verki sem Kristur fól kirkju sinni. (sjá Matt 28.19; Opb 10.11; 14.6.)

## **Deild barnastarfs**

Deild Barnastarfsins er ætlað að efla trúarlíf barna frá fæðingu til fjórtán ára aldurs og leiða þau inn í söfnuðinn. Hún leitast við að sjá fyrir margvíslegri efnisskrá sem mun leiða börnin til Jesú og hjálpa þeim í daglegri göngu þeirra með honum. Í þessu verkefni samstarfar hún með hvíldardagsskóladeildinni og öðrum deildum sem vinna að því að sjá börnunum fyrir trúfræðslu. Þær uppfylla ætlunarverk sitt með því að byggja upp mismunandi starfsdeildir fyrir börnin. Þeim ber að vera staður þar sem börnin eru óhult og hafa eitthvað að bjóða fyrir alla, einnig ber þeim að leggja áherslu á náð og þjónustu við aðra, byggja upp leiðtoga og hafa áhuga á boðun.

„Það er ekki hægt að leggja of mikla áherslu á að byrja snemma uppeldi barna. Það sem barnið lærir á fyrstu sjö árum ævinnar hefur meiri áhrif á skapgerðarmótun þess en allt sem það lærir eftir þann tíma.“ CG, bls. 193.

„Enn er það satt að börn eru næmest fyrir kenningu fagnaðarerindisins.

Hjörta þeirra eru opin fyrir guðlegum áhrifum og eiga styrk til að geyma þá lærdóma sem þau meðtaka. Lítil börn geta verið kristin og eignast reynslu sem hæfir aldri þeirra. Nauðsynlegt er að fræða þau um andleg efni og foreldrarnir ættu að veita þeim alla möguleika til að móta lyndiseinkunn í líkingu við lyndiseinkunn Krists.“ ÞA, bls. 381.

„Þegar börn eru átta, tíu eða tólf ára, eru þau nægilega gömul til að fá fræðslu um persónulega trú. Kennið ekki börnum ykkar að einhvern tíman í framtíðinni verði þau nógu gömul til að iðrast og trúa sannleikanum. Ef mjög ungum börnum er kennt réttilega geta þau haft rétta skoðun á stöðu sinni sem syndarar og frelsunarleiðinni í Kristi.“ IT, bls. 400.

„Þegar Jesús sagði lærisveinunum að banna ekki börnunum að koma til sín var hann að ávarpa fylgjendur sína á öllum öldum, starfsmenn safnaðanna, presta, aðstoðarfólk og all kristna menn. Jesús laðar að sér börnin, býður okkur að leyfa þeim að koma alveg eins og hann vildi segja: Þau munu koma ef þið bannið þeim það ekki.“ ÞA, bls. 383.

***Leiðtogi barnastarfsins og barnastarfsnefnd--*** Leiðtogi barnastarfsins er kjörinn af söfnuðinum til að þróa sérhæft starf til að rækta upp trú barnanna. Leiðtoginn ætti að vera einhver sem býr yfir miklum siðgæðis- og siðferðisþroska og sýnir kærleika sinn og hollustu við Guð og söfnuðinn.

Leiðtogi barnastarfs vinnur með safnaðarpresti og safnaðarstjórn að því að setja upp barnastarfsnefnd til að sjá fyrir þjónustu fyrir börnin í söfnuðinum. Meðlimir hennar eru valdir á grundvelli sérþekkingar þeirra og áhuga á að starfa með börnum. Yfirleitt eru meðlimir hennar þessir: leiðtogar hvíldardagsskóladeildanna, leiðtogi Biblíuskóla barnanna, leiðtogi yngri aðventunglinga auk tveggja til þriggja annarra sem hafa djúpstæðan áhuga á að starfa fyrir börnin.

Séu Biblíuskóli barnanna, „útibú“ barnahvíldardagsskóla, Biblíu-klúbbur og sögustund starfrækt í söfnuðinum heyra þær allar undir stjórn barnastarfsdeildarinnar. Hver og einn sem starfar með börnunum verður að uppfylla kröfur og staðal kirkjunnar og löglegra yfirvalda eins og ferilskoðun og starfsréttindi. Leiðtogum hvers safnaðar ber að hafa samráð við Samtökin sem munu vera ráðgefandi varðandi hvaða ferilskoðanir og starfsréttindi eru fánleg. (Sjá athugasemd #7, bls. 170.)

**Hjálpargögn--** Hjálpargögn fyrir barnastarfið má finna í athugasemd #8, bls. 170.

### **Fjölmiðlunardeild**

Fjölmiðlun þarftast stuðnings allra meðlima, starfslíðs og stofnana kirkjunnar. Fjölmiðlunardeildin leggur áherslu á að notuð séu góð almenningstengsl og öll nútíma fjölmiðlataækni og fjölmiðlar við útbreiðslu fagnaðarerindisins. Söfnuðurinn ætti að velja ritara fjölmiðlunardeildar og fjölmiðlunarnefnd, ef þörf krefur.

„Við verðum að neyta allra réttlætanlegra ráða til að færa fólkinu ljósið. Nýtum blöðin og hvern þann auglýsingamiðil, sem vill vekja athygli á starfinu.“ 6T, bls. 36.

„Menn munu finna ráð til að ná til hjartanna. Sumar aðferðir sem notaðar eru í starfinu verða ólíkar aðferðum þeim sem áður hefur verið beitt í verki Guðs.“ Ev, bls. 105.

**Fjölmiðlunarritari--** Fjölmiðlunarritari ætti að hafa hæfileika til að hitta fólk og koma fram fyrir hönd kirkjunnar á réttan hátt, hafa góða dómgreind, góða skipulagshæfileika, vel ritfær og fús að taka að sér verkefni.

Hann ber ábyrgð á að safna fréttum og að dreifa þeim til fjölmiðla staðarins, samstarfar með fjölmiðlunardeild Samtakanna og gefur safnaðarfundum skýrslur öðru hvoru. Fjölmiðlunardeild Samtakanna sér fjölmiðlunarritara safnaðarins fyrir nauðsynlegri þjálfun og aðstoð.

Safnaðarpresturinn sem ber fyrst og fremst ábyrgð á fjölmiðlunarstarfsemi safnaðarins starfar náíð sem ráðgefandi með fjölmiðlunarritara eða fjölmiðlunarnefnd.

Hver deild eða félag innan safnaðarins getur skipað einhvern einstakling til að láta fjölmiðlunarritara eða fjölmiðlunarnefnd í té vitneskju um frétt næma starfsemi þeirrar deildar.

**Fjölmiðlunarnefnd--** Í stórum söfnuði getur fjölmiðlunarnefnd betur annast hina mörgu þætti almenningstengsla og fjölmiðlunarstarfsemi safnaðarins en ritari sem starfar einn og sér. Nefnd þessi, þar sem fjölmiðlunarritari er fundarstjóri, er kosin þegar almennar kosningar til embætta safnaðarins fara fram. Einstökum nefndarmönnum getur verið falið að sinna sérstökum störfum á sviði fjölmiðlunar til að mynda að

vinna með blöðunum, með hljóðvarpi, sjónvarpi og með innri fjölmiðlum safnaðarins. Reki söfnuðurinn stofnun á svæðinu ætti að bjóða þeim sem þar starfa að almenningstengslum að sitja fundi nefndarinnar.

**Miðlæg fjölmiðlunarnefnd--** Ef nokkrir söfnuðir á einhverju svæði koma sér saman um að setja á stofn sameiginlega fjölmiðlunarnefnd á fjölmiðlunarritari hvers safnaðar að eiga sæti í nefndinni og ber þeim að starfa í samræmi við almennt áform um að samræma betur fréttaflutning og önnur fjölmiðlastörf umræddra safnaða. Fjölmiðlunarritari Samtakanna á að hafa frumkvæði að stofnun slíkrar nefndar. Slík nefnd kýs sér sem formann eða fundarstjóra einn af nefndarmönnum sem boðar síðan til funda og stýrir þeim.

## Menntun

Söfnuðurinn rekur sína eigin skóla, allt frá forskóla til háskóla, í þeim tilgangi að innræta börnum sínum hugsjónir þær, trúarskoðanir, afstöðu, gildi, siði og venjur, sem hann hefur í heiðri. Aðventmenntunin miðar að því takmarki að nemandinn öðlist sanna þekkingu á Guði, hafi samneyti og samfélag við hann í námi og þjónustu og þroski lundernið til að líkjast honum.

**Ritari menntamála--** Hver söfnuður kýs sér menntamálaritara til að kynna kristilega menntun og að ávinna henni stuðning. Menntamálaritari á að eiga sæti í stjórn foreldrafélagsins og að starfa í samvinnu við það félag.

**Foreldrafélagið--** Reki söfnuðurinn skóla ætti að stofna foreldrafélag sem hefur það hlutverk að láta í té foreldrafræðslu, sameina heimili, skóla og söfnuðinn í viðleitni þeirra að tryggja börnunum kristna menntun innan safnaðarins. Foreldrar sem eiga börn í skóla safnaðarins, stuðningsmenn hans og safnaðarmeðlimir eru hvattir til að vera virkir í foreldrafélaginu.

Embættismenn foreldrafélagsins eru: formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, bókavörður og menntamálaritari viðkomandi safnaðar. (Sjá bls. 174.) Mælt er með að sumir embættismannanna séu endurkjörnir annað tímabil til að tryggja stöðuga stefnu. Þeir eiga allir að tilheyra söfnuðinum.

Formaður foreldrafélagsins þarf að vera meðlimur safnaðarins með reynslu í að ala upp börn með góðum árangri. Hann þarf að vera opinn fyrir

nýjum hugmyndum, vera vel hæfur til að kenna og hafa trú á mikilvægi kristilegrar menntunar.

Ritari/gjaldkeri á að annast bókhald og aðrar skýrslur félagsins og gefa menntamálaritara Samtakanna skýrslu við upphaf og lok árs. Fjármunir félagsins eru í umsjá gjaldkera safnaðarins eða skólans en er sjálfstæður sjóður og er endurskoðaður í samræmi við reglugerð kirkjunnar.

Skólastjórinn er sjálfkjörinn í foreldrafélagið vegna stöðu sinnar.

**Skólanefnd safnaðarskólans--** Stjórnunaraðili hvers grunnskóla eða unglíngaskóla sem starfræktur er af einum söfnuði á að vera skólanefnd sem viðkomandi söfnuður kýs eða er tilnefnd af safnaðarstjórn. Þessi stjórnunaraðili getur því verið sérstök skólanefnd, safnaðarstjórnin eða nefnd safnaðarstjórnar, sem hún tilnefnir í þessum tilgangi. Starfsreglur Deildarinnar setja fram hlutverk skólanefndanna.

Skólanefndarmenn skulu kjörnir vegna helgunar þeirra, trúar á meginreglur kristilegrar menntunar og hollustu við þær, góðrar dómgreindar og háttvísi, reynslu sinnar í skólamálum og fjármálavits. Þeir þurfa að hafa trú á menntamálastefnu og menntamálatilögum safnaðarins og vera fúsir að fylgja þeim.

Þar sem tveir söfnuðir eða fleiri sameinast um að starfrækja skóla á stjórnunaraðilinn að vera valinn úr þeim söfnuðum sem standa að skólanum.

Einn nefndarmann skólanefndar eða fleiri má velja úr hópi þeirra sem sæti eiga í safnaðarstjórn svo að skólanefnd og safnaðarstjórn verði nátengdar.

Safnaðarprestur skal eiga sæti í skólanefnd. Þar sem skólinn er starfræktur af fleiri en einum söfnuði er það venjan að prestar viðkomandi safnaða eigi sæti í skólanefnd.

Í unglíngaskólum eða grunnskólum skal skólastjórinn eða yfirkennarinn eiga sæti í skólanefnd.

Sumir nefndarmenn geta verið foreldrar barna sem sækja skólann svo að nefndin geti notið góðs af sjónarmiðum og ráðum foreldra sem sprottin eru af náinni skoðun og reynslu.

Embættismenn eiga að vera fundarstjóri og ritari. Starfræki einn söfnuður skólann á hann að kjósa fundarstjórnann.

Í sameiginlegum skólanefndum þar sem skóli er starfræktur af tveim söfnuðum eða fleiri þarf einnig að velja varafundarstjóra, gjaldkera og aðstoðarritara. Á fyrsta fundi eftir kosningar á skólanefndin að kjósa



sér fundarstjóra úr hópi nefndarmanna. Náist ekki samkomulag milli safnaðanna á menntamálaráð Samtakanna eða stjórn þeirra að annast tilnefninguna. Skólastjóri skólans er vanalega útnefndur ritari nefndarinnar.

Þar sem tveir söfnuðir eða fleiri starfrækja skóla sameiginlega verður að leggja hverja þá ákvörðun sem felur í sér fjárhagsskuldbindingar fyrir söfnuðina fyrir viðkomandi safnaðarstjórnir til samþykkis.

Þar sem sérstök skólanefnd er kjörin má nota aðra af tveim aðferðum hvað varðar ákvörðun um hvenær nefndarmenn eru valdir svo og kjörtímabil þeirra: (1) allir nefndarmenn eru kjörnir í lok almanaksársins eða rekstrarársins og starfa í eitt ár eða (2) nefndarmenn fyrstu skólanefndar eru kjörnir sumir til eins árs, aðrir til tveggja ára og enn aðrir til þriggja ára. Nýir nefndarmenn eru svo kjörnir á hverju ári, hver til þriggja ára. Tilgangur þessarar aðferðar er sá að hafa ávallt kjarna reyndra nefndarmanna til að tryggja stöðuga og árangursríka menntamálastefnu. Hætti einhver nefndarmaður störfum á kjörtímabilinu er skarðið fyllt og sá sem fyllir skarðið starfar þá aðeins til loka kjörtímabils þess aðila sem hann kom í staðinn fyrir.

Skólanefndin á að koma saman á ákveðnum tíma og stað að minnsta kosti einu sinni í mánuði yfir skólaárið.

Formaður boðar til funda, jafnframt stjórnar hann þeim og sér um að fylgt sé eftir ákvörðunum nefndarinnar. Hann/hún verður að undirrita allar fjárhagsskuldbindingar ásamt ritara. Formaður er sjálfkjörinn til að eiga sæti í eftirlitsnefnd grunnskóla eða framhaldsskóla safnaðarins. Nefnd þessi skoðar og metur starfsemi grunnskóla og framhaldsskóla safnaðarins.

Ritarinn skráir fundargerð hvers fundar í varanlega fundargerðabók, samþykkir reikninga til greiðslu og sinnir nauðsynlegum bréfaskriftum fyrir nefndina.

Þegar einn söfnuður starfrækir skóla sinnir jafnan gjaldkeri safnaðarins eða aðstoðargjaldkeri starfi gjaldkera. Hann tekur á móti skólagjöldum og öðrum peningum, annast greiðslur að beiðni ritara sem ásamt formanni nefndarinnar samþykkir slíkar greiðslur. Hann heldur nákvæmt bókhald yfir alla fjármuni sem fara um hendur hans og færir nefndinni nákvæma skýrslu á fundi hennar í hverjum mánuði. Í sameiginlegri skólanefnd, þar sem tveir söfnuðir eða fleiri eiga hlut að máli, er gjaldkeri útnefndur af nefndinni til að sinna þessu starfi.

## Fjölskyldudeildin

Meginmarkmið fjölskyldueildarinnar er að efla hjónabandið og fjölskylduna. Fjölskyldan var hluti af sköpunarverki Guðs og hafði hjónabandið sem þungamiðju. Þar sem það er fyrst og fremst innan hennar að börn læra gildismat og þroska hæfileikann til að hafa nán persónutengsl við Guð og menn er velgengni fjölskyldunnar mikilvæg fyrir það hlutverk kirkjunnar að gera lærisveina.

Fjölskyldueildin lítur á kenningar Biblíunnar varðandi fjölskylduna sem staðal og heldur hátt hugsjón Guðs fyrir fjölskyldulífið. Jafnframt veitir hún skilning á þeirri sundrung sem ríkir meðal einstaklinga og innan fjölskyldna í föllnum heimi. Fjölskyldueildin stuðlar að skilningi, viðtöku og kærleika innan fjölskyldunnar og stórfjölskyldu Guðs og hlúir að sáttargjörð og lækningu milli kynslóða eins og lofað er í boðskap Elía í Mal 4.5, 6. Hún færir von og stuðning þeim sem særðir eru og hafa meiðst vegna illrar meðferðar, vanvirkni fjölskyldunnar og sundraðra tengsla. Fjölskyldueildin vinnur að því að einstaklingar öðlist færni í persónulegum samskiptum með námskeiðum um fjölskyldulíf og auðgun þess. Einnig hvetur hún einstaklinga, hjón og fjölskyldur til að nýta sér sérfræðiráðgjöf, sé þess þörf.

Viðunandi þjónusta við fjölskyldur felur í sér ráðgjöf fyrir öll hjónaefni, námskeið til styrkingar hjónabandinu, foreldrafræðslu þar sem megináhersla er lögð á sérþarfir einhleypra foreldra og stjúpfjölskyldna, leiðbeiningar um útbreiðslustarf milli fjölskyldna.

„Starf okkar fyrir Krist byrjar á heimilinu með fjölskyldunni. . . . Ekkert kristniboðssvæði er mikilvægara en það. . . . Margir hafa vanrækt þann heimaakur og það er kominn tími til að koma fram með guðleg hjálpargögn og guðlegar lausnir til að lagfæra það eymdarástand.“ AH, bls 35.

„Guð ætlast til þess að jarðneskar fjölskyldur gefi mynd af fjölskyldu himinsins. Kristin heimili stofnuð og starfrækt í samræmi við áform Guðs eru mjög áhrifarík við myndun kristinnar lyndiseinkunnar og til eflingar framgangs starfs Guðs.“ 6T, bls. 430.

„Ætlunarverk heimilisins nær lengra en til meðlima þess. . . . Sönn heimili hafa margfalt meiri áhrif á hjörtu og líf manna en nokkur ræða.“ MH, bls. 352.

***Leiðtogi fjölskyldueildarinnar--*** Hægt er að velja einstakling eða hjón

(sjá skýrgreiningu kirkjunnar á hjónabandi á bls. 148, 149) til að veita fjölskyldudeildinni forstöðu. Leiðtogarnir ættu að sýna gott fordæmi um sterk og vaxandi fjölskyldutengsl og sýna einlægán áhuga á að hlúa að velferð allra fjölskyldna. Til þess að vera farsæll í starfi sínu þarf leiðtogi fjölskyldudeildarinnar að hafa skilning á endurlausnarstarfi Guðs svo hann/hún geti átt við þau samskiptarof sem syndin hefur orsakað. Það er einnig mikilvægt að leiðtoginn viðhaldi trúnaði og viti hvenær og hvernig eigi að hvetja einstaklinga til að leita sérfræðihjálpar undir örlagaríkum kringumstæðum.

**Fjölskyldunefnd--** Safnaðarstjórnin getur auk þess sett upp fjölskyldunefnd undir forsæti leiðtoga fjölskyldudeildarinnar til að mæta betur þörfum fjölskyldna safnaðarins.

**Hjálpargögn--** Sjá lista yfir hjálpargögn í athugasemd # 9, bls. 170.

### **Deild heilbrigðismála**

Söfnuðurinn axlar þá ábyrgð að kynna Krist fyrir heiminum og trúir því að hún feli í sér þá siðferðislegu skyldu að varðveita mannlega reisn með því að ná sem bestri líkamlegri, sálarlegri og andlegri heilsu.

Auk þess að þjóna þeim sem sjúkir eru nær þessi ábyrgð til þess að fyrirbyggja sjúkdóma með góðri heilbrigðisfræðslu og að hafa forgöngu um að stuðla að góðri heilsu án tóbaks, áfengis, annarra vímuefna og óhreinnar fæðu. Meðlimirnir skulu hvattir til að neyta mestmegnis jurtafæðu þar sem það er mögulegt.

**Leiðtogi heilbrigðismála--** Til þess að lögð séu áform að virkri starfsemi á þessu sviði í söfnuðunum og hægt sé að fylgja þeim vel eftir ber að kjósa heilbrigðis- og bindismálaritara og aðstoðarmann, ef þörf er. Hann þarf að þekkja vel til heilbrigðismála og hafa áhuga á að kynna safnaðarfólki og almenningi staðal safnaðarins varðandi heilsusamlega lifnaðarhætti á kynningarfundum um heilbrigðis- og bindindismál á vegum safnaðarins. Leiðtoginn þarf að geta vinsað úr gögnum og upplýsingum efni sem túlkar hugsjónir og grundvallarhugmyndir safnaðar Sjöunda dags adventista og að gera úr því áhrifaríkan vitnisburð um líkamleg og andleg efni.

**Heilbrigðisráð--** Stofna má heilbrigðisráð þar sem það er talið æskilegt. Þessu ráði er ætlað að sjá safnaðarfólki og almenningi fyrir leiðsögn á sviði heilsusamlegs lífarnis og að aðstoða í samvinnuanda við sálnavinnandi starfsemi með tilstilli heilbrigðis- og bindindisáætlunar með andlegu ívafi. Heilbrigðisráð safnaðanna skal í samvinnu við leikmannaráð standa fyrir því að byggja upp áætlun um starfsemi á sviði heilbrigðismála, þar á meðal námskeið í reykingabindindi, matreiðslunámskeið, heilsufræðinámskeið, streitunámskeið og aðra skylda fræðslu. Safnaðarprestur skal vera sjálfkjörinn til að eiga sæti í ráðinu eða jafnvel vera formaður þess.

**Heilbrigðisfélag eða bindindisfélag--** Á sumum svæðum má koma á fót heilbrigðis- eða bindindisfélagi sem sérstöku félagi, aðskildu frá söfnuðinum. Bindindisritari Samtakanna ætti að hafa hönd í bagga með stofnun slíks félags.

**Förn alþjóða heilbrigðishvúldardags--** Öll fórnin er send til Samtakanna á hverjum stað og á að útteila henni samkvæmt reglugerð. Að beiðni safnaðarins mega Samtökin veita allt að 25 % þess sem inn kemur í hinum einstöku söfnuðum aftur til heilbrigðis- og bindindisstarfsemi þeirra.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd # 10, bls. 171.

## Tónlist

**Val tónlistarstjóra--** Söfnuðurinn skyldi gæta varúðar þegar hann velur tónlistarstjóra. Hann ætti einungis að velja guðhræddan einstakling sem mun sjá söfnuðinum fyrir viðeigandi tónlist á öllum samkomum hans og guðsþjónustum. Sniðganga ber alla heimslega og vafasama tónlist á samkomum okkar.

Tónlistarstjóri ætti að hafa náíð samstarf með presti eða formönnum safnaðarins til að tryggja að tónlistarvalið sé í samræmi við ræðuefnið. Tónlistarstjórinn lýtur yfirstjórn prestsins og formannanna en vinnur ekki sjálfstætt. Honum ber að ráðfæra sig við þá varðandi tónlistarvalið og þá sem flytja tónlistina.

**Val tónlistarflytjenda--** Trúarleg tónlist gegnir mikilvægu hlutverki við guðsþjónustur. Söfnuðinum ber að vanda til vals þeirra sem syngja í kórum

eða flytja aðra tónlist að þeir séu í samræmi við meginreglur kirkjunnar. Þeir ættu að vera meðlimir safnaðarins, hvíldardagsskólans eða aðventæskunnar. Þar sem þeir gegna áberandi hlutverki í söfnuðinum ættu þeir að vera góð fyrirmynd hvað hæversku og háttvísi snertir í klæðaburði og framkomu. Það er söfnuðinum í sjálfsvald sett hvort þeir nota kórskikkjur eða ekki.

Sumir söfnuðir kunna að hafa marga kóra. Barnakór stuðlar að andlegum vexti þeirra og bindur þau söfnuðinum og hjálpar einnig við starf útavið.

### **Deild almenningstengsla og trúfrelsis**

Deild almenningstengsla og trúfrelsis eflir og vinnur að trúfrelsi og leggur sérstaka áherslu á samviskufrelsi. Trúfrelsi felur í sér réttindi hvers og eins til að tileinka sér trú eftir eigin vali; að breyta um trúarskoðun í samræmi við samvisku sína; að iðka trú sína bæði sem einstaklingur eða í hópi trússystkina jafnt í tilbeiðslu og trúariðkunum sem í helgihaldi daga, vitnisburði og kennslu svo framarlega sem gagnkvæmur réttur annarra er virtur.

**Leiðtogi trúfrelsis í einstökum söfnuði--** Leiðtogi trúfrelsis í hverjum söfnuði skal vinna með presti staðarins eða svæðisleiðtoga á öllum sviðum trúfrelsis og starfa með trúfrelsisdeild Samtakanna. Hann ætti að vera einstaklingur sem hefur jákvæð áhrif, er fær um að koma fram fyrir almenning, hafa áhuga á málum almennings, snjall rithöfundur og vera umhugað um að verja frelsi fólks Guðs til að framkvæma þjónustu hans.

**Trúfrelsisfélög einstakra safnaða--** Hver einstakur söfnuður telst vera óformlegt trúfrelsisfélag og hver meðlimur safnaðarins er einnig meðlimur félagsins. Prestur safnaðarins eða safnaðarformaður er í forsæti félagsins í hverjum söfnuði.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd #11, bls. 171.

### **Útgáfudeild**

Útgáfudeildin var stofnuð til að samhæfa og efla útbreiðslustarf í einstökum söfnuðum með hjálp hins ritaða orðs undir yfirumsjón útgáfuráðsins og viðkomandi útgáfufyrirtækis svæðisins. Hún aðstoðar deildir safnaðarins

á staðnum við að koma áskriftarblöðum og tímaritum á framfæri og dreifa þeim. Deildin vinnur að því með presti staðarins og hinum ýmsu deildum safnaðarins að skipuleggja markvissar leiðir til að virkja söfnuðinn í að vinna að þessu marki.

„Margir staðir geta ekki heyrt rödd presta en hægt er að ná til þeirra með bókmenntum okkar -- bókum, blöðum og smáritum sem eru full af sannindum Biblíunnar sem fólkið þarfnast.“ CM, bls. 4.

Hlutverk útgáfudeildarinnar er útbreiðslustarf og næring meðlima safnaðarins. Ellen G. White hvatti því meðlimina til að „selja eða gefa rit okkar.“ CM, bls. 91.

**Bóksalar--** „Guð kallar einstaklinga í hverjum söfnuði til að vera þjónar hans og fara út sem bóksalar.“ CM, bls. 20.

**Gjafarit--** „Hver meðlimur safnaðarins ætti að dreifa blöðum okkar, ritum og bókum sem innihalda boðskap til okkar tíma.“ CM, bls. 21.

**Leiðtogi útgáfudeildarinnar--** Söfnuðurinn velur leiðtoga útgáfudeildarinnar til að standa fyrir því að virkja söfnuðinn í útbreiðslustarfi með hjálp bókmennta.

**Útgáfuráð--** Safnaðarstjórnin skipar í útgáfuráðið en það vinnur síðan undir stjórn hennar. Leiðtogi útgáfudeildarinnar er í forsæti ráðsins. Prestur safnaðarins, leiðtoginn og ritari leikmannadeildarinnar eru sjálfskipaðir í nefndina. Meðlimir hennar eru valdir á grundvelli áhuga þeirra og reynslu á sviði útbreiðslustarfs með hjálp bókmennta.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd #12, bls. 171.

## **Hvíldardagsskóla- og leikmannadeild**

### ***Hvíldardagsskólinn***

Hvíldardagsskólinn er undirstöðu trúfræðslukerfi Sjöunda dags aðventista og gegnir þar fjórföldu hlutverki: að rannsaka Ritningarnar, veita félagsskap, að ná út til samfélagsins og leggja áherslu á heimskristnið. Hlutverk hvíldardagsskóladeildar Aðalsamtakanna er að gefa út

hvíldardagsskólalexiur í samstarfi við heimsdeildirnar og dreifa þeim til allra aldurshópa, sjá fyrir dagskrám fyrir hvíldardagsskólana sem eru viðeigandi fyrir mismunandi menningarhópa hinna ýmsu heimsdeilda, sjá fyrir hjálpargögnum og þjálfunarefni fyrir kennara hvíldardagsskólans og vekja athygli á mikilvægi hvíldardagsskólajafanna fyrir heimskristniboðið.

„Hvíldardagsskólinn er mikilvægur þáttur kristniboðsstarfsins, ekki einungis vegna þess að hann veitir ungum sem gömlum þekkingu á orði Guðs heldur vegna þess að hann vekur hjá þeim kærleika til heilagra sanninda þess og þrá að rannsaka þau frekar, en umfram allt kennir hann þeim að aðlaga líf sitt heilögum kenningum þess.“ CSW, bls. 10, 11.

„Sé hvíldardagsskólanum stjórnað rétt er hann eitt af hinum miklu tækjum Guðs til að leiða fólk til þekkingar á sannleikanum.“ CSW, bls. 115.

**Embættismenn hvíldardagsskólaráðsins--** Söfnuðurinn velur embættismenn og meðlimi hvíldardagsskólaráðsins. Embættismenn hvíldardagsskólans og aðstoðarmenn þeirra eru þessir: Formenn ásamt einum eða fleiri aðstoðarmönnum, ritari, ásamt einum aðstoðarmanni eða fleiri, leiðtogi fyrir hvern aldurshóp, þar með er talinn hvíldardagsskóli fullorðinna og hliðargreinar hvíldardagsskólans, leiðtogi barnastarfs og/ eða stjórnandi sumarbiblíuskóla barna og ritari ágóðafórnar.

Embættismenn, kennarar og reyndar safnaðarsystkinin öll eiga að vinna með öðrum deildum safnaðarins að hvers konar trúboðsstarfi og sálnavinnandi starfi, auk þess að vinna að boðun sannleikans í hvíldardagsskólanum með venjulegri yfirferð lexiunnar, og með því að hafa ákvörðunardaga, Biblíufræðsludeildir safnaðarprestsins, dag hvíldardagsskólagesta, sumarbiblíuskóla barna og útibú hvíldardagsskólans, þar með eru taldir hverfabiblíuklúbbar og sögustundir.

Hvíldardagsskólaráðið er stjórnunarnefnd hvíldardagsskólans. Þar eiga sæti: Formaður (sem er fundarstjóri ráðsins), aðstoðarformaður (eða aðstoðarformenn), ritari (sem er ritari ráðsins), aðstoðarritarar, leiðtogar hvers aldurshóps, ritari ágóðafórnar, leikmannaleiðtogi, leiðtogi barnastarfs, stjórnandi sumarbiblíuskóla barna, safnaðarformaður (tilnefndur af safnaðarstjórn eða safnaðarformannaráði) og safnaðarprestur.

Strax og búið er að kjósa embættismenn hvíldardagsskólans á formaður hvíldardagsskólans að kalla saman hvíldardagsskólaráð til að útnefna aðra embættismenn fyrir hinar ýmsu aldurshópadeildir hvíldardagsskólans

eftir því sem þurfa þykir sem ekki eiga sæti í hvíldardagsskólaráði. Það geta verið aðstoðarleiðtogar deilda hvíldardagsskólans, ritarar þeirra, tónlistarstjórar, píanistar og/eða organistar og dyraverðir.

Auk hinna útnefndu embættismanna sem getið er hér að framan tilnefnir hvíldardagsskólaráð kennara fyrir allar deildir sem eru síðan samþykktir af safnaðarstjórninni. Sökum þess hve áriðandi er að varðveita hina heilnæmu kenningu ber að vanda sérlega vel val hvíldardagsskólakennara. Vandlega ber að skoða þarfir allra hópa. Best er að ráðfæra sig við leiðtoga allra deilda hvíldardagsskólans, einkum þegar kennarar barnahvíldardagsskóla eru valdir. Allir kennararnir eiga vera trú og gegn safnaðarsystkini og starfa að ósk hvíldardagsskólaráðs eða safnaðarstjórnar.

Hvíldardagsskólaráð ber ábyrgð á að starfsemi alls hvíldardagsskólans gangi vel og eðlilega undir forsjá fundarstjóra þess, formanns hvíldardagsskólans. Ráðið ætti að koma saman reglulega eftir þörfum til að hafa áhrif á rétta samhæfingu allra deilda hans. Ráðið ætti að tryggja að hjálpargögn, þar með talin lexía hvíldardagsskólans sem Aðalsamtökin hafa undirbúið, séu til staðar í nægilegu magni og á réttum tíma.

**Formaður hvíldardagsskólans og aðrir embættismenn--** Formaður hvíldardagsskólans er æðsti embættismaður hans. Strax og hann hefur verið kjörinn á hann að hefjast handa við að leggja áform um að öll starfsemi hvíldardagsskólans geti verið sem eðlilegust og virkust. Formaðurinn á að styðja áform hvíldardagsskóladeildar Samtakanna og hrinda áformum hvíldardagsskólaráðsins í framkvæmd. Kjósa má einn aðstoðarmann eða fleiri til að vera formanninum til aðstoðar eftir þörfum.

Ársfjórðungsskýrsluna á að gera strax að loknum síðasta hvíldardegi ársfjórðungsins og að póstsenda hana við fyrstu hentugleika til hvíldardagsskólaritara Samtakanna og leiðtoga leikmannastarfsins. Ritarinn ætti einnig að halda eftir afriti af skýrslunni í skýrslusafni ritarans, láta formanninn og prestinn fá eintak og kynna hana á fundi safnaðarins.

Ritari ágóðafórna veitir forstöðu áformum um ágóðaförnin til styrktar kristniboðsstarfinu. Hann hvetur allar deildir hvíldardagsskólans til að hafa ákveðin verkefni til ágóðafórna og gefur meðlimunum skýrslu um framgang þeirra.

Leiðtogi sumarbiblíuskóla barnanna gengst fyrir því að skipuleggja, auglýsa og hrinda í framkvæmd útbreiðslu til byggðarlagsins með því að reka árlega sumarbiblíuskóla barnanna. Í sumum söfnuðum er leiðtoga



barnastarfsins falið þetta hlutverk.

Hvíldardagsskólaráðið getur tilnefnt tónlistarstjóra til að stjórna tónlistarflutningi í hvíldardagsskólanum í samráði við leiðtoga hinna ýmsu deilda. Gæta ber að flytja tónlist sem er Guði til dýrðar. Söngfólk og annað tónlistarfólk á að velja jafn vandlega og hverja aðra starfsmenn fyrir aðra þætti hvíldardagsskólans, og það á að miða við sama staðal. (Sjá bls. 85, 86, 143.) Hvíldardagsskólaráðið getur einnig tilnefnt píanista og/eða organista fyrir hinar ýmsu deildir hvíldardagsskólans.

***Leiðtogar hvíldardagsskóladeildanna--*** Safnaðarstjórnin velur leiðtoga fyrir allar deildir hvíldardagsskólans. Hvíldardagsskólaráðið getur tilnefnt aðstoðarfólk eftir þörfum. Frekari upplýsingar um deildir fyrir mismunandi aldurshópa, allt frá byrjendum til fullorðinna ásamt heimadeildinni sem annast um þá sem sjá sér ekki fært að sækja hvíldardagsskólann má finna í handbók hvíldardagsskólans (Sabbath School Handbook), sem fánleg er í bókaverslun aðventista eða frá hvíldardagsskóladeild Samtakanna.

***Hvíldardagsskólakennarar--*** Allir kennarar eru útnefndir af hvíldardagsskólaráði og samþykktir af safnaðarstjórn. Þeir ættu að hafa kennsluhæfileika og vera fúsir að kynna sér leiðir til að bæta kennsluna. Þeir ættu einnig að kappkosta að undirbúa sig vel, vera stundvísir og sýna bekknum gott fordæmi með því að rannsaka lexíuna daglega.

Sérstaklega þarf að vanda val kennara barna og unglinga. Þeir þurfa að vera úr hópi þeirra sem bera hugðarmál þeirra fyrir brjósti og hafa hæfileika til að koma til móts við þarfir þeirra. Allir sem starfa í barnadeildunum verða að uppfylla skilyrði kirkjunnar og kröfur varðandi ferilskoðun og starfsréttindi. Leiðtogar safnaða ættu að hafa samráð við Samtökin sem munu veita upplýsingar um hvaða ferilskoðanir og starfsréttindi eru fánleg og/eða nauðsynleg. (Sjá athugasemd #7, bls. 170.) Hvetja ætti alla kennara til að kynna sér námsefni fyrir kennara, sem Aðalsamtökin og/eða heimsdeildirnar hafa gefið út og er fánlegt frá hvíldardagsskóladeild Samtakanna.

Mælt er með því að hver hvíldardagsskóli hafi kennarafund vikulega.

Í ljósi þess að „Engir aðrir en þeir sem hafa styrkt huga sinn með sannindum Biblíunnar munu standast í hinum miklu lokaátökum“ (DM, bls. 409) eiga leiðtogar hvíldardagsskóladeildarinnar að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hvetja til reglubundinnar rannsóknar á Orðinu.

Lexíum hvíldardagsskólans er ætlað að stuðla að því að einstaklingar geri það að venju sinni að neyta Orðsins daglega. Þessi hefðbundna venja hefur átt mikinn þátt í að viðhalda kristilegri einingu innan safnaðarins um allan heim. Aðalsamtökin gefa út lexíur fyrir alla aldurshópa hvíldardagsskólans. Hver meðlimur ætti að hafa aðgang að þessu efni í lexíuhefti því sem er ætlað fyrir hans aldurshóp. Auk þess hafa Aðalsamtökin og/eða heimsdeildirnar einnig gefið út hjálpargögn fyrir leiðtoga og kennara sem ættu einnig að vera aðgengileg fyrir hvern kennara og leiðtoga í öllum deildum hvíldardagsskólans.

Kennarar ættu að hafa a.m.k. hálf klukkustund til yfirferðar lexíunnar.

**Hvíldardagsskólagjafir--** Ritari hvíldardagsskólans á að skrá nákvæmlega allar hvíldardagsskólagjafir og afhenda þær gjaldkera safnaðarins við fyrstu hentugleika. Þegar tekið er á móti gjöfum frá heimadeildinni á að bæta þeim við gjafir þær sem þegar er búið að gefa í hvíldardagsskólanum. Í mörgum hvíldardagsskólum eru teknar upp gjafir á ákveðnum tímum til að standa straum af útgjöldum hvíldardagsskólans. Allar hvíldardagsskólagjafir, nema þær sem ætlaðar eru til greiðslu á útgjöldum skólans, eru gjafir til Aðalsamtakanna og þær á gjaldkeri safnaðarins að afhenda í heild gjaldkera Samtakanna. Hér er um að ræða venjulegar hvíldardagsskólagjafir, þrettánda hvíldardagsgjafir, ágóðaförn hvíldardagsskólans og afmælisdagagjafir. Þetta eru allt gjafir til kristniboðsins og á að skrá hverja tegund sem sérstakan sjóð í hinum venjulegu skýrslum safnaðarins. Kristniboðsgjöfum er síðan úthlutað samkvæmt reglugerðum. Enginn söfnuður eða Samtök hafa heimild til að halda eftir neinu af hvíldardagsskólagjöfunum.

Gjafir til útgjalda hvíldardagsskólans og gjafir til kristniboðsins á aldrei að hafa sem eina förn sem síðan er skipt eftir fyrirfram gerðri samþykkt. Það má einungis gera ef söfnuðurinn er starfræktur samkvæmt samþykkt Deildarinnar um sameiginlega förn.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd # 13, bls. 171.

## **Leikmannadeildin**

Leikmannadeildin sér fyrir hjálpargögnum og vinnur að þjálfun safnaðarsystkina til að starfa með prestum og starfsmönnum safnaða við boðun fagnaðarerindisins um hjálpræðið í Kristi. Á henni hvílir einnig

meginábyrgðin á að aðstoða þá sem þarfnast hjálpar.

**Leikmannaráð--** Leikmannaráðið leiðbeinir við útbeiðslustarf safnaðarins undir yfirstjórn safnaðarstjórnar. Ráðið ætti að koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Eftirfarandi aðilar ættu að hafa sæti í þessu ráði: safnaðarprestur, safnaðarformaður, gjaldkeri safnaðarins, leiðtogar annarra deilda sem eru starfræktar af söfnuðinum. Leikmannaráðið getur sett upp undirnefndir til að vinna að sérstökum verkefnum eftir þörfum. Allar undirnefndir gefa skýrslu til leikmannaráðsins. Bæði leikmannaráðið og leiðtogi þess bera ábyrgð á að skipuleggja þjónustu minni hópa.

**Embættismenn leikmannaráðsins--** Sérhver söfnuður kýs embættismenn leikmannaráðsins, þar á meðal leiðtoga og aðstoðarmenn hans eftir þörfum ásamt ritara. Leiðtoginn ber ábyrgð á að þjálfar og leiðbeina meðlimum safnaðarins við trúboðsstarf og er í forsæti leikmannaráðsins. Hann er fundarstjóri í leikmannaráðinu, sem kemur saman mánaðarlega. Það er skylda hans að gefa söfnuðinum skýrslu um alla trúboðsstarfsemi safnaðarins á hinum mánaðarlegu trúboðssamkomum á hvíldardögum og á almennum safnaðarfundum. Útnefna má einstaklinga til að samhæfa störf Biblíubréfaskólans, Biblíuþóðun, dreifingu bókmennta, innsöfnun, störf minni hópa, þjálfun meðlima og önnur verkefni sem vinna að því að vinna sálir.

Leikmannaritarinn starfar sem fulltrúi aðventbókaverslunarinnar gagnvart öllum deildum safnaðarins. Ritarinn starfar náið með leikmannaleiðtoganum við að þróa útbreiðslustarf safnaðarins.

**Bræðrafélag aðventista--** Bræðrafélag aðventista er annar hópur innan leikmannadeildarinnar. Það sér um störf leikprédikara, fangaþjónustu og hjálparstarf safnaðarins.

**Leiðtogi Biblíuskóla--** Leiðtogi Biblíuskólans skipuleggur og samhæfir störf Biblíuskóla safnaðarins fyrir byggðarlagið. Leiðtogi Biblíuskólans skal hafa náið samstarf við prest safnaðarins, leiðtoga áhugasamra og leikmannaleiðtogan.

**Hjálparstarfið/Systrafélagið--** Forstöðumaður/kona félagsins og aðstoðarleiðtogi, sé hans talið þörf, eru kosin ásamt ritara félagsins og

gjaldkera í reglulegum safnaðarkosningum. Félagið safnar saman og útbýr fatnað, matvæli og annað handa fátækum, þurfandi og ógæfusömum. Þetta félag starfar í nánú samstarfi við safnaðarþjóna og safnaðarsystur.

Ef söfnuðurinn starfrækir hjálparmiðstöð heyrir hún undir leikmannaráðið sem útnefnir forstöðumann/konu þess og hann/hún á sæti í því.

**Þjónustudeild við fatlaða--** Þessi deild starfar undir leikmannaráði og ætti að kappkosta að aðstoða þá sem eru fatlaðir, hvort sem þeir eru meðlimir safnaðarins eða ekki. Það ætti að setja fram áætlun um að vitna meðal fatlaðra; það ætti einnig að leggja fram tillögur fyrir safnaðarstjórnina um hvernig megi gera kirkjubyggingarnar aðgengilegri fyrir fatlaða, aðstoða söfnuðinn við akstur fatlaðra milli staða, og ráðleggja deildum og safnaðarleiðtogum hvernig hægt sé að virkja fatlaða til þátttöku í safnaðarstarfi.

Forstöðumaður þjónustudeildar við fatlaða er tengiliður við stofnanir sem bjóða upp á þjónustu við fatlaða og auglýsir starf þeirra í söfnuðinum.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd #13, bls. 171.

### **Ráðsmenskudeild**

Ráðsmenskudeildinni er ætlað að hvetja meðlimi safnaðarins til að bregðast við náð Guðs með því að helga honum allt sem þeir eiga. Ráðsmennska felur meira í sér en einungis peninga. Hún felur m.a. í sér rétta notkun og umönnun líkama okkar, hugar, tíma, hæfileika, andlegra gjafa, persónutengsla, áhrifa málfars, umhverfisins og eigna. Ráðsmenskudeildin aðstoðar meðlimina við að byggja upp samfélag við Guð til að sinna því verkefni sem hann hefur falið þeim með því að nota réttilega allar þær gjafir og þau hjálpargögn sem hann hefur séð þeim fyrir.

Þegar Andi Guðs nær tökum á lífi okkar „munu þeir sem hafa elsku Krists í hjörtum sínum fylgja fordæmi hans sem varð fátækur okkar vegna svo að við gætum orðið auðug fyrir fátækt hans. Peningar, tími og áhrif eru öll gjafir sem við höfum fengið frá hendi Guðs en þau hafa einungis gildi sem tæki til að efla framgang fagnaðarerindisins.“ AA, bls. 71.

**Ráðsmenskuritari--** Ráðsmenskuritarinn ætti að lifa í samræmi við

meginreglur kristinnar ráðsmennsku og hafa skilning á áætlun safnaðarins, bæði í andlegum eignum og fjárhagslegum. Hann ætti einnig að vera fús til að leggja áform í samvinnu við ráðsmennskuritarar Samtakanna, safnaðarprestinn og safnaðarstjórnina. Ráðsmennskuritarinn er tengiliður milli ráðsmennskudeildar Samtakanna og safnaðarfólksins.

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd #14, bls. 172.

### **Deild kvennastarfs**

Deild kvennastarfs hefur verið sett upp til að styðja, hvetja og skora á konur í söfnuði Sjöunda dags aðventista í daglegum ferli þeirra sem lærisveinar Jesú Krists og sem meðlimir safnaðar hans.

Markmið hennar eru að stuðla að andlegum vexti og endurnýjun; staðfesta mikilvægi kvenna í ljósi bæði sköpunar og endurlausnar, gera þær hæfar til þjónustu í söfnuðinum og bera fram sjónarmið kvenna í safnaðarmálum, þjóna víðfeðmum þörfum kvenna og taka tilhlýðilegt tillit til mismunandi sjónarmiða á grundvelli fjölmenningar og fjölþjóðleika, vera tengiliður við aðrar sérdeildir safnaðarins og starfa með þeim við að efla starf meðal kvenna og við að skipuleggja störf kvenna í kirkjunni, byggja upp velvild meðal kvenna sem hvetur til vinatengsla, gagnkvæms stuðnings og skapandi skipta á hugmyndum og upplýsingum, leiðbeina og hvetja konur í söfnuðinum og skapa þannig leið fyrir þær til að taka virkan þátt í starfi safnaðarins og finna leiðir sem eru þeim áskorun til að nota hæfileika sína við að styrkja heimsvíðtækt kristniboð safnaðarins.

**Leiðtogi kvennastarfs--** Söfnuðurinn velur leiðtoga kvennastarfsins til að byggja upp sérstaka þjónustu sem hlúir að konum og gerir þær hæfar til að þjóna Guði og söfnuðinum. Hún er í forsæti kvennastarfsnefndarinnar og ýtir undir hugmyndir og áform sem eykur framlag kvenna til boðunarstarfs safnaðarins eins mikið og hægt er.

Hún aðstoðar safnaðarstjórnina við að samþætta störf og áform kvenna heildaráformum safnaðarins. Það er á hennar ábyrgð að upplýsa söfnuðinn stöðugt um framlag kvennastarfsins til safnaðarlífsins. Leiðtogi kvennastarfs hvers safnaðar hefur samband við leiðtoga kvennastarfs Samtakanna varðandi þjálfun og hjálpargögn.

Leiðtogi kvennastarfsins ætti að vera kona sem er tilfinninganæg og

umhyggjusöm, hefur djúpstæðan áhuga á starfi og hugðarefnum kvenna, hefur jafnvægi í sjónarmiðum sínum svo hún geti verið fulltrúi kvenna á breiðum grundvelli og hæfileika til að uppörva aðrar konur til að rækta andlegar gjafir sínar. Hún ætti að geta unnið vel með konum í söfnuðinum, safnaðarprestinum og safnaðarstjórninni.

Kvinnastarfsnefndin hlúir að þjónustu við konur í söfnuðinum. Nefndin ætti að hafa einstaklinga sem hafa áhuga á víðtækum þörfum kvenna og þjónustustörfum þeirra og hafa víðtæka hæfileika og reynslu.

*Hjálpargögn--* Sjá athugasemd #15, bls. 172.

### **Ungmennafélag aðventista**

Hinar ýmsu æskulýðsdeildir safnaðarins ættu að vinna náið með æskulýðsdeild Samtakanna.

Ungmennafélag aðventista-- Ungmennafélagið er sú deild safnaðarins sem söfnuðurinn hefur til að starfa fyrir ungt fólk og með því. Undir leiðsögn ungmennaleiðtogans ætti æskulýðurinn að vinna að því að setja upp traust æskulýðsstarf sem felur í sér að þroska anda, huga og líkama hinna ungu, félagsleg samskipti þeirra og virkt boðunarstarf sem styður við heildaráform safnaðarins um útbreiðslusarf. Markmið ungmennafélagsins ætti að vera að virkja alla hina ungu í verkefnum sem tengja þau nánar söfnuðinum og þjálfu þau til að starfa fyrir Krist.

Guð sagði við Móse: „Þessi orð, sem ég legg fyrir þig í dag, skulu vera þér hugföst. Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum og tala um þau, þegar þú ert heima og þegar þú ert á ferðalagi, þegar þú leggst til hvíldar og þegar þú fer á fætur. Þú skalt binda þau til merkis á hönd þér og hafa þau sem minningabönd á milli augna þinna og þú skalt skrifa þau á dyrastafi húss þíns og á borgarhlið þín“ (5Mós 6. 6-9).

Páll postuli bætti við: „Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en ver fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika“ (1Tím 4.12).

„Við höfum nú á tímum her æskufólks, sem getur gert mikla hluti sé honum stjórnað réttilega og hann hvattur til dáða. . . . Við viljum að þau hljóti blessun Guðs. Við viljum að þau taki þátt í vel skipulagðri áætlun um að hjálpa öðrum ungmennum.“ Ellen G. White í GCB, 29. og 30. janúar 1893, bls. 24.

„Þegar æskufólkið gefur Drottni hjarta sitt er ábyrgð okkar gagnvart því ekki á enda. Það verður að vekja áhuga þess á starfi Drottins og að leiða það til að sjá að hann væntir þess, að það geri eitthvað til að vinna að framgangi málefnis hans. Ekki er nægilegt að sýna fram á hve mikið sé ógert og að hvetja æskuna til að gera sitt. Það verður að kenna henni að starfa fyrir meistarann. Það þarf að þjálfra hana, aga og æfa í bestu aðferðunum við að vinna sálir fyrir Krist. Kennið henni að reyna á kyrrlátan og yfirlætislausan hátt að hjálpa hinum ungu félögum sínum. Leggið á kerfisbundinn hátt áform um hinar ýmsu greinar trúboðsstarfa sem æskan getur tekið þátt í og fræðið hana og hjálpið. Þannig getur hún lært að vinna fyrir Guð.“ GW, bls. 210.

„En hve skjótlega mætti flytja öllum heiminum boðskapinn um frelsarann sem var krossfestur en er upprisinn og kemur brátt, fyrst við eigum slíkan her starfsmanna þar sem æskufólkið okkar er.“ MYP, bls. 196.

Í hverjum söfnuði á að vera öflugt ungmennafélag en samt er mikilvægt að æskulýðsstarfið sé ekki einangrað frá öðrum þáttum safnaðarstarfsins. Auk þess sem unga fólkíð tekur þátt í æskulýðsstarfinu ætti að setja það í ábyrgðarstöður í söfnuðinum og fá það þannig til þátttöku í öllu safnaðarstarfinu. Það ættu að vera ungir safnaðarformenn, ungir safnaðarþjónar og safnaðarsystur o.s.frv. sem starfa með reyndum embættismönnum safnaðarins.

„Til þess að starfið megi hafa framgang í öllum greinum kallar Guð á kraft, áhuga og hugprýði æskunnar. Hann hefur kjörið æskuna til að vinna að framgangi málefnis síns. Það krefst óþreyttra og óskertra krafta að áforma með skýrri hugsun og framkvæma af hugprýði. Ungum mönnum og konum er boðið að gefa Guði af æskuþrótti sínum, svo að þau, með því að beita hæfileikum sínum, með skýrri hugsun og þróttmikilli athöfn, fái vegsamað hann og hjálpraðið fyrir sjónum samferðamanna sinna.“ GW, bls. 67.

**Æskulýðsráð adventista--** Æskulýðsráðið ber ábyrgð á að gera áætlun um æskulýðsstarf í hverjum söfnuði. (Sjá bls. 125.) Í því eiga sæti kjörnir embættismenn félagsins en auk þeirra á þar sæti leikmannaleiðtogi, formaður hvíldardagsskóla unglinga, leiðtogi heilbrigðismála, foringi Ambassador-klúbbsins, skátaforingi, foringi ungskáta, skólastjóri safnaðarskóla, ábyrgðarmaður og safnaðarprestur. Formaður ungmennafélagsins sem á sæti í safnaðarstjórn er fundarstjóri þessa ráðs. Ráðið skal koma saman svo

oft sem þurfa þykir til að leggja bæði skammtíma og langtíma áform um árangursríkt æskulýðsstarf. (Sjá athugasemd #16, bls. 172.)

**Æskulýðsnefnd--** Æskulýðsnefndin ber ábyrgð á starfi eldri ungmenna í söfnuðinum og starfar í samráði við aðra æskulýðshópa undir yfirstjórn æskulýðsráðsins. Ef skátastarf er ekki fyrir hendi sér ungmennafélagið um starf fyrir þessa yngri kynslóð í yngri unglingsdeild.

**Embættismenn ungmennafélags adventista--** Embættismenn ungmennafélags adventista eru þessir: Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, aðstoðaritari og gjaldkeri, söngstjóri, píanisti eða organisti og ábyrgðarmaður, sem getur verið einn af formönnum safnaðarins. Í ljósi þess hve tónlist er stór þáttur í lundernismótun unglingsins ætti að vanda val þeirra sem eiga að sjá um tónlist jafn mikið og val annarra embættismanna ungmennafélagsins. (Sjá bls. 85, 86, 89.) Þessi hópur er kjarninn í æskulýðsnefnd sem að höfðu samráði við unga fólkið tilnefnir aðra embættismenn. Í litlum söfnuðum getur verið nauðsynlegt að einn og sami maðurinn hafi mörg ábyrgðarstörf með hendi.

Formaður ungmennafélagsins verður að feta í fótspor Jesú og hafa bæði áhuga á sálnavinnandi starfi svo og almennan eldheitan áhuga sem er smitandi. Hann mun vinna að því á bak við tjöldin að kveikja áhuga hjá æskunni á að vinna saman og taka að sér meiri háttar ábyrgðarstörf með því að gefa ráðleggingar, leiðbeina og uppörva, og hjálpa henni til að öðlast reynslu og fögnuð yfir vel unnu verki. Hann mun kynna sér vandlega stöðu æskulýðsmála í söfnuði þeim sem hann þjónar og að leitast við að virkja hvert ungmenni í félaginu.

Formaðurinn verður að hafa náið samband við safnaðarprestinn og ábyrgðarmanninn og við æskulýðsleiðtoga Samtakanna og grípa hvert tækifæri sem gefst til starfsþjálfunar. Hann mun leiða félagið til samstarfs við söfnuð sinn og Samtökin.

Varaformaður er formanninum til aðstoðar í starfi hans og er fundarstjóri í æskulýðsráði í fjarveru formannsins og sinnir þá störfum formannsins. Honum má einnig úthluta ákveðnum öðrum ábyrgðarstörfum samkvæmt ákvörðun ráðsins.

Ritari/gjaldkeri gerir skýrslu yfir starfsemi félagsins og sendir hana í hverjum mánuði á sérstöku eyðublaði til æskulýðsleiðtoga Samtakanna. Hann hvetur einnig unga fólkið til að gefa skýrslu á tíu



mínútna leikmannastund við lok hvíldardagsskólans um hvernig miðar í vitnisburðastarfsemi þeirra.

Aðstoðarmaður ritara/gjaldkera (þegar hans er þörf) aðstoðar ritara/gjaldkera í starfi hans samkvæmt samkomulagi.

**Ábyrgðarmaður ungmennafélags adventista--** Hann getur verið formaður safnaðarins eða einhver annar hæfur einstaklingur í safnaðarstjórn, sem hefur skýran skilning á markmiðum félagsins, ber hlýhug til æskunnar og er einstaklingur sem unga fólkið vill gjarnan leita ráða hjá. Hann er ráðgjafi og leiðbeinandi embættismanna ungmennafélagsins og kemur reglulega saman með þeim á fundum æskulýðsráðs. Hann starfar með formanni ungmennafélagsins að því að bera málefni ungmennafélagsins upp við safnaðarstjórn.

Ábyrgðarmaðurinn þarf að kynnast æskulýðsleiðtoga Samtakanna og láta hann vita um allar breytingar á embættismannaliði ungmennafélagsins og um önnur mál sem varða félagið. Hann ætti, ásamt embættismönnum félagsins, að sækja þjálfunarnámskeið fyrir ungt fólk, sem Samtökin standa fyrir, svo að hann geti fylgst með því sem efst er á baugi í æskulýðsstarfinu.

Það væri mjög gott ef ábyrgðarmaðurinn gæti sinnt þessu starfi sínu um árabíl til að samfelld áhrif fái.

**Starfsþættir adventunglinga--** Þar eð persónutengsl æskunnar við Jesú Krist vex með árunum leitast æskulýðsdeildin við að sjá þeim fyrir áhrifamiklum virkum verkefnum sem miðast við aldur þeirra og skapa aðstæður sem stuðla að þroskun andlegra gjafa.

**Ungmennafélag yngri adventunglinga--** Ungmennafélag yngri adventunglinga hefur sem markmið að þjálfa yngri unglinga til kristilegra leiðtogastarfa og þjónustu, og að hver einstaklingur nái sem mestum þroska.

Í þeim söfnuðum þar sem safnaðarskóli er starfræktur er ungmennafélag yngri adventunglinga hluti námsskrárinna og kennarinn leiðtogi félagsins. Þar sem ungmennafélag er starfrækt í safnaðarskóla er hver bekkjardeild eitt félag og nemendur lægri bekkja taldir undirbúningsfélagar. Nemendur hærri bekkja eru reglulegir félagar.

Allir sem starfa með ungu fólki verða að uppfylla þann staðal og kröfur sem kirkjan og lög landsins ákveða, eins og t.d. ferilskoðun og starfsréttindi. Leiðtogum hvers safnaðar ber að hafa samráð við Samtökin sem munu

vera ráðgefandi varðandi hvaða ferilskoðana og starfsréttinda er krafist og eru fánleg. (Sjá athugasemd # 7, bls 169, 170.)

**„Ambassador“ klúbburinn--** Ambassador-klúbburinn er ætlaður fyrir ungt fólk á aldrinum 16 – 21 árs. Hann býður þessum aldursflokki upp á skipulagða starfsemi og hvetur það til að vera virkt í lífi safnaðarins bæði heima og um víða veröld. Klúbburinn er skipulagður til að efla starf eldri unglinga í söfnuðinum. Hann hvetur þá til að hafa persónulegt samband við Krist og reynslu með honum, hjálpar þeim að þroska með sér líferni sem er í samræmi við trú þeirra og starfsköllun og sér þeim fyrir góðu umhverfi til að byggja upp heilbrigða, ævilanga vináttu. Allt sem gert er er í samræmi við starfsreglur Samtakanna og tekur tillit til annars skipulagsstarfs meðal ungs fólks innan safnaðarins. Þessi klúbbur er undir stjórn leiðtoga og aðstoðarleiðtoga. Sá síðarnefndi getur einnig verið ritari/ gjaldkeri klúbbsins. Leiðtoginn á sæti í ungmennaráði aðventista.

**Aðventskátafélag--** Aðventskátafélagið er kristilegur félagsskapur sem veitir útrás þeim ævintýra- og könnunaranda sem býr með hverjum unglingi. Þar er völ á meira útilífi, náttúruskoðun og föndri en mögulegt er að koma við í hinu venjulega ungmennafélagi yngri aðventunglinga. Við slíkar aðstæður er andlegum áherslupáttum vel tekið og hafa andlegu áhrifin í aðventskátafélagunum berlega komið í ljós. Í mörgum söfnuðum hafa aðventskátafélög leyst hin venjulegu ungmennafélög yngri aðventunglinga af hólmi og þar sem safnaðarskóli er starfræktur ætti aðventskátafélag að koma í viðbót við ungmennafélag yngri aðventunglinga.

Aðventskátáforingi og aðstoðarmaður hans eru kjörnir af söfnuðinum. (Sjá bls. 172.) Séu tveir aðstoðarmenn kjörnir ber að hafa þá sitt af hvoru kyni. Annar aðstoðarmaðurinn getur þá verið ritari og gjaldkeri. Foringinn á sæti í safnaðarstjórn og æskulýðsráði.

Aðrir foringjar eru kennarar í föndri og náttúrunámi og ráðgjafar sem bera ábyrgð á aðventskátaflokkum með sex til átta skátum.

Margs konar gögn eru fánleg hjá æskulýðsleiðtoga Samtakanna.

Allir sem starfa með ungmennum verða að uppfylla þær kröfur og staðal sem kirkjan og lög landsins setja, eins og t.d. ferilskoðun og starfsréttindi. Leiðtogum hvers safnaðar ber að hafa samráð við Samtökin sem munu vera ráðgefandi varðandi hvaða ferilskoðanir og starfsréttindi eru fánleg. (Sjá athugasemd #7, bls. 170.)

**Ævintýrklúbbur--** Ævintýrklúbburinn sér heimilum og söfnuðinum fyrir efni sem foreldrar geta notað fyrir 6 – 9 ára börn sín og er ætlað til að örva vaxandi forvitni þeirra á heiminum umhverfis þau. Áætlunin felur í sér verkþætti sem hæfa aldurskeiði þeirra og virkja foreldra og börn þeirra í afþreyingarverkefnum, føndri, virðingu fyrir sköpunarverki Guðs og öðrum verkefnum, sem viðkomandi aldursflokkur hefur áhuga á. Allt verður að sviðsetja á andlegum grunni til að undirbúa sviðið til þátttöku í safnaðarstarfinu sem aðventskáti.

Leiðtogi ævintýrklúbbsins og nánustu aðstoðarmenn hans eru kjörnir þegar almennar kosningar fara fram. (Sjá bls. 172.) Klúbbstjórnin velur síðan starfslið til viðbótar. Leiðtoginn á sæti í safnaðarstjórn og æskulýðsráði viðkomandi safnaðar. Hjálpargögn eru fánleg hjá æskulýðsleiðtoga Samtakanna.

Allir sem starfa með ungmennum verða að uppfylla þær kröfur og staðal sem kirkjan og lög landsins setja, eins og t.d. ferilskoðun og starfsréttindi. Leiðtogum hvers safnaðar ber að hafa samráð við Samtökin sem munu vera ráðgefandi varðandi hvaða ferilskoðanir og starfsréttindi eru fánleg. (Sjá athugasemd #7, bls. 170.)

**Hjálpargögn--** Sjá athugasemd #17, bls. 172.

### **Innsetningarathöfn**

Allir nýkjörnir embættismenn safnaðarins ættu að vera með við innsetningarathöfn sem haldin er af prestri sem hefur réttindi í gildi. Ef enginn prestur er tiltækur getur safnaðarformaður haldið innsetningarathöfn fyrir alla aðra en safnaðarformenn, safnaðarþjóna og -systur. Ef söfnuðurinn hefur innsetningarathöfn fyrir nýkjörna embættismenn safnaðarins ættu embættismenn hjálpardeilda safnaðarins einnig að vera með.

## 9. KAFLI

# Kosningar

Kosning embættismanna safnaðanna sem munu rækja skyldur sínar í bænaranda, af alvöru og á skipulegan hátt er mikilvæg. Þessi kafli fjallar um tilhögun kosninganna, kosningu tillögunefndarinnar og hvernig fyllt er í auðar stöður milli kosninga.

### **Tillögunefnd og tilhögun kosninga**

Í söfnuði Sjöunda dags aðventista eru embættismenn kosnir til eins eða tveggja ára (sjá bls. 61) að tillögu þar til skipaðrar tillögunefndar. Þessi nefnd flytur söfnuðinum skýrslu sína sem síðan greiðir atkvæði um nöfn þau sem þar koma fram. Þessi aðferð gefur möguleika á að athuga vandlega hvert nafn áður en kosið er og kemur í veg fyrir þann samkeppnisanda sem kynni að rísa ef tillögur kæmu beint úr fundarsal.

Tillögunefndin skal skoða þarfir safnaðarins og kanna vandlega hæfni viðkomandi safnaðarsystkina til að gegna hinum ýmsu embættum. Af þessari ástæðu ber ekki að koma með tillögur um embættismenn beint úr fundarsal eða kjósa þá almennri kosningu.

Í tillögunefndinni eiga sæti allt frá fimm manns í litlum söfnuði upp í fjölmennan hóp í stórum söfnuði. Hver söfnuður er látinn um að meta hve margir nefndarmenn verða og safnaðarstjórn á að skoða það mál áður en það er lagt fyrir söfnuðinn. Eftir það má bera fram fyrir söfnuðinn tillögu um málið og nota sem skemmstan tíma til þess á guðsþjónustunni.

***Hvenær og hvernig tillögunefnd er kjörin--*** Þessa tillögunefnd skal skipa snemma í síðasta ársfjórðungi kirkjuársins svo að safnaðarkosningar geti farið fram eigi síðar en þrem vikum fyrir síðasta hvíldardag kirkjuársins.

Prestur safnaðarins eða svæðisleiðtogi á að bera þetta mál upp við söfnuðinn eða safnaðarformaður, sé hvorki presturinn né svæðisleiðtoginn til staðar. Söfnuðurinn skal þá kjósa sérstaka nefnd sem koma á með tillögu að tillögunefnd. Þessa sérstöku nefnd má kjósa annað hvort:

1. Með skriflegri eða munnlegri tilnefningu úr fundarsal. Sé þessi leið valin má enginn safnaðarmaður tilnefna fleiri en einn einstakling. Ekki leyfist einum eða fleirum saman í hóp að reyna að segja öllum söfnuðinum fyrir verkum. Forðast ber allt sem ber keim af pólitískum aðferðum. Presturinn eða svæðisleiðtoginn eru í forsæti þessarar nefndar. Hafi enginn prestur eða svæðisleiðtogi verið útnefndir til að veita söfnuðinum forstöðu skal safnaðarstjórnin útnefna einn af meðlimum nefndarinnar sem formann. Nefndin ætti að vera fimm til sjö fleiri en þeir sem eru í safnaðarstjórn.

2. Með því að söfnuðurinn samþykki að veita safnaðarstjórninni ásamt fimm til sjö einstaklingum til viðbótar tilnefndum af söfnuðinum, í samræmi við efnisgrein 1 hér að framan, heimild til þess að vera þessi sérstaka nefnd. Sé þessi leið valin er sá sem er í forsæti safnaðarstjórnarinnar einnig í forsæti þessarar nefndar (sjá bls. 17).

***Hvernig þetta gengur fyrir sig--*** Atburðarásin verður þannig:

1. Söfnuðurinn kýs sérstaka nefnd með annarri hvorri aðferðinni sem lýst er hér að framan.

2. Þessi sérstaka nefnd ber tillögu sína um tillögunefnd undir söfnuðinn ásamt tillögu um ritara hennar. Allt skyldi gert til að tryggja sanngirni þannig að fulltrúar séu fyrir hina ýmsu „hópa“ innan safnaðarins.

3. Söfnuðurinn greiðir atkvæði um tillögunefnd og ritara.

4. Prestur safnaðarins eða svæðisleiðtoginn sem er formaður nefndarinnar er sjálfkjörinn. Ef þeir kjósa að vera ekki formaður nefndarinnar, eða ef Samtökin hafa ekki útnefnt prest eða svæðisleiðtoga, ætti nefndin sem söfnuðurinn valdi til að koma með tillögu um tillögunefnd að leggja fram nafn einhvers meðlims til að gegna embætti formanns tillögunefndarinnar.

5. Tillögunefndin kemur saman til að gera lista yfir nöfn embættismanna sem verður lagður fram fyrir söfnuðinn til samþykkis.

6. Söfnuðurinn greiðir atkvæði um hina ýmsu embættismenn fyrir komandi ár.

***Hverjir skulu eiga sæti í tillögunefndinni--*** Í tillögunefndina á aðeins að velja góð og gegn safnaðarsystkini. Þau eiga að vera einstaklingar með góða dómgreind og framar öllu öðru að bera velfarnað og hag safnaðarins fyrir brjósti.

***Starf tillögunefndar--*** Eftir að búið er að kjósa tillögunefndina á formaður

hennar að kalla hana saman eins fljótt og mögulegt er. Að lokinni einlægri bæn um leiðsögn á nefndin að byrja á starfi sínu með því að gera lista með nöfnum til að leggja fyrir söfnuðinn sem tillögu um alla embættismenn. Þeir ættu allir að vera góðir og gegnir meðlimir þess safnaðar. Nöfn þeirra verða borin fram fyrir söfnuðinn við hvíldardagsguðspjónustu eða á sérstaklega boðuðum safnaðarfundi. Við val sitt á einstaklingum má nefndin leita ráða hjá öðrum sem eru vel kunnugir. Þessi nefnd leggur ekki fram tillögu um safnaðarprest né aðstoðarprest. Stjórn Samtakanna skipar í þær stöður.

Stærðsafnaðarins mun að sjálfsögðu ákvarða fjölda þeirra embættismanna sem velja þarf. Stórir söfnuðir kunna að þurfa fleiri embættismenn en sé söfnuðurinn lítill má sleppa mörgum aðstoðarleiddögum. Nefndin fyllir í allar stöður nema kennara hvíldardagsskólans sem útnefndir eru af hvíldardagsskólaráðinu og samþykktir af safnaðarstjórninni. (Sjá bls. 172 varðandi hugsanlega embættismenn.)

***Tillögunefndinni ber að fá samþykki tilvonandi embættismanna--*** Þegar búið er að gera tillögu um einstaklinga sem eru trúfastir og dyggir safnaðarmeðlimir í viðkomandi söfnuði (nema Samtökin hafi veitt samþykki fyrir undantekningu, sbr. kaflann um störf safnaðarformannsins á bls. 63, 64) til þess að gegna hinum ýmsu embættum þurfa þeir nefndarmenn tillögunefndarinnar sem það er falið að láta þá vita um tilnefningu þeirra til embættis og tryggja samþykki þeirra til þess að gegna því embætti.

***Að koma fram fyrir tillögunefndina--*** Óski einhver safnaðarmeðlimur þess að koma á fund tillögunefndarinnar til að bera fram tillögu eða andmæli á hann að fá tækifæri til þess. Eftir að hann hefur ávarpað nefndina og er farinn út úr fundarherberginu ber henni að skoða tillögu hans eða andmæli og bera síðan skýrslu fram fyrir söfnuðinn.

***Umræður tillögunefndar eru trúnaðarmál--*** Allar fyrirspurnir og umræður tillögunefndarinnar eru trúnaðarmál. Það er brot á kristilegum siðareglum og anda gullnu reglunnar ef nefndarmaður tillögunefndar skýrir utan fundar frá nokkru því sem rætt hefur verið í nefndinni. Að brjóta af sér í þessu tilliti er næg ástæða til þess að útiloka slíkan nefndarmann frá því að taka frekari þátt í starfi tillögunefndarinnar. Reynist þörf á því að gera fyrirspurnir utan nefndarinnar á formaður nefndarinnar að annast það.

**Skýrsla lögð fram fyrir söfnuðinn--** Þessa skýrslu á að leggja fyrir söfnuðinn allan en ekki safnaðarstjórnina þar sem hún hefur enga lögsögu í þessum málum. Það má leggja skýrslu þessarar nefndar fyrir söfnuðinn við hvíldardagsguðsþjónustu eða á sérstaklega boðuðum safnaðarfundi.

Þegar tillögunefndin er reiðubúin að leggja fram skýrslu sína á formaður tillögunefndarinnar að ávarpa söfnuðinn. Safnaðarsystkini eiga að fá í hendur eintak af skýrslunni eða ritari tillögunefndar að lesa nöfnin hátt og skýrt fyrir söfnuðinn. Síðan skal formaður nefndarinnar tilkynna að skýrslan verði borin undir atkvæði að einni eða tveim vikum liðnum.

Öll safnaðarsystkini ættu að greiða atkvæði um embættismenn. Meirihluti atkvæða þeirra sem viðstaddir eru og atkvæði greiða nægir til þess að kosning sé gild.

**Andmæli við skýrslu tillögunefndar--** Sérhver meðlimur safnaðarins hefur rétt til þess að hreyfa andmælum við skýrslu tillögunefndar. Hafi einhver andmæli fram að færa á hann að hafa samband við safnaðarprestinn eða formann nefndarinnar og bera andmæli sín og athugasemdir upp við tillögunefndina í eigin persónu áður en skýrslan er lesin öðru sinni. Einnig er í lagi að andmælandi leggi til við annan lestur tillögunnar að henni verði allri vísað aftur án umræðu til tillögunefndar til frekari athugunar. Það er venja að formaður nefndarinnar samþykki þá ósk. Hafi beiðnin hinsvegar verið flutt sem tillaga er hún ekki til umræðu og hana verður að samþykkja með meirihluta atkvæða.

Verði tillagan samþykkt ber formanni nefndarinnar að tilkynna hvar og hvenær nefndin komi saman til að hlýða á andmæli gegn einhverju nafni. Þá ber þeim sem bar fram frávísunartillöguna eða hverjum öðrum sem andmælum vill hreyfa að koma fram fyrir nefndina. Sé kosningu frestað vegna andmæla einhvers í söfnuðinum yrði það skoðað sem alvarlegt mál ef andmælandinn lætur undir höfuð leggjast að koma fram fyrir nefndina.

Nefndinni ber að íhuga gaumgæfilega þau andmæli sem fram eru borin. Séu andmælin á rökum reist þarf nefndin að finna annað nafn í stað þess sem andmælt var. Þegar skýrslan er aftur lögð fram fyrir söfnuðinn er gengið til atkvæða um tillögu nefndarinnar.

Aldrei skyldi bera upp tilefnislaus eða léttvæg andmæli gegn nokkru nafni, en séu til staðar alvarlegar ástæður fyrir breytingu á tillögu ber að greina tillögunefndinni frá þessum ástæðum.

**Laus Embætti--** Losni embætti á árinu vegna þess að einstaklingur deyr, flyst brott, segir af sér, eða af einhverjum öðrum ástæðum, gerir safnaðarstjórn tillögu um eftirmann til þess að gegna embættinu það sem eftir er ársins og leggur þá tillögu fram fyrir söfnuðinn til samþykkis.

### **Fulltrúar á aðalfund Samtaka safnaða**

Hjá Samtökum safnaða er allt stjórnunarvald frá safnaðarsystkinum komið. Söfnuðir þeir sem Samtökin mynda kjósa fulltrúa á aðalfund Samtakanna til að koma fram fyrir hönd safnaðanna á fundum Samtakanna. Aðalfundur Samtakanna kýs embættismenn þeirra, veitir starfsleyfi (nema lög Samtakanna leggi það í hendur stjórnar Samtakanna), samþykkir lög Samtakanna eða breytir þeim, sé slíkt talið nauðsynlegt, og sinnir öðrum þeim málum sem ákvarða þarf. Ein mikilvægasta ákvörðun fundarins er kjör stjórnar Samtakanna, en hlutverk hennar er að fara með umboð safnaðanna milli aðalfunda Samtakanna. Stjórn þessi fer með umboð allra safnaðanna sem Samtökin mynda.

**Val fulltrúa--** „Hann [Guð] hefur skipað svo málum að valdir menn sækja aðalfundi Samtaka sem fulltrúar, menn sem eru bæði reyndir og ráðsettir og hafa sýnt sig vera áreiðanlegir og geta séð samband orsaka og afleiðinga því að þeir eiga að leggja áform um framgang starfsins.“ 9T, bls. 262.

Fjöldi fulltrúa hvers safnaðar á aðalfund Samtaka safnaða er ákvarðaður í lögum Samtakanna. Þegar tími kemur til að velja fulltrúa skal prestur safnaðarins, eða yfir-safnaðarformaður í samráði við prestinn, bera málið upp við söfnuðinn. Kjósa má nefnd til að annast val fulltrúa eða biðja safnaðarstjórn að útnefna þá. Ekkert sem ber keim af stjórnmalabaráttu má fá að komast að í þessu verki. Tilnefna skal þá sem fulltrúa, sem kunnir eru fyrir guðhræðslu og drottinhollustu og geta sótt fundinn. (Sjá bls. 69.)

Þegar nefndin eða safnaðarstjórn hefur lokið sínu verki ber henni að leggja tillögur sínar fram fyrir söfnuðinn sem greiðir þá atkvæði um tillögurnar. Enginn embættismaður safnaðarins telst sjálfkjörinn sem fulltrúi. Eftir að kosningu lýkur ber ritara safnaðarins að útfylla fulltrúabréf fulltrúanna og senda þau til ritara Samtakanna. Hinir kjörnu fulltrúar koma þá fram fyrir hönd safnaðarins og taka höndum saman með fulltrúum annarra safnaða við að sinna hverjum þeim verkefnum sem aðalfundur verður að láta til sín taka.



Fulltrúar á aðalfund Sambanda eru kjörnir af Samtökum safnaða en ekki af einstökum söfnuðunum. Fulltrúar á þing Aðalsamtakanna eru kjörnir af Deildum Aðalsamtakanna og Samböndum.

***Skyldur fulltrúa--*** Fulltrúi á aðalfund Samtaka safnaða er ekki aðeins kjörinn til þess að vera fulltrúi einstaks safnaðar eða Samtaka. Þegar hann hefur tekið sér sæti ber honum að líta á verkið í heild sinni og að minnst þess að hann er ábyrgur fyrir velgengni starfsins um allan heim. Ekki er fulltrúahópi neins safnaðar eða Samtaka heimilt að skipuleggja eða freista þess að stýra atkvæðum sínum sem hópur. Ekki hefur heldur fulltrúahópur frá stórum söfnuði eða Samtökum heimild til að krefjast yfirburðaðstöðu með því að stjórna málum á aðalfundi Samtaka. Sérhver fulltrúi á að hlýða leiðsögn Heilags anda og greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni. Hver sá embættismaður Samtaka eða safnaðar sem freistar þess að stýra atkvæðum einhvers hóps fulltrúa er talinn óhæfur til að gegna embætti.

***Ábyrgð embættismanna Samtaka safnaða--*** Einstakur söfnuður hefur ekkert vald utan eigin félagsheildar. Hann sameinast öðrum söfnuðum á aðalfundi Samtaka í því að fela embættismönnum og stjórn Samtakanna að fara með vald sitt og ábyrgð og sinna starfi Samtakanna í umboði sínu milli aðalfunda. Embættismenn þessir eru ábyrgir gagnvart Samtökunum í heild sinni en ekki neinum einstökum söfnuði.

***Stjórnarmenn Samtakanna--*** Einstaklingar í stjórn Samtaka safnaða eru kjörnir til að vera fulltrúar starfsins á öllu starfssvæði Samtakanna. Þeir eru ekki aðeins fulltrúar eins safnaðar, svæðis eða neinnar sérstakrar stofnunar í Samtökunum. Hver stjórnarmaður á að finna til þeirrar ábyrgðar að huga að öllum áhugasviðum starfsins á starfssvæðinu öllu og einungis taka ákvörðun að lokinni bæn og gaumgæfilegri skoðun allra málavaxta. Ekki mega ákvarðanir eða atkvæðagreiðsla stjórnarinnar stjórnast eða verða fyrir áhrifum af neinum söfnuði, hópi manna eða einstaklingi.

## Guðspjónustur og aðrar samkomur/fundir

### Almennar meginreglur

Postulinn Jóhannes lýsti því yfir að „hinir sönnu tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika. Faðirinn leitar slíkra tilbiðjenda“ (Jóh 4.23).

„Þótt Guð dvelji ekki í musterum með höndum gjörðum, heiðrar hann samt samkomur fólks síns með návist sinni. Hann hefur lofað að þegar það kemur saman til að leita hans, játa syndir sínar og biðja hvert fyrir öðru muni hann vera á meðal þeirra fyrir Anda sinn. En þeir sem koma saman til þess að tilbiðja hann eiga að afleggja allt illt. Samkomur þeirra verða til einskis gagns nema þau tilbiðji hann í anda og sannleika og í feegurð heilagleikans.“ PK, bls. 50.

***Tilgangur guðspjónustu og samkoma safnaðarins***-- Tilgangur guðspjónustu og samkoma safnaðarins er að tilbiðja Guð fyrir sköpunarverk hans og ávinning frelsunar hans; einnig að skilja orð hans, kenningar og áform, eiga samfélag með öðrum í andrúmslofti trúar og kærleika, vitna um trúna á friðþægingarförn Krists á krossinum og læra hvernig megi uppfylla fyrirskipun Krists um að gera menn að lærisveinum um allan heim (Matt 28.19, 20).

***Virðing fyrir húsi Guðs***-- „Hús Guðs á jörðu er hinni auðmjúku, trúuðu sál hlið himins. Lofsöngurinn, bænin og orð þau sem fulltrúi Krists talar eru tæki sem Guð hefur sett til þess að búa fólk sitt undir söfnuðinn hið efra, undir hina háleitu tilbeiðslu þar sem ekkert sem saugar á heima.

Af þeirri helgi sem tengd var hinum jarðneska helgidómi geta kristnir menn lært hvernig þeir eiga að líta á þann stað þar sem Drottinn finnur fólk sitt. . . . Guð sjálfur gaf fyrirmæli um hvernig bæri að haga þeirri þjónustu og hóf hana ofar öllu því sem tímanlegt er.

Húsið er helgidómur fjölskyldunnar og einkaherbergið eða trjálundurinn er kyrrlátasti staðurinn fyrir tilbeiðslu einstaklingsins en kirkjan er

helgidómur safnaðarins. Tilbeiðsluháttur, jafnt sem tími og staður til tilbeiðslu, á að vera bundinn reglu. Ekkert það sem heilagt er, ekkert það sem snertir tilbeiðslu Guðs, á að skoða af kæruleysi eða afskiptaleysi.“ 5T, bls. 491.

**Börnum ber að kenna lotningu--** „Foreldrar, hefjið upp staðal kristindómsins í hugum barna ykkar. Hjálpið þeim að hafa Jesú sem daglegan förunaut. Kennið þeim að bera djúpa lotningu fyrir húsi Guðs og skilja að þegar þau ganga inn í hús Drottins ættu þau að vera bljúg og undirgefin í hjarta og hugsa sem svo: „Guð er hér. Þetta er húsið hans. Hugsanir mínar verða að vera hreinar og hvatir mínar heilagar. Ég má ekki byrgja með mér neinn hroka, öfund, afbrýðisemi, illar hugsanir, hatur eða blekkingu því að ég er að ganga inn í návist heilags Guðs. Þetta er sá staður þar sem Guð finnur fólk sitt og blessar það. Hinn hái og háleiti, hann sem ríkir eilíflega og heitir Heilagur lítur á mig, rannsakar hjarta mitt og les leyndustu hugsanir og athafnir lífs míns.““ 5T, bls. 494.

**Hátprýði og kyrrð á tilbeiðslustaðnum--** „Þegar tilbiðjendurnir ganga inn þar sem komið er saman eiga þeir að vera hátprúðir og ganga hljóðlega til sæta sinna. . . . Samræður um veraldlega hluti, hvísl og hlátur á ekki að leyfa í húsi Guðs, hvorki á undan eða á eftir samkomunni. Einlæg og lifandi guðrækni ætti að einkenna tilbiðjendurna.

Þurfi einhverjir að bíða fáeinar mínútur eftir því að samkoman hefjist ættu þeir að varðveita með sér hugarfar sannrar helgunar með hljóðri íhugun og hefja hjarta sitt til Guðs í bæn um að samkoman verði hjarta þeirra sérstaklega gagnleg og leiði til sannfæringar og afturhvarfs annarra. Þeir ættu að minnast þess að himneskir sendiboðar eru í húsinu. . . . Beri fólkíð sanna lotningu fyrir Drottni þegar það kemur inn í helgidóminn og minnst þess að það er í návist hans verður indæl mælska í þögninni. Hvíslíð, hláturinn og orðræðurnar sem þyrftu ekki að fela í sér neina synd á almennum athafnastað mega ekki eiga sér stað í því húsi þar sem Guð er tilbeðinn. Hugann þarf að búa undir að hlýða á orð Guðs svo að það hafi rétt vægi og viðeigandi áhrif á hjartað.“ 5T, bls. 492.

**Gestrisni--** „Gleymið ekki gestrisninni því að vegna hennar hafa sumir hýst engla án þess að vita“ (Heb 13.2). Í sérhverjum söfnuði þarf safnaðarfólkið að temja sér hugarfar gestrisninnar sem er mikilvægur þáttur í lífi og reynslu

hins kristna. Ekkert er eins niðurdrepani fyrir andlegt líf safnaðar eins og kalt og formlegt andrúmsloft sem hrekur burtu gestrisni og kristilegt samneyti. Sjá skyldi til þess að einstaklingar séu til staðar til að bjóða gesti velkomna sem kunna að koma til guðsþjónustu.

### **Þáttur tónlistar í tilbeiðslu**

**Máttur tónlistarinnar--** „Tónlistin getur verið mikið afl til góðs. Samt nýtum við ekki þessa grein tilbeiðslunnar sem skyldi. Söngurinn er yfirleitt augnabliksákvörðun eða hafður einungis við sérstök tækifæri og þess á milli eru þeir sem syngja látnir gera sín glappaskot við sönginn svo tónlistin glatar réttum áhrifum sínum á huga þeirra sem viðstaddir eru. Tónlistin ætti að vera fögur, hjartnæm og kraftmikil. Við skulum hefja raddirnar í lofsöng og helgun. Fáíð til aðstoðar hljóðfæraleikara, sé þess nokkur kostur, og látið dýrlegan samhljóm stíga upp til Guðs sem velþóknlega förn.“ 4T, bls. 71.

**Syngið með anda og af skilningi--** „Boðberar Drottins ættu ekki að fylgja hætti heimsins í starfi sínu við að ná til fólksins. Á þeim samkomum sem haldnar eru eiga þeir ekki að vera háðir veraldlegum söngvurum og aðferðum leikhúsanna til þess að vekja áhuga. Hvernig er hægt að ætlast til að þeir sem hafa engan áhuga á orði Guðs og aldrei lesið orð hans með einlægri ósk um að skilja sannindi þess geti sungið með anda og af skilningi? ...Hvernig getur hinn himneski kór sameinast sönglist sem er aðeins formið? ...

Ekki ætti alltaf að hafa aðeins fáa við sönginn. Allur söfnuðurinn á að taka þátt í söngnum eins oft og mögulegt er.“ 9T, bls. 143, 144.

### **Prédikunarstóllinn er ekki umræðuvettvangur**

Kirkjan veitir ekki neinum presti, safnaðarformanni eða nokkrum öðrum rétt til að gera prédikunarstóllinn að vettvangi þar sem settar eru fram umdeildar kenningar eða starfshættir.

**Nýtt ljós rannsakað--** Telji einhver meðlimur sig hafa nýtt ljós sem gengur í berhögð við viðurkenndar skoðanir safnaðarins skal hann leita álits um það hjá ábyrgum leiðtogum.

„Það eru þúsund freistingar búnar þeim sem hafa ljós sannleikans. Eina örugga leiðin fyrir hvert okkar er að meðtaka enga nýja kenningu, enga nýja túlkun á Biblíusannindum án þess að bera hana fyrst undir reynda bræður. Leggið það fyrir þá af auðmjúkum lærisveinsanda og í einlægri bæn. Sjái þeir ekkert ljós í því skuluð þið beygja ykkur undir dóm þeirra því að þar sem „margir leggja á ráðin, fá þau framgang.““ 5T, bls. 293. (Sjá einnig Post 15.1-32.)

Þessu ráði var fylgt í frumsöfnuðinum. Þegar ágreiningur kom upp í Antíokkíu í mikilvægu máli sendu trúsystkinin fulltrúa til Jerúsalem þar sem málið var lagt fyrir postula og öldunga til íhugunar. Ákvörðun þessarar ráðstefnu var tekið með fögnuði af hinum trúuðu í Antíokkíu og þannig hélst friður og bróðurkærleikur í söfnuðinum.

Ekki má líta þannig á að þær leiðbeiningar frá Drottni sem vitnað var í hér að framan beini neinum frá því að rannsaka Biblíuna af kostgæfni, heldur sem vörn gegn því að inn í söfnuðinn berist falskenningar og villulærdómar. Guð vill að börn hans rannsaki Biblíuna af kappi til að finna þar ljós og sannleika en hann vill ekki að þau leiðist afvega sakir falskenninga.

„Við höfum aðeins séð dauft skin af hinni guðlegu dýrð og hinni óendanlega miklu þekkingu og visku. Það er sem við höfum einungis verið að vinna á yfirborði námunnar en að hinar miklu gullæðar séu undir yfirborðinu og bíði þar sem laun þess sem grefur eftir því. Fara verður æ dýpra með námugöngin og þar mun finnast dýrmætur fjársjóður. Fyrir rétta trú mun guðleg þekking verða mannleg þekking.“ COL, bls. 113.

„Þeim sem er í lifandi sambandi við réttlætissólina verður ávallt opinberað nýtt ljós varðandi orð Guðs. Enginn má draga þá ályktun að engin sannindi séu eftir til að opinbera. Sá sem leitar sannleikans af kostgæfni og bænaranda mun komast að raun um að dýrmætum ljósgeislum stafar enn af orði Guðs. Margar perlur liggja enn á víð og dreif sem hinn síðasti söfnuður Guðs mun safna saman og gera að sinni eign.“ CSW, bls. 34.

Þegar nýju ljósi stafar af hinni helgu bók sem laun hinum einlæga sannleiksleitanda nemur það ekki hið gamla úr gildi. Þvert á móti blandast það hinu gamla svo að það verður bjartara og ber meiri ljóma. Þess vegna er „gata réttlátra eins og bjartur árdagsljómi, sem verður æ skærari fram á hádegi“ (Okv 4.18).

Þó að barn Guðs verði að vera reiðubúið til að veita viðtöku vaxandi ljósi má það ekki hlusta á hverja raust, hversu guðrækileg og trúleg sem

hún virðist vera, ef hún leiðir burt frá grundvallarkenningum Biblíunnar.

„Við eigum ekki að veita viðtöku orðum þeirra sem flytja boðskap í mótsögn við hin sérstöku trúarsannindi okkar. Þeir safna saman fjölda Biblíutexta og hruga þeim saman sem sönnun fyrir kenningum þeim sem þeir halda fram. Þetta hefur verið gert æ ofan í á umliðnum fimmtíu árum. Og þó að Biblían sé orð Guðs sem á að virða er útlekking hennar mikil mistök, hreyfi sú útlekking við einni burðarsúlu þeirrar undirstöðu sem Guð hefur varðveitt í þessi fimmtíu ár. Sá sem stendur að slíkri útlekkingu þekkir ekki hina dásamlegu birtingu Heilags anda sem hefur veitt kraft og mátt þeim boðskap sem fluttur hefur verið fólki Guðs á umliðnum árum.“  
CW, bls. 32.

### **Mikilvægi þess að vera einhuga**

Það er mikilvægt að við séum „einhuga í trúnni“ (Ef 4.13). Það er alveg jafn áriðandi að við kappkostum ávallt „að varðveita einingu andans í bandi friðarins“ (3. vers). Þess vegna er þörf á að sýna mikla aðgát og athuga málin vandlega jafnframt því sem við leitum ráða bræðranna.

„Guð er að leiða lýð sinn út úr heiminum á hinum upphafna grundvelli eilífs sannleika, boðorðum Guðs og trúnni á Jesú. Hann mun aga fólk sitt og bæta. Það verður ekki ágreiningur á milli þeirra þar sem einn trúir einu og annar hefur alveg gagnstæða trú og skoðanir svo að hver hreyfir sig óhád líkamanum. Fyrir hinar margvíslegu gjafir og það stjórnkerfi sem hann gaf söfnuðinum munu þau öll „verða einhuga í trúnni.“ Setji einn maður fram sínar skoðanir á Biblíusannleika án tillits til skoðana bræðranna, réttlætir stefnu sína og lætur að því liggja að hann hafi rétt til að halda fram sérskoðunum sínum og treður þeim síðan upp á aðra, hvernig getum við þá verið að uppfylla bæn Krists? . . .

Þó að hvert okkar hafi með höndum okkar persónulega starf og berum persónulega ábyrgð eigum við ekki að fara eftir okkar eigin sjálfstæðu dómgreind án tillits til skoðana og tilfinninga bræðra okkar því að slík stefna hlýtur að leiða til glundroða í söfnuðinum. Prestunum ber skylda til að virða dómgreind bræðra sinna. En afstaða þeirra hver til annars og til kenninganna sem þeir kenna þarf að geta þolað dóm lögmálsins og vitnisburðarins. Séu menn námfúsir í hjarta sér verður enginn ágreiningur á milli okkar. Sumir eru gjarnir á að vera óstýrilátir og þá rekur frá hinum miklu merkisteinum trúarinnar. En Guð verkar á presta sína að vera einhuga

í kenningunni og í Andanum.“ TM, bls. 29, 30.

Með þetta í huga hlýtur það að liggja í augum uppi að söfnuðurinn getur ekki veitt neinum einstaklingi rétt til að halda fram í prédikunarstólnum persónulegum skoðunum sínum eða áliti. Sá helgi staður verður að vera ætlaður prédikun hinna heilögu sanninda orðs Guðs og því að setja fram áform og reglugerðir safnaðarins en ekki persónulegar skoðanir og álit. (Sjá bls. 21, 109.)

**Ræðumenn án heimildar--** Undir engum kringumstæðum skyldi nokkur prestur, safnaðarformaður eða nokkur annar embættismaður safnaðarins bjóða ókunnugum eða réttindalausum einstaklingum að halda samkomu í kirkjum okkar. Mönnum sem hefur verið vikið úr prestsstörfum eða verið vísað úr safnaðarsamfélagi annars staðar, eða undirförlum mönnum sem ekkert umboð hafa frá söfnuðinum, á ekki að leyfa að stíga í ræðustólinn hjá okkur. Sérhver sem er verður trausts safnaðar okkar mun geta sýnt skilríki þar að lútandi.

Við ákveðin tækifæri getur verið vel við hæfi fyrir söfnuði okkar að opinberir embættismenn eða framámenn þjóðfélagsins ávarpi þá. Öllum öðrum skyldi meinaður aðgangur að ræðustólnum nema leyfi sé veitt frá skrifstofu Samtakanna. Það er skylda sérhvers safnaðarformanns, prests og formanns Samtakanna að sjá um að þessari reglu sé fylgt. (Sjá bls. 21, 109.)

## **Hvildardagsskólinn og guðsþjónustur**

**Hvildardagsskólinn--** Hvildardagsskólinn hefur verið réttilega kallaður „söfnuðurinn við nám.“ Hvildardag eftir hvildardag kemur meiri hluti safnaðarfólks okkar saman í hvildardagsskólanum ásamt þúsundum áhugasamra vina til að rannsaka orð Guðs á skipulegan hátt. Það ætti að hvetja alla meðlimi safnaðarins til að sækja hvildardagsskólann og taka einnig með sér gesti.

Hver hvildardagsskóli ætti að leitast við að sjá fyrir viðeigandi dagsskrárefni fyrir hina ýmsu aldursflokka. Til er efni og hjálpargögn til þessa miklvæga starfs; þau eru fáanleg frá Samtökunum.

Hvildardagsskólinn ætti að kynna kristniboðsstörf sem unnin eru bæði heima og um víða veröld, svo og gjafir til kristniboðsins og tryggja nægan tíma til yfirferðar lexíunnar. (Sjá athugasemd #1, bls. 174.)

**Tilkynningar og deildakynningar--** Vandlega skal hugað að lengd og eðli tilkynninga á hvíldardagsguðsþjónustunni. Ef þær fjalla um efni sem ekki snertir tilbeiðsluna á hvíldardeginum eða starf safnaðarins eiga prestar og embættismenn safnaðanna að útiloka þær og viðhalda einnig í þessu efni réttum tilbeiðsluanda og hvíldardagshelgi.

Margir söfnuðir okkar hafa prentaða dagskrá fyrir guðsþjónustuna og einnig tilkynningar fyrir vikuna. Þar sem það er gert er lítil sem engin þörf á munnlegum tilkynningum. Þar sem engin slík prentuð dagskrá er til finnst mörgum söfnuðum það æskilegt að hafa tilkynningarnar áður en sjálf guðsþjónustan byrjar. (Sjá athugasemd #2, bls. 174.)

Einnig verður að taka viðeigandi tillit til hinna ýmsu deilda safnaðarins sem þurfa að komast að til að kynna þau málefni sem þær bera ábyrgð á. En vandlega þarf að gæta þess að það sé ekki látið bitna á tímanum sem þarf til að rannsaka og prédika Guðs orð.

**Guðsþjónustan--** Guðsþjónustan á hvíldardögum er mikilvægasta samkoma safnaðanna. Þá safnast safnaðarsystkinin saman í viku hverri til tilbeiðslu á Guði í anda lofgjörðar og þakkargjörðar, til að hlýða á orð Guðs, til að fá styrk og náð til að heyja baráttu lífsins og kynnast vilja Guðs með þau í sálnavinnandi þjónustu. Öll guðsþjónustan á að einkennast af lotningu, látleysi og stundvísi.

**Góður undirbúningur--** „Er það ekki skylda ykkar þegar þið haldið trúarlegar samkomur að athuga málin vandlega, leggja góð áform og sýna kunnáttu ykkar svo að þær verði til sem mestrar blessunar og skilji eftir hin allra bestu áhrif hjá öllum sem samkomuna sækja?“ RH, 14. apríl, 1885.

„Guð okkar er blíður og miskunnsamur faðir. Ekki má skoða þjónustuna við hann sem dapurlega og þreytandi byrði. Það ætti að vera okkur ánægjuefni að tilbiðja Drottin og taka þátt í starfi hans . . . Kristur og hann krossfestur þarf að vera það efni, sem hugleiðingar okkar og samræður snúast um og er okkar mesta fagnaðarefni. . . Er við tjáum honum þakklæti okkar, nálgumst við tilbeiðslu hinna himnesku herskara. „Sá sem færir þakkargjörð að förn, heiðrar mig“ (Slm 50.23). Komum fram fyrir skapara okkar fagnandi og full lotningar. Þar skal heyrast „þakkargjörð og lofsöngur“ Jes 51.3.“ VK, bls. 119, 120.



**Guðspjónustuformið--** Hvíldardagsguðspjónustan hefur tvo meginþætti: annars vegar er þátttaka safnaðarins í lofgjörð og tilbeiðslu með söng, bæn og gjöfum, hins vegar boðskapur frá orði Guðs. (Sjá athugasemd #3, bls. 175.)

Við mælum ekki fyrir um fast form eða efnisskrá fyrir almennar guðspjónustur. Venjulega er stutt efnisskrá betur fallin til að skapa raunverulegan tilbeiðsluanda. Forðast skal löng inngangsatríði. Atríði í upphafi guðspjónustu ættu ekki undir neinum kringumstæðum að taka tíma frá tilbeiðslunni og prédikun orðs Guðs. (Sjá tillögur um efnisskrá guðspjónustu í athugasemd #2, bls. 174.)

**Skýrsla um útbreiðslustarf safnaðarins--** Fyrsti hvíldardagur hvers mánaðar er helgaður útbreiðslustarfi kirkjunnar. Guðspjónustan ætti að snúast um útbreiðslustarf leikmanna og gæti e.t.v. sett fram áform og verkefni sem hinar ýmsu deildir eru að vinna með. „Guð hefur falið okkur heilagt verk og við þurfum að koma saman til að fá fræðslu um hvernig við getum sem best sinnt því.“ 6T, bls. 32. (Sjá athugasemd # 4, bls. 176.)

**Almenn bænagjörð--** „Kristur lagði áherslu á það við lærisveina sína að bænir þeirra skyldu vera stuttar, tjá aðeins það sem þeir þörfuðust og ekkert meira. . . . Ein eða tvær mínútur er nógu langur tími fyrir allar venjulegar bænir.“ 2T, bls. 581.

„Þeir sem biðja og þeir sem prédika eiga að bera orðin rétt fram og tala með þægilegri rödd, skýrt og greinilega. Ef bænin er flutt á réttan hátt er hún afl til góðs. Hún er ein af þeim aðferðum sem Drottinn notar til að boða fólkinu hinar dýrmætu perlur sannleikans. . . . Fólk Guðs á að læra að tala og biðja þannig að það hæfi hinum miklu sannindum sem það hefur eignast. Vitnisburðirnir og bænirnar eiga að vera skýrar og greinilegar. Með því móti vegsamast Guð.“ 6T, bls. 382.

**Útvegur rita og blaða á hvíldardögum--** Það er almennt viðurkennt að hvíldardagurinn sé besta tækifærið fyrir ritara leikmannadeildarinnar til að afhenda safnaðarfólki blöð og rit. Í öllu starfi sínu á hvíldardeginum skyldi hann forðast þær aðferðir sem eru óviðeigandi og hafa tilhneigingu til þess að draga athygli safnaðarins frá sannri tilbeiðslu og lotningu.

## Kvöldmáltíðin

Í söfnuði Sjöunda dags aðventista er venjan að hafa kvöldmáltíð einu sinni í ársfjórðungi. Á þeirri guðsþjónustu fer fram fótaþvottur og kvöldmáltíðin sjálf. Þessi athöfn ætti að vera söfnuðinum jafnt sem prestinum eða safnaðarformanninum hinn helgasti og fagnaðarríkasti viðburður. Kvöldmáltíðarathöfnin er venjulega hluti guðsþjónustu en einnig má hafa hana á öðrum tímum.

**Helgiathöfn fótaþvottarins--** „Þegar hann hafði nú þvegið fætur lærisveina sinna sagði hann: „Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður.“ Með þessum orðum var Kristur ekki einungis að bjóða mönnum að iðka gestrisni. Þau fólu í sér meira en að þvo fætur gesta til að hreinsa af þeim ferðarykið. Kristur var með þessu að stofnsetja trúarathöfn. Fordæmi Drottins gerði þessa auðmýkjandi athöfn að heilagri athöfn. Lærisveinarnir skyldu tileinka sér hana til þess að minnast ætíð kenningar hans um auðmýkt og þjónustu.

Kristur mælti fyrir um þessa helgiathöfn sem undirbúning undir sakramentisþjónustuna. Meðan dramb, sundurþykkja og valdabarátta viðgengst getur hjartað ekki komist í samfélag við Krist. Við erum ekki við því búin að meðtaka líkama hans og blóð. Þess vegna ákvað Jesús að minningin um auðmýkt hans skyldi heiðruð fyrst.“ ÞA, bls. 486.

Með því að þvo fætur lærisveina sinna gerði Kristur djúpa hreinsun, þvoði gróm syndarinnar af hjartanu. Þátttakandinn skynjar hve óverðugur hann er að taka við hinum helgu táknum áður en hann eða hún hlýtur þá hreinsun sem kemur því til leiðar að maðurinn sé „allur hreinn“ (Jóh 13.10). Jesús þráði að þvo alla „sundrung, afbrýði og dramb úr hjörtum þeirra . . . Dramb og sjálfshyggja skapar úlfúð og hatur en allt þetta þvoði Jesús burt . . . Þegar Jesús leit á þá gat hann sagt: „Þér eruð hreindir.““ ÞA, bls. 484, 485.

Þá andlegu upplifun sem er kjarni fótaþvottarins hefur hann frá því að vera óbreyttan sið í að vera helgiathöfn. Í henni felst boðskapur fyrirgefningar, að vera meðtekinn af Guði, fullvissu og samstöðu, fyrst og fremst frá Kristi til hins trúaða manns, en einnig milli hinna trúðu sjálfra. Þessi boðskapur er fluttur í anda auðmýktar.

**Kvöldmáltíðin--** Englarnir lýsa því yfir að Jesús, frelsari heimsins, sé heilagur. Fyrst Jesús er heilagur eru táknið sem tákna líkama hans og blóð

einnig heilög. Fyrst Drottinn sjálfur valdi tákn með djúpa merkingu, ósýrt brauð og ógerjaða ávexti vínviðarins, og notaði hin fábrotnustu tæki til að þvo fætur lærisveinanna ætti að sýna mikla tregðu við að nota önnur tákn og aðferðir (nema sem algert neyðarúrræði) svo að upprunaleg merking athafnarinnar glattist ekki. Einnig ætti að varast að innleiða eitthvað frábrugðið eða nýtt varðandi skipan athafnarinnar og hefðbundin hlutverk prestsins, safnaðarformannsins, safnaðarþjónanna og safnaðarsystranna í kvöldmáltíðinni, svo að það leiði ekki til þess að gera hversdagslegt það sem heilagt er.

Kvöldmáltíðarathöfnin er jafn heilög nú á dögum og hún var forðum þegar Jesús Kristur stofnaði hana. Jesús er enn viðstaddur þegar þessi heilaga athöfn er höfð um hönd. Við lesum: „Það er við slík tækifæri, við athafnir, sem hann sjálfur hefur boðað til, sem Kristur hittir fylgjendur sína og eykur þeim þrótt með návist sinni.“ ÞA, bls. 493.

**Ósýrt brauð og ógerjad vín--** „Kristur er enn við borðið sem páskamáltíðin hefur verið fram borin á. Ósýrðu brauðin, sem etin voru um páskana, eru fyrir framan hann. Páskavínið er á borðinu, óspillt af gerjun, þessi tákn notar Kristur um sína eigin flekklausu fórn. Ekkert mengað af gerjun, ímynd syndar og dauða, gæti verið tákn „hins lýtalaus og óflekkaða lambs.“ 1Pét 1.19“ ÞA, bls. 490.

Hvorki í „bikarnum“ né í brauðinu var að finna neitt sem hafði gerjast á sama hátt og allt súrdeig eða það sem gerjast hafði (2Mós 12.15, 19; 13.7) var fjarlægð úr híbýlum fólksins á kvöldi fyrsta dags hinna hebresku páska. Þess vegna er einungis ógerjaður vínberjasafi og ósýrt brauð viðeigandi við kvöldmáltíðina og þess skal vandlega gætt að útvega þetta. Í mjög einangruðum svæðum heimsins, þar sem vínberjasafi eða rúsínusafi er ekki auðfenginn, mun skrifstofa Samtakanna veita ráð eða aðstoða þessa söfnuði við að útvega þetta.

**Til minningar um krossfestinguna--** „Þegar við meðtökum brauðið og vínið, sem eru tákn um brotinn líkama Krists og úthellt blóð hans, verðum við, í huganum, þátttakendur í kvöldmáltíðinni í loftsalnum. Við virðumst vera á leið gegnum garðinn sem helgaður var af kvöl hans sem bar syndir heimsins. Við verðum vitni að baráttunni sem það kostaði að sætta okkur við Guð. Kristur er leiddur fram krossfestur meðal okkar.“ ÞA, bls. 495.

**Boðun endurkomunnar--** „Kvöldmáltíðarþjónustan bendir fram til síðari komu Krists. Til hennar var stofnað í því skyni að vonin héldist vakandi í hugum lærisveinanna. Hvenær sem þeir komu saman til að minnast dauða hans minntust þeir þess að „hann tók kaleik, gjörði þakkir, gaf þeim og sagði: „Drekkid allir hér af. Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda. Ég segi yður: Héðan í frá mun ég eigi drekka af þessum vínviðarávexti til þess dags, er ég drekk hann nýjan með yður í ríki föður míns.““ Í sorgum sínum fundu þeir huggun í voninni um endurkomu Drottins síns. Óumræðilega dýrmæt var þeim hugsunin: „svo oft sem þér etið þetta brauð og drekkid af bikarnum, boðið þér dauða Drottins þangað til hann kemur.“ 1Kor 11.26.“ ÞA, bls. 494.

**Boðað til kvöldmáltíðar--** Það er mjög við hæfi að hafa kvöldmáltíð sem hluta af hvaða kristilegri tilbeiðslustund sem er. En til að leggja áherslu á hana og gera sem flestum safnaðarsystkinum kleift að sækja hana fer kvöldmáltíð venjulega fram í guðsþjónustunni, oftast á næst síðasta hvíldardegi hvers ársfjórðungs.

Á hvíldardeginum næst á undan kvöldmáltíðinni ætti að minnast á mikilvægi kvöldmáltíðarinnar. Öll safnaðarsystkini eru hvött til að undirbúa hjörtu sín og fullvissa sig um að öll mál séu í réttu horfi þeirra í milli. Þegar þau svo koma að borði Drottins viku síðar getur athöfnin orðið þeim miklu meiri blessun en ulla. Þeir sem ekki voru viðstaddir þegar tilkynningin kom fram ættu að vera látnir vita og þeim boðið að koma.

**Stjórnun kvöldmáltíðar--** Lengd samkomunnar-- Tími er ekki mikilvægasti þátturinn í undirbúningi fyrir kvöldmáltíð. Engu að síður mætti auka aðsókn og andlegu áhrifin með því að: (1) útiloka öll óviðkomandi atriði frá guðsþjónustunni á þessum hátíðisdegi; (2) koma í veg fyrir tafir á undan og eftir fótaþvottinum og (3) láta safnaðarsystur koma táknum fyrir á kvöldmáltíðarborðinu með góðum fyrirvara.

**Inngangsatríði** - Í upphafshluta guðsþjónustunnar ættu aðeins að vera örstuttar tilkynningar, sálmur, bæn, fórnargjafir og stutt ræða áður en söfnuðurinn skiptir sér til að taka þátt í fótaþvottinum og kemur síðan aftur til að taka þátt í kvöldmáltíðinni sjálfri.

**Fótaþvottur** - Hver söfnuður ætti að leggja áform um að mæta þörfum safnaðarsystkina við fótaþvottinn. (Sjá athugasemd #5, bls. 176.)

**Brauðið og vínið** - Eftir fótaþvottinn kemur söfnuðurinn saman aftur til

að neyta brauðsins og vínsins. (Sjá athugasemd #6, bls. 177.)

*Fögnuður* - Kvöldmáltíð á alltaf að vera alvarleg upplifun en aldrei drungaleg. Hið ranga hefur verið fært í lag, syndir hafa verið fyrirgefnar og trú hefur verið áréttuð. Þetta er tími til að halda hátíð. Látíð tónlistina vera bjarta og fagnandi. Kvöldmáltíðinni ætti að ljúka með tónlistaratriði eða almennum safnaðarsöng.

Oft eru tekin upp samskot til fátækra þegar söfnuðurinn gengur út.

Eftir athöfnina taka safnaðarþjónar og -systur af borðinu, safna saman glösunum og fjarlægja á virðingarfullan hátt leifar af brauðinu og víninu. Undir engum kringumstæðum má neyta þeirra eða taka þær til baka til almennrar neyslu.

***Hverjir mega taka þátt--*** Í kirkju Sjöunda dags aðventista er viðhöfð opin kvöldmáltíð. Allir sem hafa falið frelsaranum líf sitt mega taka þátt. Börn læra þýðingu þessarar athafnar með því að horfa á þá sem taka þátt. Eftir að þau hafa hlotið formlega uppfræðslu í skírardeildum og tekið stefnu með Jesú í skírn geta þau farið að taka þátt í kvöldmáltíðinni sjálf.

„Fordæmi Krists bannar manngreinarálit við borð Drottins. Að sönnu útilokar opinber synd þann seka. Það kennir Heilagur andi ótvírætt. 1Kor 5.11. En fram yfir það má enginn fella dóm. Guð lætur ekki menn um að ákveða hver skuli vera við slíka athöfn. Því að hver getur lesið hjörtun? Hver þekkir hismið frá hveitinu? „Hver maður prófi sjálfan sig og eti síðan af brauðinu og drekki af bikarnum.“ Og „hver sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins óverðuglega, verður þess vegna sekur við líkama og blóð Drottins.“ „Sá sem etur og drekkur, án þess að dæma rétt um líkamann, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms.“ 1Kor 11.28-29. ... Í hópinn geta komið menn sem í hjarta sínu eru ekki þjónar sannleikans og heilagleikans en vilja samt taka þátt í athöfninni. Ekki skal banna þeim það. Vottar eru staddir þar sem einnig voru viðstaddir þegar Jesús laugaði fætur lærisveinanna og Júdasar. Fleiri augu en mannleg voru þar sjónarvottar.“ ÞA, bls. 492, 493.

***Öll safnaðarsystkini ættu að sækja athöfnina--*** „Enginn skyldi útiloka sig frá kvöldmáltíðinni vegna þess að einhverjir óverðugir kunni að vera viðstaddir. Sérhverjum lærisveini er ætlað að vera þar opinberlega og bera því þannig vitni að hann meðtaki Krist sem persónulegan frelsara sinn. Það er við slík tækifæri, við athafnir, sem hann sjálfur hefur boðað til, sem

Kristur hittir fylgjendur sína og eykur þeim þrótt með návist sinni. Óverðug hjörtu og hendur geta jafnvel útdeilt sakramentinu en Kristur er þar engu að síður til þess að annast börn sín. Allir sem koma með trú sína staðfasta í honum munu hljóta ríkulega blessun. Allir sem vanrækja þessar stundir guðdómlegra forréttinda munu bíða tjón. Um þá má með réttu segja: „Þér eruð ekki allir hreinir.““ ÞA, bls. 493.

***Hverjir mega þjónusta við kvöldmáltíð--*** Við kvöldmáltíðarathöfn skal vígður prestur eða safnaðarformaður þjónusta. Þótt safnaðarþjónar séu vígðir geta þeir ekki þjónustað við þessa athöfn.

***Kvöldmáltíð fyrir þá sem geta ekki komið--*** Séu einhver safnaðarsystkini veik eða geta ekki af einhverjum öðrum ástæðum farið að heiman til þess að sækja kvöldmáltíðarguðsþjónustuna má presturinn eða safnaðarformaðurinn hafa sérstaka athöfn fyrir þau heima. Safnaðarþjónar eða safnaðarsystur geta aðstoðað.

## **Bænasamkoman**

***Bænasamkomur skulu vera áhugavekjandi--*** „Bænasamkomurnar ættu að vera áhugaverðustu samkomurnar sem haldnar eru, en oft er illa staðið að þeim. Margir hlusta á prédikanir en vanrækja bænasamkomuna. Hér þarf að huga vel að málum. Leita ætti til Guðs um visku og leggja áætlanir um að hafa samkomurnar þannig að þær séu áhugavekjandi og aðlaðandi. Fólkið hungrar eftir brauði lífsins. Ef það finnur það á bænasamkomunni mun það fara þangað til þess að fá það.

Langar og þurrar ræður og bænir eru alls staðar óviðeigandi og alveg sérlega þar sem söfnuðurinn kemur saman til bæna. Þeim sem eru framhleypnir og alltaf reiðubúnir að tala er leyft að ýta til hliðar vitnisburði hinna óframfærnari og hlédrægu. Þeir sem eru yfirborðskenndastir hafa venjulegast mest að segja. Bænir þeirra eru langar og vélrænar. Þeir þreyta englana og fólkið sem hlustar á þá. Bænir okkar eiga að vera stuttar og gagnorðar. Geymum löngu og þreytandi bænirnar þar til við erum í einrúmi ef við höfum einhverjar slíkar fram að færa. Hleypið Anda Guðs inn í hjarta ykkar og hann mun sópa burtu öllum þurrum formsatriðum.“ 4T, bls. 70, 71.

Meira skyldi leggja á sig en venjulega til þess að tryggja að

bænasamkoman verði sem best og árangursríkust. Samkoman ætti að byrja stundvíslega, jafnvel þótt aðeins tveir eða þrír séu komnir. Það ætti að hafa stutta bibliúrannsókn eða lestur úr ritum Anda spádómsins. Þetta þarf ekki að vera lengra en fimmtán eða tuttugu mínútur. Þá á að gefa safnaðarsystkinum tíma til bæna og vitnisburða.

Hafið tilbreytni í samkomunni frá einni viku til annarrar.

Geti safnaðarsystkinin ekki komið saman á hinum venjulega bænasamkomustað þá má hafa bænasamkomur í heimahúsum með góðum árangri og blessun fyrir alla sem þær sækja.

### **Safnaðarfundir**

Hver söfnuður er starfræktur innan þess ramma sem kirkja Sjöunda dags adventista hefur sett. Samkvæmt því er almennur safnaðarfundur stjórnareining hvers safnaðar. Allir góðir og gegnir meðlimir skyldu hvattir til að sækja þá og greiða atkvæði. Meðlimir sem eru undir vítum hafa ekki rétt til þátttöku né atkvæðisrétt.

Almenna safnaðarfundir skal halda að minnsta kosti árlega. Safnaðarpresturinn eða safnaðarstjórn í samráði við hann boðar fundinn. Venjulega er fundartími og staður safnaðarfundanna tilkynntur á hvíldardagssamkomu með einnar til tveggja vikna fyrirvara. Safnaðarfundir er stjórnað af safnaðarprestinum, safnaðarformanni í samráði við prestinn eða formanni Samtakanna í sumum tilvikum.

Hver söfnuður ákveður þann fjölda sem þarf til svo að fundurinn sé löglegur.

Ekki er hægt að greiða atkvæði bréflaga eða með staðgengli.

Meiri háttá mál skulu ákveðin á venjulegum eða sérstökum fundi safnaðarins.

Safnaðarfundurinn hefur vald yfir safnaðarstjórninni og getur veitt henni ákveðna ábyrgð auk þeirrar sem hún þegar hefur samkvæmt safnaðarhandbókinni.

Á slíkum fundum ætti að gefa söfnuðinum rækilegar upplýsingar um starf safnaðarins, og að minnsta kosti einu sinni á ári skal gefa skýrslur um starfsemi safnaðarins. Á grundvelli þeirra ætti að leggja fram og samþykkja starfsáform næsta árs. Þar sem það er mögulegt ætti að leggja þessar skýrslur og starfsáform fram skriflega. (Sjá athugasemd #7, bls. 178.)

Söfnuðurinn ætti að leita ráða hjá embættismönnum Samtakanna

varðandi öll stórmál til að tryggja gott samstarf milli safnaðarins og Samtakanna.

Embættismenn (formaður, ritari, gjaldkeri) Samtakanna eða Sambandsins mega sækja alla almenna safnaðarfundi sérhvers safnaðar á starfssvæði þeirra, en eru án atkvæðisréttar (nema söfnuðurinn veiti þeim hann). Ekki þarf að greiða atkvæði um það ef embættismaðurinn er þegar meðlimur þess safnaðar.

### **Safnaðarstjórnin og fundir hennar**

**Skilgreining og hlutverk--** Hver söfnuður skal hafa virka safnaðarstjórn, en safnaðarfundur velur meðlimi hennar. Æðsta verkefni hennar er andleg velferð safnaðarins og skipulag og efling útbreiðslustarfs á öllum sviðum.

Skyldur safnaðarstjórnarinnar eru meðal annarra sem hér segir:

1. Andleg fræðsla
2. Útbreiðslustarf á öllum sviðum
3. Að varðveita hreina kenningu
4. Að halda á lofti kristilegum staðli
5. Umsögn um flutning eða breytingu á safnaðarbréfum
6. Fjármál safnaðarins
7. Varðveisla á eignum safnaðarins og umsjón með þeim
8. Samhæfing hinna ýmsu deilda og greina safnaðarstarfsins

Hin mikla starfsskipun Jesú gerir útbreiðslustarf, boðun fagnaðarerindisins, að höfuðhlutverki safnaðarins (Matt 28.18 - 20). Þetta er því einnig höfuðhlutverk safnaðarstjórnarinnar sem er aðalnefnd viðkomandi safnaðar. Þegar stjórnin helgar krafta sína fyrst og fremst því að hver safnaðarmaður sinni útbreiðslustarfi þá leysast vandamál eða það er komið í veg fyrir þau. Þá má finna sterk og jákvæð áhrif í andlegu lífi og vexti safnaðarins.

Stjórnin er kosin árlega af safnaðarsystkinum þegar regluleg kosning embættismanna hvers safnaðar fer fram. (Sjá bls. 58-61.)

**Þeir sem stjórnina skipa--** Eftirfarandi embættismenn safnaðarins ættu að eiga sæti í stjórn safnaðarins auk þeirra presta sem Samtökin hafa útnefnt:

Safnaðarformaður eða safnaðarformenn

Yfirsafnaðarþjónn

Yfirsafnaðarsystir



Gjaldkeri  
Ritari  
Leiðtogi og ritari leikmannadeildar  
Leiðtogi líknarstarfsins eða formaður systrafélagsins  
Formaður hvíldardagsskólans  
Leiðtogi fjölskyldudeildar  
Leiðtogi kvennadeildar  
Leiðtogi barnadeildar  
Ritari menntamála  
Leiðtogi foreldrafélags safnaðarskólans  
Formaður ungmennafélagsins  
Foringi „Ambassador“-klúbbsins  
Foringi Aðventskáta  
Foringi ævintýraklúbbsins  
Tengiliður áhugasamra  
Formaður fjölmiðlanefndar eða fjölmiðlafulltrúi  
Heilbrigðismálaritari  
Ráðsmennskuritari  
Trúfrelsisritari  
Tónlistarstjóri  
Leiðtogi Biblíuskólans  
Leiðtogi bræðrafélagsins  
Leiðtogi útgáfustarfsins

Í mörgum tilvikum getur safnaðarstjórnin bætt stöðum við eða fækkað þeim í samræmi við stærð safnaðarins. Presturinn sem skipaður er af Samtökunum til þess að þjóna söfnuðinum sem safnaðarprestur á ávallt sæti í safnaðarstjórn.

***Embættismennirnir--*** Formaður safnaðarstjórnar er prestur sá sem settur er til að þjóna sem safnaðarprestur. Kjósi safnaðarpresturinn að vera ekki formaður safnaðarstjórnar eða ef hann getur ekki verið viðstaddur einhvern fundinn má hann fela safnaðarformanni að gegna störfum fundarstjóra í sinn stað.

Safnaðarritarinn er ritari stjórnarinnar og er ábyrgur fyrir að skrá og geyma fundargerðir safnaðarstjórnarfundanna.

**Fundir--** Þar eð starf safnaðarstjórnar er nauðsynlegt lífi, velfarnaði og vexti hvers safnaðar þarf hún að koma saman til fundar að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Það fer vel á því að ákveða vissan vikudag í hverjum mánuði til mánaðarlegs fundar.

Safnaðarstjórnarfundur er boðaður á reglulegri hvíldardagssamkomu. Kapp skal lagt á að allir þeir sem stjórnina skipa sæki hvern fund.

Sérhver söfnuður skyldi ákveða á einum af sínum reglulegu safnaðarfundum hver fjöldi viðstaddra stjórnarmanna skuli vera til þess að safnaðarstjórn teljist ályktunar- og starfhæf.

Ekki er hægt að greiða atkvæði bréflaga eða með staðgengli.

**Starf stjórnarinnar--** 1. Þar eð útbreiðslustarf er höfuðverkefni safnaðarins ætti fyrsta mál á dagskrá hvers safnaðarstjórnarfundar að vera beinlínis um útbreiðslustarf á starfssvæði safnaðarins. Þar að auki mætti vel nota heilan fundartíma einu sinni í ársfjórðungi til þess að skipuleggja útbreiðslustarf. Safnaðarstjórnin mun þá athuga gaumgæfilega tillögur stjórnar starfssvæðisins um útbreiðslustarf og aðferðir þar að lútandi. Hún mun ákvarða hvernig best sé að koma þeim í framkvæmd í söfnuðinum. Safnaðarpresturinn og safnaðarstjórnin hafa frumkvæði um að haldnar verði opinberar samkomur og að skipuleggja þær.

2. Að samhæfa útbreiðslustarf deildanna. Safnaðarstjórnin ber ábyrgð á að samræma allt starf hinna ýmsu deilda og greina safnaðarins. Sérhver deild skipuleggur starf sitt innan síns sviðs. Til þess að komast hjá árekstrum hvað varðar tímasetningu og við öflun sjálfbodaliða og til þess að ná hámarks árangri er samræming nauðsynleg. Áður en lokið er við að leggja áform varðandi eitthvert starf eða áður en það er tilkynnt ætti hver deild að leggja áætlun sína fyrir safnaðarstjórn til samþykktar. Deildirnar gefa safnaðarstjórninni einnig skýrslu um framvindu og árangur í útbreiðslustarfi sínu. Safnaðarstjórnin getur komið fram með tillögur til deildanna um það hvers konar starf þær geti lagt af mörkum við undirbúning opinberra samkoma, framkvæmd þeirra og eftirstarf að þeim loknum.

3. Að uppörva og aðstoða leikmannadeild safnaðarins við að virkja alla meðlimi og börn safnaðarins til einhvers konar útbreiðslustarfs og sjá fyrir þjálfun á ýmsum sviðum þess.

4. Að starfa með tengilið áhugasamra að því að tryggja að leikmaður taki hvern þann að sér sem komist hefur á skrá sem áhugasamur um söfnuðinn.

5. Að hvetja hverja deild til þess að skila skýrslu að minnsta kosti

ársfjórðungslega til safnaðarstjórnar og til safnaðarins í heild á almennum safnaðarfundum og/eða á hvíldardagssamkomum

6. Hlýða á reglubundnar skýrslur. Safnaðarstjórnin á að kynna sér og athuga hina einstöku þætti fjármála safnaðarins og gjaldkerinn ætti að skila reglulega skýrslum um fjárhag safnaðarins. Safnaðarskráin skyldi athuguð og fylgst með andlegri velferð allra safnaðarsystkina og séð til þess að sjúklingar, þeir sem eiga í erfiðleikum og andstreymi og þeir sem fjarlægst hafa söfnuðinn séu heimsóttir. Aðrir embættismenn ættu að skila skýrslu um það starf sem þeir bera ábyrgð á.

**Undirnefndir**-- Safnaðarstjórnin á ekki að leyfa neinum öðrum málum að trufla útbreiðslustarfið og skipulag þess. Verði önnur mál of tímafrek má stjórnin skipa undirnefndir til þess að taka að sér sérstök svið safnaðarmála, svo sem fjármál eða byggingarverkefni. Slíkar undirnefndir munu þá koma með tillögur sínar fyrir safnaðarstjórn. (Sjá athugasemd #8, bls. 179.)

### **Fundir skólanefndar**

Í söfnuðum þar sem safnaðarskóli er starfræktur er starf skólans venjulega undir stjórn skólanefndar. Formaður er valinn til að stýra fundum þessarar nefndar. Ritari er kosinn til þess að hafa umsjón með fundargerðum og samþykktum. Þessi nefnd skal halda fundi sína reglulega. Skólanefndarformaður má boða til sérstakra funda. Sumir söfnuðir vilja heldur að safnaðarstjórnin, eða undirnefnd safnaðarstjórnarinnar, gegni hlutverki skólanefndar. (Sjá einnig bls. 81, 82.)

### **Foreldrafélag**

Foreldrafélagið ætti að halda fundi mánaðarlega til að samræma starfsemi safnaðarskóla, heimilis og safnaðar. Það skal huga að foreldrafræðslu, ennfremur aðstoða skólann við að útvega nauðsynleg gögn, svo sem bækur, kennsluefni og tæki. Efni til að aðstoða fyrirliða foreldrafélagsins er hægt að fá hjá menntadeild Samtakanna. (Sjá einnig bls. 80, 81.)

### **Samkomur ungmennafélagsins**

Leiðtogar hinna ýmsu unglingadeilda safnaðarins ættu að halda fundi

reglulega til að virkja hvern æskumann til vel skipulagðra verkefna og starfa, sem binda hann söfnuðinum nánari böndum og þjálfa hann til gagnlegrar þjónustu. (Sjá einnig bls. 95-100.)

**Ungmennafélag aðventista--** Ungmennafélag aðventista ætti að skipuleggja reglubundnar samkomur eða fundi til að leggja áherslu á andlegan, vitsmunalegan og líkamlegan þroska hverjs einstaklings, kristilegan félagsskap og virkt vitnisburðarstarf sem styður við hina almennu sálnavinnandi áætlun hvers safnaðar. Æskulýðsnefndin virkar sem hvati fyrir störf ungmennadeildarinnar og annarra unglíngadeilda og samhæfir þau. (Sjá bls. 96, 97.) Hjálpargögn má finna í athugasemd # 9, bls. 179.

**Ungmennafélag yngri aðventunglinga--** Tilgangur ungmennafélags aðventista fyrir yngri unglínginga er svipaður og hjá ungmennafélagi aðventista fyrir eldri ungmenni. Þar sem safnaðarskólar eru starfræktir er ungmennafélag aðventista fyrir yngri unglínginga venjulega hluti af andlegu námsefni skólans. (Sjá athugasemd #10, bls. 179.)

**Fundir ambassador-klúbbsins--** Ambassador-klúbburinn er starfræktur til að mæta þörfum 16 – 21 árs unglínginga og virkja þá í söfnuðinum. Samkomur og fundir hans og önnur starfsemi skyldi vera í samræmi við reglugerðir Samtakanna og í samstarfi við aðrar ungmennadeildir safnaðarins.

**Aðventskátar--** Aðventskátar hafa starfsemi sem hentar yngri ungmennum og sums staðar hafa þeir komið í stað ungmennafélags aðventista fyrir yngri unglínginga í hinum einstöku söfnuðum. Þar sem bæði félögin eru starfandi verður að vera náíð samstarf og samræming á milli þeirra tveggja. Aðventskátar koma saman í samræmi við reglugerð Samtakanna.

**Ævintýraklúbburinn--** Ungskátarnir sjá um starfsemi sem mætir þörfum þeirra yngstu í barnaskólanum. Starfsemi þeirra er ætlað að stuðla að þátttöku foreldra í bernskuproskanum. Fundir þeirra og önnur starfsemi eru haldin í samræmi við reglugerð Samtakanna og er birt í handbók skátanna. Samræma þarf störf þeirra störfum annarra deilda fjölskyldu- og/ eða unglíngaklúbba safnaðarins.

## 11. KAFLI

### Fjármál

Samkvæmt áformi Biblíunnar er verk Guðs borið uppi af tíund og gjöfum fólks hans. Drottinn segir: „Færið tíundina alla í forðabúrið svo að matföng séu til í húsi mínu“ (Mal 3.10). Söfnuðurinn hefur fylgt þessu áformi allt frá upphafi.

„Kerfi tíundar og fórnargjafa er ætlað að festa mönnum í huga mikinn sannleik – að Guð er uppspretta sérhverrar blessunar handa þeim verum sem hann hefur skapað, og manningum ber að sýna honum þakklæti fyrir þær góðu gjafir sem guðleg forsjá hans veitir.“ ÆS, bls. 380.

„Þegar við greiðum tíund og fórnargjafir til Guðs erum við bæði að viðurkenna tilkall hans til okkar sem skapari og endurlausnari. Allur máttur okkar kemur frá Kristi, þess vegna eiga þessar gjafir að streyma frá okkur til Guðs. Þær eiga stöðugt að minna okkur á tilkall endurlausnarinnar til okkar sem er stærst allra og felur öll önnur í sér.“ 6T, bls. 479.

„Tíundin er heilög og Guð ætlar hana sjálfum sér til handa. Það á að færa hana í fjárhirsluna svo að hún verði notuð til þess að halda uppi starfsmönnum fagnaðarerindisins í verki þeirra.“ 9T, bls. 249.

„Hann hefur gefið fólki sínu áform til að tryggja næga fjármuni til að standa undir verkinu. Áform Guðs um tíundagreiðslu er fagurt í einfaldleik sínum og jöfnuði. Allir geta tekið það upp í trú og með hugrekki því að Guð er höfundur þess. Það sameinar einfaldleika og nytsemi . . . Hver og einn – menn, konur og ungmenni – geta verið fjárhaldsmenn Drottins og svarað kallinu þegar fjármuna er þörf. Postulinn segir: „Hver og einn leggi til hliðar samkvæmt því sem Guð hefur blessað hann.““ 3T, bls. 388, 389.

„Guð hefur gjört boðun fagnaðarerindisins háða starfi og gjöfum fólks síns. Frjálsar gjafir og tíund eru tekjur starfs Guðs. Af þeim fjármunum sem Guð hefur treyst manningum fyrir krefst hann ákveðins hluta, tíundar. Hann leggur það svo í hendur manna að ákveða hvort þeir vilji gefa meira eða ekki.“ AA, bls. 74.

„Guð hefur gefið sérstakar leiðbeiningar varðandi notkun tíundarinnar. Það er ekki áform hans að starf hans lamist vegna fjárskorts. . . . Það á ekki

að beina þeim hluta sem Guð hefur ætlað sér til neins annars en þess, sem hann hefur mælt fyrir um. Engum skyldi finnast hann hafa frelsi til að halda eftir tíundinni og nota hana eftir eigin geðþótta. Hann á ekki að nota hana í neyð né eins og honum sýnist jafnvel þó honum finnst það vera hluti af verki Drottins.“ 9T, bls. 247.

### Ráðsmennska

Kristnir menn eru ráðsmenn Guðs og þeim er treyst fyrir eigum hans og hið guðlega ráð er að „nú er þess krafist af ráðsmönnum að sérhver reynist trúr“ (1Kor 4.2). Ráðsmennska í víðtækasta skilningi innifelur marga þætti kristilegs lífs og reynslu svo sem tíma okkar, áhrifa og þjónustu, en ráðsmennska eigna okkar og fjármuna er vissulega afar mikilvægur þáttur þessa máls sem varðar sérhvern meðlim safnaðarins. Hún felur einnig í sér viðurkenningu okkar á yfirráðarétti Guðs, að hann sé eigandi alls og veiti náð sinni í hjórtu okkar.

Þó að þessi þáttur kristilegrar ráðsmennsku varði efnislegar eignir okkar þá er þetta samt nokkuð sem hefur mjög ákveðin áhrif á kristilega reynslu manna. Drottinn krefst ákveðinna hluta af okkur svo að hann geti gert ákveðna hluti fyrir okkur. Hlýðni okkar við það sem okkar himneski faðir biður okkur um lyftir þessum þætti ráðsmennskunnar upp á hátt andlegt stig. Hann gerir hvorki einstrengislegar kröfur til þess að við þjónum honum né að við viðurkennum hann með gjöfum okkar. En hann hefur komið því svo fyrir að þegar við vinnum í samræmi við hann í þessum efnum þá muni margar andlegar blessanir falla okkur í skaut.

„Guð óskar þess að allir ráðsmenn hans fylgi út í æsar hinu guðlega skipulagi. Þeir eiga ekki að setja áætlun Drottins úr skorðum með því að gera eitthvert góðverk eða láta einhverja gjöf eða einhverja fórn af hendi rakna þegar þeim, hinum mannlegu verkfærum, finnst það við hæfi. Það er óheillavænleg afstaða hjá mönnum að freista þess að betrumbæta áætlun Guðs og finna upp eitthvert stundarfyrirbrigði með því að leggja saman góðar skyndihugdettur sínar í þetta eða hitt skiptið og að líta þannig á að með þeim uppfylli þeir kröfur Guðs. Guð kallar hvern og einn til þess að beita áhrifum sínum til að styðja hans eigin skipulag.“ 9T, bls. 248.

## Tíundin

Samkvæmt skipulagi því sem kemur fram í Biblíunni og þeirri alvarlegu skyldu og þeim forréttindum sem hvíla á safnaðarsystkinum sem börnum Guðs og limum líkama hans, söfnuðinum, eru allir hvattir til þess að skila trúlega tíund (tíunda hluta tekna sinna eða hagnaðar) í fjárhirslu safnaðarins.

Hver einstakur söfnuður notar hvorki tíundina né deilir henni út heldur sendir hana áfram til gjaldkera Samtakanna. Þannig streymir tíundin inn frá öllum söfnuðum í fjárhirslu Samtakanna sem aftur senda ákveðinn hundraðshluta allrar sinnar tíundar til næsta stjórnarstigs í samræmi við starfsreglur Aðalsamtakanna og Deilda þeirra til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd á verki Guðs samkvæmt þeirri ábyrgð og þeim störfum sem þeim hafa verið falin.

Reglugerðir þessar hafa verið settar til að afla fjármagns og veita því um allan heim og leiðbeina, hvernig beri að fara með fjármál og tilhögun viðskipta starfsins. Fjármál og viðskiptamál safnaðarstarfsins eru ákaflega mikilvæg. Þau verða ekki aðskilin frá boðun hjálpræðisboðskaparins. Þau eru vissulega órjúfanlegur hluti hans.

**Markvissar gjafir og eining--** Fjármálakerfi safnaðarins þjónar víðari tilgangi en fram kemur í fjármála- og tölfræðiskýrslum hans. Það kerfi safnaðarins að deila fjármunum með starfssvæðum víðsvegar um heiminn í samræmi við starfreglur Aðalsamtakanna hefur þjónað þeim dásamlega tilgangi að sameina og samtengja starfið um allan heiminn.

**Hvernig verja skal tíundinni--** Tíundin á að vera sérstaklega helguð þjónustu prestastéttarinnar, Biblíukennslu og því að halda uppi stjórnunarstarfi Samtakanna við umsjón með söfnuðunum og útbreiðslu- og trúboðsstarfi. Tíundinni á ekki að verja til annarra þátta starfsins, svo sem til þess að greiða skuldir safnaðar eða stofnana eða til byggingaframkvæmda nema það sé samþykkt í starfsreglum Aðalsamtakanna. Sjá nánari upplýsingar um notkun tíundarinnar í athugasemd #1, bls. 179.

„Ég hef fengið ákaflega skýran og ákveðinn boðskap að flytja fólki okkar. Ég hef verið beðin að segja því að það séu mistök að nota tíundina í ýmis konar tilgangi sem er ekki sá sem Drottinn hefur sagt að henni skuli varið til þótt hann sé góður í sjálfum sér. Þeir sem nota tíundina þannig víkja frá skipan Drottins. Og Guð mun dæma slík frávik.“ 9T, bls. 248.

**Hvernig fara á með tíundina--** Tíundin tilheyrir Drottni og það er þáttur í guðstilbeiðslunni að færa hana í fjárhirslu Samtakanna gegnum söfnuð þann sem viðkomandi einstaklingur á aðild að. Þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi ætti safnaðarfolk að hafa samband við embættismenn Samtaka sinna.

**Starfsmenn Samtaka og embættismenn safnaða eiga að setja fordæmi í því að greiða tíund--** Starfsmenn Samtaka, safnaðarformenn og aðrir embættismenn svo og leiðtogar stofnana ættu að líta á það sem góða meginreglu fyrir leiðtoga í verki Guðs að sýna gott fordæmi í tíundargreiðslu. Enginn skyldi vera áfram embættismaður safnaðar eða starfsmaður Samtakanna sem ekki virðir þennan staðal í leiðtogastarfi.

### **Gjafir og fórnir**

Auk þess að færa tíundina í forðabúrið leggur Biblían áherslu á að okkur beri að færa Drottni gjafir og fórnir. Að láta undir höfuð leggjast að láta gjafir af hendi rakna er litið sömu augum og þegar menn skila ekki tíundinni í fjárhirslu Drottins. Slíkt kallar Drottinn rán (Mal 3.8). Allt frá fyrstu dögum safnaðarins hafa meðlimir hans fært örlátar fórnir sem hafa verið til blessunar og eflingar starfi Guðs.

Auk hefðbundinna fórna sem hver um sig er tengd ákveðnum degi hafa Aðalsamtökin samþykkt sameinað fórnakerfi og persónulegar gjafir. Stjórn Deildarinnar hefur vald til að ákveða hvort kerfið er notað innan starfssvæðis hennar.

**Hvíldardagsskólagjafir--** Algengustu og áhrifamestu gjafir safnaðarins eru þær sem teknar eru upp í hvíldardagsskólanum, en þær eru helgaðar alheimskristniboðsstarfi okkar.

**Aðrar gjafir og fórnir--** Tekið er við öðrum gjöfum öðru hvoru fyrir hið heimsvíðtæka kristniboðsstarf okkar og til almennra og staðbundinna verkefna. Allir þeir peningar sem settir eru í gjafakörfurnar verða taldir sem hluti þeirrar sérstöku fórnar sem verið er að færa í það skipti, nema gefandinn tiltaki annað.

**Sérstakar gjafir til starfssvæða--** Fjárhagsstuðningur við heimsstarf



safnaðarins byggist á fjárhagsáætlanakerfinu. Hinum ýmsu starfssvæðum eru veittar fjárveitingar á grundvelli þarfa sem koma fram á fjárhagsáætlun. Þetta er heiðarleg og réttlát aðferð við að útdeila fjármunum.

Þegar sérstakar gjafir eru veittar ákveðnu starfssvæði utan reglulegrar fjárhagsáætlunar er einu svæði hyglað á kostnað annarra. Séu slíkar gjafir gefnar í þeim tilgangi að hefja nýtt starf mundi það missa allan mátt sinn þegar hinar sérstöku gjafir eru uppunar, að öðrum kosti yrði að hafa það á fjárhagsáætlun til þess að það hljóti stuðning á komandi árum. Það yrði til þess að önnur svæði sem ef til vill hefðu meiri þarfir en ekki möguleika á að kynna sig færur á mis við réttlátan hlut af almennu fjármagni sem þá yrði veitt starfi því sem hafið var með hinum sérstöku gjöfum.

Í allri sögu þessarar hreyfingar hefur það sannast æ ofan í æ að viturlegt er að safnaðarfólkið leggi fram gjafir sínar örlátlega og trúlega eftir hinum viðurkenndu leiðum og það verði þannig aðnjótandi þeirrar ánægju að vita að öll starfssvæði fái að njóta góðs af slíkum gjöfum.

**Aðstoð við nauðstadda--** Tekið er við gjöfum handa fátækum og nauðstöddum til að aðstoða það safnaðarfólk sem kann að þurfa á hjálp að halda. Skapa ætti varasjóð til að nota í neyðartilfellum. En auðvitað þarf söfnuðurinn að líta með velvilja á þarfir allra nauðstaddra og getur safnaðarstjórn veitt fé úr þessum sjóði til nauðstaddra og styrkt þannig hjálparstarf það sem söfnuðurinn hefur með höndum fyrir fjölskyldur úti í samfélaginu.

**Fjárhagsáætlun safnaðarsjóðs--** Besta leiðin til sjá fyrir útgjöldum hvers safnaðar er að leggja fjárhagsáætlun. Áður en nýtt ár rennur upp leggur safnaðarstjórn fjárhagsáætlun fyrir komandi ár í samræmi við þarfir safnaðarins. Fjárhagsáætlunin ætti að ná yfir allar tekjur og gjöld allra deilda safnaðarins. Hún þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna allra viðgerða, hita, rafmagns, ræstinga og trygginga, aðstoð við nauðstadda, ennfremur útgjöld safnaðarskóla. (Sjá dæmi um fjárhagsáætlun í athugasemd #2, bls. 180.)

Fjárhagsáætlunina á síðan að leggja fyrir söfnuðinn til athugunar og samþykktar ásamt áætlun um að sjá fyrir fjármagni til að greiða þessi gjöld á komandi ári. Tekna í safnaðarsjóð má afla með gjöfum og áheitum. Safnaðarsystkinin öll þurfa að taka þátt í að styðja eftir eignum sínum og ástæðum söfnuð þann sem þau eiga aðild að, jafnt sem málefnið almennt.

## Almennar ráðleggingar varðandi fjármál

*Um fjáröflun--* Eftirfarandi reglur gilda um fjáröflun:

1. Engin Samtök, söfnuður eða stofnun má leggja áform um starfsemi sem krefst fjáröflunar utan síns starfssvæðis. Öll fjáröflun innan eigin starfssvæðis skal vera í samræmi við reglugerðir Samtakanna, Sambandsins og Aðalsamtakanna. Starfsmenn safnaðarins sem eru fulltrúar sérstakra verkefna eða áhugamála í einum hluta starfssvæðisins hafa ekki heimild til þess að falast eftir fjármunum eða hjálp til þess verks í öðrum hlutum starfssvæðisins eða í öðrum Samtökum, án þess að hafa gengið frá því og fengið skriflega heimild til þess hjá embættismönnum þeirra Samtaka þar sem fjáröflunin mundi eiga sér stað.

2. Eftirfarandi meginreglur og aðferðir eru viðurkenndar til þess að vernda söfnuðina gegn óheimilli eða sviksamlegri fjáröflun eða fjársöfnun sem ekki er á vegum safnaðarins.

a) Prestar og embættismenn safnaða eiga ekki að leyfa einstaklingum að flytja mál sitt frá ræðustólnum vegna fjáröflunar sem ekki hefur fengið viðurkenningu eða meðmæli leiðtoga Samtakanna. (Sjá einnig bls. 111.)

b) Allir þeir fjármunir sem safnaðarsystkinin leggja fram í fjársöfnun til hvaða málefnis sem vera skal skulu fara um hendur gjaldkera safnaðarins.

c) Embættismenn Samtaka og hvers einstaks safnaðar eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir óheimila eða ólöglega opinbera fjársöfnun.

3. Ekki skal fara í neina fjáröflunarherferð aðra en innsöfnunina sem fer fram með innsöfnunarblaðinu og söfnunarlistum til þess að afla fjár hvorki fyrir heimastarfið né kristniboðsstarf erlendis. Sambandið eða Samtökin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að þessi regla sé brotin.

4. Starfsmenn safnaðarins erlendis sem koma í heimsókn í heimasöfnuð sinn eða eru í sambandi við heimalandið bréfleiðis eru beðnir um að afla aðeins fjár til þeirra verkefna sem eru á áætlun um fjárveitingar og að vinna í samstarfi við söfnuðina og Samtökin við að afla þess fjár sem þarf til þess að geta staðið við þær fjárveitingar sem heimsstarf okkar byggir á. Allir slíkir fjármunir eiga að fara venjulega leið um hendur gjaldkera safnaðarins.

**Vafasamar fjáröflunarleiðir--** Hver söfnuður ætti að taka mjög ákveðna afstöðu gegn vafasömum aðferðum við fjáröflun til starfsins.

„Til hvaða aðferða grípa margir söfnuðir þegar fjár skal aflað í trúarlegum tilgangi? Það er gripið til sölubúða, veitinga, útiskemmtana, jafnvel happdrættis og þvílíkra uppátækja. Oft er sá staður sem hefur verið helgaður tilbeiðslu á Guði vanhjelgaður með veisluglaumi og drykkju, kaupum og sölu og háværum skemmtunum. Þetta dregur úr virðingu fyrir húsi Guðs og lotningu fyrir tilbeiðslu á honum í huga hinna ungu. Hömlur þær sem sjálfstjórn leggur á menn missa mátt sinn. Það ýtir undir sjálfselsku, langanir og sýndarmennsku, en hvatir þessar styrkjast einmitt við það að látið er undan þeim.“ 9T, bls. 91.

„Eftir því sem verk Guðs færir út kvíarnar munu beiðnir um hjálp berast æ oftar. . . . Ef þeir sem játa kristna trú færðu Guði tíund sína og gjafir trúfastlega þá yrði fjárhirsla hans jafnan full. Þá mundi ekkert tilefni vera til þess að grípa til sölumennsku, happdrættis eða skemmtana til þess að tryggja það að fjármunir séu fyrir hendi til þess að standa straum af boðun fagnaðarerindisins.“ AA, bls. 338.

**Tíund og gjafir mynda ekki persónulega trúnaðarsjóði--** Tíund og gjafir sem greiddar eru til safnaðarins mynda ekki trúnaðarsjóð sem gefandinn á tilkall til í framtíðinni. Þessa fjármuni á að nota í þeim tilgangi sem þeir eru gefnir til hverju sinni.

**Fjármögnun bygginga--** Þeir söfnuðir sem íhuga annað hvort að kaupa eða láta reisa kirkjubyggingu eða aðrar byggingar eða taka á sig fjárhagsskuldbindingar ættu að ráðfæra sig við embættismenn Samtakanna áður en þeir taka á sig slíkar skuldbindingar. Söfnuðurinn skal ekki gangast undir neinar skuldbindingar, hvorki varðandi kaup né byggingu fasteigna né að hefja byggingarframkvæmdir, fyrr en stjórn Samtakanna eða Sambandsins hefur veitt samþykki sitt eftir að þær hafa fullvissað sig um að fjárhagslegar áætlanir séu í samræmi við gildandi reglugerðir. Stjórn Samtakanna verður þá í hverju tilviki að taka tillit til stærðar þess safnaðar sem á hlut að máli hverju sinni, fjárhagslegrar getu hans og þess hvar byggingin á að standa.

**Varsla og bókhald fjármuna--** Söfnun og meðferð fjármuna málefnis Drottins er heilagt ábyrgðarstarf. Rétt boðleið þessara fjármuna er í fyrsta

lagi að þeir berist frá hinum einstaka meðlim safnaðarins til þess safnaðar sem hann á aðild að. Safnaðargjaldkerinn veitir þessum fjármunum viðtöku. (Sjá einnig bls. 73-76.) Hann ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að standa straum af útgjöldum viðkomandi safnaðar. Fjármuni þá sem ætlaðir eru Samtökunum eða starfinu almennt sendir safnaðargjaldkerinn áfram til gjaldkera Samtakanna. Gjaldkeri hvers safnaðar starfar undir umsjá safnaðarstjórnarinnar. Gjaldkerar allra stjórnarstiga (hvers safnaðar, Samtaka, Sambands, Deildar/Aðalsamtaka) starfa ekki sjálfstætt. Þeir ráðstafa fjármunum einungis samkvæmt ákvörðun viðkomandi stjórna.

**Endurskoðun--** Sérhver bókhaldsbók, allt frá bókum safnaðargjaldkera og ritara leikmannastarfsins til bókhaldsbóka Aðalsamtakanna, skal endurskoðuð af endurskoðendum þeim sem til þess hafa verið settir. Þessi endurskoðunarregla gildir einnig um bækur sérhverrar stofnunar sem söfnuðurinn rekur. Þetta tryggir mesta öryggið í meðferð fjármunanna. (Sjá bls. 75, 76.)

## Staðall kristilegrar breytni

### Hin háleita köllun Guðs í Kristi Jesú

Líf hins kristna er ekki einungis lítilfjörleg bót eða betrun heldur er það alger umbreyting á eðli hans. Þetta felur það í sér að deyjja sjálfum sér og syndinni og að rísa upp til nýs lífs sem nýr maður í Kristi Jesú.

Hjarta hins kristna verður dvalarstaður Krists fyrir trú. Þetta gerist með því að „íhuga Krist, sjá Krist fyrir sér, ávallt að láta sér annt um hinn ástkæra frelsara sem þann vin er við metum mest og okkur þykir bestur svo að við hvorki hryggjum hann né særum með athöfnum okkar.“ TM, bls. 387. Með því móti geta kristnir menn „notið návistar Guðs“ og það verður einungis fyrir það að við gerum okkur grein fyrir návist hans að við „hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist“ (TM, bls 388) og við megnum að laga lífsvenjur okkar að hinum guðlega staðli.

Við skyldum hafa í huga að ekkert jafnast á við áhrif þess að finna návist Guðs „sem vörn gegn freistingu og hvatning til hreinleika og sannleika.“ Ed, bls. 255.

„Ekkert atferli okkar fer framhá honum. Okkur tekst ekki að fela athafnir okkar fyrir Hinum hæsta. . . . Sérhver athöfn, sérhvert orð, sérhver hugsun er skráð nákvæmlega eins og á jörðinni væri aðeins ein persóna og athygli himinsins beindist að henni.“ ÆS, bls. 151.

Kærleiki Guðs nær til allra en einkum þó til barna hans. Hann hneigir ávallt eyra sitt að bænum fólks síns, þeim sem hafa snúið frá heiminum og gefist honum. Af þessu helga sambandi sprettur virðing og lotning sem birtist alla daga og alls staðar.

„Sem kristnir menn tilheyrum við konungsfjölskyldunni, erum börn konungs himnanna. Þess vegna ættum við ekki að segja neitt það orð eða gera yfirleitt neitt það sem yrði til þess að vanvirða „hið verðuga nafn sem við nefnumst“ (Jak 2.7). Við erum umbótasinnar. Á öllum sviðum lífsins ættum við að skoða vandlega þá persónu sem var bæði Guð og maður og stöðugt að spyrja: „Hvað gerði Jesús væri hann í mínum sporum?“ Það á að

vera mælisnúran á það sem okkur ber að gera.“ MH, bls. 491.

Það verður fyrir tilstilli hins síðasta safnaðar („leifanna“) sem Guð sýnir alheimi öllum það endanlega að fagnaðarerindið er fullfært um að frelsa menn og konur til fulls undan valdi syndarinnar. Það er þörf á því nú á dögum að við sem tilheyrum þeim söfnuði leggjum enn á ný áherslu á hinn háa staðal kristilegrar hegðunar og að við endurnýjum hollustu okkar við þær guðlegu meginreglur. Öllum ber að fylgja hinum háa staðli kristilegs lífs og að skilja sig frá heiminum. Í þessu augnamiði leggjum við áherslu á áminningu Drottins: „Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru. Sá sem elskar heiminn, á ekki í sér kærleika til föðurins“ (1Jóh 2.15).

### **Biblíulestur og bæn**

Andlegu lífi er viðhaldið með andlegri fæðu. Við verðum að halda fast í þá venju að eiga andaktsstund með Biblíulestri og bæn ef við ætlum að ná að helgast algjörlega. Á tíma þegar stórflóð efnis streymir fram í rituðu máli, hljóðvarpi, sjónvarpi, interneti og öðrum fjölmiðlum nútímans, og sjálfur ljósvakinn er fylltur þúsundum radda sem berjast um að á þær sé hlýtt er það skylda okkar að loka augum okkar og eyrum fyrir miklu af því sem leitar inngöngu í huga okkar og helga okkur lestri bókar Guðs, bókar bókanna, bókar lífsins, Biblíunni. Ef við hættem að vera fólk bókarinnar er úti um okkur og hlutverk okkar hefur mistekist. Því aðeins getum við vænst þess að líf okkar sé „fólgið með Kristi í Guði“ (Kól 3.3) og við ljúkum verki hans, ef við tölum daglega við Guð í bæn og hlýðum á rödd hans tala við okkur í Biblíunni.

Bæn er samtal þar sem þeir sem trú á Guð og tala við hann. „Bæn er það að opna hjarta sitt fyrir Guði eins og vini.“ VK, bls. 107. „Fyrir tilstilli einlægrar bænar tengjumst við huga hins óendanlega Guðs“ en „Án stöðugra bæna og kostgæfinnar árvekni eigum við á hættu að verða kærulaus og að víkja af rétttri braut.“ VK, bls. 112, 109.

Heimilið er hornsteinn safnaðarins og kristilegt heimili er bænahús. Andi spádómsgáfunnar segir: „Feður og mæður, látið ekki bregðast að safna fjölskyldunni saman við altari Guðs, hversu knýjandi sem skyldustörf ykkar kunna að vera. . . Þeir sem vilja vera þolinmóðir, kærleiksríkir og glaðværir í lífinu verða að iðka bænagjörð.“ MH, bls. 393.

## Samband við fólk í samfélaginu

„Föðurland vort er á himni og frá himni væntum vér frelsarans, Drottins Jesú Krists“ (Fil 3.20), en við erum samt enn í heiminum sem órjúfanlegur hluti mannlegs samfélags og verðum því að deila með samferðamönnum okkar vissri ábyrgð á almennum vandamálum. Í hverju því samfélagi þar sem við búum ættum við sem börn Guðs að vera þekkt fyrir að vera fyrirmyndarþegnar vegna kristlegs heiðarleika okkar og fyrir að vinna að almannaheill.

Þó að við berum mesta ábyrgð gagnvart söfnuðinum og starfsskipun hans um að boða fagnaðarerindið um ríkið öllum mönnum eigum við stöðugt að styrkja eins og við getum með þjónustu okkar og efnum hverja viðleitni til að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu og til að bæta það. Þótt við verðum að forðast allt stjórnmálaþras og félagsmálabaráttu ættum við ávallt rólega en með festu að taka ófrávíkjanlega afstöðu með réttvísi og réttlæti í borgaralegum efnum auk þess að halda fast við trúarsannfæringu okkar. Það er heilög skylda okkar að vera löghlýðnir þegnar þess ríkis sem við tilheyrum og að gjalda „þá keisaranum það, sem keisarans er, og Guði, það sem Guðs er“ (Matt 22.21).

## Helgihald hvíldardagsins

Hvíldardagurinn er tákni um kærleika Guðs til manna. Hann er minnismerki um mátt Guðs í hinni upprunalegu sköpun og ennfremur tákni um mátt hans til að endurskapa og helga líf mannsins (Esk 20.12) og helgihald hans er merki um hollustu okkar við hann og samfélag okkar við hann.

Hvíldardagurinn á sérstakan sess í lífi Sjöunda dags aðventista. Sjöundi dagur vikunnar, frá sólarlagi á föstudegi til sólarlags á laugardegi (3Mós 23.32), er gjöf frá Guði, tákni um tímanlega náð hans. Hann er forréttindi, stefnumót við hann sem elskar okkur og við elskum, helgur tími sem eilíft lögmál Guðs hefur sett til hliðar, feginsdagur til að tilbiðja Guð og deila með öðrum (Jes 58.13). Fylgjendur Guðs bjóða hvíldardaginn velkominn með fögnuði og þakklæti.

„Ó, hvíldardagurinn! við ættum að gera hann að yndislegasta og ánægjulegasta degi vikunnar.“ FLB, bls. 36.

„Hvíldardagurinn . . . tilheyrir Guði, ekki okkur; þegar við troðum hann fótum erum við að stela frá Guði. . . . Guð hefur gefið okkur sex daga til að sinna störfum okkar og einungis tileinkað sjálfum sér einn. Þetta ætti að vera blessunarríkur dagur fyrir okkur, dagur þegar við leggjum störf virku daganna til hliðar og beinum huga okkar að Guði og himninum. . . .

Við eigum ekki að kenna börnum okkar að þau megi ekki vera glöð og ánægð á hvíldardeginum, að það sé rangt að fara út fyrir hússins dyr. Alls ekki! Kristur fór með lærisveinum sínum út meðfram vatninu á hvíldardeginum og kenndi þeim. Hvíldardagsræður hans voru ekki alltaf fluttar innan dyra.“ HP, bls. 152.

„Kærleiki Guðs hefur sett striti og erfiði sín mörk. Hann leggur miskunnssama hönd sína yfir hvíldardaginn. Á degi sínum hefur Guð skapað tækifæri fyrir fjölskylduna til að eiga samneyti við hann, náttúruna og hvert annað.“ Ed, bls. 251.

Stundir hvíldardagsins tilheyra Guði og þær ber að nýta fyrir hann einan. Okkar eigin ánægja, okkar eigin orð, okkar eigin störf og okkar eigin hugsanir ættu ekki að eiga neinn hlut í helgihaldi Drottins dags (Jes 58.13). Við ættum að safnast saman sem fjölskylda við sólarlag og bjóða hinn helga hvíldardag velkominn til okkar með bæn og söng og svo að deginum loknum senda upp bæn og þakkargerð fyrir undursamlegan kærleika Guðs. Hvíldardagurinn er sérstakur tilbeiðsludagur bæði á heimilinu og í söfnuðinum, gleðidagur bæði fyrir okkur og börnin okkar, dagur þegar við getum lært meira um Guð í Biblíunni og í hinni miklu kennslubók, náttúrunni. Hann er tími til að heimsækja sjúka og að vinna að frelsun sálna. Hinn venjulegi erill vinnudaganna sex á að víkja. Ekki á að sinna neinum ónauðsynlegum störfum. Við ættum ekki að leyfa veraldlegum fjölmiðlum að taka tíma okkar á hinum helga degi Guðs.

„Hvíldardeginum er ekki ætlað að vera tími gagnslauss iðjuleysis. Lög málið bannar veraldleg störf á degi Drottins. Leggjja ber niður vinnu fyrir daglegu brauði. Ekkert starf að veraldlegum skemmtunum eða hagnaði er leyfilegt á þessum degi en eins og Guð gerði hlé á sköpunarstarfi sínu og hvíldist hinn sjöunda dag og blessaði hann eins á maðurinn að leggjja til hliðar dagleg störf sín og verja þessum heilögu stundum til heilsusamlegrar hvíldar, tilbeiðslu og heilagra athafna.“ ÞA, bls. 144.

Áætlun um athafnir sem beint er í rétta átt og eru í samræmi við anda hins sanna helgihalds hvíldardagsins mun gera þennan sæla dag hinn hamingjuríkasta og bestan allra daga vikunnar fyrir okkur sjálf og börnin



okkar --- sannarlega forsmekk hinnar himnesku hvíldar okkar.

### **Virðing fyrir tilbeiðslustaðnum**

Kristnir menn sem virða almætti Guðs, heilagleika hans og kærleika munu ávallt og undir öllum kringumstæðum bera mikla lotningu fyrir Guði, orði hans og tilbeiðslu. „Auðmýkt og lotning ætti að einkenna framgöngu allra sem koma fram fyrir Guð.“ ÆS, bls. 176. Þeim mun skiljast að „staður og stund til bænagjörðar er heilög vegna þess að Guð er þar.“ GW, bls. 178. Þeir munu ekki ganga kæruleysislega inn í tilbeiðsluhúsið heldur í anda íhugunar og bænagjörðar og forðast óþarfa samtal.

Foreldrum ber að fræða börn sín með lotningu um það hvernig þau eiga að hegða sér í „húsi Guðs“ (1Tím 3.15). Hljóti börn og ungmenni í bernsku og æsku góða fræðslu og ögun heima, í hvíldardagsskólanum og við guðsþjónustuna varðandi lotningu gagnvart Guði og tilbeiðslu á honum mun það duga þeim vel og lengi til að vera staðföst í hollustu við Guð föður það sem eftir er ævinnar.

Prestur sá sem skynjar heilagleika þjónustunnar við Guð mun með fordæmi sínu, fræðslu og framkomu í ræðustólnum stuðla að lotningu, látleysi, góðri reglu og háttprýði í kirkjunni.

### **Heilbrigði og bindindi**

Líkaminn er musteri Heilags anda (1Kor 6.19). „Styrkur bæði hugar og anda er að miklu leyti háður líkamlegum styrk og virkni. Hvað sem styrkir líkamlega heilsu, stuðlar einnig að þroska hugarstyrks og jafnvægi lundernisins.“ Ed, bls. 195.

Þess vegna gætum við þess að lifa skynsamlega í samræmi við heilbrigðismeginreglur líkamsræktar, öndunar, sólskins, hreins lofts, vatnsdrykkju, svefns og hvíldar. Sannfæring okkar leiðir okkur til að velja að borða heilsusamlegan mat, klæðast heppilegum fatnaði, iðka hreinlæti, stunda rétta afþreyingu, velja að fylgja meginreglum heilsunnar, sýna sjálfsstjórn og neyta heilnæmrar fæðu. Þess vegna höldum við okkur frá áfengi í öllum myndum, tóbaki og vanabindandi lyfjum. Við leitumst við að varðveita jafnvægi líkama og sálar með því að forðast allt óhóf.

Heilsuumbót og fræðsla um heilbrigði og bindindi eru óaðskiljanlegir þættir aðventboðskaparins. Við fengum að vita það fyrir tilstilli hins útvalda

sendiboða Drottins að „þeir sem halda boðorð Guðs verða að stofna til heilags sambands við hann og að þeir verða, með hófsemi í mat og drykk, að halda huga og líkama í sem bestu ásigkomulagi til þjónustu.“ CH, bls. 132. Einnig „er það ætlun Guðs að hin bætandi áhrif heilsuumbótar verði þáttur í hinu síðasta og mikla átaki til að boða fagnaðarerindið.“ MM, bls. 259.

Við tilheyrum Guði, bæði líkama, sál og andi. Það er því trúarleg skylda okkar að virða lögmál heilsunnar, bæði til að stuðla að vellíðan okkar og hamingju og til að geta þjónað Guði og samferðamönnum okkar betur. Hafa þarf stjórn á löngunum af öllu tagi. Guð hefur veitt mannum margvíslega fæðu sem er nægileg til að uppfylla hverja þörf á hvers konar mat. Ávextir, korn, hnetur og grænmeti matreitt á einfaldan hátt er „ásamt mjólk eða rjóma heilsusamlegasta mataræðið.“ CD, bls. 92.

Þegar menn hafa meginreglur heilsusamlegs lífennis í heiðri munu þeir ekki hafa þörf á að neyta örvandi efna. Lögmál náttúrunnar banna neyslu vímugjafa og hvers konar fíkniefna. Allt frá árdögum þessarar hreyfingar hefur bindindi á vín og tóbak verið skilyrði fyrir aðild að söfnuði Sjöunda dags aðventista. (Sjá einnig bls. 34, 35, 51, 84, 164.)

Guð hefur veitt okkur mikið ljós varðandi meginreglur heilsunnar og nútíma vísindi hafa fært yfrið nægar sönnur á meginreglur þessar með rannsóknum.

## Klæðnaður

Við Sjöunda dags aðventistar erum kallaðir út úr heiminum. Trúarbrögð okkar verða að hafa mótandi áhrif á allar athafnir okkar. Venjur okkar verða að byggjast á föstum lífsreglum en ekki á fordæmi heimsins umhverfis okkur. Siðir og tíska kunna að taka breytingum með árunum en grundvallarreglur réttar framkomu eru alltaf þær sömu. Klæðaburður er mikilvægur þáttur sem varðar kristilega lyndiseinkunn. Snemma í sögu þessarar hreyfingar fengum við leiðbeiningar frá Ellen G. White um það, hvernig hinum kristnu bæri að klæðast og var tilgangur þeirra sá „að vernda fólk Guðs gegn hinum spillandi áhrifum heimsins og að stuðla að heilbrigðu lífi, bæði líkamlega og siðferðilega.“ 4T, bls. 634. Enn fremur ráðleggur hún að við ættum að forðast að láta á okkur bera fyrir glysgirni okkar og „óhóflegt skart,“ tískufyrirbæri og öfgafulla tísku, einkum ef hún brýtur gegn almennri siðprýði og hvenær sem hægt er að koma því við

þarf fatnaður að vera „úr góðu efni, í viðeigandi litum og gerður til að þola notkun. Hann á frekar að velja eftir því hvort hann endist en fyrir útlit.“ Klæðnaður okkar á að einkennast af því að hann sé „fallegur,“ „látlaus“ og „eðlilegur og einfaldur“ MYP, bls. 351, 352.

Fólk Guðs ætti ávallt að vera í hópi hinna íhaldsömu í klæðaburði og láta ekki „spurninguna um klæðnað fylla hugann.“ Ev, bls. 273.

„Það er í samræmi við trú okkar að vera blátt áfram í klæðaburði og forðast að bera skartgrip og hvers konar skraut.“ 3T, bls. 366. Það er skýrt og greinilega kennt í Biblíunni að það sé andstætt vilja Guðs að bera skartgrip. „Ekki með fléttum og gulli eða perlum og skartklæðum“ eru áminningarorð Páls postula (1Tím 2.9). Sé borið skart og skraut er verið að vekja á sér athygli á þann hátt sem ekki er í samræmi við kristilega sjálfgleymni.

Í sumum löndum er það skoðað sem sjálfsagður hlutur að bera giftingarhring þar sem hann er í augum fólksins talinn vera auðkenni um dyggðugt líferni og því ekki litið á hann sem skart. Við slíkar aðstæður fordæmum við ekki þennan sið.

Minumst þess að það er ekki „ytra skart“ sem lýsir kristilegri skapgerð heldur „hinn huldi maður hjartans, búinn óförgengilegri fegurð hógværs og kyrrláts anda. Þetta er dýrmætt í augum Guðs“ (1Pét 3.3-4). Forðast ber notkun snyrtivara sem ekki eru í samræmi við góðan smekk og meginreglur kristilegs látleysis.

Kristilegs hátternis og fyllsta hreinlætis skal ávallt gætt til þess að þóknast Kristi, Drottni okkar og vera sannir fulltrúar hans. Kristnir foreldrar ættu að sjá til þess að fordæmi þeirra, fræðsla og vald leiði syni þeirra og dætur til að klæðast á látlausan hátt og ávinna þannig virðingu og traust þeirra sem þekkja þau. Fólk okkar ætti þá aðeins að telja sig vel klætt þegar fyllsta látleysi er gætt með því að klæðast búningi sem einkennist af góðum smekk og íhaldssemi.

## Látleysi

Látleysi hefur frá upphafi verið grundvallareinkenni safnaðar Sjöunda dags aðventista. Við verðum að halda áfram að vera tilgerðarlaust fólk. Aukinn íburður í trúarbrögðum er ávallt samfara hnignun í andlegum þrótti. Eins og „líf Jesú var skörp andstæða“ sýndarmennsku og mikillætis hans tíma (Ed, bls. 77) verður látleysi og kraftur aðventboðskaparins að vera í skarpri

andstæðu við heimslegt tildur nú á dögum. Drottinn bannar „að peningum sé varið að þarflausu og gegndarlaust til þess að næra mannlegan hroka og til að láta bera á sér“ TM, bls. 179. Í samræmi við þessar meginreglur þarf látleysi og sparsemi að einkenna skólaslitaathafnir hjá okkur, brúðkaup í kirkjum okkar og allar aðrar kirkjulegar athafnir.

### Nútíma fjölmiðlar

Hinn innri maður þarfnast heilnæmrar næringar til að endurnýjast og styrkjast, engu síður en líkaminn (2Kor 4.6). Hugurinn er prófsteinn á manninn. Fæða fyrir hugann er því gífurlega þýðingarmikil í sambandi við að þroska skapgerðina og að ná tilgangi lífsins. Af þessum ástæðum skyldi skoða gaumgæfilega venjur hugans. Það sem við veljum að lesa, hlusta eða horfa á, hvort sem það eru bækur eða tímarit, útvarp eða sjónvarp, internetið eða aðrir fjölmiðlar mótar og hefur áhrif á lyndiseinkunn okkar. Bækur og aðrar bókmenntir eru meðal dýrmætustu leiða til menntunar og menningar sem til eru, en það verður að vanda til vals á þeim og að nota þær rétt. Til er mikill sjóður góðs lesefnis en það berst líka flóðbylgja lélegs lesefnis, oft í mjög aðlaðandi búningi, sem er hættulegt huga og siðgæði. Frásagnir af villtum ævintýrum og siðferðilegu festuleysi, hvort sem þær eru uppspunnar eða sannar, eru óhæfar bæði fyrir ungmenni og fullorðna hvernig sem þær eru fluttar.

„Þeir sem venja sig á að renna yfir spennandi sögu með hraði eru blátt áfram að skerða hugarstyrk sinn og að gera hann óhæfan til andlegra átaka og rannsókna.“ CT, bls. 135. Auk annarra illra áhrifa þess að venja sig á að lesa skáldsögur er okkur sagt að „það geri sálina óhæfa til að íhuga hin miklu vandamál skyldu og örlaga,“ og „leiði til þess að menn fái óbeit á hinum raunverulegu skyldustörfum lífsins.“ CT, bls. 383.

Hljóðvarp, sjónvarp og internet hafa gjörbreytt öllu andrúmslofti heimsins nú á dögum og hafa leitt okkur í nána snertingu við líf manna, hugsun þeirra og athafnir, um allan hnöttinn. Þau geta verið öflug kennslutæki sem auka stórlega þekkingu okkar á heimsviðburðum og gera okkur kleift að fylgjast með þýðingarmiklum umræðum og njóta þeirrar bestu tónlistar sem völ er á.

Því miður flytja nútíma fjölmiðlar hlustendum sínum og áhorfendum næstum linnulausar leiksýningar og margt það sem hvorki er uppbyggjandi né bætandi. Ef við gerum ekki upp á milli dagskráratríða munu þeir færa

ósmekkleg dagskrárefni inn á heimili okkar.

Eina öryggi okkar sjálfra og barna okkar er fólgið í því að sýna festu og með Guðs hjálp að taka til greina svohljóðandi áminningu Páls postula: „Að endingu, bræður, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dyggð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það“ (Fil 4.8).

### **Skemmtun og afþreying**

Afþreying er ákveðin viðleitni til að hressa upp á styrk hugar og líkama. Styrkur og heilbrigður hugur krefst ekki heimslegra skemmtana heldur fær hann endurnýjaðan styrk í góðri afþreyingu.

„Margs konar skemmtanir, sem eru vinsælar nú á dögum, jafnvel meðal þeirra sem telja sig kristna, snúast um sömu hluti og skemmtanir heiðingjanna. Þær eru fáar sem Satan notar ekki til að tortíma sálum. Með sjónleikjum hefur hann um aldir stuðlað að því að æsa upp ástríður og vegsama lesti. Óperur, með sínum glæstu sýningum og yfirþyrmandi tónlist, grímuböll, dansleiki og spilaborð, hefur Satan notað til að brjóta niður hömlur lífsreglna og opna dyrnar fyrir nautnahyggju. Á sérhverri samkomu þar sem hlúð er að stolti eða dekrað við matarlyst, þar sem menn eru hvattir til að gleyma Guði og missa sjónar á eilífum hagsmunum, þar er Satan að verki við að koma hlekkjum á sálina.“ ÆS, bls. 331. (Sjá bls. 164.)

Við verðum að forðast allt sem ýkir eða sem sýnir leynt og ljóst syndir og glæpi mannkynsins --- morð, hórdóm, rán og skylda glæpi sem að miklu leyti eru ábyrg fyrir hnignun siðgæðis okkar tíma. Þess í stað ættum við að hafa yndi af hinum mikla náttúruheimi Guðs og ævintýrum sem gerast manna á meðal og í starfi og áhrifum Guðs.

Annað skemmtanaform sem hefur ill áhrif í för með sér eru almennir dansleikir. „Dansleikir, eins og þeir eru haldnir nú á dögum, eru spillingarskólar og mikið böf fyrir þjóðfélagið.“ MYP, bls. 399 (Sjá 2Kor 6.15–18; 1Jóh 2.15-17; Jak 4.4; 2Tím 2.19-22; Ef 5.8-11; Kól 3.5-10.)

Afþreying er nauðsynleg. En í stað þess að slást í hóp hins heimslega, kærulausa og skemmtanafíkna mannfjölda sem „elskar munaðarlífið meira en Guð“ (2Tím 3.4) ættum við að stuðla að því að fólk okkar eignist vini og hljóti afþreyingu sem hefur Krist og söfnuðinn sem þungamiðju.

## Tónlist

„Tónlist var látin þjóna helgum tilgangi, til að lyfta hugum manna til þess sem er hreint, göfugt og uppheljandi, og til að vekja í sálinni guðrækni og þakklæti til Guðs.“ ÆS, bls. 433. Jesús „hélt sambandi við himininn með söng“ (ÞA, bls. 44).

Tónlistin er ein hinna æðri lista. Góð tónlist veitir ekki aðeins ánægju heldur göfgar hún hugann og þroskar hina bestu eiginleika. Guð hefur oft notað andlega söngva til að snerta við hjarta syndara og leiða menn til iðrunar. Aftur á móti brýtur gildisrýr tónlist niður siðgæði og dregur okkur burt úr samfélagi okkar við Guð.

Vel skal vanda til vals á tónlist á heimilum okkar, félagsstundum, í skólum okkar og kirkjum. Hvert það lag sem ber einkenni jass, rokks eða skyldra blendingstegunda og hefur ennfremur orðbragð sem notað er til að tjá heimskulegar og lágkúrulegar kenndir ber að forðast. (Sjá bls. 85, 90.)

## Lokaorð

Þar sem við stöndum mitt í hættum síðustu daga, berum ábyrgð á að flytja heiminum með hraði hinsta hjálpræðistilboðið og stöndum andspænis dómi sem mun ljúka með því að komið verður á allsherjar réttlæti, skulum við af heilu hjarta helga okkur Guði, bæði líkama, sál og anda, og einsetja okkur að halda okkur við þann háa lífsstaðal sem hlýtur að einkenna þá sem bíða endurkomu Drottins.

## Hjónaband, hjúskaparslit og gifting að nýju

### Félagsleg samskipti

Guð hefur gefið okkur félagshvötina bæði til gagns og ánægju. „Fyrir gagnkvæma snertingu öðlast hugur manna fegrun og fágun. Fyrir félagsleg samskipti er stofnað til kunningsskapar og vináttubönd tengd sem leiða til þess að hjórtu sameinist og kærleikssamband myndist sem þóknanlegt er í augum himinsins.“ 6T, bls. 172. Viðeigandi samneyti kynjanna er báðum til gagns. Slíkt samneyti ætti að fara fram með háleitu hætti og með tilhlýðilegri virðingu fyrir venjum þeim og reglum sem hafa verið settar þjóðfélaginu og einstaklingum til verndar. Það er auðvitað ætlun Satans að afbaka allt það sem gott er og rangfærsla hins besta leiðir oft til hins versta.

Nú á dögum eru þær hugsjónir sem gera þessi félagslegu sambönd örugg og ánægjuleg svo mjög á undanhaldi að skelfilegt má teljast. Undir áhrifum ástríðna sem eru óheftar af siðferðilegum og trúarlegum lífsreglum hefur samneyti kynjanna brenglast svo skelfilega að nú ríkir þar óheft frelsi og taumleysi. Óhugnanlega mikið er um kynferðislega rangfærslu, sífjaspell og kynferðislega misnotkun barna.

Milljónir manna hafa vikist undan hinum kristilega staðli hegðunar og látið hina sælu og helgu hjónabands- og foreldrareynslu í skiptum fyrir hina beisku og hryggilegu ávexti girndarinnar. Syndir þessar eru ekki aðeins að valda skaða á fjölskyldugerð samfélagsins heldur elur upplausn í fjölskyldunni einnig af sér sömu syndir auk annarra. Afleiðingarnar, sem eru brenglað líf barna og ungmenna, eru skelfilegar og vekja meðaumkun hjá okkur, en áhrifin á þjóðfélagið eru ekki aðeins hörmuleg heldur magnast þau stöðugt.

Þessar syndir eru í ríkari mæli drýgðar fyrir opnum tjöldum og ógna hugsjónum og takmarki kristilegs heimilis. Hórdómur, klám, alls kyns misþyrming (svo sem kynferðileg misþyrming maka, barna og öldunga), sífjaspell og samkynhneigð manna og kvenna eru meðal þeirra siða sem

eru augljós afskræming hins upprunalega áforms Guðs. Þar sem merkingu skýrra Biblíuversa (sjá 2Mós 20.14; 3Mós 18.22, 29 og 20.13; 1Kor 6.9; 1Tím 1.10; Róm 1.20-23) er afneitað, viðvörðunum þeirra hafnað og skoðun manna fylgt í staðinn, ríkir mikil óvissa og glundroði. Þetta er það sem Satan vill. Það hefur ávallt verið áform hans að fá fólk til að gleyma skapara sínum og að þegar hann „skapaði manninn eftir sinni mynd,“ skapaði hann þau „karl og konu“ (1Mós 1.27).

Spillingaráhrif þau sem stafa af því að heimurinn er heltekinn af hugsuninni um kynlíf, ástir og holdlegan munað, eru birt skýrum stöfum í orði Guðs. En Kristur kom til að brjóta niður verk djöfulsins og koma aftur á sambandi milli skaparans og mannkynsins. Þó að syndin hafi runnið til allra manna frá Adam og þeir orðið fangar hennar munu þeir sem eru í Kristi hljóta fulla fyrirgefningu og rétt til að velja aftur hina betri leið, leiðina til algerrar endurnýjunar. Fyrir tilstilli krossins og mátt Heilags anda er hægt að frelsa alla úr neti syndsamlegra venja á sama tíma sem þeir eru endurreistir til myndar skaparans.

Það er skylda foreldra og andlegra leiðtoga æskunnar að leitast við að öðlast fyllri skilning á vandamálum þessarar kynslóðar æskufólks, leitast við af heilum huga að skapa henni kristilegt umhverfi og að nálgast hana svo í anda að þeir megni að beina huga hennar að æðstu markmiðum, innblæstri og krafti kristninnar.

Hver sem mistök foreldra okkar og jafningja kunna að vera þá eru það forréttindi okkar að þekkja hinar æðstu hugsjónir kristinna manna og kvenna og halda fast við þær. Biblíulestur samfara lotningu, nán kynni af náttúrunni, sterk stjórnun á hinum helgu hæfileikum líkamans, einlægur ásetningur, staðföst bæn og einlæg og óeigingjörn þjónusta við að uppfylla þarfir annarra mun byggja upp lyndiseinkunn sem stenst hið illa og gerir okkur kleift að hafa áhrif til góðs í samfélaginu.

Félagsstundir fyrir eldri sem yngri ættu ekki að vera samfundir fyrir alvörulausar og innantómar skemmtanir heldur fyrir ánægjulegt samfélag og til að þroska hæfileika hugar og sálar. Góð tónlist, uppbyggjandi samræður, góður upplestur, kvikmyndir eða skyggjur við hæfi, vandlega valdir leikir sem hafa uppeldislegt gildi og síðast en ekki síst það að leggja og útfæra áform um trúboðsstarf getur verið gott efni í félagsstundir sem munu veita öllum blessun og styrk. Æskulýðsdeild Aðalsamtakanna hefur gefið út gagnlegar upplýsingar og hagnýtar tillögur um það hvernig haga má félagsstundum og einnig leiðbeiningar varðandi annað félagsstarf.



Heimilin í söfnuðinum eru langbestu staðirnir til félagsstunda. Í stórum byggðakjörnum, þar sem útilokað er að halda þær í heimilum, og þar sem við höfum enga félagsmiðstöð eða safnaðarheimili sjálf, ætti að taka á leigu sal við hæfi sem er laus við þau áhrif sem eru skaðleg kristilegum hugsjónum frekar en stað þar sem venjulega eru haldnar opinberar skemmtanir og íþróttir, svo sem dansstaðir eða skautahallir, sem vekja hugsanir sem eru andstæðar kristilegum meginreglum.

### **Siðgæðisvörður**

Hið ánægjulega og hjartanlega samneyti æskufólks og þeirra sem eru eldri er á meðal hinna heilnæmustu áhrifavalda í lífi barna og ungmenna. „Það er hætta á því að bæði foreldrar og kennarar . . . láti undir höfuð leggjast að hafa nægilega mikið samneyti við börn sín og nemendur á félagslegum vettvangi.“ CT, bls. 76. Það er skylda heimila okkar, skóla og stofnana að gæta siðgæðis og orðstírs þeirra sem eru í þeirra umsjá. Það er einnig skylda heimilanna að setja upp svipaðan siðgæðisvörð. Til að það sé hægt ber þeim að kynna sér hvernig þeir geti orðið kærkomnir félagar barna sinna. En það er fyrst og fremst undir unglingunum sjálfum komið að tryggja að siðgæðisvarslan sé virt og ánægjuleg.

### **Tilhugalíf**

Tilhugalífið er það undirbúnings skeið, þar sem karl og kona sem hafa sýnt hvort öðru gagnkvæman áhuga kynnast náði og búa sig undir hjónaband.

„Þeir sem hyggja á hjónaband skulu vega og meta hverja kennd og fylgjast með þroskun lyndiseinkunnar þess einstaklings sem þeir hafa í hyggju að bindast. Hvert skref í áttina að hjónabandi á að einkennast af hófsemi, látleysi, einlægni og ásetningi að þóknast Guði og að heiðra hann. Hjónabandið hefur áhrif bæði á lífið í þessum heimi og hinum komandi. Einlægur kristinn maður leggur engin þau áform sem Guð getur ekki samþykkt.“ MH, bls. 359.

Verði misbrestur á að þessum lífsreglum í kristilegu tilhugalífi sé fylgt getur það leitt til ófarnaðar. Skilyrði þess að heimili geti orðið hamingjusamt og árangursríkt er að eiginmaðurinn og eiginkonan eigi sömu hugsjónir og hafi sama tilgang í lífinu. Líklegt er að ólíkar trúarskoðanir verði til þess að varpa skugga á heimilislífið og leiða til glundroða, vandræða og mistaka

við uppleiddi barnanna. Ráðleggingar Biblíunnar eru þessar: „Gangið ekki undir ósamkynja ok með vantrúuðum“ (2Kor 6.14).

„Fjölskyldutengslin eru nánustu, viðkvæmustu og helgustu tengslin sem við þekkjum. Þeim var ætlað að vera manningum til blessunar. Það er blessun þegar einstaklingar ganga inn í sáttmála hjónabandsins með skynsemi, í guðsótta og með fullu tilliti til ábyrgðarinnar sem er því samfara.“ AH, bls. 18.

Tilbeiðsla Guðs, helgihald hvíldardagsins, afþreying, félagsskapur, notkun fjármuna og barnauppleiddi eru öll ábyrgðarþættir hamingjusamra fjölskyldutengsla. Undirbúningur fyrir hjónaband ætti að fela í sér kerfisbundna ráðgjöf í þessum efnum frá prestinum, því ósamræmi á þessum sviðum leiðir oft til hnignunar tengslanna, vonbrigða, og hjón týna jafnvel alveg kristilegri reynslu sinni.

„Mega tveir menn verða samferða, nema þeir mæli sér mót?“ Am 3.3. Hamingja og velferð í hjónabandi er háð einingu aðila; en milli trúaðs manns og trúleysingja er mikill munur á smekk, tilhneigingum og ásetningi. Þau þjóna tveim herrum og milli þeirra getur aldrei orðið samhljómur. Hversu hreinlífur sem maður er má búast við að trúlaus maki leiði hann frá Guði.“ ÆS, bls. 121.

Rit Anda Spádómsgáfunnar ráða stöðugt gegn hjónabandi milli „trúaðra og vantrúaðra“ og vara auk þess við því að bindast kristnum aðilum sem hafa ekki tekið á móti sannindum okkar tíma (5T, bls. 364). Meiri líkur eru á að hjónabönd endist og fjölskyldan uppfylli áform Guðs ef eiginmaðurinn og konan eru samstillt og hafa sömu andlegu verðmæti og lífsstíl. Þess vegna mælir kirkja Sjöunda dags aðventista sterklega gegn hjónabandi þeirra sem tilheyrja kirkjunni og þeirra sem standa utan hennar og hvetur presta Sjöunda dags aðventista til að framkvæma ekki slíka athöfn.

Söfnuðurinn gerir sér grein fyrir að það eru forréttindi hvers einstaks að taka lokaákvörðun varðandi makaval. En kirkjan vonar að velji meðlimur hennar maka, sem er ekki meðlimur þá virði þau það og skilji að þau geta ekki ætlast til þess að prestur Sjöunda dags aðventista framkvæmi athöfnina fyrir þau, þar sem hann hefur skuldbundið sig til að hafa í heiðri ofangreindar meginreglur.

Ef einstaklingur velur slíkt hjónaband á söfnuðurinn að auðsýna þeim kærleika og umhyggju með það fyrir augum að hvetja þau til að sameinast að fullu í Kristi.

## Hjónabandið

Hjónabandið er guðleg stofnun sem Guð sjálfur setti á stofn fyrir syndafallið, á tíma þegar allt, þar með talið hjónabandið, var „mjög gott“ (1Mós 1.31). „Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold“ (1Mós 2.24). „Guð framkvæmdi fyrsta brúðkaupið. Þess vegna er skapari alheimsins höfundur þess. „Hjónabandið er virðingavert;“ það var ein fyrsta gjöf Guðs til mannsins og það er önnur tveggja stofnana sem Adam tók með sér út fyrir hlið Paradísar eftir syndafallið.“ AH, bls. 25, 26.

Guð ætlaði hjónabandi Adams og Evu að vera mynstur fyrir hjónabönd framtíðarinnar og Kristur studdi þá frumhugmynd, er hann sagði: „Hafið þér eigi lesið að skaparinn gjörði þau frá upphafi karl og konu og sagði: „Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og bindast konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður.“ Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur einn maður. Það sem Guð hefur tengt saman, má maður eigi sundur skilja“ (Matt 19. 4-6). Hjónabandið sem Guð setti á stofn er byggt á einkvæni og gagnkynhneigð milli eins manns og einnar konu.

Hjónabandið er ævilöng binding eigenmanns og eiginkonu hvort við annað og hjónanna við Guð (Mrk 10.2-9; Róm 7.2). Páll bendir á að binding Krists við söfnuðinn sé fyrirmynd tengsla eigenmanns og eiginkonu (Ef 5.31, 32). Guð ætlaði tengslum hjónabandsins að vera jafn varanleg og tengsl Krists við söfnuðinn.

Kynsamband innan hjónabandsins er heilög gjöf Guðs til mannsins. Það er óaðskiljanlegur þáttur hjónabandsins, en einungis innan ramma þess (1Mós 2.24; Okv 5.5-20). Slíkt náíð samband sem er ætlað að vera einungis milli eigenmanns og eiginkonu stuðlar að síaukinni nálægð, hamingju og öryggi, og tryggir viðhald mannkynsins.

Eining í hjónabandi ávinnst með gagnkvæmri virðingu og kærleika. Enginn er öðrum æðri (Ef 5.21-28). „Hjónabandið er ævilöng eining og er tákmynd um sambandið milli Krists og safnaðar hans. Eigenmaður og eiginkona eiga að auðsýna hvort öðru sama anda og Kristur auðsýnir söfnuðinum.“ 7T, bls. 46. Orð Guðs fordæmir ofbeldi í persónulegum samskiptum (1Mós 6.11, 13; Slm 11.5; Jes 58.4, 5; Róm 13.10; Gal 5.19-21). Það er í anda Krists að elska og taka á móti, að leitast við að staðfesta og byggja aðra upp í stað þess að svívirða eða lítillækka þá (Róm 12.10;

14.19; Ef 4.26; 5.28, 29; Kól 3.8-14; 1Þess 5.11). Harðstjórn og misbeiting valds fyrirfinnst ekki meðal fylgjenda Krists (Matt 20.25-28; Ef 6.4). Ofbeldi innan hjónabandsins og fjölskyldunnar er andstyggilegt (sjá AH, bls. 343).

„Hvorki eiginmaðurinn eða eiginkonan eiga að gera tilkall til stjórnstöðunnar. Drottinn hefur sett fram meginregluna sem gildir á því sviði. Eiginmaðurinn á að unna eiginkonu sinni eins og Kristur ann söfnuðinum. Eiginkona á jafnframt að virða og elska eiginmann sinn. Þau eiga bæði að rækta með sér anda vingjarnleika og vera ákveðin í að hryggja aldrei hvort annað eða særa.“ 7T, bls. 47.

Tilkoma syndarinnar hafði skaðvænleg áhrif á hjónabandið. Þegar Adam og Eva syndguðu misstu þau þá einingu sem þau höfðu haft við Guð og hvort annað (1Mós 3.6-24). Samskipti þeirra einkenndist nú af sekt, blygðun og sársauka. Hvar sem syndin ræður ríkjum orsakar hún firringu, ótrúmennsku, vanrækslu, misþyrmingu, kynspillingu, yfirráð annars yfir hinum, ofbeldi, aðskilnað og hjónaskilnað.

Hjónabönd þar sem eru fleiri en einn maki eru afleiðing áhrifa syndarinnar á stofnun hjónabandsins. Þó þannig hjónabönd hafi tíðkast á tíma Gamla testamentisins eru þau ekki í samræmi við áform Guðs. Áform Guðs fyrir hjónabandið ætlast til að fólk hans hefji sig yfir þær siðvenjur samtímans sem eru andstæðar sjónarmiði Biblíunnar.

Hin kristna hugsjón um hjónaband felur í sér eftirfarandi:

1. *Áform Guðs endurreist í Kristi.* Þegar Guð endurreisir heiminn frá synd og afleiðingum hennar leitast hann einnig við að endurreisa hjónabandið til upprunalegrar myndar. Þetta kemur fram í lífi þeirra sem hafa endurfæðst inn í ríki Krists. Heilagur andi hefur helgað hjörtu þeirra og meginmarkmið þeirra í lífinu er að upphefja Drottin Jesú Krist. (Sjá einnig 1Pét 3.7; MB, bls. 64).

2. *Eining og jöfnuður endurreist í Kristi.* Fagnaðarerindið leggur áherslu á kærleika og undirgefni eiginmanns og eiginkonu hvort til annars (1Kor 7.3, 4; Ef 5.21). Fyrirmynd eiginmannsins sem stjórnanda er að finna í sjálfsfórmarkærleika og þjónustu Krists fyrir söfnuðinn (Ef 5.24, 25). Bæði Pétur og Páll tala um þörfina á virðingu í samskiptum hjónabandsins (1Pét 3.7; Ef 5.22, 23).

3. *Nád tiltæk fyrir alla.* Guð leitast við að endurreisa, lækna og sætta við sig alla þá sem hefur mistekist að ná staðli Guðs (2Kor 5.19). Það innifelur þá sem hafa glímt við sundrun í hjónabandinu.

4. *Hlutverk safnaðarins*. Í Gamla testamentinu fjallaði Móse um vandamál vegna sundraðra hjónabanda (5Mós 24.1-5), og það sama gerir Páll í því Nýja (1Kor 7.11). Þó báðir haldi fast við og staðfesti hugsjón hjónabandsins meðhöndla þeir á uppbyggjandi og endurleysandi hátt þá sem hefur mistekist að ná staðli Guðs. Á sama hátt er söfnuðurinn kallaður til að halda fast við og staðfesta hugsjón Guðs með hjónabandið og jafnframt vera sáttfús, sýna fyrirgefningu, skapa lækningu umhverfi og sýna skilning og samúð þegar samskiptarof á sér stað.

### Hjúskaparslit

Hjúskaparslit eru andstæð upphaflegu áformi Guðs varðandi hjónabandið (Matt 19.3-8; Mrk 10.2-9), en Biblían er samt ekki þögul um þau. Þar sem hjúskaparslit eru hluti af reynslu mannsins sem afleiðing af syndafallinu var löggjöf skráð í Biblíunni til að takmarka skaðann (5Mós 24.1-4). Biblían leitast stöðugt við að upphæfja hjónabandið og hindra hjónaskilnað með því að lýsa fögnuði hjónaástar og trúmennsku (Okv 5.18-20; Ljl 2.16; 4.9 – 5.1), með því að lýsa sambandi Guðs við manninn sem sambandi í mynd hjónabands (Jes 54.5; Jer 3.1), með því að beina athyglinni að möguleikanum á fyrirgefningu og endurnýjun hjónabandsins (Hós 3.1-3), og með því að benda á fyrirlitningu Guðs á hjónaskilnaði og þeirri eynd sem hann veldur (Mal 2.15, 16). Jesús endurreisti hina upphaflegu hugsjón hjónabandsins um ævilanga trúfesti milli manns og konu og milli hjóna og Guðs (Matt 19.4-6; Mrk 10.6-9). Biblían staðfestir á margvíslegan hátt hjónabandið og leitast við að leiðrétta þau vandamál sem hafa tilhneigingu til að veikja eða eyðileggja grundvöll hjónabandsins (Ef 5.21-33; Heb 13.4; 1Pét 3.7).

Hjúskapur byggist á meginreglu kærleika, trúmennsku, útilokun annarra, trausti og stuðningi beggja aðila í hlýðni við Guð (1Mós 2.24; Matt 19.6; 1Kor 13; Ef 5.21-29; 1Þess 4.1-7). Þegar þessar meginreglur eru brotnar vitnar Ritningin um að hörmulegar kringumstæður geti eyðilagt hjónabandið.

Guðleg náð er eina lækningin við brestum hjónaskilnaðar. Þegar hjónabandið brestur ætti að hvetja aðilana til athuga vel reynslu sína og leita vilja Guðs með líf þeirra. Guð býður huggun þeim sem hafa verið særðir. Guð veitir einnig viðtöku iðrun einstaklinga sem hafa drýgt skæðustu syndir, jafnvel syndir sem orsaka óbætanlegt tjón (2Sam 11; 12;

Slm 34.18; 86.5; Jl 2.12, 13; Jóh 8.2-11; 1Jóh 1.9).

Ritningin viðurkennir hjúskaparbrot og/eða hórdóm (Matt 5.32) ásamt fráhrarfi maka sem er ekki sömu trúar (1Kor 7.10-15) sem réttmæta ástæðu fyrir hjónaskilnaði.

Ritningin hefur engin bein fyrirmæli varðandi nýtt hjónaband eftir skilnað. Samt er að finna vísbendingu í orðum Jesú í Matt 19.9 um að sá aðili sem hefur verið trúfastur geti gifst aftur ef makinn hefur verið ótrúr í hjónabandinu.

### **Afstaða kirkjunnar til hjúskaparslita og giftingu að nýju**

Á grundvelli kenninga Biblíunnar varðandi hjúskap gerir kirkjan sér grein fyrir því að samskipti hjóna eru ekki alltaf til fyrirmyndar. Vandinn samfara hjúskaparslitum og nýju hjónabandi með öðrum maka sést aðeins í réttu ljósi sé hann skoðaður frá sjónarhóli himinsins og með aldingarðinn Eden sem bakgrunn.

Meginþátturinn í hinu heilaga áformi Guðs fyrir okkar heim var sköpun manna í hans mynd og þeir áttu að margfaldast og uppfylla jörðina og búa saman í hreinleika, friði og hamingju. Hann leiddi Evu fram af síðu mannsins og gaf Adam hana fyrir eiginkonu. Þannig var hjónabandið stofnað --- Guð var höfundur þeirrar stofnunar og jafnframt þjónustaði hann við fyrstu hjónavígsluna. Eftir að Drottinn hafði kunngjört Adam að Eva væri sannarlega bein af hans beinum og hold af hans holdi gat hann aldrei verið í vafa um að þau tvö væru eitt hold. Ekki gat heldur verið neinn vafi í huga hvorugs þeirra að Guð ætlaðist til að heimili þeirra fengi að standa um eilífð.

Söfnuðurinn heldur fast við þennan skilning á hlutverki hjónabandsins og heimilisins, og hann trúir því að hvenær sem gefið er eftir varðandi þessa háleitu skoðun er að sama skapi gefið eftir varðandi hina himnesku hugsjón. Sú trú að hjónabandið sé guðleg stofnun byggir á Heilagri ritningu. Samkvæmt því verða allar hugsanir og röksemdir varðandi hið flókna mál um hjúskaparslit og nýtt hjónaband með öðrum maka stöðugt að taka mið af hinni helgu fyrirmynd sem birt var í Eden.

Söfnuðurinn trúir á lögmál Guðs. Hann trúir einnig á fyrirgefandi miskunn Guðs. Hann trúir því að þeir sem hafa gerst brotlegir varðandi hjúskaparslit og stofnun nýs hjúskapar með öðrum maka geti jafn örugglega náð að sigra og öðlast hjálpræði eins og þeir sem brotlegir hafa

gerst gagnvart staðli Guðs á öðrum sviðum.

Engu því sem hér er sett fram er ætlað að gera lítið úr miskunn Guðs eða fyrirgefningu hans. Söfnuðurinn setur hér fram í ótta Drottins meginreglur þær og lög þau sem gilda eiga um hjúskaparslit og stofnun nýs hjúskapar með öðrum maka.

Þó að Guð hafi einn vígt fyrstu hjónaefnin er það viðurkennt að menn nú á dögum búa við borgaralega stjórn hér á jörðu. Þess vegna hefur hjúskapurinn bæði guðlega og borgaralega hlið. Hin guðlega stjórnast af lögum Guðs en hin borgaralega af lögum landsins.

Í samræmi við þessar meginreglur er í eftirfarandi yfirlýsingu sett fram afstaða kirkju Sjöunda dags aðventista:

1. Þegar Jesús sagði: „Má maður eigi sundur skilja,“ setti hann söfnuðinum reglu um hegðun á náðartímanum sem á að setja ofar öllum borgaralegum ákvæðum sem kynnu að ganga lengra en túlkun hans á hinum guðlegu lögum varðandi hjónabandið leyfir. Hér gefur hann fylgjendum sínum reglu sem þeir eiga að fara eftir hvort sem landslög eða ríkjandi siðir leyfa meira frelsi eða ekki. „Í Fjallræðunni lýsti Jesús því yfir skýrt og skorinort að ekki væri hægt að leysa upp hjónabandið nema vegna vanefnda á hjúskaparheitinu.“ MB, bls. 63. (sjá einnig Matt 5.32; 19.9.)

2. Ótrúmenska gagnvart hjúskaparheitinu er venjulega túlkuð sem framhjáald og/eða hórdómur. Orðið sem er notað um hórdóm í Nýja testamentinu felur í sér ýmsa aðra kynferðislega óreglu. (1Kor 6.9; 1Tím 1.9, 10; Róm 1.24-27.) Í ljósi þess teljast einnig kynferðisleg spilling eins og sífjaspell, kynferðisleg misþyrming barna og iðkun samkynhneigðar, til misbeitingar kynorkunnar og brot á áformi Guðs með hjónabandið. Þau eru því réttmæt ástæða til hjúskaparslita.

Jafnvel þótt Biblían leyfi skilnað af ofangreindum ástæðum, ásamt því þegar maki sem er ekki sömu trúar yfirgefur maka sinn (1Kor 7.10-15), ætti bæði kirkjan og aðrir viðkomandi að leggja kapp á að ná sættum og að hvetja einstaklingana til að auðsýna hvort öðru afstöðu fyrirgefningar og endurreisnar í anda Krists. Söfnuðurinn er hvattur til að koma fram við aðilana á kærleiksrikan og endurleypsandi hátt til að aðstoða við sáttarferlið.

3. Þegar sættir nást ekki hefur hinn saklausi aðili rétt samkvæmt Biblíunni til að fá skilnað frá þeim sem rauf hjúskapareiðinn, og hefur einnig rétt til að giftast aftur.

4. Maka sem hefur rofið hjúskaparheitið (sjá greinar 1 og 2 hér að ofan) skal beita safnaðaraga. (Sjá bls. 50-57.) Jafnvel þótt hinn brotlegi

sýni sanna iðrun má samþykkja vítur á hann eða hana um ákveðinn tíma í stað þess að vísa honum/henni úr söfnuðinum. Sýni hinn brotlegi engin merki sannrar iðrunar ber að vísa honum/henni úr söfnuðinum. Sé brot hins seka svo ámælisvert að það sé til opinberrar hneisu fyrir málefni Guðs má vísa honum úr söfnuðinum til að viðhalda hinum háa staðli hans og góða orðspori

Hverju því stigi aga sem söfnuður kann að beita ætti að beita þannig að það stuðli að tvöföldu markmiði safnaðaragans—að lagfæra og endurheimta. Í fagnaðarerindi Kristis er endurheimtu-hlið agans alltaf tengd ósvikinni ummyndun syndarans í nýja sköpun í Jesú Kristi.

5. Seki aðilinn sem er fráskilinn hefur ekki siðferðilegan rétt til að giftast öðrum meðan makinn sem var hjúskaparheitinu trúr er enn á lífi, giftist ekki og er skírlífur. Gangi seki aðilinn hinsvegar aftur í hjónaband verður honum/henni vísað úr söfnuðinum. Þeim einstaklingi sem hann/hún giftist skal einnig vísað úr söfnuðinum, sé hann/hún meðlimur hans.

6. Það er viðurkennt að þær aðstæður kunna stundum að vera fyrir hendi sem valda því að það er betra að eiginmaðurinn og eiginkonan slíti búi. „Þeim, sem gengið hafa í hjónaband, býð ég, þó ekki ég, heldur Drottinn, að konan skuli ekki skilja við mann sinn,—en hafi hún skilið við hann, þá sé hún áfram ógift eða sættist við manninn—, og að maðurinn skuli ekki heldur skilja við konuna“ (1Kor 7.10, 11). Í mörgum slíkum tilvikum getur umsjá barnanna, uppgjör eigna eða jafnvel persónuleg vernd gert það nauðsynlegt að breyting verði gerð á hjúskaparstöðu. Í slíkum tilvikum getur verið leyfilegt að fá það sem í sumum löndum er kallað aðskilnaður að borði og sæng. En í sumum lögsagnarumdæmum er samt aðeins hægt að fá slíkan aðskilnað með því að slíta hjónabandinu.

Aðskilnaður eða hjúskaparslit sem byggjast m.a. á líkamlegu ofbeldi eða þar sem ekki er um að ræða „vanefndir á hjúskaparheitinu“ (sjá 1. og 2. lið hér að ofan), veita, samkvæmt Biblíunni hvorugum aðila rétt til að giftast aftur nema hinn aðilinn hafi í millitíðinni gifst aftur, drýgt hór eða látist. Skyldi safnaðarmaður eða kona sem skilið hefur á þessum forsendum giftast aftur án þess að hafa biblíulegan grundvöll skal honum/henni vísað úr söfnuðinum, og ef maki hans/hennar er meðlimur, skal einnig vísa honum/henni úr söfnuðinum. (Sjá bls. 50-57.)

7. Sekur maki sem brotið hefur hjúskaparheit sitt, skilið og verið vísað úr söfnuðinum og gifst aftur, eða einstaklingur sem skilið hefur á öðrum forsendum en um er getið í lið 1, hefur gifst aftur og jafnframt verið vísað



úr söfnuðinum getur ekki hlotið aðild nema með því móti sem verður greint frá hér á eftir.

8. Hjúskaparsáttmáli er ekki aðeins helgur heldur margfalt flóknari en venjulegir sáttmálar hvað viðkemur þeim þáttum sem hann nær til, til að mynda hvað varðar börnin. Í því tilviki þegar brotlegur aðili sem jafnframt iðrast innilega æskir eftir upptöku í söfnuðinn að nýju kunna möguleikarnir fyrir hann að vera mjög takmarkaðir. Áður en söfnuðurinn tekur endanlega ákvörðun þarf söfnuðurinn að leggja beiðni hans um inngöngu að nýju fyrir stjórn Samtakanna með tilstilli safnaðarprests eða svæðisleiðtoga til þess að hún gefi ráð og komi með tillögur varðandi þau skref sem hinn/hinir iðrandi þarf/þurfa að taka til að hljóta aftur aðild.

9. Þeir sem vísað hefur verið úr söfnuðinum en fá aftur aðild að honum af ástæðum sem um er getið í undanfarandi liðum munu yfirleitt hljóta aðild á grundvelli endurskírnar. (Sjá bls. 37, 56.)

10. Þegar einstaklingi sem hefur misst réttindi sín sem meðlimur er veitt enduraðild að söfnuðinum, eins og um er getið undir lið 8, ber að gera allt sem hægt er til að tryggja einingu og frið innan safnaðarins með því að velja ekki slíkar persónur til leiðtogastarfa, einkum ekki til embættis sem krefst vígslu, nema eftir að hafa ráðfært sig vel við stjórn Samtakanna.

11. Enginn prestur kirkju Sjöunda dags aðventista hefur rétt til að þjónusta við hjónavígslu einstaklings sem samkvæmt ákvæðum liðanna hér að ofan hefur engan rétt til að giftast aftur að mati Biblíunnar.

### **Þjónusta safnaðar við fjölskyldur**

Söfnuðurinn er verkfæri Krists til frelsunar og honum ber að mæta öllum þörfum meðlima sinna og annast þannig um alla að þeir geti allir vaxið og öðlast fullmótaða kristilega reynslu. Þetta á sérstaklega við þegar meðlimir standa andspænis lífstíðar ákvörðunum eins og til dæmis hjúskap og sársaukafullum reynslum eins og hjúskaparslitum. Þegar hjónaband er í hættu að leysast upp ættu hjónin og þeir í söfnuðinum eða fjölskyldunni sem þjóna þeim að leggja allt kapp á að vinna að sáttum í samræmi við guðlegar meginreglur varðandi endurreisn særðra persónutengsla (Hós 3.1-3; 1Kor 7.10, 11; 13.4-7; Gal 6.1).

Söfnuður staðarins eða aðrar stofnanir safnaðarins hafa á takteinum hjálpargögn, sem geta veitt meðlimunum aðstoð við að þroska traust kristið heimili. Meðal þeirra eru: (1) kynningardagskrá fyrir hjónaefni, (2) fræðsla

fyrir hjón og fjölskyldur þeirra, og (3) áætlanir um stuðning fyrir sundraðar fjölskyldur og þá sem hafa farið í gegnum hjónaskilnað.

Stuðningur presta er sérstaklega mikilvægur á sviði fræðslu og kynningar um hjónabandið, græðslu og endurreisn ef um hjónaskilnað er að ræða. Í síðara tilvikinu vinnur presturinn bæði að aga og stuðningi. Það starf felur í sér að deila upplýsingum viðkomandi málið, en gæta verður að ljóstra upp viðkæmum efnum af mikilli nærgætni. Samt má slík siðfræðileg tillitsemi ekki verða til þess að sneitt verði hjá ögun í samræmi við liði 1-11 hér að ofan.

Meðlimum safnaðarins er ætlað að auðsýna fyrirgefningu og veita viðtöku þeim sem hefur orðið á, eins og Guð hefur fyrirgefið þeim (Jes 54.5-8; Matt 6.14, 15; Ef 4.32). Biblían hvetur hinn kristna til að sýna þolinmæði, samúð og fyrirgefningu í umönnun sinni fyrir þeim sem hafa hrasað (Matt 18.10-20; Gal 6.1, 2). Meðan einstaklingar eru undir aga, hvort sem um vítur er að ræða eða frávísun úr söfnuðinum, ber söfnuðinum sem er verkfæri í áformi Guðs að gera allt sem í hans valdi stendur til að halda uppi ástríku og andlega uppbyggjandi sambandi við þá.

## 14. KAFLI

### Helstu trúarkenningar Sjöunda dags aðventista

Sjöunda dags aðventistar líta á Biblíuna sem einu trúarjátningu sína og telja ákveðin grundvallarsannindi vera kenningu Heilagrar ritningar. Sannindi þessi, eins og þau eru sett fram hér, lýsa skilningi safnaðarins á kenningum Biblíunnar og framsetningu hans á þeim. Búast má við endurskoðun á framsetningu þessara sanninda á þingi Aðalsamtakanna eftir því sem Heilagur andi leiðbeinir söfnuðinum til fyllri skilnings á sannindum Biblíunnar eða betra orðalag finnst til að lýsa kenningum þeim sem felast í heilögu orði Guðs.

#### 1. Heilög ritning

Heilög ritning, Gamla og Nýja testamentið, er hið ritaða orð Guðs, borið fram af helgum guðinnblásnum mönnum sem töluðu og rituðu eins og Heilagur andi blés þeim í brjóst. Í þessu orði hefur Guð veitt mannkyninu þá þekkingu sem nauðsynleg er til sáluhjálpar. Heilög ritning er hin óskeikula opinberun á vilja Guðs. Hún er mælikvarði á lyndiseinkunn mannsins, prófsteinn á mannlega reynslu, óvæfengjanleg opinberun kenninga og áreiðanleg heimild um athafnir Guðs í sögu mannkynsins. (2Pét 1.20, 21; 2Tím 3.16, 17; Slm 119.105; Okv 30.5, 6; Jes 8.20; Jóh 17.17; 1Þess 2.13; Heb 4.12.)

#### 2. Þrenningin

Guð er einn: Faðir, sonur og Heilagur andi, eining þriggja sam-eilífra persóna. Guð er ódauðlegur, almáttugur, alvitur, öllu ofar og ávallt nálægur. Hann er óendanlegur og ofar mannlegum skilningi, en þó þekktur vegna þess að hann hefur opinberað sig. Hann er eilíflega verðugur tilbeiðslu, lotningarfullrar aðdáunar og þjónustu alls þess sem skapað er. (5Mós 6.4; Matt 28.19; 2Kor 13.14; Ef 4.4-6; 1Pét 1.2; 1Tím 1.17; Opb 14.7.)

### 3. *Faðirinn*

Guð, hinn eilífi faðir, er skapari, uppspretta sem viðheldur öllu og er alvaldur allrar sköpunarinnar. Hann er réttlátur og heilagur, miskunnssamur og náðarríkur, seinn til reiði og fullur staðfastrar elsku og tryggðar. Þeir eiginleikar og sá máttur sem sonurinn og Heilagur andi búa yfir eru einnig opinberun hins sama hjá föðurnum. (1 Mós 1.1; Opb 4.11; 1Kor 15.28; Jóh 3.16; 1Jóh 4.8; 1Tím 1.17; 2Mós 34.6, 7; Jóh 14.9.)

### 4. *Sonurinn*

Guð, sonurinn eilífi, varð hold í Jesú Kristi. Fyrir tilstilli hans voru allir hlutir skapaðir, grundvallareðli Guðs opinberað, mannkyninu búið hjálpræði og heimurinn dæmdur. Hann er sannur Guð frá eilífum tíðum en gerðist einnig sannur maður, Jesús Kristur. Hann var getinn af Heilögum anda og fæddur af Maríu mey. Hann lifði og varð fyrir freistingum eins og hver annar maður en birti fullkomlega réttlæti og kærleika Guðs í lífi sínu. Með kraftaverkum sínum sýndi hann mátt Guðs og það sannaðist að hann var hinn fyrirheitni Messías Guðs. Hann leið og dó sjálfviljuglega á krossi fyrir syndir okkar og í okkar stað, var reistur upp frá dauðum og steig upp til himna til þess að þjóna í hinum himneska helgidómi fyrir okkur. Hann mun koma aftur í dýrð til að frelsa endanlega lýð sinn og að endurreisa alla hluti. (Jóh 1.1-3, 14; Kól 1.15-19; Jóh 10.30; 14.9; Róm 6.23; 2Kor 5.17-19; Jóh 5.22; Lúk 1.35; Fil 2.5-11; Heb 2.9-18; 1Kor 15.3, 4; Heb 8.1, 2; Jóh 14.13.)

### 5. *Heilagur andi*

Guð hinn eilífi Andi tók, ásamt föðurnum og syninum, virkan þátt í sköpuninni, holdtekjunni og endurlausninni. Hann veitti þeim guðlega andagift sem rituðu bækur Biblíunnar. Hann fyllti líf Krists mætti. Hann laðar menn til sín og sannfærir þá um synd. Þá sem veita honum viðtöku endurnýjar hann og umbreytir í ímynd Guðs. Hann er sendur af föðurnum og syninum til að vera ávallt með börnum Guðs. Hann gefur söfnuðinum andlegar gjafir, veitir honum kraft til að bera Kristi vitni og leiðir hann, samkvæmt Heilagri ritningu, í allan sannleikann. (1Mós 1.1, 2; Lúk 1.35; 4.18; Post 10.38; 2Pét 1. 21; 2Kor 3. 18; Ef 4. 11, 12; Post 1. 8; Jóh 14. 16-18, 26; 15. 26, 27; 16. 7-13.)

### 6. *Sköpunin*

Guð er skapari alls og hefur gefið okkur í Biblíunni áreiðanlega frásögn af sköpunarstarfi sínu. Á sex dögum skapaði Drottinn „himin og jörð“ og allt sem lífsanda dregur á jörðinni, og hvíldist á sjöunda degi þessarar fyrstu viku. Þar með stofnaði hann hvíldardaginn til ævarandi minningar um lok sköpunarverks síns. Fyrsti maðurinn og fyrsta konan voru sköpuð í mynd Guðs sem kóróna sköpunarverksins, þeim veitt yfirráð yfir allri jörðinni og falin sú ábyrgð að annast hana. Þegar jörðin var fullnuð var hún „harla góð“ og bar dýrð Guðs vitni. (1Mós 1; 2; 2Mós 20.8-11; Slm 19.1-7; 33. 6, 9; 104; Heb 11. 3.)

### *7. Eðli mannsins*

Þau, karl og kona, voru sköpuð í mynd Guðs, hvort með sitt einstaklingseðli og hæfileika og frelsi til að hugsa og framkvæma. Þótt þau hafi verið sköpuð frjáls voru þau hvort um sig óaðskiljanleg eining líkama, hugar og anda og háð Guði um líf og anda og allt annað. Þegar fyrstu foreldrar okkar óhlýðnuðust Guði afneituðu þau því að þau væru honum háð og féllu úr hinni háu stöðu sinni hjá Guði. Mynd Guðs í þeim saurgaðist og þau urðu undirorpin dauðanum. Niðjar þeirra gjalda þessa fallna eðlis og afleiðinga þess. Þeir eru fæddir með veilur og tilhneigingar til ills. En í Kristi sætti Guð heiminn við sig og með Anda sínum endurnýjar hann mynd skaparans í iðrandi dauðlegum mönnum. Þeir eru skapaðir Guði til dýrðar og kallaðir til að elska hann og hver annan og að annast umhverfi sitt. (1Mós 1.26-28; 2.7; Slm 8.5-9; Post 17.24-28; 1Mós 3; Slm 51.7; Róm 5.12-17; 2Kor 5.19, 20; Slm 51.12; 1Jóh 4.7, 8, 11, 20; 1Mós 2.15).

### *8. Deilan mikla*

Allt mannkynið er nú þátttakandi í mikilli deilu milli Krists og Satans varðandi grundvallareðli Guðs, lögmál hans og yfirráð hans yfir alheiminum. Þessi barátta sem hófst á himni þegar sköpuð vera, gædd valfrelsi, varð, vegna sjálfsupphafningar, Satan eða andstæðingur Guðs og tældi hluta af englaskaranum til uppreisnar. Hann bar uppreisnarandann með sér inn í þennan heim þegar hann tældi Adam og Evu til þess að syndga. Synd mannanna leiddi það af sér að mynd Guðs í mannkyninu brennlaðist, glundroði komst á í hinum skapaða heimi og að honum var að lokum eytt á tíma alheimsflóðsins. Öll sköpunin fylgdist með því þegar þessi heimur varð vettvangur allsherjar átaka en í þeim mun Guð kærleikans að síðustu fá uppreisn æru. Kristur sendir Heilagan anda og trúfasta engla lýð sínum

til hjálpar í þessum miklu átökum til að leiðbeina honum, vernda hann og styrkja á vegi hjálpræðisins. (Op 12.4-9; Jes 14.12-14; Esek 28.12-18; 1Mós 3; Róm 1.19-32; 5.12-21; 8.19-22; 1Mós 6-8; 2Pét 3.6; 1Kor 4.9; Heb 1.14.)

### *9. Lífi Krists, dauði hans og upprisa*

Í lífi Krists sem einkenndist af fullkominni hlýðni við vilja Guðs og í þjáningum hans, dauða og upprisu, tryggði Guð einu friðþægingarleiðina sem til er fyrir syndir mannanna svo að þeir sem í trú veita friðþægingu þessari viðtöku geti öðlast eilíft líf og öll sköpunin skilji betur óendanlegan og heilagan kærleik skaparans. Þessi fullkomna friðþæging staðfestir réttlæti lögmáls Guðs og miskunnsemina í grundvallareðli hans því að hún gerir hvorttveggja: að fordæma syndir okkar og afla okkur fyrirgefningar. Kristur dó sem staðgengill og jafnframt til að friðþægja, sætta og umskapa. Upprisa Krists boðar sigur Guðs yfir öflum hins illa. Þeim sem veita friðþægingunni viðtöku veitir hún fullvissu um endanlegan sigur yfir synd og dauða. Hún kunngerir herratign Jesú Krists sem hvert kné á himni og á jörðu mun beygja sig fyrir. (Jóh 3.16; Jes 53; 1Pét 2.21, 22; 1Kor 15.3, 4, 20-22; 2Kor 5.14, 15, 19-21; Róm 1.4; 3.25; 4.25; 8.3, 4; 1Jóh 2.2; 4.10; Kól 2.15; Fil 2.6-11.)

### *10. Hjálpræðið*

Af óendanlega miklum kærleik og miskunn gerði Guð Krist, sem enga synd þekkti, að synd okkar vegna svo að við mættum verða réttlæti Guðs í honum. Þegar við erum leidd af Heilögum anda finnum við þörf okkar, viðurkennum að við erum syndug, iðrumst misgjörða okkar og ástundum trú á Jesú sem Drottin og Krist, staðgengil okkar og fordæmi. Þessi trú sem leiðir til þess að menn veita hjálpræðinu viðtöku lifnar fyrir hinn guðlega mátt orðsins og er hún gjöf náðar Guðs. Fyrir Krist erum við réttlætt, meðtekin sem synir Guðs og dætur og frelsuð undan drottinvaldi syndarinnar. Fyrir Andann endurfæðumst við og helgumst. Andinn endurnýjar hugarfar okkar. Hann ritar kærleikslögmál Guðs í hjarta okkar og gefur okkur kraft til að lifa heilögu lífi. Með því að vera í honum fáum við hlutdeild í guðlegu eðli og öðlumst fullvissu um endurlausn nú og í dómnum. (2Kor 5.17-21; Jóh 3.16; Gal 1.4; 4.4-7; Tít 3.3-7; Jóh 16.8; Gal 3.13, 14; 1Pét 2.21, 22; Róm 10.17; Lúk 17.5; Mrk 9.23, 24; Ef 2.5-10; Róm 3.21-26; Kól 1.13, 14; Róm 8.14-17; Gal 3.26; Jóh 3.3-8; 1Pét 1.23;

Róm 12.2; Heb 8.7-12; Esk 36. 25-27; 2Pét 1.3-4; Róm 8.1-4; 5.6-10.)

### *11. Að vaxa í Kristi*

Með dauða sínum á krossinum vann Jesús sigur yfir öflum hins illa. Hann sem bugaði djöflaanda á jarðvistar tíma sínum hefur brotið mátt þeirra á bak aftur og tryggt lokaafdrif þeirra. Sigur Jesú færir okkur sigur yfir þeim illu öflum sem leitast enn við að stjórna okkur á göngu okkar með honum í friði, fögnuði og fullvissu um kærleika hans. Heilagur andi hefur nú bústað í okkur og eflir okkur. Við erum leyst undan byrðum fyrri gjörða ef við erum stöðugt undirgefin Jesú sem frelsara okkar og Drottni. Við göngum ekki lengur í myrkri, óttafull við ill öfl eða í fáfræði og tilgangsleysi eins og áður. Þar sem við höfum öðlast þetta frelsi í Jesú erum við kölluð til að vaxa svo lyndiseinkunn okkar megi líkjast hans, tala daglega við hann í bæn, nærast af orði hans, hugleiða það og forsjón hans, syngja honum lof, sameinast öðrum til tilbeiðslu og taka þátt í ætlunarverki kirkjunnar. Þegar við leggjum okkur öll fram í kærleiksríkri þjónustu við aðra umhverfis okkur og vitnum um sáluhjálp hans mun stöðug návist hans með Anda sínum umbreyta sérhverju augnabliki lífs okkar og hverju verkefni og gera þau að andlegri reynslu. (Slm 1.1, 2; 23.4; 77.11, 12; Kól 1.13, 14; 2.6, 14, 15; Lúk 10.17-20; Ef 5.19, 20; 6.12-18; 1Þess 5.23; 2Pét 2.9; 3.18; 2Kor 3.17, 18; Fil 3.7-14; 1Þess 5.16-18; Matt 20.25-28; Jóh 20.21; Gal 5.22-25; Róm 8.38, 39; 1Jóh 4.4; Heb 10.25).

### *12. Söfnuðurinn*

Söfnuðurinn er samfélag trúaðra sem játa Jesú Krist sem Drottin sinn og frelsara. Sem arftakar lýðs Guðs á tímum Gamla testamentisins erum við kölluð út úr heiminum. Við komum saman til tilbeiðslu, til samfélags, til að fræðast um orð Guðs, til að neyta kvöldmáltíðar Drottins, til þjónustu við allt mannkyn og til boðunar orðsins um víða veröld. Söfnuðurinn fær vald sitt frá Kristi sem er orðið holdi klætt og Biblíunni sem er hið ritaða orð. Söfnuðurinn er fjölskylda Guðs sem hann hefur tekið að sér sem börn sín. Þeir sem heyra honum til lifa á grundvelli hins nýja sáttmála. Söfnuðurinn er líkami Krists, trúarlegt samfélag þar sem Kristur sjálfur er höfuðið. Söfnuðurinn er brúðurinn sem Kristur dó fyrir til þess að hann gæti helgað hann og hreinsað. Þegar hann kemur aftur sem sigurvegari mun hann leiða hana fram fyrir sig sem dýrlegan söfnuð, hina trúföstu allra alda, þá sem hann keypti með blóði sínu og hvorki hafa blett né hrukku, heldur

eru heilagir og lýtalausir. (1Mós 12.3; Post 7.38; Ef 4.11-15; 3.8-11; Matt 28.19, 20; 16.13-20; 18.18; Ef 2.19-22; 1.22, 23; 5.23-27; Kól 1.17, 18.)

### *13. Leifarnar (hinir aðrir afkomendur konunnar) og köllun þeirra*

Allsherjarsöfnuðurinn er byggður upp af öllum sem í sannleika trú á Krist, en á hinum síðustu dögum, tímum almenns fráhrarfs, hafa leifar verið kallaðar til að varðveita boðorð Guðs og trúna á Jesú. Leifar þessar kunngjöra að dómsstundin sé komin, boða hjálpræði í Kristi og láta það hljóma að endurkoma hans sé í nánd. Englarnir þrír í Opinberunarbókinni 14. kafla eru tákmynd af þessari boðun. Hún fer fram á sama tíma og dómurinn á sér stað á himnum og leiðir til iðrunar og siðbótar á jörðinni. Sérhver trúaður maður er kallaður til gerast þátttakandi í þessum alheimsvitnisburði. (Opb 12.17; 14.6-12; 18.1-4; 2Kor 5.10; Júd 3, 14; 1Pét 1.16-19; 2Pét 3.10-14; Opb 21.1-14.)

### *14. Eining í líkama Krists*

Söfnuðurinn er einn líkami með mörgum limum sem kallaðir eru frá sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð. Í Kristi erum við ný sköpun. Það sem skilur að kynþætti, menningarsvæði, þjóðir og þekkingu og munur á háum og lágum, auðugum og fátækum og körlum og konum má ekki valda sundrungu okkar á meðal. Við erum öll jöfn í Kristi sem fyrir einn og sama Anda hefur tengt okkur saman í eitt samfélag með honum og hvert með öðru. Við eigum að þjóna og njóta þjónustu án manngreinarálits eða skilyrða. Fyrir opinberun Jesú Krists í Biblíunni eigum við sömu trú og von og flytjum öllum einn og sama vitnisburð. Þessi eining á rót sína að rekja til einingar hins þríeina Guðs sem hefur tekið okkur að sér sem börn sín. (Róm 12.4, 5; 1Kor 12.12-14; Matt 28.19, 20; Slm 133.1; 2Kor 5.16, 17; Post 17.26, 27; Gal 3.27, 29; Kól 3.10-15; Ef 4.14-16; 4.1-6; Jóh 17.20-23.)

### *15. Skírn*

Með skírninni játum við trú okkar á dauða Jesú Krists og upprisu, vottum að við séum dauð syndinni og að ásetningur okkar sé að ganga í endurnýjung lífsins. Þannig viðurkennum við Krist sem Drottin og frelsara, verðum lýður hans og erum meðtekin sem heyrandi til kirkju hans. Skírn er tákni um sameiningu okkar við Krist, um fyrirgefningu synda okkar og að við höfum tekið á móti Heilögum anda. Hún er framkvæmd með niðurdýfingu í vatn. Forsenda þess að láta skírast er að játa trú á Jesú og að



fram komi iðrun gagnvart synd. Skírnin fer fram eftir að fólk hefur fengið fræðslu um Heilaga ritningu og tekið við kenningum hennar. (Róm 6.1-6; Kól 2.12, 13; Post 16.30-33; 22.16; 2.38; Matt. 28.19, 20.)

### *16. Heilög kvöldmáltíð*

Heilög kvöldmáltíð er hlutdeild í táknum líkama og blóðs Jesú og tjáning trúar á hann, Drottin okkar og frelsara. Við kvöldmáltíðina er Kristur viðstaddur til að finna fólk sitt og að styrkja það. Þegar við tökum þátt í þessari athöfn boðum við dauða Drottins fagnandi uns hann kemur aftur. Undirbúningur fyrir kvöldmáltíðina felur í sér sjálfsrannsókni, iðrun og játningu. Meistarinn stofnaði fótaþvottinn sem athöfn til að tákna endurnýjaða hreinsun, vilja til að þjóna öðrum í kristilegri auðmýkt og til að tengja saman hjörtu okkar í kærleika. Kvöldmáltíðarþjónustan er opin öllum trúuðum kristnum einstaklingum. (1Kor 10.16, 17; 11.23-30; Matt 26.17-30; Oþ 3.20; Jóh 6.48-63; 13.1-17.)

### *17. Andlegar gáfur og þjónusta*

Guð gefur öllum þeim andlegar gjafir sem heyra söfnuði hans til og hver safnaðarmaður á að nota þær í kærleiksríkri þjónustu söfnuðinum og öllu mannkyni til heilla. Gjafarinn er Heilagur andi sem útbýtir hverjum að vild sinni og gjafirnar gera menn hæfa til að inna af höndum alla þjónustu sem söfnuðurinn þarfnast til að gegna því starfi sem Guð ætlar honum. Samkvæmt Heilagri ritningu eru þessar gjafir m. a. fölgnar í þjónustugreinum eins og trú, lækningu, spádómum, boðun, fræðslu, stjórnun, sáttargjörð, samúð, sjálfsfórnanði þjónustu og góðgerðarstarfsemi, mönnum til hjálpar og uppörvunar. Sumir eru kallaðir af Guði og innblásnir af Andanum til starfa í söfnuðinum sem hirðar, trúboðar, postular og fræðarar sem sérstaklega er þörf fyrir til að búa meðlimina undir þjónustustarf, til að uppbyggja söfnuðinn til andlegs þroska og stuðla að einingu trúarinnar og þekkingu á Guði. Þegar safnaðarfólk notar þessar andlegu gáfur sem dyggir þjónar hinnar margbreytilegu náðar Guðs er söfnuðurinn verndaður fyrir eyðileggingaráhrifum falskenninga, hann vex að þroska sem Guð veitir og byggist upp í trú og kærleik. (Róm 12.4-8; 1Kor 12.9-11, 27, 28; Ef 4.8, 11-16; Post 6.1-7; 1Tím 3.1-13; 1Pét 4.10, 11.)

### *18. Spádómsgáfan*

Ein af gjöfum Heilags anda er spádómsgáfan. Þessi gáfa er auðkenni

leifa safnaðarins og kom fram í hirðisstarfi Ellen G. White. Þar sem hún er sendiboði Drottins verða rit hennar varanleg og áreiðanleg uppspretta sannleika sem veitir söfnuðinum huggun, leiðsögn, fræðslu og áminningu. Þau taka líka af öll tvímæli um að Biblían er sá staðall sem allar kenningar og reynsla verður að miðast við. (Jl 3.1-2; Post 2.14-21; Heb 1.1-3; Opb 12.17; 19.10.)

### *19. Lögmál Guðs*

Hinar miklu meginreglur lögmáls Guðs eru fölgjar í boðorðunum tíu og koma fram í lífi Krists. Þau bera kærleika Guðs vitni og sýna vilja hans og takmark að því er varðar mannlega hegðun og samskipti og eru bindandi fyrir alla menn á öllum öldum. Þessi lagafyrirmæli eru grundvöllur sáttmála Guðs við lýð sinn og viðmiðunin í dómi Guðs. Fyrir starf Heilags anda benda þau á synd og vekja vitund um þörf fyrir frelsara. Hjálpræði fæst ekki fyrir verk heldur einungis fyrir náð en ávöxtur þess er hlýðni við boðorðin. Þessi hlýðni þroskar kristilega lyndiseinkunn og veitir vellíðan. Hún ber kærleika okkar til Drottins vitni og einnig umhyggju okkar fyrir samferðamönnum. Hlýðni í trú ber vott um mátt Krists til að umbreyta líferni manna og hún styrkir því kristilegan vitnisburð. (2Mós 20.1-17; Slm 40.8, 9; Matt 22.36-40; 5Mós 28.1-14; Matt 5.17-20; Heb 8.8-10; Jóh 15.7-10; Ef 2.8-10; 1Jóh 5.3; Róm 8.3, 4; Slm 19.8-15.)

### *20. Hvíldardagurinn*

Eftir sex sköpunardaga hvíldist hinn kærleiksríki skapari á sjöunda deginum og stofnsetti hvíldardaginn handa öllu mannkyni til minningar um sköpunina. Fjórða boðorð hins óumbreytanlega lögmáls Guðs býður okkur að virða þennan hvíldardag, sjöunda dag vikunnar, sem dag hvíldar, tilbeiðslu og þjónustu í samræmi við kenningu og venju Jesú, herra hvíldardagsins. Hvíldardagurinn er dagur unaðslegs samfélags við Guð og menn. Hann er tákn um endurlausn okkar í Kristi, um helgun okkar, um hollustu okkar og er forsmekkur eilífrar framtíðar sem okkur er búin í ríki Guðs. Hvíldardagurinn er ævarandi tákn Guðs um eilífan sáttmála milli hans og lýðs hans. Með því að halda þennan heilaga dag fagnandi frá kvöldi til kvölds, sólsetri til sólseturs, erum við að halda minningarhátíð um sköpunar- og endurlausnarstarf Guðs. (1Mós 2.1-3; 2Mós 20.8-11; Lúk 4.16; Jes. 56. 5, 6; 58.13, 14; Matt 12.1-12; 2Mós 31.13-17; Esek 20.12, 20; 5Mós 5.12-15; Heb 4.1-11; 3Mós 23.32; Mrk 1.32.)

## 21. Ráðsmennska

Við erum ráðsmenn Guðs sem hann hefur gefið tíma og tækifæri, hæfileika og eignir, gæði jarðarinnar og auðlindir hennar. Við erum ábyrg gagnvart honum að nota þau á réttan hátt. Við viðurkennum eignarrétt Guðs með því að þjóna honum og samferðamönnum okkar dyggilega og með því að standa skil á tíund og gefa fórnargjafir til boðunar fagnaðarerindis hans og til að stuðla að vexti og viðgangi safnaðar hans. Ráðsmennska er forréttindi sem Guð hefur gefið okkur til að rækta með okkur kærleika og sigrast á sjálfselfsku og ágirnd. Ráðsmaðurinn gleðst yfir þeirri blessun sem öðrum hlotnast fyrir trúmennsku hans. (1Mós 1.26-28; 2.15; 1Kro 29.14; Hag 1.3-11; Mal 3.8-12; 1Kor 9.9-14; Matt 23.23; 2Kor 8.1-15; Róm 15.26-27.)

## 22. Kristileg breytni

Við erum kölluð til að vera guðrækið fólk og hugsanir okkar, tilfinningar og gjörðir eiga að vera í samræmi við grundvallarreglur himinsins. Til þess að Andinn geti endurskapað í okkur grundvallareðli Drottins tókum við aðeins þátt í því sem leiðir til kristilegs hreinleika, heilbrigðis og fagnaðar í lífi okkar. Það merkir að allt sem við gerum okkur til skemmtunar og afþreyingar á að standast hinar ýtrustu kröfur kristilegrar smekkvísi og fegurðarskyns. Þó að okkur sé ljóst að fólk kemur úr mismunandi menningarumhverfi á klæðnaður okkar að vera látlaus, siðsamlegur og snyrtilegur og við hæfi þeirra sem meta ekki sanna fegurð eftir ytra útliti heldur hinum óförgengilega búningi hógværs og kyrrláts anda. Það merkir einnig að þar eð líkami okkar er musteri Heilags anda eigum við að annast hann skynsamlega. Auk þess sem við sjáum til þess að líkami okkar hljóti næga hreyfingu og hvíld eigum við að neyta hinnar heilsusamlegustu fæðu sem völ er á og forðast óhreina fæðu eins og hún er skilgreind í Biblíunni. Með því að neysla áfengra drykkja og tóbaks og ábyrgðarlaus notkun lyfja og vímugjafa er skaðleg líkamanum eigum við einnig að forðast notkun slíkra efna. Þess í stað eigum við að ástunda hvaðeina sem færir huga okkar og líkama undir ögun Krists sem vill að við séum heilbrigð, glöð og góð. (Róm 12.1-2; 1Jóh 2.6; Ef 5.1-21; Fil 4.8; 2Kor 10.5; 6.14-7.1; 1Pét 3.1-4; 1Kor 6.19-20; 10.31; 3Mós 11.1-47; 3Jóh 2.)

### 23. *Hjónabandið og fjölskyldan*

Hjónabandið var stofnað af Guði í Eden og Jesús staðfesti að það væri ævilangt samband manns og konu í kærleiksríku samfélagi. Hinn kristni vinnur Guði hjúskaparheitið ekki síður en makanum og báðir aðilar eiga að vera sömu trúar. Gagnkvæm ást, virðing, tillitssemi og ábyrgð eru uppistaðan í slíku sambandi sem á að endurspegla kærleika, helgi, innileika og varanleika sambandsins milli Krists og safnaðar hans. Varðandi hjónaskilnað kenndi Jesús að sá sem skilur við maka sinn, nema vegna saurlífnaðar, og gengur að eiga annan drýgi hór. Þótt sum fjölskyldubönd séu ekki að öllu leyti fullkomin þá geta hjón sem gefast hvort öðru að öllu leyti í Kristi öðlast kærleiksríkt samband fyrir handleiðslu Andans og umönnun safnaðarins. Guð blessar fjölskylduna og ætlast til að þeir sem henni tilheyra hjálpi hver öðrum til að öðlast fullan þroska. Foreldrar eiga að ala börn sín þannig upp að þau læri að elska Guð og hlýða honum. Með fordæmi sínu og orðum eiga þeir að kenna þeim að Kristur sé kærleiksríkur tyftari, ætíð mildur og nærgætinn og vilji að þau verði limir á líkama hans, fjölskyldu Guðs. Vaxandi samkennd fjölskyldunnar er eitt af einkennum síðasta boðskapar fagnaðarerindisins. (1Mós 2.18-25; Matt 19.3-9; Jón 2.1-11; 2Kor 6.14; Ef 5.21-33; Matt 5.31-32; Mrk 10.11-12; Lúk 16.18; 1Kor 7.10-11; 2Mós 20.12; Ef 6.1-4; 5Mós 6.5-9; Okv 22.6; Mal 4.5-6.)

### 24. *Þjónusta Krists í hinum himneska helgidómi*

Á himnum er helgidómur, hin sanna tjaldbúð sem Drottinn reisti en ekki maður. Í honum þjónar Kristur fyrir okkur og veitir trúuðum blessun friðþægingarfórnar sinnar sem færð var á krossinum í eitt skipti fyrir öll. Hann var vígður sem hinn mikli æðsti prestur okkar og hóf meðalögngustarf sitt við uppstigningu sína. Árið 1844, við lok 2300 daga spádómstímans, hóf hann síðari þátt friðþægingarþjónustu sinnar. Það er dómsrannsókn sem er þáttur í endanlegri útrýmingu allrar syndar og var hreinsun hins forna helgidóms Hebra á friðþægingardeginum táknmynd af henni. Í þessari táknrænu þjónustu var helgidómurinn hreinsaður (honum komið í samt lag) með blóði fórnardýranna en himneskir hlutir hreinsast með hinni fullkomnu fórn, blóði Jesú. Dómsrannsóknin opinberar hinum himnesku verum hverjir hinna dánú hafi sofnað í trú á Krist og séu því í honum verðugir að fá hlutdeild í fyrri upprisunni. Hún opinberar einnig hverjir meðal hinna lifandi breyti í lífi sínu eftir kenningu Krists, varðveiti boðorð Guðs og trúna á Jesú og séu í honum viðbúinir að verða ummyndaðir

og teknir inn í eilíft ríki Guðs. Þessi dómsrannsókn staðfestir að Guð sé réttlátur er hann frelsar þá sem trúá á Jesú. Þar er því lýst yfir að þeir sem haldið hafa tryggð við Guð skuli ríkið erfa. Lok þessarar þjónustu Krists markar endi náðartímans, rétt fyrir endurkomu Krists. (Heb 8.1-5; 4.14-16; 9.11-28; 10.19-22; 1.3; 2.16-17; Dan 7.9-27; 8.13-14; 9.24-27; 4Mós 14.34; Esk 4.6; 3Mós 16; Opb 14.6-7; 20.12; 14.12; 22.12.)

### *25. Endurkoma Krists*

Endurkoma Krists er hin sæla von safnaðarins, hámark fagnaðarboðskaparins. Koma frelsarans verður bókstafleg, persónuleg, sýnileg um víða veröld. Þegar hann kemur aftur munu hinir réttlátu sem dánir eru rísa upp og verða ásamt þeim réttlátu sem á lífi eru dýrlegir gjörðir og síðan eru þeir teknir til himins en hinir ranglátu munu deyja. Þar sem nær allir spádómar hafa uppfyllst og í ljósi núverandi ástands heimsmála má sjá að koma Krists er í nánd. Ekki hefur verið opinberað hvenær þessi viðburður muni eiga sér stað og þess vegna erum við áminnt um að vera reiðubúin hvenær sem er. (Tít 2.13; Heb 9.28; Jóh 14.1-3; Post 1.9-11; Matt 24.14; Opb 1.7; Matt 26.43-44; 1Þess 4.13-18; 1Kor 15.51-54; 2Þess 1.7-10; 2.8; Opb 14.14-20; 19.11-21; Matt 24; Mrk 13; Lúk 21; 2Tím 3.1-5; 1Þess 5.1-6.)

### *26. Dauðinn og upprisan*

Laun syndarinnar er dauði. En Guð sem einn er ódauðlegur mun gefa sínum endurleystu eilíft líf. Fram að þeim degi er dauðinn öllum mönnum sem meðvitundarlaust ástand. Þegar Kristur, lífgjafi okkar, birtist munu hinir réttlátu upprisnu og hinir lifandi réttlátu verða dýrðlegir gjörðir og hrifnir upp til fundar við Drottin sinn. Síðari upprisan, upprisa hinna ranglátu, verður þúsund árum síðar. (Róm 6.23; 1Tím 6.15-16; Préd 9.5-6; Slm 146.3-4; Jóh 11.11-14; Kól 3.4; 1Kor 15.51-54; 1Þess 4.13-17; Jóh 5.28-29; Opb 20.1-10.)

### *27. Þúsund árin og endalok syndarinnar*

Milli fyrri upprisunnar og hinnar síðari er Kristur ásamt hinum heilögu á himnum í þúsund ár. Á þeim tíma verða hinir óguðlegu dánu dæmdir. Jörðin er þá auð og tóm. Þar eru engir menn á lífi, aðeins Satan og englar hans búa þar. Þegar þúsund árin fullnast mun Kristur ásamt hinum heilögu og borgin helga stíga ofan af himni niður til jarðarinnar. Þá verða hinir ranglátu dánu

reistir upp og ásamt Satan og englum hans munu þeir umkringja borgina en eldur frá Guði mun eyða þeim og hreinsa jörðina. Þannig mun alheimurinn losna við synd og syndara að eilífu. (Opb 20; 1Kor 6.2-3; Jer 4.23-26; Opb 21.1-5; Mal 4.1; Esk 28.18-19.)

### 28. *Ný jörð*

Á hinni nýju jörð þar sem réttlætið býr mun Guð gefa hinum endurleystu eilíft heimili og fullkomið umhverfi fyrir eilíft líf, kærleika, hamingju og fræðslu í návist hans. Guð mun sjálfur búa hjá lýð sínum og þjáningar og dauði verða horfin. Átökunum miklu verður lokið og syndin er þá ekki frammar til. Allir hlutir, lifandi og dauðir, munu þá kunngjöra að Guð sé kærleikur og að hann muni ríkja um eilífð. Amen. (2Pét 3.13; Jes 35; 65.17-25; Matt 5.5; Opb 21.1-7; 22.1-5; 11.15.)

## Athugasemdir

Þessar athugasemdir innihalda frekari útskýringar um hvernig einstakur söfnuður getur borið sig að í ákveðnum tilvikum. Hann getur einnig tekið upp aðrar aðferðir en skyldi samt gæta þess að þær séu í samræmi við samþykktar meginreglur stjórna Sjöunda dags aðventista.

### 8. KAFLI (athugasemdir)

**1. Giftingarathöfnin** (Sjá bls. 64.)-- Í sumum löndum eða fylkjum getur prestur ekki annast hjónavígslu nema hann sé til þess löglega skipaður og skráður hjá yfirvöldum. Í mörgum löndum má presturinn vígja hjón í kirkjunni en hjúskaparsáttmálinn sjálfur er undirritaður á lögformlegan hátt af fulltrúa dómsvaldsins, sem situr þá í skrudhúsinu og hlustar á hið viðtekna form hjúskaparyfirlýsingarinnar. Í enn öðrum löndum getur presturinn alls ekki þjónustað við þessa athöfn, því það er litið á hana sem ábyrgð ríkisins og borgaralegan sáttmála. Í slíkum tilvikum fer safnaðarfolk okkar venjulega á eftir í heimahús eða á tilbeiðslustaðinn, þar sem presturinn hefur sérstaka helgistund til að leita blessunar Drottins hjónaefnunum til handa. (Sjá bls. 148-155.)

**2. Þjálfun safnaðarformanna** (Sjá bls. 66.)-- Þó presturinn beri meginábyrgðina á að þjálfar safnaðarformenn eru Samtökin hvött til að halda þjálfunarnámsskeið öðru hverju. Mælt er með að presturinn taki einnig þátt í þessum námsskeiðum í því augnamiði að efla samstarfstengsl presta og safnaðarformanna. Leiðtogar hópa sem gegna störfum í stað safnaðarformanna ættu einnig að taka þátt í þessum námsskeiðum.

**3. Umsjón og viðhald eigna safnaðarins** (Sjá bls. 69, 70.)-- Safnaðarþjónum ber að hafa umsjón með kirkjubyggingu safnaðarins. Það er skylda þeirra að sjá til þess að hún sé hrein, henni vel við haldið og að lóðin sem kirkjan stendur á sé hrein og aðlaðandi. Í þessu felst einnig að sjá

um að ræsting sé innt af hendi. Í stórum söfnuðum er oft nauðsynlegt að ráða húsverð. Safnaðarþjónarnir eiga að mæla með hæfum einstaklingi við safnaðarstjórnina sem tekur ákvörðun um að ráða slíkan aðstoðarmann eða safnaðarstjórnin heimilar safnaðarþjónunum sjálfum að ráða húsverð. Leita ætti heimildar safnaðarstjórnar fyrir öllum stærri viðhaldsútgjöldum. Gjaldkeri safnaðarins á að fá alla reikninga fyrir viðgerðum, upphitun, rafmagni o. s. frv. til borgunar.

**4. Ritari varðveitir fundargerðir** (Sjá bls. 71.)-- Fundargerðir þessar á að skrá í skýrslubók safnaðarins og tiltaka tíma og dagsetningu fundarins, fjölda viðstaddra og skýra frá öllum samþykktum. Einnig á ritarinn að gera lista yfir allar nefndir, sem skipaðar eru á slíkum fundum, og láta formanninn fá lista yfir nefndarmenn hvernar nefndar ásamt starfsreglum nefndarinnar og yfirliti yfir verkefni hennar. Skýrslubók fyrir söfnuðinn er hægt að fá í bókaverslun safnaðarins eða í sumum löndum hjá bókaforlaginu.

Í skýrslubók þessari er að finna stað fyrir nöfn allra safnaðarsystkina ásamt dálkum, þar sem skrá má hvernig og hvenær þau voru tekin í söfnuðinn eða hvenær þau hafi flutt. Skrá þessa verður að hafa í rétttri tímaröð og nauðsynlegar upplýsingar á að skrá við hvert nafn þar sem fundargerð með samþykktum um safnaðaraðild eru geymdar. Skráin yfir safnaðarfólkið verður að vera nákvæm og færð jafnóðum svo hægt sé að sjá hinn eiginlega fjölda safnaðarsystkina.

**5. Bréfskipti við safnaðarfólk** (Sjá bls. 72.)-- Ritari safnaðarins á að hafa samband við fjarverandi safnaðarsystkini og láta þau vita um áhugaverð atriði sem snerta framgang safnaðarins og hvetja þau til þess að segja frá sínu eigin kristilega starfi hvern ársfjórðung.

**6. Greiðslur fyrir bóka- og blaðapantanir einstaklinga** (Sjá bls. 74.)-- Þar sem bókaverslun adventista er ekki geta safnaðarsystkini lagt greiðslur fyrir pantanir sínar á bókum, bæklingum, blöðum og blaðaáskrift í umslag ásamt pöntunarseðlinum rétt útfylltum og afhent ritara Leikmannadeildarinnar. Gjaldkeri safnaðarins sendir síðan bæði pöntun og greiðslu fyrir slíkum bókum og blöðum til bókaverslunar safnaðarins eða til bókaforlagsins í samræmi við ákvarðanir Samtakanna. Í lok hvers ársfjórðungs gefur ritari leikmannadeildarinnar söfnuðinum ársfjórðungsskýrslu á almennum safnaðarfundi um stöðu reikningsins hjá bókaverslun safnaðarins og lætur



gjaldkera hans fá eintak af skýrslunni. (Sjá bls. 92.)

**7. Vernd barnanna--** Söfnuðurinn ætti að vera öruggur staður fyrir börnin okkar. Hver og einn sem hefur með börn undir lögdaldi að gera verður að uppfylla allan staðal og kröfur safnaðarins og laganna. Til þess að tryggja öryggi barna okkar eru söfnuðurnir hvattir til að innleiða reglugerðir sem tryggja öryggi barnanna og vernd þeirra. Slíkar reglugerðir ættu að innihalda eftirfarandi:

a. Tveir fullorðnir – Ávallt skyldu vera tveir fullorðnir viðstaddir í barnadeildunum og við starfsemi þeirra.

b. Opnar dyr – Forðast ætti að barn sé eitt með einhverjum og hvetja ætti til þess að hafa opnar dyr undir öllum kringumstæðum. Þar sem það er ekki hægt skyldi einhver fullorðinn vera við dyrnar.

c. Könnun sjálfbodaliða – Allir sjálfbodaliðar skyldu fylla út upplýsingaform. Meðmæli þeirra skyldu könnuð ásamt sakaskrá, ef þess er krafist samkvæmt lögum.

d. Sex mánaða reglan – Söfnuðurinn ætti að biðja sex mánuði með að láta nýflutta eða nýskírða meðlimi vinna með börnum, þótt þeir láti í ljós fúsleika til að vinna með þeim.

e. Þjálfun – Söfnuðurinn ætti að sjá fyrir námskeiðum fyrir kennara og sjálfbodaliða til að hjálpa þeim að skilja börnin og vernda þau og hvernig þeir eigi að rækta trú þeirra.

Embættismenn hvers safnaðar ættu að hafa samráð við Samtökin til að kynna sér kröfur þeirra og starfshætti, ásamt lögum staðarins varðandi einstaklinga sem vinna með börnum.

Ennfremur má finna hjálpargögn hjá tryggingadeild aðventista ([www.adventistrisk.org](http://www.adventistrisk.org)).

**8. Hjálpargögn barnadeildar** (sjá bls. 79.)-- The Children's Ministries Handbook: A Step-by-Step Guide for Children's Leaders Around the World (2005); The Children's Ministries Coordinator: A Step-by-Step Guide for Organizing Children's Ministries in the Local Church (2005); og Pastor's and Elder's Handbook for Children's Ministries (2005). Silver Spring, Maryland: Children's Ministries, General Conference of Seventh-day Adventists. Nánari upplýsingar hjá leiðtoga barnadeildar Samtakanna og [www.gcchildmin.org](http://www.gcchildmin.org).

**9. Hjálpargögn fjölskyldudeildarinnar** (sjá bls. 84.)-- Caring for Families Today: A Guide for Family Ministries (2009). Silver Spring, Maryland: Family Ministries, General Conference of Seventh-day Adventists. Nánari upplýsingar hjá leiðtoga fjölskyldudeildar Samtakanna og [www.adventistfamilyministries.org](http://www.adventistfamilyministries.org).

**10. Hjálpargögn Heilbrigðismáladeildarinnar** (sjá bls. 85)-- CELEBRATIONS (12 blaðsíðna yfirlit yfir mikilvæg heilsuefni ásamt handriti og Powerpoints), CHARTERS (fyrirlestrar með Powerpoint fyrir leikfólk), Foundations for Health Ministry (84 fyrirlestrar um mikilvæg heilsuefni fyrir leiðtoga fjölskyldudeildarinnar), Breathe Free (efni um að hætta reykingum), Youth Alive (námskeið til að byggja upp þol ungmenna), Vegetarian Cuisine Instructor Course, Birthing Companion (stuðningur fyrir konur á meðgöngutímanum), Regeneration (12 skref til að vinna bug á fíkníávana) og My Vegetarian Food Pyramid.

**11. Hjálpargögn fyrir almenningstengsl og trúfrelsi** (sjá bls. 86)-- Nánari upplýsingar hjá ritara almenningstengsla og trúfrelsis hjá Samtökunum og [www.parl.org](http://www.parl.org) og [www.irla.org](http://www.irla.org).

**12. Hjálpargögn útgáfudeildarinnar** (sjá bls. 87)-- Literature Ministry Training Manual (3 bindi með powerpoint); The Publishing Ministry and the Church (bæklingur); Student Literature Evangelism Manual; Miracles of Grace (365 vitnisburðir bóksala um allan heim); The Literature Evangelist (ársfjórðungsrit útgáfudeildar Aðalsamtakanna). Nánari upplýsingar hjá leiðtoga útgáfudeildar Samtakanna eða Sambandsins.

**13. Hjálpargögn hvíldardagsskólans og leikmannadeildarinnar** (sjá bls. 91, 93)-- Náms efni fyrir alla aldurshópa. (CQ, Cornerstone Connections, Real-Time Faith, Powere Points, Primary, Kindergarten og Beginner); Sabbath School Handbook; Keys for Sabbath School and Personal Ministries Leaders ( röð bæklinga); Reaching and Winning (röð bæklinga fyrir leikmannastarf meðal einstaklinga í mismunandi trúfélögum); Adventist Community Services Handbook: The Sharing (fréttablað); Nánari upplýsingar hjá ritara hvíldadagsskólans og leikmannastarfsins hjá Samtökunum eða [GraceLink.net](http://GraceLink.net), [www.sabbathschoolpersonalministries.org](http://www.sabbathschoolpersonalministries.org), [JuniorPowerPoints.org](http://JuniorPowerPoints.org), [RealTimeFaith.net](http://RealTimeFaith.net), [CornerstoneConnections.org](http://CornerstoneConnections.org).

net, CQBibleStudy.org eða SabbathSchoolU.org.

**14. Hjálpargögn ráðsmenskudeildarinnar** (sjá bls. 93)-- Steps to Discipleship (2009). Silver Spring, Maryland: Stewardship Ministries, General Conference of Seventh-day Adventists. Nánari upplýsingar hjá leiðtoga ráðsmenskudeildar Samtakanna, Sambandsins eða Deildarinnar eða [www.adventiststewardship.com](http://www.adventiststewardship.com).

**15. Hjálpargögn kvennadeildarinnar** (sjá bls. 94)-- Leadership certification 1.-4. stig; Hjálpargögn fyrir Bænadag, Kvennadag og Baráttudag gegn misnotkun, Pastor's and Elder's Handbook for Women's Ministries. Nánari upplýsingar hjá leiðtoga kvennadeildar Samtakanna og [www.adventistwomensministries.org](http://www.adventistwomensministries.org).

**16. Skipulagning ungmennastarfsins** (sjá bls.95-100)-- Æskulýðsleiðtogi Samtakanna veitir allar nánari upplýsingar. Brýnt er, að sérhver söfnuður athugi vel fjölskyldurnar, ungingahópin og aðstöðuna, sem fyrir hendi er og samskipti við skóla, og fái komið á sem bestri æskulýðsstarfsemi miðað við allar þessar aðstæður.

Sums staðar er notað annað orð en „félag” svo sem „hópur” eða eitthvert annað orð, en þess skyldi þó vandlega gætt að nota orðið „adventista” í nafninu til þess að gefa skýrt til kynna hver félagsskapurinn er.

**17. Hjálpargögn ungmennadeildarinnar** (sjá bls. 100)-- Nánari upplýsingar má finna á [www.gcyouthministries.org](http://www.gcyouthministries.org) eða með því að hafa samband á [youth@gc.adventist.org](mailto:youth@gc.adventist.org).

## 9. KAFLI (athugasemdir)

Embættismenn safnaðar (sjá bls. 102, 103). Tillögunefnd safnaðarins kemur með tillögur um fólk í mismunandi stöður. Fjöldi staðanna fer mjög eftir stærð safnaðanna. Eftirfarandi er tillaga um stöður:

Safnaðarformaður eða safnaðarformenn

Safnaðarþjónn eða safnaðarþjónar

Safnaðarsystir eða safnaðarsystur

Ritari

Gjaldkeri

Aðstoðargjaldkeri eða gjaldkerar  
Leiðtogi barnastarfs  
Kórstjóri eða söngstjóri  
Organisti eða píanisti  
Menntamálaritari  
Fjölskylduleiðtogi  
Leiðtogi kvennastarfs  
Leiðtogi starfs fyrir fatlaða  
Leikmannaleiðtogi  
Leikmannaritari  
Tengiliður áhugasamra  
Leiðtogi hjálparstarfsins  
Formaður hvíldardagsskólans  
Aðstoðarformenn hvíldardagsskólans  
Hvíldardagsskólaritari  
Aðstoðarhvíldardagsskólaritari  
Deildarstjórar hvíldardagsskólans, þar með taldir deildarstjórar  
hvíldardagsskóla fullorðinna og heimadeilda  
Ágóðafórnarritari  
Leiðtogi Biblíuskóla barnanna  
Leiðtogi foreldrafélags safnaðarskólans  
Ritari/gjaldkeri foreldrafélags  
Forstöðukona systrafélags  
Ritari/gjaldkeri systrafélags  
Formaður ungmennafélags yngri aðventunglinga  
Aðstoðarformaður eða -formenn ungmennafélags yngri  
aðventunglinga  
Ungmennafélagsformaður  
Varaformaður ungmennafélags  
Fulltrúi safnaðarstjórnar í ungmennafélagsstjórn  
Ritari/gjaldkeri ungmennafélags  
Aðstoðarritari og -gjaldkeri ungmennafélags  
Tónlistarstjóri ungmennafélags  
Píanisti eða organisti ungmennafélags  
Foringi Aðventskátafélags  
Aðstoðarforingi Aðventskátafélags  
Leiðtogi ævintýraklúbbs

Trúfrelsisleiðtogi  
Ritari fjölmiðlunar eða fjölmiðlunarnefnd safnaðarins  
Ritari heilbrigðismála  
Ráðsmennskuritari  
Safnaðarstjórn  
Skólanefnd safnaðarskóla

Embættismenn foreldrafélagsins eru tilnefndir þar sem einungis einn söfnuður stendur að baki safnaðarskóla. Tillagan er síðan lögð fyrir skólanefndina sem staðfestir hana. Þar sem fleiri söfnuðir standa að sama safnaðarskóla eru nefndarmenn kjörnir beint af skólanefndinni. (Sjá bls. 81, 82)

## 10. KAFLI (athugasemdir)

**1. Hvíldardagsskólinn** (sjá bls. 112.)-- Hvíldardagsskólanum eru venjulega ætlaðar 70 mínútur. Samtökin geta samt ákeðið aðra tímalengd, en þess skyldi vandlega gætt að áætla nægan tíma til að kynna kristniboðsstörf og aðra heimsvíðtæka ábyrgð safnaðarins ásamt gjöfum til kristniboðsins auk a.m.k. hálf tíma fyrir lexíuyfirferð.

**2. Guðsþjónustan** (sjá bls. 113, 114.)-- Uppbygging guðsþjónustunnar kann að vera frábrugðin milli landa og þjóðfélagshátta. Hér á eftir fara tvær tillögur um efnisskrá guðsþjónustu:

### *Lengri efnisskrá guðsþjónustu:*

Forleikur  
Tilkynningar  
Þátttakendur koma inn  
Lofsöngur  
Bænaákall  
Ritningartexti  
Lofgjörðarsálmur  
Bæn  
Sálmur eða sérstakt tónlistaratriði  
Gjafir  
Helgunarsálmur

Prédikun  
Sálmur  
Blessunarorð  
Söfnuðurinn stendur eða situr stutta stund í hljóðri bæn  
Útgöngulag

*Skemmri efnisskrá guðsþjónustu:*

Tilkynningar  
Sálmur  
Bæn  
Gjafir  
Sálmur eða sérstakt tónlistaratriði  
Prédikun  
Sálmur  
Blessunarorð  
Söfnuðurinn stendur eða situr í hljóðri bæn

**3. Guðsþjónustuformið--** (Sjá bls. 114.) Þegar þátttakendurnir ganga inn á ræðupallinn og krjúpa á söfnuðurinn að lúta höfði og biðja um nærveru Guðs og blessun. Lotningarfull kyrrð undirbýr huga og hjarta fyrir fyrsta sálminn og þá þætti sem á eftir fylgja.

Guðsþjónustan skiptist í tvo aðalhluta:

a. Andsvar safnaðarins í lofgjörð og tilbeiðslu tjáð í söng, bæn og gjöfum.

b. Boðskap tekinn úr orði Guðs.

Sá sem leiðir tilbiðjendurna inn í návist Guðs með hirðisbæninni sinnir ef til vill helgasta þætti guðsþjónustunnar, og hann ætti einnig í fyllstu lotningu og auðmýkt að gera sér grein fyrir mikilvægi hennar. Hann á að krjúpa og snúa sér að söfnuðinum og söfnuðurinn aftur á móti að snúa sér að ræðustólnum, og ef henta þykir, að krjúpa. Bænin skal vera stutt, en þarf að innifela lotningu, þakklæti, persónulegar þarfar tilbiðjenda sem og alls heimssvæðisins.

Fórnargjafirnar eru mikilvægur þáttur í guðsþjónustunni. Á sama tíma og okkur er sagt að „falla fram fyrir Drottni í helgum skróða” erum við einnig hvött til að „færa gjafir og koma til forgarða hans.” (Slm 96.9, 8). Þannig er það eðlilegur þáttur í guðsþjónustunni að færa Guði gjafir okkar.

Sérstakt tónlistaratriði eða helgunarsálmur er við hæfi rétt fyrir prédikunina.

Þá kemur það sem ætti að vera eitt af því mikilvægasta í guðsþjónustunni --- hin andlega fæðsla fyrir hjörð Guðs. Þegar söfnuður fær sanna og góða fæðu og finnur að „Guð hefur vitjað lýðs síns“ (Lúk 7.16) hefur það ávallt mikla blessun í för með sér Guði til dýrðar. Sá sem flytur boðskapinn og brýtur brauð lífsins ætti að gera sér fyllilega ljóst heilagleika þessa starfs. Hann ætti að vera vandlega undirbúinn

Safnaðarformaðurinn vinnur með prestri safnaðarins við að undirbúa guðsþjónustuna. Ef söfnuðurinn hefur engan fastan prest þá er safnaðarformaðurinn ábyrgur fyrir guðsþjónustunni og á annaðhvort að stjórna henni sjálfur eða að fá einhvern til þess. Öðru hvoru má hafa vitnisburðar- og lofgjörðarsamkomu eða gefa vissum safnaðarsystkinum tíma til þess að segja frá reynslu sinni í trúboðsstarfi.

**4. Tími fyrir trúboðssamkomur** (sjá bls. 114)-- Til þess að styrkja og þroska anda trúboðsstarfs á meðal safnaðarsystkina okkar mætti hafa trúboðssamkomur með einhverju því móti sem að neðan greinir:

a. Tíu mínútna vikuleg trúboðssamkoma, sem haldin er á hverjum hvíldardegi milli hvíldardagsskólans og guðsþjónustunnar.

b. Samkoma í miðri viku á sama tíma og hin vikulega bænasamkoma. Við þetta tækifæri mætti nota fyrsta hluta samkomunnar til andlegrar hugvekju, síðan mætti vera bænastund þar sem þess væri minnst að tilbeiðsla er lífsnauðsynleg andlegum vexti og undirbúningi fyrir þjónustu. Það sem eftir er samkomutímans mætti þá nota til þess að þjálfa fyrir útbreiðslustarf leikmanna. Þar væru gefnar leiðbeiningar um aðferðir í sálnavinnandi starfi og safnaðarsystkinum gefinn kostur á að ræða almenn vandamál sem þau hafa rekist á í útbreiðslustarfi leikmanna.

c. Leikmannasamkomur á ýmsum tímum eftir því sem aðstæður eru á hverjum stað. Leikmannaráðið skyldi gæta þess vandlega að gera trúboðssamkomur safnaðarins að stund andlegrar vakningar og hagnýtrar þjálfunar og sjá til þess að þær séu haldnar jafn reglulega og stöðugt og aðrar samkomur safnaðarins.

**5. Fótþvotturinn** (Sjá bls. 117.)-- Karlar og konur ættu að hafa aðskilin svæði fyrir fótþvottinn. Þar sem stigar eða fjarlægð skapa vanda ætti að gera sérstakar ráðstafanir fyrir fatlaða. Á stöðum þar sem slíkt er almennt

talið viðeigandi og þar sem klæðnaður er þannig að ekki yrði talið ósiðlegt má gera sérstakar ráðstafanir til að hjón eða foreldrar með skírð börn geti verið út af fyrir sig og þvegið fætur hvers annars. Til að uppörva feimið eða viðkvæmt fólk sem kann að líta á val félaga í fótapvottinum sem óþægilega upplifun ættu ákveðnir leiðtogar safnaðarins að fá það hlutverk við fótapvottinn að hjálpa slíkum að finna félaga. Allir ættu að þvo hendur sínar vandlega áður en þeir snúa aftur til að taka þátt í kvöldmáltíðinni. Þeir sem leiða hana ættu að gera svo í annarra augnsýn í hreinlætisskyni.

**6. Brauðið og vínið** (Sjá bls. 117.)-- Hægt er að syngja sálm meðan söfnuðurinn safnast saman aftur og þjónandi prestar eða safnaðarformenn taka sér sæti við borðið sem brauðið og vínið (ógerjaður vínberjasafi) hefur verið sett á. Safnaðarþjónar taka sér sæti. Dúkurinn yfir brauðinu er þá tekinn af.

Þá má lesa viðeigandi Biblíuvers, svo sem 1Kor 11.23, 24; Matt 26.26; Mrk 14.22 eða Lúk 22.19 eða hér mætti flytja stutta ræðu frekar en að hafa hana fyrr. Þetta getur verið einkar áhrifamikið sé í ræðunni lögð áhersla á merkingu brauðsins og vínsins svo að boðskapur hennar sé ferskur í huga þátttakenda þegar brauðinu og víninu er deilt út.

Þeir sem þjónusta, krjúpa venjulega meðan blessunar er beðið yfir brauðinu. Söfnuðurinn getur setið eða kropið.

Mest af brauðinu sem á að neyta er brotið fyrirfram, aðeins lítill hluti skilinn eftir á hverjum bakka sem safnaðarformenn eða prestar brjóta. (Allir sem meðhöndla brauðið verða að þvo hendur sínar vel áður en þeir koma að kvöldmáltíðarborðinu). Presturinn og safnaðarformenn rétta safnaðarþjónum bakkana með brauðinu á og þeir fara svo og bjóða söfnuðinum. Í litlum söfnuðum getur presturinn eða safnaðarformaðurinn boðið meðlimunum.

Meðan þetta fer fram má velja á milli þess að hafa sérstaka tónlist, vitnisburði, útdrátt úr ræðunni, upplestur eða þýða tónlist.

Hver maður á að halda sínum hluta af brauðinu þar til þjónandi prestur eða safnaðarformanni hefur verið boðið. Þegar allir hafa sest býður leiðtoginn öllum að neyta brauðsins samtímis. Hljóðar bænir stíga upp meðan brauðsins er neytt.

Presturinn les þá viðeigandi ritningartexta, svo sem: 1Kor 11.25, 26; Matt 26.27-29; Mrk 14.23-25 eða Lúk 22.20. Leiðtogar krjúpa meðan bæn er flutt yfir víninu. Aftur bjóða safnaðarþjónar söfnuðinum. Athöfnum sem



þeim er getið var að farið gætu fram meðan brauðinu var útteilt mætti halda áfram núna. Eftir að þjónandi presti eða safnaðarformanni hefur verið boðið neyta allir tilbiðjendurnir vínsins samtímis.

Einnig má velja þá aðferð að blessa og brjóta brauðið og láta síðan bæði brauðið og vínið saman á bakka þegar því er útteilt meðal safnaðarins. Tilbiðjendurnir taka þá hvort tveggja af bakkanum samtímis. Þá er brauðsins neytt og á eftir er hljóð bæn. Þegar beðið hefur verið yfir víninu er þess neytt og höfð hljóð bæn á eftir. Þar sem grindur eru á kirkjubekkjum eða sætum til að leggja af sér vINGlÖsin er óþarft að safna þeim saman fyrr en að lokinni guðsþjónustunni.

**7. Almennir safnaðarfundir** (sjá bls. 120.)-- Skýrslur geta falið í sér eftirfarandi:

a. Skýrsla frá ritaranum sem sýnir fjölda safnaðarfólks eins og hann er á þeim tíma og fjölda þeirra sem best hafa við og þeirra sem hafa flust til annarra safnaða. Þá ætti einnig að geta fjölda þeirra sem kann að hafa verið vikið úr söfnuðinum á árinu, án þess þó að nefna nöfn. Einnig skal geta þeirra sem hafa látist á árinu. Safnaðarsystkinin myndu að sjálfsgöðu hafa áhuga á að heyra stutt yfirlit yfir samþykktir safnaðarstjórnarinnar.

b. Skýrsla frá leiðtoga leikmannadeildarinnar þar sem getið er um leikmannastarfið þar á meðal starf líknaðfélagsins, ásamt fyrirætlunum í framtíðinni. Síðan ætti að koma skýrsla frá ritara leikmannadeildarinnar.

c. Skýrsla frá gjaldkera sem sýnir tíund greidda og senda gjaldkera Samtakanna svo og yfirlit yfir kristniboðsgjafir sem hann hefur veitt viðtöku og sent áfram og yfirlit yfir fjármál safnaðarins, það sem hefur komið inn og hvernig þeim fjármunum hefur verið varið.

d. Skýrsla frá safnaðarþjónum og safnaðarsystrum varðandi heimsóknir til safnaðarsystkina, störf þeirra fyrir fátæka og hvað annað sem fellur undir þeirra umsjón.

e. Skýrsla frá ritara ungmennafélagsins þar sem gerð er grein fyrir trúboðsstörfum og öðrum verkefnum ungmennanna í söfnuðinum.

f. Skýrsla frá ritara hvíldardagsskóla þar sem fram kemur nemendatalan og önnur atriði varðandi hvíldardagsskólann.

g. Skýrsla frá gjaldkera varðandi fjárhag safnaðarskólans ásamt nánari greinargerð um þarfir skólans varðandi tæki og búnað og annað.

h. Skýrsla frá skólastjóra eða kennara safnaðarskólans varðandi nemendafjölda, árangur í námi við skólann, tölu þeirra sem hafið tekið skírn

meðal nemenda í skólanum og árangur barnanna í starfi fyrir söfnuðinn.

i. Skýrsla frá leiðtoga foreldrafélagsins um störf og þarfir þess félags.

j. Skýrsla frá ritara almenningstengsla varðandi samskipti við blöð, hljóðvarp, sjónvarp og önnur störf sem snerta samskipti safnaðarins og samfélagsins.

**8. Undirnefndir** (Sjá bls. 124.)-- Leiðtogar undirdeilda sem safnaðarstjórnin hefur sett upp ættu að gefa skýrslur öðru hverju. Til dæmis gæti stjórn í stórum söfnuðum sett á laggirnar undirnefnd til að annast áætlanir um útbreiðslustarf. Í þessari undirnefnd skulu vera leiðtogar þeirra deilda safnaðarins sem sérstaklega annast útbreiðslustarf ásamt safnaðarformanni sem formanni nefndarinnar. Þessi undirnefnd skal skila skýrslu til safnaðarstjórnar og einnig taka að sér það verkefni að samræma útbreiðslustarfsemi deildanna.

**9. Hjálpargögn ungmennafélagsins** (sjá bls. 125.)-- Hjálpargögn fyrir ungmennadeildina eru fánæg hjá ungmennadeildum Samtakanna, Sambandanna eða Deildanna. Meðal þeirra má nefna Youth Ministry Accent sem er ársfjórðungsrit ungmennadeildar Aðalsamtakanna. Einnig má nálgast smárit um margvíslega þætti ungmennastarfsins frá ungmennadeild Samtakanna og bókaverslun aðventista.

**10. Deild yngri aðventungmenna** (sjá bls. 125.)-- Ef þessi deild er starfrækt sem hluti af starfi barnaskóla safnaðarins er sérhver bekkur sérstakt félag þar sem kennarinn er leiðtoginn og nemendurnir kjósa embættismenn félagsins. Þar sem enginn safnaðarskóli starfar ætti að fella yngri ungmennin inn í æskulýðsstarfið í heild sinni með fjölskylduþáttökusniði.

## 11. KAFLI (athugasemdir)

**1. Hjálpargögn fyrir Ráðsmennskudeildina** (sjá bls. 127.)-- Steps to Discipleship (2009). Silver Spring, Maryland: Stewardship Ministries, General Conference of Seventh-day Adventists. Nánari upplýsingar hjá leiðtoga ráðsmennskudeildar Samtakanna, Sambandsins eða Deildarinnar eða [www.adventiststewardship.com](http://www.adventiststewardship.com)

## 2. Dæmi um fjárhagsáætlun (sjá bls. 130).

Fjárhagsáætlunina hér á eftir má skoða sem dæmi.

### *Fjárhagsáætlun safnaðar*

Áætlaðar tekjur.		
Gjafir fyrir kostnað hvíldardagsskóla	kr. 15.000	
Sjóður fyrir nauðstadda	kr. 37.500	
Gjafir til safnaðarsjóðs	kr. 270.550	
Hjálparsjóður	kr. 30.000	
	<hr/>	Kr. 353.050
Áætluð gjöld.		
Viðgerðir og málning á kirkjunni	kr. 32.500	
Hiti	kr. 23.500	
Ræsting og ræstingarvörur	kr. 14.750	
Trygging á húsi og innbúi	kr. 17.500	
Sjóður handa nauðstöddum	kr. 14.500	
Hvíldardagsskólagögn	kr. 12.500	
Óvænt útgjöld	kr. 20.000	
Rafmagn	kr. 42.200	
Pappírsvörur og frímerki	kr. 15.000	
Þvottur	kr. 1.600	
Útgjöld safnaðarskóla	kr. 109.000	
Hjálparsjóður	kr. 10.000	
Útbreiðslustarf	kr. 40.000	
	<hr/>	Kr. 353.050

Auk þessara dálka ætti einnig að innifela samanburð við fyrra ár, tekjur og gjöld.

## Skammstafanir

AA	The Acts of the Apostles
AH	The Adventist Home
CD	Counsels on Diet and Foods
CG	Child Guidance
CH	Counsels on Health
CM	Colporteur Ministry
COL	Christ's Object Lessons
CSW	Counsels on Sabbath School Work
CT	Counsels to Parents, Teachers, and Students
CW	Counsels to Writers and Editors
DM	Deilan Mikla
Ed	Education
Ev	Evangelism
FLB	The Faith I Live By
GCB	General Conference Bulletin
GW	Gospel Workers
HP	In Heavenly Places
MB	Thoughts From the Mount of Blessing
MH	The Ministry of Healing
MM	Medical Ministry
MYP	Messages to Young People
PK	Prophets and Kings
RH	Review and Herald
SDABC	Seventh-day Adventist Bible Commentary
T	Testimonies for the Church
TM	Testimonies to Ministers and Gospel Workers
VK	Vegurinn til Krists
ÞA	Þrá Aldanna
ÆS	Ættfeður og Spámenn

